433	3. júlí	Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustu-hætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi	919-920
502	11. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma o. fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995	1142
525	25. ágúst	Reglur um notkun hlífðarhjalms við hjólreiðar barna	1173
530	18. ágúst	Reglur um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa	1209
533	26. ágúst	Reglugerð um veitingu tímabundinna lána til sveitarfélaga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði sökum snjófílóða eða skriðufalla	1215
564	2. okt.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 433/1996	1261-1262
571	30. sept.	Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum	1274-1276
609	30. okt.	Reglugerð um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun	1381-1383
637	12. nóv.	Reglugerð um varnir gegn snjófílóðum og skriðuföllum	1446-1447

CXVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
664	1. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni nr. 236/1990	1520-1525
766	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni	1688-1701

Skrá

nafna og orða.

Helstu skammstafanir sem notaðar eru í skránni:

augl. = auglýsing

r. = reglur

br. = breyting

rg. = reglugerð

gjask. = gjaldskrá

sp. = samþykkt

Tölur sem upp eru gefnar á eftir atriðisorðum eru blaðsíðutöl.

A.

Aage Vestergaard, 1821.

Aðskotaefni: í matvælum, rg., br., 1278-1293.

Alpo Rusi, 1872.

Andorra: um afnám vegabréfsáritana til ríkisborgara Andorra, augl., 169.

Ann Sandelin, 1872.

Ann Wickström-Nójgaard, 1872.

Anna Dóra Helgadóttir, 1819.

Anna Sigríður Pálsdóttir, 1822.

Anna Louise Wilhelmsdóttir, 1817.

Anne Rikter Svendsen, 1871.

Antero Karumaa, 1872.

Ari Arvonen, 1871.

Arnaldur Bárðarson, 1819.

Arnór Pétursson, 1870.

Atli Helgason, 1819.

Atvinnuleysisbætur: um greiðslu atvinnuleysisbóta, rg., 1224-1227.

Auður Hauksdóttir, 1823.

Á.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins: rg., br., 569-570.

Árni Páll Arnason, 1817.

Árni Haukur Björnsson, 1816.

Árni Sigurðsson, 1821.

Árni Vilhjálmsson, 1824.

Ásbjörn Jónsson, 1818.

Ásdís Ármannsdóttir, 1822.

Ásgeir Magnússon, 1818.

Ásgeir Pétursson, 1870.

Áslaug Brynjólfsdóttir, 1870.

Áslaug Magnúsdóttir, 1822.

Ásmundur Jóhannsson, 1816, 1819.

Ásmundur Skeggjason, 1819.

Ásta Sigrún Helgadóttir, 1823.

Ástríður Grímsdóttir, 1821.

B.

B. Nordtømme, 1871.

B-faggilding: um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingu, rg., 720-723.

Baldur P. Erlingsson, 1818.

Baldur F. Sigfússon, 1822.

Barnabætur: greiðsla á árinu 1998, rg., 1675-1677.

Benedikt Bogason, 1820.

Berglind Svavarsdóttir, 1821.

Bergþór Smári, 1817.

Bergþóra Sigmundsdóttir, 1817.

Birgir Ásgeirsson, 1821.

Birgir Guðjón Magnússon, 1823.

Bílalyftur: um bílalyftur og búnað þeirra, r., 313-318.

Bjarni Þór Bjarnason, 1820.

Bjarni G. Björgvinsson, 1818.

Bjarni Guðjónsson, 1819.

Bjarne Lindström, 1871.

Björg Thorarensen, 1817.

Björk Guðmundsdóttir, 1870.

Björn Jónsson, 1820.

Björn Ruud, 1871.

Boðtæki: um afnám rg. nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar, rg., 1372.

Bogi Hjálmtýsson, 1816.

Bogi Nilsson, 1816, 1824.

Borja Churruca Barrie, 1823.

Bólusetning: sauðfjár og geita til varnar garnaaveiki, rg., 1448-1449.

Brage Ráfsbäck, 1872.

Bragi Friðriksson, 1817.
 Bragi Gunnarsson, 1818.
 Brit Lövsæth, 1871.
 Bryndís Helgadóttir, 1821.
 Brynhildur G. Flóvenz, 1821.
 Brynjar Fransson, 1824.
 Búfjármörk: búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum, rg., br., 428-430.
 Búsetuskilyrði: um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalög-gjafarinnar, augl., 507.

C.

C. J. Norström, 1871.
 Carl Christian Nielsen, 1822.
 Chamnarn Viravan, 1820.
 Columbia Ventures Corporation: um fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf., augl., 1343-1366.

D.

Dorothy Cartwright, 1821.
 Dýralæknar: gjaldskrá, augl., br., 1263.

E.

E. Rudeng, 1871.
 Edda Magnússon, 1870.
 Eðvarð Ingólfsson, 1823.
 Efnahagsbrot: um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, rg., 844-845.
 Egill Hallgrímsson, 1823.
 Einar Karl Hallvarðsson, 1823.
 Eiríkur Guðmundsson, 1820.
 Elias Seppälä, 1872.
 Elín Pálmadóttir, 1870.
 Elkem A/S: um aðalsamning ríkisstjórnar Íslands og Elkem A/S og Sumitomo Corporation, augl. 945-964.
 Endurinnritunargjald: í framhaldsskólum, rg., 673-674.
 Endurskoðendur: starfsábyrgðartryggingar, rg., 1550-1551.

Erfðabreyttar lífverur: um afmarkaða notkun, rg., 657-671; um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu, rg., 1067-1084.

Erik Allardt, 1871.
 Erkki Ahokas, 1871.
 Erlendur Davíðsson, 1821.
 Erlingur Sigtryggsson, 1818.
 Eva Bugge, 1871.
 Eva Vincent, 1871.
 Eva-Riitta Siitonen, 1872.
 Eyjólfur Guðmundsson, 1820.
 Eyjólfur Á. Kristjánsson, 1822.
 Eyvindur G. Gunnarsson, 1821.

F.

Farmskrár: um skráningu farmflytjenda á innfluttum og útfluttum vörum og skil á farmskrám, augl., 1517-1518.
 Feldís Lilja Óskarsdóttir, 1818.
 Fjöleignarhús: eignaskiptayfirlýsingar, útreikningur hlutfallstalna o.fl., rg., 1002-1021.
 Flosi Karlsson, 1821.
 Flugmálastjórn Íslands: um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands, rg., 930-933.
 Flugöryggissamtök Evrópu: um heimild til handa íslenskum flugrekendum að hefja aðlögun að nýjum reglum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) um flugrekstur, augl., 407-408.
 Flutningsjöfnunargjald: sement, augl., 543.
 Fossbúð: r. fyrir félagsheimilið Fossbúð, Austur-Eyjafjallahreppi, r., 153-155.
 Framtakssjóður: Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, r., 1803-1808.
 Fullorðinsfræðsla: um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu, r., 531-532; r., br., 1257; um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, rg., 538-540.

G.

Gámar: rg., 1415-1417.

Gististaðir: um veitinga- og gististaði, rg., br., 565.
 Gísli Marínó Auðbergsson, 1816.
 Gísli Maack, 1818.
 Guðbjörg Ósk Jónsdóttir, 1819.
 Guðjón J. Björnsson, 1817.
 Guðjón Ármann Jónsson, 1818.
 Guðjón Ólafur Jónsson, 1824.
 Guðlaug Geirsdóttir, 1816.
 Guðlaug Brynja Ólafsdóttir, 1823.
 Guðmundur Ásgeirsson, 1822.
 Guðmundur Óli Ólafsson, 1822.
 Guðmundur Sigurðsson, 1823.
 Guðmundur Sigurjónsson, 1820.
 Guðríður Elíasdóttir, 1870.
 Guðrún Sveinsdóttir, 1824.
 Gunnar Jóhann Birgisson, 1821.
 Gunnar Guðmundsson, 1822.
 Gunnar Kristjánsson, 1818.
 Gunnar Viðar, 1819.
 Gunnarsstofnun: Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri, r., 1601.
 Guy Lindström, 1872.
 Gæsluvarðhaldsvist: rg., br., 356.

H.

Hafnarríkiseftirlit: rg., 198-212; rg., br., 928.
 Halldór Jónsson, 1821.
 Hanna María Arnórdsdóttir, 1819.
 Hanna Björkman, 1871.
 Hanna María Pétursdóttir, 1817.
 Hannes Þ. Sigurðsson, 1870.
 Hans Markús Hafsteinsson, 1820.
 Haraldur Henrysson, 1870.
 Haraldur Johannessen, 1816.
 Haraldur Örn Ólafsson, 1820.
 Haukur Friðriksson, 1818.
 Haukur Geir Garðarsson, 1818.
 Haukur Guðmundsson, 1821.
 Håkan Nordman, 1872.
 Håkon A. Randal, 1871.
 Heilbrigðisnefndir: um skipan á Vestfjarðasvæði, rg., 1248-1249.

Heimilisuppbót: rg., br., 468; rg., 1341-1342.
 Heimir Steinsson, 1816.
 Helga Loftsdóttir, 1822.
 Helga M. Steinsson, 1820.
 Helgi Haraldsson, 1870.
 Helmut Helgi Hinrichsen, 1820.
 Henning Ove Knudsen, 1821.
 Henry Söderholm, 1872.
 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands: þjónusta, gjsk., 691-692; um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnar- og talskerta, r., br., 775.
 Héraðslögreglumenn: rg., 553-554.
 Hjalti Pálmason, 1821.
 Hlífðarhjálmur: um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna, r., 1173
 Hlynur Jónsson, 1819.
 Hui Kim, 1820.
 Húsameistari ríkisins: um afnám rg. um embætti húsameistara ríkisins, rg., 55.
 Húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti: rg., 409-418.
 Hættumat: í iðnaðarstarfsemi, rg., br., 604.

I.

I. Ljones, 1871.
 I. E. Tellefsen, 1871.
 Inga Árnadóttir, 1820.
 Ingelin Killengreen, 1871.
 Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 1817.
 Ingimar Ingimarsson, 1821.
 Ingimundur Einarsson, 1824.
 Ingólfur Geir Gissurarson, 1818.
 Ingvar Sverrisson, 1818.
 Ingvar Þórarinnsson, 1871.
 Irma Ertman, 1871.
 Ivar Eskeland, 1872.

Í.

Íslensk getspá: talnagetraunir, rg., br., 831-832; rg., br., 1308-1309.

J.

- J. Brent Haymond, 1817.
 J. F. Bernt, 1871.
 Jaakko Kalela, 1872.
 Jacobus Bernardus Mulders, 1818.
 Jakob V. Jónasson, 1816.
 Jari Kallio, 1872.
 Johan Leopold denBeer Poortugael, 1817.
 Jorma Hintikka, 1872.
 Jouko Toukonen, 1872.
 Jóhann R. Benediktsson, 1817.
 Jóhanna Hjaltadóttir, 1817.
 Jóhannes Jónsson, 1870.
 Jón Ármann Gíslason, 1823.
 Jón Sigfús Sigurjónsson, 1819.
 Jón Snorrason, 1816.
 Jón Sveinsson, 1817.
 Jón Þórarinnsson, 1817.
 Jón Helgi Þórarinnsson, 1816.
 Jóna Björk Guðnadóttir, 1819.
 Jónas Bjarnason, 1817.
 Jónas Þór Guðmundsson, 1819.
 Jónína Sigrún Lárusdóttir, 1820.
 Jukka Valtasaari, 1872.
 Jöfnunarverðmæti hlutabréfa: augl., 899-902.

K.

- K. V. Hansen, 1871.
 Kaarlo Lidman, 1872.
 Karl Axelsson, 1823.
 Karl Gauti Hjaltason, 1816.
 Karl Ólafur Karlsson, 1824.
 Karl Georg Sigurbjörnsson, 1821.
 Karl-Gustav Muromaa, 1872.
 Katrín Hilmarsdóttir, 1819.
 Kauko Harjula, 1871.
 Kazim Münir Hamamcioglu, 1819.
 Kelly Viggo Nicolaisen, 1823.
 Knut Brakstad, 1871.
 Kolbeinn Kristófersson, 1817.
 Kristinn Kolbeinsson, 1822.
 Kristinn Ólafsson, 1822.
 Kristinn Tómasson, 1824.
 Kristín Ágústa Björnsdóttir, 1820.

- Kristín Briem, 1822.
 Kristján Birgir Thorlacius, 1823.
 Kæli- og varmadælukerfi: með ósoneyðandi kælimiðlum, rg., br., 793-794.
 Köfun: fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál, gjsk., 266-267.

L.

- Landsvirkjun: rg., 499-506.
 Lars Tangerås, 1871.
 Leiguflug: um leiguflug til og frá Íslandi, rg., 363-364.
 Lennart Johannsson, 1872.
 Listamannalaun: rg., 1556-1557.
 Lísá Karen Yoder, 1821.
 Logi Guðbrandsson, 1822.
 Lækningaleyfi og sérfræðileyfi: um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa, rg., 583-603.
 Lögbirtingablað: áskriftargjald, augl., 1643.
 Lögregluskilríki: um lögregluskilríki og notkun þeirra, rg., 551-553.

M.

- Magnea Sigríður Sverrisdóttir, 1820.
 Magnús G. Gunnarsson, 1818.
 Mannvirkjahönnuðir: störf prófnefndar mannvirkjahönnuða, rg., 1668-1670.
 Margrét Jónsdóttir, 1870.
 Martti Manninen, 1872.
 Michael Psomas, 1816.
 Mika Peltonen, 1872.
 Mukunda Bhakta Shrestha, 1816.

N.

- NAFO: um veiðar á samningssvæði NAFO 1998, rg., 1594-1597.
 Námssamningar og starfsþjálfun: rg., 540-542.
 Náttúrulyf: um markaðsleyfi, rg., 1563-1578.

Náttúrustofa: um skipulag og starfsemi
 Náttúrustofu Vesturlands í Stykkis-
 hólmi, rg., 1164-1165.
 Náttúruverndarþing: um afnám rg. nr.
 392, 22. sept. 1993 um Náttúruverndar-
 þing, rg., 85.
 Newcastle-veiki: um bann við innflutningi
 vegna hennar, augl., 1384; um afnám
 augl., augl., 1552.
 Niels Jensen, 1821.
 Nils Petter Granholt, 1871.
 Norðurál hf.: starfsleyfi fyrir álver
 Norðaráls hf. á Grundartanga, augl.,
 469-476; um fjárfestingarsamning milli
 ríkisstjórnar Íslands og Columbia
 Ventures Corporation og Norðaráls hf.,
 augl., 1343-1366.
 Notendabúnaður: rg., br., 927.
 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins: rg.,
 1797-1803.

O.

Oda Sletnes, 1871.
 Olli Vuorio, 1872.
 Omer Keith Reed, 1818.

Ó.

Ólafur G. Einarsson, 1870.
 Ólafur Jóhannsson, 1823.
 Ólafur Skúlason, 1821.
 Ólafur Börkur Þorvaldsson, 1820.
 Óskar Sigurðsson, 1870.
 Ósoneyðandi efni: varnir gegn mengun af
 völdum ósoneyðandi efna, rg., 1505-
 1510.

P.

P. B. Boym, 1871.
 Paavo Koskela, 1872.
 Paavo Lipponen, 1872.
 Páll Pálsson, 1819.
 Pálmi Bergmann Almarsson, 1817.
 Per Chr. Johansen, 1871.
 Per Ditlev-Simonsen, 1871.
 Per Oscar Garshol, 1871.

Per-Olof Winqvist, 1818.
 Pertti A. O. Kärkkäinen, 1872.
 Petter Andreas Ask, 1871.
 Pétur Einarsson, 1819, 1823.
 Pétur Þorsteinsson, 1870.
 Pirkka Tapiola, 1872.
 Plöntuvarnarefni: gjöld fyrir viðbótar-
 vottorð fyrir lyf og plöntuvarnarefni,
 rg., 1602.
 Poul Westring Weber, 1820.

R.

R. Nyhus, 1871.
 R. B. Wegner, 1871.
 Rafhlöður og rafgeymar: með tilteknum
 hættulegum efnum, rg., 1274-1276.
 Ragnar Fjalar Lárússon, 1819.
 Ragnhild Fusdahl, 1871.
 Ragnhildur Lárúsdóttir, 1870.
 Raino Hassinen, 1872.
 Rangárvallaprófastsdæmi: frestun á gildis-
 töku breytinga á skipan prestakalla,
 augl., 1422.
 Refa- og minkaveiðar: rg., br., 422-424.
 Reykjavíkurprófastsdæmi: um skiptingu
 þess í sóknir og prestaköll, augl., br.,
 1246.
 Riitta Uosukainen, 1872.
 Ríkiskaup: gjsk., 566-567.
 Roar C. Hyll, 1871.
 Robert S. Horowitz, 1816.
 Rose Birgitta Maigull Hallberg, 1822.
 Runólfur Gunnlaugsson, 1819.
 Rúnar Guðjónsson, 1818.
 Rögnvaldur Ingólfsson, 1819.

S.

Sakaskrá ríkisins: rg., br., 354.
 Samvinnunefnd: um svæðisskipulag á
 Héraðssvæði, r., 381-383; um svæðis-
 skipulag á Eyjafjarðarsvæði; um mál-
 efni norðurslóða, rg., 1160.
 Sement: flutningsjöfnunargjald, augl.,
 1167.
 Seppo Nevala, 1872.

- Seppo Sanaksenaho, 1872.
 Sesselja Erla Árnadóttir, 1817.
 Sesselja Jónsdóttir, 1822.
 Sigmundur Magnússon, 1822.
 Sigríður Ásgeirsdóttir, 1823.
 Sigríður Eyþórsdóttir, 1870.
 Sigríður Elsa Kjartansdóttir, 1823.
 Sigrún Ástríður Eiríksdóttir, 1817.
 Sigrún Jóhannesdóttir, 1817.
 Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, 1819.
 Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, 1821, 1822.
 Sigurður Guðmundsson, 1819.
 Sigurður Helgi Guðmundsson, 1870.
 Sigurður Gunnarsson, 1819.
 Sigurður Jónsson, 1822.
 Sigurður Pálsson, 1820, 1823.
 Sigurður Júlíus Sigurðsson, 1818.
 Sigurjón Sighvatsson, 1818.
 Simo Sillanpää, 1872.
 Símatorgsþjónusta: rg., 733-736.
 Símon Ólason, 1818.
 Símon Sigvaldason, 1823.
 Skemmtibátar: rg., 334-351.
 Skotvopn og skotfæri: rg., 510-519; rg., br., 1453.
 Skráningarstofa ökutækja: um starfshætti skráningarstofu ökutækja, rg., 108-110.
 Skúli Magnússon, 1819.
 Skúli Sigurður Ólafsson, 1820.
 Smáfiskaskilja: um gerð og útbúnað smáfiskaskilju, rg., 158-159; viðauki við rg., 576-577; rg., br., 703.
 Smárækjuskilja: um gerð og útbúnað smárækjuskilju, rg., 493-494; rg., br., 854.
 SMT-tollafgreiðsla: rg., 1625-1632.
 Snjóflóð og skriðuföll: varnir gegn, rg., 1446-1447.
 Sóley Ragnarsdóttir, 1818.
 Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir, 1822.
 Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir, 1822, 1824.
 Stefanía Reinhardsdóttir Khalifeh, 1816.
 Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir, 1821.
 Stefán Eiríksson, 1817.
 Stefán Haukur Jóhannesson, 1821.
 Stefán L. Stefánsson, 1821.
 Stephan Vilberg Benediktsson, 1820.
 Stjórnartíðindi: verð, augl., 1643.
 Stoðblöndur: rg., 1644-1656
 Sturla Friðriksson, 1870.
 Sumitomo Corporation: um aðalsamning ríkisstjórnar Íslands og Elkem A/S og Sumitomo Corporation, augl. 945-964.
 Suvi Rihtniemi, 1872.
 Suzanne Lacasse, 1871.
 Sveinbjörn Björnsson, 1823.
 Sveinbjörn R. Einarsson, 1823.
 Sveinspróf: rg., 536-538.
 Sæmundur Haraldsson, 1821.
 Söluumboðseyðublað Félags fasteignasala: augl., 371-372.
 Sölvi Sveinsson, 1819.
- T.**
- T. Okkelmo, 1871.
 Tarja Halonen, 1871.
 Tollverðir: um einkennisbúninga og búnað, rg., 267-272.
 Tom Westergård, 1872.
 Tor A. Sandli, 1871.
 Torben Rasmussen, 1872.
 Tómas Jónsson, 1822.
 Tónlistarskóli Húsavíkur: um staðfestingu sp., augl., 1271-1273.
 Tónskóli Neskaupstaðar: um staðfestingu rg., augl., 1553-1555.
 Trond Moltzau, 1871.
 Tæki: um notkun tækja, rg., 908-015.
 Tæknifrjövgun: rg., 1266-1270; rg., br., 1316.
 Tölvuvædd tollafgreiðsla: vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningskýrslu, augl., 1426-1435.
- U.**
- Ulrich Hirt, 1818.
 Umferðarráð: rg., 138; rg., br., 360.

Umhverfismálakerfi ESB: vegna skráningar fyrirtækja sem þátt taka í umhverfismálakerfi ESB.

Umhverfismerkingar: um gildistöku EES-ákvarðana um viðmiðanir fyrir umhverfismerkingar, augl. 815-816.

Ungbarnablöndur: rg., 1644-1656.

Unnar Smári Ingimundarson, 1817, 1824.

Ú.

Úlfar Guðmundsson, 1823.

V.

Valgeir Pálsson, 1822.

Valur Árnason, 1822.

Vatnsból: um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar, sp., 1441-1445.

Veðurstofa Íslands: gjsk., 1809-1811.

Veiðifélag Hellisár: sp., 99-1000.

Veitinga- og gistileyfi: um starfsleyfisveitingar og umsagnir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sp., 167-168.

Veitinga- og gististaðir: rg., br., 565; rg., br., 1379.

Vigdís Wiesener Jorge, 1871.

Vistmerki Evrópubandalagsins: gildistaka EES-ákvarðana, augl., 1420.

Vitagjald: rg., 1611.

Y.

Yrjö Laiho, 1872.

Þ.

Þinglýsingar: rg., br., 644.

Þorbjörn Hlynur Árnason, 1822.

Þorgeir Ingi Njálsson, 1824.

Þorgerður Erlendsdóttir, 1816.

Þorkell Helgason, 1817.

Þorsteinn A. Jónsson, 1819.

Þorsteinn Thorlacius, 1818.

Þór Hauksson, 1822.

Þórarinn Tyrfingsson, 1870.

Þórður Ingvarsson, 1820.

Þórður Heimir Sveinsson, 1816.

Þórey Sigríður Þórðardóttir, 1824.

Þórunn Björnsdóttir, 1870.

Ö.

Ökuferilsskrá: um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, rg., 839-842; rg., br., 1218.

Ökukennsla: próf ökumanna, rg., br., 137.

Ökuskírteini: rg., 1105-1142.

Örn Arnar, 1823.

Örn Eggert Guðmundsson, 1817.

Öryggislok: um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun, rg., 1381-1383.

Öryggisþjónusta: rg., 693-694.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1997.

B	1,	nr. 1-7	10. janúar
B	2,	nr. 8	16. janúar
B	3,	nr. 9-24	20. janúar
B	4,	nr. 25	24. janúar
B	5,	nr. 26-34	28. janúar
B	6,	nr. 35-76	31. janúar
B	7,	nr. 77-88	3. febrúar
B	8,	nr. 89-93	31. janúar
B	9,	nr. 94-98	4. febrúar
B	10,	nr. 99-101	10. febrúar
B	11,	nr. 102-105	10. febrúar
B	12,	nr. 106-111	14. febrúar
B	13,	nr. 112-134	20. febrúar
B	14,	nr. 135-156	28. febrúar
B	15,	nr. 157-161	28. febrúar
B	16,	nr. 162-165	4. mars
B	17,	nr. 166-177	10. mars
B	18,	nr. 178-179	12. mars
B	19,	nr. 180-181	17. mars
B	20,	nr. 182-188	20. mars
B	21,	nr. 189-192	20. mars
B	22,	nr. 193-203	26. mars
B	23,	nr. 204-207	26. mars
B	24,	nr. 208	2. apríl
B	25,	nr. 209	4. apríl
B	26,	nr. 210	7. apríl
B	27,	nr. 211-220	10. apríl
B	28,	nr. 221-225	10. apríl
B	29,	nr. 226-228	11. apríl
B	30,	nr. 229-251	21. apríl
B	31,	nr. 252-255	18. apríl
B	32,	nr. 256-260	23. apríl
B	33,	nr. 261-264	25. apríl
B	34,	nr. 265-274	30. apríl
B	35,	nr. 275	30. apríl
B	36,	nr. 276	2. maí
B	37,	nr. 277	6. maí
B	38,	nr. 278-291	9. maí
B	39,	nr. 292-296	13. maí
B	40,	nr. 297-299	20. maí
B	41,	nr. 300-302	22. maí
B	42,	nr. 303	28. maí
B	43,	nr. 304-322	30. maí
B	44,	nr. 323	29. maí
B	45,	nr. 324-325	5. júní
B	46,	nr. 326	6. júní
B	47,	nr. 327-338	10. júní
B	48,	nr. 339-340	9. júní
B	49,	nr. 341-346	13. júní
B	50,	nr. 347-349	13. júní
B	51,	nr. 350-358	16. júní

CXXVI

B	52,	nr. 359-372	20. júni
B	53,	nr. 373-380	24. júni
B	54,	nr. 381-382	25. júni
B	55,	nr. 383-408	30. júni
B	56,	nr. 409-410	30. júni
B	57,	nr. 411-413	1. júli
B	58,	nr. 414-425	3. júli
B	59,	nr. 426-439	10. júli
B	60,	nr. 440	10. júli
B	61,	nr. 441-446	15. júli
B	62,	nr. 447-448	16. júli
B	63,	nr. 449-457	21. júli
B	64,	nr. 458-477	31. júli
B	65,	nr. 478	31. júli
B	66,	nr. 479-500	11. ágúst
B	67,	nr. 501-506	14. ágúst
B	68,	nr. 507-510	15. ágúst
B	69,	nr. 511	18. ágúst
B	70,	nr. 512-521	29. ágúst
B	71,	nr. 522-525	1. september
B	72,	nr. 526-532	10. september
B	73,	nr. 533-535	5. september
B	74,	nr. 536-537	10. september
B	75,	nr. 538-541	11. september
B	76,	nr. 542-544	15. september
B	77,	nr. 545-550	19. september
B	78,	nr. 551-552	17. september
B	79,	nr. 553	22. september
B	80,	nr. 554-559	30. september
B	81,	nr. 560	1. október
B	82,	nr. 561-566	6. október
B	83,	nr. 567-571	10. október
B	84,	nr. 572	15. október
B	85,	nr. 573-585	20. október
B	86,	nr. 586-592	24. október
B	87,	nr. 593-608	31. október
B	88,	nr. 609	31. október
B	89,	nr. 610-611	4. november
B	90,	nr. 612-613	6. november
B	91,	nr. 614-615	10. november
B	92,	nr. 616-618	7. november
B	93,	nr. 619-620	10. november
B	94,	nr. 621-627	20. november
B	95,	nr. 628-630	18. november
B	96,	nr. 631-658	28. november
B	97,	nr. 659-663	1. december
B	98,	nr. 664	2. december
B	99,	nr. 665-668	3. december
B	100,	nr. 669-676	10. december
B	101,	nr. 677-688	19. december
B	102,	nr. 689-691	18. december
B	103,	nr. 692-693	19. december
B	104,	nr. 694-696	22. december

CXXVII

B 105,	nr. 697-728	30. desember
B 106,	nr. 729-732	30. desember
B 107,	nr. 733-734	5. jan. 1998
B 108,	nr. 735-768	9. jan. 1998
B 109,	nr. 769-772	23. jan. 1998
B 110,	nr. 773-777	13. feb. 1998
B 111,	nr. 778-783	2. des. 1998

Endurprentuð blöð: 422, 510, 697, 844, 895, 1173, 1493, 1621, 1622, 1813.

Leiðréttingar:

Bls. 422, nr. 206, í fyrirsögn: ... og skilmálum í viðskiptum birgja. Les: ... og skilmálum í viðskiptum við birgja.

Bls. 526, nr. 270, 37. línu: ... bréfafóst- sendingar ... Les: ... bréfafóstsendingar ...

Bls. 703, nr. 347, í fyrirsögn: ... fyrir Suðurlandi. Les: ... fyrir Suðausturlandi.

Bls. 976, í lokalinu: 448-457. Les: 449-457.

Bls. 1096, nr. 495, viðauki II, í fyrirsögn: ... um Útvegsbanka Íslands. Les: ... um Útvegsbanka Íslands.

Bls. 1276, í lokalinu: ... B 79-83, nr. 553-571. Les: ... B 83, nr. 567-571.

Bls. 1374, nr. 602, 5. gr., 6-7. lína: Hver árbyrgðarmaður ... Les: Hver ábyrgðarmaður.

Bls. 1632, í undirskrift: *Bergþór Magnúson*. Les: *Bergþór Magnússon*.

Bls. 1796, í lokalinu: ... 9. janúar 1997. Les: ...9. janúar 1998.

Bls. 1815, í lokalinu: ... 773-775. Les: ... 773-777.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1997

1. janúar 1997

1

Nr. 1

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1997 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 1997 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1996, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1997:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframтали. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1997:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1997:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1997, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1996 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hafnarstræti norðan Kaupvangsstrætis og suðurhluti Ráðhústorgs verða vistgata og gilda því ákvæði 7. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um alla umferð í götunni. Einstefnuakstur er heimilaður um Hafnarstræti til norðurs frá Kaupvangsstræti að Ráðhústorgi og þaðan austur Ráðhústorg, sunnan torgsins, að Skipagötu. Umferð norðan og vestan Ráðhústorgs er einungis heimil fötluðum svo og vegna vörulósunar og skal aðkoma vera frá Skipagötu og brottakstur um Brekkugötu.

Þrjú bifreiðastæði verða framan við Hafnarstræti 99-101 og verða tvö þeirra merkt fyrir fatlaða en eitt fyrir gesti heilsugæslustöðvar og önnur þrjú verða framan við Hafnarstæti 107 og verða tvö merkt fyrir fatlaða en eitt almennt með 10 mínútna hámarksstöðutíma.

Ákvörðun þessi er tímabundin og gildir frá 15. janúar 1997 til 30. maí 1997.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 3. janúar 1997.

Björn Jósef Arnviðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Neskaupstað árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.500 kr. á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald 3.500 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir rafmagn nr. 250, 11. apríl 1995 með áorðnum breytingum:

Allir gjaldaliðir hækka um 3%, undanskilinn er taxti A5 Orkuafhending rofin með dagsbirtu.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

6. janúar 1997

Nr. 5

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir afnot af heitu vatni.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir afnot af heitu vatni er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir afnot af heitu vatni nr. 238, 11. apríl 1995:

Allir gjaldaliðir hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

6. janúar 1997

Nr. 6

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1997 vera 462.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 6.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	8.000	6	115.000
2	16.000	7	150.000
3	23.000	8	190.000
4	48.000	9	225.000
5	76.000	10	265.000

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1996 fyrir sorphirðu á Selfossi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1997

14. janúar 1997

5

Nr. 8

REGLUGERÐ um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hlutverk.

1. gr.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr. laganna, fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr. laganna, innheimta skuldabréf í eigu atvinnuþryggingardeildar skv. 13. gr. laganna og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Stjórn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

Stjórnarfundir.

3. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi. Fundir stjórnar eru lögmætir ef tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

Hlutverk stjórnar.

4. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans, eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir

Þagnarskylda.

5. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Rekstrar- og greiðsluáætlanir.

6. gr.

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra, til staðfestingar, sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

Eignir Þróunarsjóðs.

7. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. l. nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. l. nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku l. nr. 92/1994 að frádregnum endurlánum ríkissjóðs til atvinnuþryggingardeildar að fjárhæð 950 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt miðað við gengi 31. desember 1992, sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

Þróunarsjóðsgjald - fiskiskip.

8. gr.

Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands 1. janúar 1997 og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Skal gjaldið á árinu 1997 nema 849 kr. á hvert brúttótonn en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 322.000 kr. fyrir hvert skip. Liggi brúttótonnamæling ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttórúmllest. Gjaldldagi þróunarsjóðsgjaldsins er 1. janúar 1997 og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða Þróunarsjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tír i, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipunum fyrir þróunarsjóðsgjaldi.

Gjald samkvæmt 1. mgr. vegna fiskiskipa er falla undir 5. og 7. gr. l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landsamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð. Stjórn Þróunarsjóðs skal ákvarða með hvaða hætti þróunarsjóðsgjald vegna fiskiskipa sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, verði innheimt.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

9. gr.

Til að greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila og fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að ráðstafa framleiðslutækjum og bátum sem sjóðurinn hefur keypt, til sjávarútvegsfyrirtækja utan Íslands eða hlutafélaga sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í erlendum verkefnum á þessu sviði.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum fiskvinnsluhúsa, þátttöku í þróunarverkefnum og sölu á hlutabréfum hlutafjárdeildar. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og -tekjur sjóðsins. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun.

11. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum sem sjóðurinn tekur skulu undanþeginn stimpilgjöldum.

12. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna mismæmi milli tekna af þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr. 1. nr. 92/1994 sem og innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánnum sem sjóðurinn á að standa skil á.

13. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt. Til að lágmarka gengisáhættu og vaxtaáhættu skal stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, eftir því sem unnt er tryggja að gengisþróun heildarskulda sjóðsins umfram eignir í erlendri mynt endurspegli gengisþróun opinberrar myntkörfu Seðlabanka Íslands eins og hún er á hverjum tíma. Til að ná því markmiði er stjórn sjóðsins heimilt að gera framvirka gjaldmiðlasamninga, vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga. Þá er henni einnig heimilt að kaupa valkvæða samninga (þ.e. options).

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild.

14. gr.

Hlutverk atvinnutryggingardeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja er að innheimta skuldbréf sem eru í eigu deildarinnar.

Stjórn Þróunarsjóðs er óheimilt að veita ný lán úr atvinnutryggingardeild. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að skuldbreyta lánnum atvinnutryggingardeildar ef það er liður í sameiginlegum aðgerðum lánastofnana sem leiði til sameiningar sjávarútvegsfyrirtækja eða verulegrar minnkunar á afkastagetu einstakra fyrirtækja, sem sýnt þykir að muni leiða til betri rekstrarskilyrða.

Stjórn Þróunarsjóðs er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða trygginga fyrir lánnum að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna atvinnutryggingardeildar og að það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í. Deildinni er ekki heimilt að gefa eftir stærri hluta krafna en aðrir kröfuhafar með sambærilega tryggingarstöðu samþykka að gefa eftir. Lán með haldbærum tryggingum er ekki heimilt að gefa eftir.

Byggðastofnun skal annast reikningshald og innheimtu lána atvinnuþryggingardeildar Þróunarsjóðs vegna sjávarútvegsfyrirtækja eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

15. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs fer með hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar. Stjórninni er heimilt að selja hlutafé í eigu deildarinnar og skal það boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári. Skal starfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni njóta forkaupsréttar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem og 171/1996 og 357/1996 um breytingar á henni, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Umsóknir um styrki vegna úreldingar annarra fiskiskipa en krókabáta á sóknardögum, sem bárust Þróunarsjóði fyrir gildistöku l. nr. 152/1996 um breytingu á lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum, skulu afgreiddar í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 92/1994 og reglugerða settra með stoð í þeim. Sama á við um kaup sjóðsins á fiskvinnslustöðvum. Öllum afgreiðslum Þróunarsjóðsins vegna umræddra umsókna skal lokið 1. júní 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. júlí 1997 skal veita styrki til að úrelda krókabáta á sóknardögum. Skal úreldingarstyrkurinn nema 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. l. nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II skv. þeim lögum sbr. l. nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Einnig gilda ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum eftir því sem við á. Skal það styrkhlutfall, sem ákveðið er í öðrum málslíð þessa ákvæðis til bráðabirgða, einnig gilda um krókabáta á sóknardögum sem úreltir voru á tímabilinu frá 1. október 1996 til gildistöku reglugerðar þessarar. Skal Þróunarsjóður hafa lokið öllum afgreiðslum vegna umsókna krókabáta á sóknardögum um úreldingarstyrki fyrir 1. ágúst 1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1997

8. janúar 1997

9

Nr. 9

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		Kr.
A) <i>Íbúðir</i>	Sorphreinsigjald	2.720
	Sorpeyðingargjald	1.550
B) <i>Fyrirtæki</i>	Sorphreinsigjald	5.440
	Sorpeyðingargjald	5.330
	Flokkur 1	
	” 2	21.320
	” 3	42.640
	” 4	63.970
	” 5	85.285

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, sbr. 1. gr. e. staflíð samþykktar nr. 353/1977 skal vera kr. 8.500.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 11

8. janúar 1997

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 6.000 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Fl. kr.

a) 16.400

b) 32.800

c) 65.600

d) 131.200

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1997 6,60 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18 gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 7.400 skal lagt á hvert sorphilát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 43/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 700/1995 fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.600 á árinu 1997.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.270 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6 550 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr 7. kafla tollskrár í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0704.9003	Kínakál	20.01.-15.03.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 3/1997 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1997.

1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til áðurnefndra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1997, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

2. Bifreiðahlunnindi.

2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, skutbifreið (station) eða jeppa-bifreið, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin launamanni til tekna, miðað við afnot í heilt ár, með hliðsjón af verði og aldri bifreiðarinnar og skal miðað við verð á síðustu árgerð eins og það var 31. desember 1996.

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1995 og 1996, eða tekin verður í notkun á árinu 1997, skal meta hlunnindi til tekna sem 20% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir, sjá 2.2. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári þegar hún var framleidd.

2.2. Kostnaðarverð.

Kostnaðarverð er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á sams konar bifreið nýrri frá bifreiðaumboði af síðustu árgerð, að meðtöldum kostnaði vegna hvers konar auka- eða sérútbúnaðar. Sé eigi unnt að ákveða matsverð með þessum hætti vegna þess að síðasta árgerð er eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Einnig skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum ef sú bifreið sem meta þarf er eigi lengur á markaði. Hafi launamaður greitt hluta af verði bifreiðar skal lækka hlunnindamat miðað við heilt ár sem svarar til árlegrar meðalafskriftar bifreiðar þegar hún hefur verið lækkuð í réttu hlutfalli við eignarhluta launamanns í bifreiðinni. Árleg meðalafskrift reiknast kr. 142.546. Hafi launamaður t.d. greitt 30% af kostnaðarverði bifreiðar, eins og það er skilgreint hér að framan, lækkar því hlunnindamat um kr. 42.768, miðað við heilt ár, eða um kr. 3.564 á mánuði.

2.3. Mánaðarleg hlunnindi.

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum skv. 2.1. og 2.2. Hafi launamaður aðeins haft afnot af bifreið hluta af mánuði skulu bifreiðarhlunnindi hans metin í réttu hlutfalli við þann dagafjölda í mánuðinum sem hann hafði afnot af bifreiðinni. Sömu aðferð skal beitt við mat á hlunnindum ef skipt var um bifreið þannig að launþegi hafði afnot af fleiri en einni bifreið í sama mánuði.

2.4. Afnot takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda.

Séu endurgjaldslaus afnot launamanns takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda þannig að hann greiði launagreiðanda sínum fyrir ekna kílómetra umfram umsamið hámark skal reikna honum full mánaðarleg hlunnindi til tekna uns umsömdu hámarki aksturs er náð. Eftir þau tímamörk skal draga greiðslu launamanns frá fjárhæð mánaðarlegra hlunninda og falla þau niður sé greiðsla launamanns jafnhá þeim.

2.5. Launamaður tekur þátt í rekstrarkostnaði.

Greiði launamaður eldsneytiskostnað (og smurningu) bifreiðar sem hann hefur til fullra umráða frá launagreiðanda sínum skal lækka hlunnindamat um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% eftir aldri bifreiða. Greiði launamaður einnig annan rekstrarkostnað bifreiðar en eldsneytiskostnað má lækka hlunnindamat um fjárhæð þess kostnaðar, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Eigi má telja kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, með í slíkum kostnaði og eigi heldur sektir sem af akstri launþegans hljótask.

2.6. Endurgjald fyrir afnot.

Greiði launamaður launagreiðanda sínum endurgjald fyrir afnot af bifreið launagreiðanda, sem lægra er en hlunnindamat samkvæmt þeim reglum sem að framan er lýst, skal mismunurinn teljast launamanni til tekna.

2.7. Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota launamanns.

Hafi launamaður bifreið frá launagreiðanda sínum sem honum er heimilt að nota utan vinnutíma að takmörkuðu leyti skal meta slík takmörkuð afnot til hlunninda launamanns. Takmörkuð afnot eru eingöngu akstur milli heimilis og vinnustaðar og tilfallandi og einstök afnot. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar skv. 2.1.

Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.

Takmörkuð afnot skal meta launamanni til hlunninda á gildandi kílómetragjaldi á hverjum tíma sem nú er kr. 35,15 pr. ekinn km.

3. Ökutækjastyrkir.

3.1. Almenn.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta endurgreiddan kostnað til launamanns, vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans, sem halda má utan staðgreiðslu.

Með tilvísun til áður nefndrar reglugerðargreinar metur ríkisskattstjóri endurgreiddan bifreiðakostnað sem halda má utan staðgreiðslu á árinu 1997 þannig:

3.2. Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka.

Mat samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, þ.e. á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka:

		kr. pr. km
Fyrir	1 - 10.000 km	35,15
"	10.001 - 20.000 km	31,45
"	20.001 - >	27,75

Þar eð kílómetragjald er lægra fyrir akstur umfram 10.000 km þarf launagreiðandi að fylgjast með heildarakstri launamanna í hans þágu.

Fái launamaður greitt kílómetragjald sem miðast við „sérstakt gjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður, má hækka viðmiðunarfjárhæðir fyrir 1 - 10.000 km akstur um kr. 5,35 pr. km og um kr. 16,40 pr. km miðist kílómetragjaldið við „torfærugjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður einnig. Fyrir akstur á bilinu 10.001 - 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,80 pr. km en kr. 14,70 pr. km vegna torfærugjalds. Fyrir akstur umfram 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,20 pr. km en kr. 12,95 vegna torfærugjalds, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

3.3. Skilyrði fyrir heimild til frádráttar.

Um heimild til frádráttar gilda almennar reglur um frádráttarbærni kostnaðar við akstur bifreiðar launþega vegna aksturs í þágu launagreiðanda, sbr. skattmat ríkisskattstjóra. Einungis er frádráttarbær sá sannanlegi kostnaður sem launþegi hefur orðið fyrir vegna rekstrar ökutækis hans.

3.4. Sönnun akstursþarfar.

Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk sem þeir fá greiddan á árinu 1997 þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver ferð í þágu launagreiðanda, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

4. Dagpeningar - ferðapeningar.

4.1. Dagpeningar erlendis.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta fjárhæð dagpeninga sem launamaður fær greidda vegna ferða sinna á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Mat á fjárhæð slíkra dagpeninga til greiðslu á gistingu, fæði og fargjöldum frá og að flugvöllum og öðrum sambærilegum fargjöldum erlendis verður sem hér segir:

<i>Almennir dagpeningar:</i>	Gisting	Annað
	SDR	SDR
Svíþjóð, Bretland og Sviss	95	86
New York	97	65
Asía	125	100
Annars staðar	78	86
 <i>Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:</i>		
Svíþjóð, Bretland og Sviss	61	55
New York	62	41
Asía	81	65
Annars staðar	51	55

Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga.

Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

4.2. *Dagpeningar innanlands.*

Mat samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 á dagpeningum innan viðmiðunarmarkna til greiðslu á gistingu og fæði innanlands:

	kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	7.250
Gisting í eina nótt	3.750
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.500
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.750

Varðandi skilyrði fyrir því að heimilt sé að fella dagpeninga, sem greiddir eru samkvæmt framangreindri viðmiðun, undan staðgreiðslu er vísað til þeirra skilyrða sem um það eru sett í áður nefndri 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987.

4.3. *Dagpeningar umfram 30 daga.*

Fái launamaður greidda dagpeninga fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1997 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 772 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Samsvarandi fjárhæð vegna fæðisgreiðslu fyrir hálfan dag er kr. 386. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands.

5. **Fæðishlunnindi, fæðispeningar.**

Fæði, sem launagreiðandi lætur launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna og af því reiknast staðgreiðsla sem hér segir:

	kr. á dag
Fyrir fullt fæði, fullorðins	772
Fyrir hálf fæði, fullorðins	386
Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára	619
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	308

Láti launagreiðandi launamanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launamanns og reikna af honum staðgreiðslu. Af fjárhæð fæðisstyrks (fæðispeninga) í stað fulls fæðis eða fæðis að hluta ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Af öllu fæði, sem fjölskyldu launamanns er látið í té endurgjaldslaust hjá launagreiðanda hans, svo og fjárhæð fæðisstyrkja (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans vegna fjölskyldu launamannsins, ber að reikna staðgreiðslu á sama hátt.

Af sérhverjum öðrum fæðishlunnindum sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

6. **Húsnæðishlunnindi.**

Endurgjaldslaust afnot af íbúðarhúsnæði, sem launagreiðandi lætur launamanni sínum í té, skulu metin launamanni til tekna og af þeim reiknuð staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á greiðslutímabil miðað við tímalengd þeirra.

Hafi launamaður afnot af íbúðarhúsnæði, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna og reikna af honum staðgreiðslu eftir því sem hlutfall greiðslutímabils segir til um. Af þeim hluta orkukostnaðar launamanns sem launagreiðandi hans greiðir skal reiknuð full staðgreiðsla.

Af endurgjaldslausum afnotum launamanns á orku (rafmagni og hita) skal staðgreiðsla reiknuð af kostnaðarverði.

Af húsaleigustyrk, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt 150 m², telst fullnýtt séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 telst nota 5 m² húsnæði. Til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi telst eigi húsnæði allt að 15 m², sem vinnuveitandi hefur samþykkt að launþegi noti sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

7. Fatapeningar.

Af fatnaði, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði. Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Af greiðslum launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt reikna staðgreiðslu af allri greiðslunni.

Reykjavík, 2. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 4/1997 um skattmat tekjuárið 1996 (framtalsárið 1997).

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. l. nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum hefur ríkisskattstjóri gefið út svofelldar reglur um mat á búpeningi til eignar í árslok 1996, á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti á tekjuárinu 1996 (framtalsárinu 1997), sem meta þarf til verðs samkvæmt greindum lögum:

1.0.0. Búfé til eignar í árslok 1996 (framtalsár 1997):

	kr.
Mjólkurkýr	63.185
Holdakýr	24.068
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	42.735
Geldneyti og naut	24.155
Kálfar, yngri en 1/2 árs	7.163
Ær og sauðir	6.500
Hrútar	8.753
Gemlingar	4.755
Hestar á 14. vetri og eldri	15.590
Hryssur á 14. vetri og eldri	15.590
Hestar á 5. - 13. vetri	27.770
Hryssur á 5. - 13. vetri	25.000
Tryppi á 2. - 4. vetri	9.650
Fölöld	5.935
Hænsni, eldri en 6 mánaða	627
Hænsni, yngri en 6 mánaða	318
Endur	850
Gæsir	1.200
Kalkúnar	1.750
Geitur	4.638
Kiðlingar	3.470
Gyltur	11.317
Geltir	17.387
Grísir, eldri en 1 mánaðar	4.045
Grísir, yngri en 1 mánaðar	0
Loðkanínur: Karldýr og kvendýr	2.500
Minkar: Karldýr	4.330
Kvendýr	2.510
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr	9.830
Hvolpar	0

Þar sem heimafengnar fóðurbirgðir eru verulega undir meðallagi er heimilt að lækka búfjármat nautgripa, sauðfjár og hrossa til eignar, þó ekki meira en um 10%.

2.0.0. Hlunninda- og teknamat á tekjuárinu 1996 (framtalsárið 1997).

2.1.0. Teknamat af landbúnaði.

Allt sem selt er frá búi skal talið með því verði, sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna

með sama verði og fæst fyrir tilvarandi vörur, vinnu eða þjónustu, sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Verðuppbætur á búsafurðir teljast til tekna þegar þær eru greiddar eða færðar framleiðanda til tekna í reikning hans.

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávextir, gróðurhúsaafurðir, hlunninda-afrakstur), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilvarandi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Verði ekki við markaðsverð miðað, t.d. í þeim hreppum þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal skattstjóri meta verðmæti þeirra til tekna með hliðsjón af notagildi.

Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástatt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda.

Mjólk, sem notuð er til búfjárfóðurs, skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fóðurbæti miðað við fóðureiningar.

Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Matsverð heimanotaðs kjöts af sauðfé sem telja skal til tekna er ákvarðað með hliðsjón af heildsöluverði þessara afurða.

Með hliðsjón af ofangreindum reglum hefur matsverð verið ákveðið á eftirtöldum búsafurðum til heimanotkunar:

2.1.1. Afurðir og uppskera: (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.
Mjólk þar sem mjólkursala fer fram	52,14 pr. ltr.
Mjólk þar sem engin mjólkursala fer fram, miðað við 500 l. neyslu á mann	52,14 pr.ltr.
Mjólk til búfjárfóðurs	18,44 pr. ltr.
Hænuegg (önnur egg hlutfallslega)	255,00 pr. kg
Sauðfjárslátur	188,00 pr. stk.
Kartöflur til manneldis	6.064,00 pr. 100 kg
Rófur til manneldis	10.263,00 pr. 100 kg
Kartöflur og rófur til skepnufóðurs	697,00 pr. 100 kg

2.1.2. Búfé til frálags (slátur meðtalið): (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.
Dilkar	5.217
Dilkar (lakara kjöt)	4.701
Veturgamalt og sauðir	6.629
Geldar ær	5.668
Mylkar ær og hrútar	3.465
Naut I. og II. fl.	55.200
Kýr I. og II. fl.	36.839
Kýr III. og IV. fl.	25.110
Eldri kálfar og ungneyti metist hlutfallslega miðað við naut.	
Ungkálfar	2.775
Fölöld I. flokkur	9.350
Tryppi I. flokkur	13.215
Hross I. flokkur	14.850
Fölöld II. flokkur	6.680
Tryppi II. flokkur	6.665
Hross II. flokkur	7.285

Hross III. flokkur	3.605
Svín 4 - 6 mánaða	15.187

2.1.3. *Veiði og hlunnindi:* (Verð án virðisaukaskatts)

	kr. pr. kg
Lax	280
Sjóbirtingur	224
Vatnasilungur	168
Æðardúnn	46.375

2.1.4. *Kindafóður:*

Metast 50 % af fullu eignarmati sauðfjár.

2.2.0. *Hlunnindamöt til tekna:*

2.2.1. *Fatnaður:*

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

	kr.
Einkennisföt	14.991
Einkennisfrakki	10.993

Fatnað sem ekki telst einkennisfatnaður, skal telja á kostnaðarverði.

Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans.

2.2.2. *Bifreiðahlunnindi.*

Bifreiðahlunnindi skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 2. kafla í skattmati í staðgreiðslu 1996, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996.

2.2.3. *Fæðishlunnindi. Fæðispeningar.*

Fæðishlunnindi skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 5. kafla í skattmati staðgreiðslu 1996.

Fæðispeningar og fæðisstyrkir teljast til tekna á því verði sem fjárhæðir þeirra segja til um.

2.2.4. *Húsnæðishlunnindi.*

Afnot af íbúðarhúsnæði, orku og fenginn húsaleigustyrk skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 6. kafla í skattmati í staðgreiðslu 1996.

3.0.0. *Möt til frádráttar:*

3.1.0. *Frádráttur kostnaðar vegna öflunar ökutækjastyrks.*

Frá ökutækjastyrkjum, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað vegna öflunar þessara tekna.

3.1.1. *Sönnun akstursþarfar.*

Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk, sem þeir fá greiddan á árinu 1996, þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala

launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skatt- yfirvöldum þegar þau óska þess.

Því aðeins telst ökutækjakostnaður sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á þar til gerðu eyðublaði (ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur RSK 3.04), eða á annan jafn fullnægjandi hátt, nákvæm sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar sem reiknast kr. 142.251. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverði). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Að fram sé lögð á sama eyðublaði og um ræðir í 1, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, greinargerð um heildarmotkun ökutækisins á árinu, þannig sundurliðuð:
 - a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.
 - b. Annar akstur í eigin þágu.
 - c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með kr. 34,65 þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 1996, þannig að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar, og sá akstur verið 2000 km eða minni þá er fallið frá kröfu um sannanlegan ökutækjakostnað og greinargerð frá launagreiðanda um ástæðu fyrir greiðslu vegna ökutækisins. Þetta er bundið þeim skilyrðum að launþegi hafi fært akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi og að kílómetragjald hafi verið greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra á árinu 1996 fyrir hvern ekinn km. skv. akstursdagbók.

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 1996 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð frádráttar, kr. 34,65, fyrir hvern ekinn km. sem hann fékk greiddan skv. „sérstöku gjaldi“ um kr. 5,31 og skv. „torfærugjaldi“ um kr. 16,23, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Samkvæmt 3. kafla í skattmati í staðgreiðslu 1996 var kílómetragjald sem hér segir:

Fyrir	kr. pr. km
1 - 10.000 km	33,95
10.001 - 20.000 km	30,40
20.001 - >	26,80

Frá og með 1. júní til loka desember breyttist matið þannig vegna breytinga á mati ferðakostnaðarnefndar:

Fyrir	kr. pr. km
1 - 10.000 km	35,15
10.001 - 20.000 km	31,45
20.001 - >	27,75

3.2.0. Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.

Frádráttur frá fengnum dagpeningum byggist á því að skilyrði 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, séu uppfyllt. Í 4. kafla í skattmáli í staðgreiðslu 1996 koma fram fjárhæðir dagpeninga sem halda má utan staðgreiðslu. Ættu þær að samsvara leyfilegum frádrætti á móti fengnum dagpeningum.

Mat á fjárhæðum dagpeninga breyttist svo 1. júní og 1. október 1996 vegna breytinga á mati ferðakostnaðarnefndar.

Frádráttur frá dagpeningum innanlands.

1. janúar - 31. maí	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	7.100
Fyrir gistingu í eina nótt.....	3.600
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	3.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag.....	1.750
1. júní - 30. september	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	8.400
Fyrir gistingu í eina nótt.....	4.900
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	3.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag.....	1.750
1. október - 31. desember	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	7.250
Fyrir gistingu í eina nótt.....	3.750
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	3.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag.....	1.750

Frádráttur frá greiddum dagpeningum má aldrei vera hærri en fengnum dagpeningum nemur. Frádráttur lækkar um kr. 740 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga.

Frádráttur frá dagpeningu: Erlendis (ákvarðast í SDR).

1. janúar - 31. maí		
Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo	90	84
New York	87	58
Annars staðar	74	84
Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo	58	54
New York	56	37
Annars staðar	48	54
1. júní - 31. desember		
Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	95	86
New York	97	65
Asía	125	100
Annars staðar	78	86

Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	61	55
New York	62	41
Asía	81	65
Annars staðar	51	55

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi frá þriðja aðila er honum heimilt að draga viðkomandi fjárhæð fyrir „Annað“ frá fengnum dagpeningum eða ferðafé.

Frádráttur frá greiddum dagpeningum má aldrei vera hærri en fengnum dagpeningum nemur. Frádráttur lækkar um kr. 740 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga.

3.3.0. Fæðisfrádráttur.

3.3.1. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 401 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 2. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/1997 um vísitölu jöfnunarhlutabréfa.

Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri reiknað út vísitölu almennrar verðhækkunar í sambandi við heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1997 og er þá miðað við að vísitala 1. janúar 1979 sé **100**.

1. janúar 1980	vísitala	156	1. janúar 1989	vísitala	2.629
1. janúar 1981	vísitala	247	1. janúar 1990	vísitala	3.277
1. janúar 1982	vísitala	351	1. janúar 1991	vísitala	3.586
1. janúar 1983	vísitala	557	1. janúar 1992	vísitala	3.835
1. janúar 1984	vísitala	953	1. janúar 1993	vísitala	3.894
1. janúar 1985	vísitala	1.109	1. janúar 1994	vísitala	4.106
1. janúar 1986	vísitala	1.527	1. janúar 1995	vísitala	4.130
1. janúar 1987	vísitala	1.761	1. janúar 1996	vísitala	4.245
1. janúar 1988	vísitala	2.192	1. janúar 1997	vísitala	4.390

Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu frá 1. janúar 1979 eða frá 1. janúar næsta árs eftir stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma, en hins vegar við vísitölu 1. janúar þess árs sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Reykjavík, 2. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur reiknað breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1997 er 218,0 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi 212.900 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 200.600 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi 6.400 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 6.030 kr.
- C. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi 745.100 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 702.400 kr.
- D. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi 851.600 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 802.800 kr.

Auglýsing þessi sem sett er með vísan til 45. gr. laga nr. 50/1988 gildir frá og með 1. janúar 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 15 frá 9. janúar 1996.

Reykjavík, 3. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Sjálfseignarstofnunin Skjólgarður er stofnandi sjóðsins.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Hornafjarðarbæ, Austur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 og má ekki skerða þá fjárhæð. Stofnféð skal árlega taka breytingum miðað við neysluverðsvísitölu og skal miðað við grunnvísitöluna 174,2 stig. Auk stofnfjár er eign sjóðsins kr. 8.665.017 í janúar 1996.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að:

1. taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir sjálfseignarstofnunina Skjólgarð.
2. stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir og áheit til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og 2 til vara. Þeir eru tilnefndir af heilbrigðis- og öldrunarráði Austu-Skaftafellssýslu í upphafi hvers kjörtímils nýrrar sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsárið skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok júní ár hvert og sendur Ríkisendurskoðun eins og lög og reglur mæla fyrir um.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki allra stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Austur-Skaftafellssýslu.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um frestun á niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi, og að nafni Háþéjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli verði breytt í Þykkvabéjarsókn.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1997.

Þá tilkynnist að kirkjumálaráðherra hefur fallist á ósk sóknarnefndar Háþéjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli, sem hlotið hefur samþykkt aðalsafnaðarfundar og sóknarprests, að nafni sóknarinnar verði breytt í Þykkvabéjarsókn.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóniásson.

REGLUGERÐ

um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingasjóðum innlánsstofnana.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Allir viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

2. gr.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanka eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi samkvæmt X. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn og þremur til vara. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnarfundir eru ályktunarhæfir þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum stjórnar. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns stjórnar.

Stjórnarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

Formaður stjórnar skal boða fulltrúa bankaeftirlits Seðlabanka Íslands til stjórnarfundar þegar ástæða þykir til. Fulltrúi bankaeftirlitsins situr fundi með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

4. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðarbók.

5. gr.

Heimilt er að veita stjórn Tryggingarsjóðs þær upplýsingar sem getið er um í 3. og 4. mgr. 67. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

6. gr.

Verkefni stjórnar Tryggingarsjóðs eru eftirfarandi:

1. gera tillögu til ráðherra um árlegt gjald viðskiptabanka til Tryggingarsjóðs og sjá um innheimtu á því, sbr. ákvæði II. kafla,
2. afla ábyrgðaryfirlýsinga frá viðskiptabönkum, sbr. ákvæði II. kafla,

3. taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins, sbr. 11. gr.,
4. taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum, sbr. IV. kafla,
5. semja ársreikning og ráða löggiltan endurskoðanda, sbr. VI. kafla,
6. taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingarsjóðs að öðru leyti en talið er upp í 1.-5. tl. hér að framan.

7. gr.

Tryggingarsjóði viðskiptabanka er heimilt að starfrækja sjálfstæða lánadeild með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka, svo sem með lánveitingum, yfirtöku eigna, ábyrgðum og öðrum aðgerðum sem samræmast tilgangi deildarinnar.

Stofnfé getur að hámarki numið því eigin fé sjóðsins sem er umfram kröfur um lög- bundið lágmark í innstæðutryggingadeild samkvæmt ákvæðum í 8. gr.

Heimilt er að veita viðskiptabanka víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðsins er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka sem veitt er víkjandi lán og getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka. Stjórn sjóðsins ákveður nánar um skilyrði lánveitinga lánadeildar.

II. KAFLI

Greiðslur til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

8. gr.

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka skuli nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna viðskiptabanka á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. másl. skulu allir viðskiptabankar greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. másl. þessarar greinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til Tryggingarsjóðs í þeim tilvikum sem Tryggingarsjóði ber að endurgreiða innstæður skv. IV. kafla í einhverjum þeim viðskiptabanka sem aðild á að sjóðnum. Sú greiðsla skal hljóða upp á jafnháan hlut af þeirri fjárhæð sem á vantar og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka af samanlögðum innstæðum. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á ári hverju þó ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins. Viðskiptabanka er skylt að inna greiðsluna af hendi þegar Tryggingarsjóður krefst þess og ofangreindar aðstæður eru fyrir hendi. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

9. gr.

Nýr viðskiptabanki skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. másl. 8. gr.

Nú uppfyllir viðskiptabanki ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóði samkvæmt reglugerð þessari eða lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, skal stjórn sjóðsins tilkynna það ráðherra án tafar. Um fresti, málsmeðferð og önnur úrræði fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

10. gr.

Með innstæðu er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns í innlendum eða erlendum gjaldmiðli, eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Trygging nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður dóttur- eða móðurfélags þessara stofnana, svo og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningaþvætti.

Innstæðudeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka verður ekki tekin til gjaldþrotaskipta og aðför er ekki heimil í eignum hennar.

11. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. A.m.k. 1/4 hluti af fé sjóðsins skal bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

III. KAFLI

Aðild erlendra útibúa að Tryggingarsjóði viðskiptabanka.

12. gr.

Nú eru innstæður útibús erlends viðskiptabanka með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu tryggðar með lakari hætti en innstæður viðskiptabanka með aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka, er þá útibúi hins erlenda viðskiptabanka heimilt að eiga aðild að Tryggingarsjóði og skal Tryggingarsjóður veita útibúinu viðbótartryggingu, þannig að innstæður útibúsins séu tryggðar með sama hætti og innstæður annarra aðila að Tryggingarsjóði.

Um greiðslu útibúsins til Tryggingarsjóðs skal fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar svo og um greiðslu Tryggingarsjóðs til innstæðueiganda eftir því sem við á.

Útibú skal upplýsa innstæðueigendur um það innlánatryggingakerfi sem útibúið á aðild að og skulu upplýsingarnar vera í samræmi við V. kafla þessarar reglugerðar.

13. gr.

Útibú erlends viðskiptabanka með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar hér á landi skal vera aðili að Tryggingarsjóði viðskiptabanka, enda sé útibúið ekki aðili að sambærilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu. Skal trygging innstæðna útibúsins vera með sama hætti og útibús viðskiptabanka með staðfestu hér á landi.

Útibú skal upplýsa innstæðueigendur um það innlánatryggingakerfi sem útibúið á aðild að og skulu upplýsingarnar vera í samræmi við V. kafla þessarar reglugerðar.

14. gr.

Erlend útibú sem óska eftir aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka skv. 12. eða 13. gr. skulu leggja fram skriflega aðildarumsókn til stjórnar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka. Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka skal meta þær tryggingar, eða viðbótartryggingar, sem útibúinu er skylt að vera aðili að, iðgjöld sem því ber að greiða svo og gerð samstarfs-samninga sem kunna að vera nauðsynlegir milli Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og erlendra innlánaþryggingakerfa ef útibúið getur ekki innt af hendi endurgreiðslu á innláni hér á landi.

Trygging á innstæðum erlends útibús hér á landi skal hvorki vera hærrí né víðtækari en trygging á innstæðum viðskiptabanka hér á landi samkvæmt lögum nr. 113/1996 og reglugerð þessari.

IV. KAFLI

Tilhögun á greiðslum úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka.

15. gr.

Nú gerir innstæðueigandi kröfu á hendur viðskiptabanka eða útbúi um endurgreiðslu á innstæðu samkvæmt þeim skilmálum sem um hana gilda og án árangurs, er honum rétt að óska eftir álit bankaeftirlitsins á greiðslufærni viðskiptabankans eða útibúsins. Bankaeftirlitið metur hvort innlánsstofnun er fær um að endurgreiða innstæðueiganda tafarlaust eða í nánustu framtíð innstæðuna. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir innan þriggja vikna frá því það fyrst fær staðfestingu á því að viðkomandi viðskiptabanki eða útibú hafi ekki greitt innstæðu eins og skylt er. Sé það mat bankaeftirlitsins að viðskiptabanki eða útibú geti ekki greitt kröfu innstæðueiganda tafarlaust eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika skal Tryggingarsjóður endurgreiða innstæðueiganda kröfu hans.

16. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka skal tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi. Nú hrökkva eignir Tryggingarsjóðs ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða útibúi og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueiganda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónir króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynt-einingarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til. Hvíli greiðsluskylda á Tryggingarsjóði til innlánseiganda ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en þremur mánuðum frá því að álit bankaeftirlitsins liggur fyrir, sbr. 15. gr. Unnt er að draga greiðslu uns dómur liggur fyrir í málum sem varða 2. mgr. 10. gr.

Við greiðslu til innstæðueiganda öðlast Tryggingarsjóður viðskiptabanka rétt til að ganga inn í kröfuréttindi innstæðueiganda við skiptameðferð sem svarar til þeirrar fjárhæðar sem greidd hefur verið.

17. gr.

Nú er bú viðskiptabanka tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparissjóði, ber þá skiptaráðanda að staðreyna heildarfjár-

hæð inneigna viðskiptamanna hans á innlánsreikningum, að meðtöldum þeim vöxtum og verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafa fallið á þeim degi sem búíð var tekið til skipta. Innlánsreikningar í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðir til skráðs gengis íslensks gjaldmiðils þess sama dags. Skal skiptaráðandi tilkynna stjórn Tryggingarsjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um slit viðskiptabanka eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Nú er innlánsreikningur sameiginlegur, skal þá hlutur hvers innstæðueiganda gilda við útreikning á greiðslu.

19. gr.

Nú á innstæðueigandi ekki ótvíræðan rétt til innstæðna á reikningi, skal þá sá sem á ótvíræðan rétt njóta greiðslu frá Tryggingarsjóði, að því gefnu að hlutaðeigandi finnist eða unnt sé að finna hann fyrir þann dag sem skiptaráðandi tilkynnir Tryggingarsjóði um inn eignir viðskiptamanna viðskiptabankans. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til innstæðna skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu.

V. KAFLI

Upplýsingaskylda viðskiptabanka.

20. gr.

Viðskiptabankar sem aðilar eru að Tryggingarsjóði viðskiptabanka skulu í útibúum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild bankans að Tryggingarsjóði. Skulu upplýsingarnar vera til reiðu þannig að auðvelt sé fyrir innstæðueiganda að nálgast þær.

21. gr.

Hinar rituðu upplýsingar skulu a.m.k. geyma upplýsingar um:

1. aðild viðskiptabankans að Tryggingarsjóði,
2. umfang tryggingar innstæðna hjá Tryggingarsjóði,
3. útreikninga á því hversu háar upphæðir eru tryggðar,
4. hvaða innstæður eru tryggðar að fullu,
5. hvaða innstæður eru ekki tryggðar,
6. hvert innstæðueigandi á að snúa sér neiti viðskiptabanki að greiða innstæðuna eins og honum ber að gera,
7. önnur tryggingakerfi sem viðskiptabanki eða útibú er aðili að, sbr. 3. mgr. 12. gr.

22. gr.

Þær upplýsingar sem greindar eru í 21. gr. skulu allar vera á íslensku og settar fram á skýran og auðskilinn máta.

Auglýsingar viðskiptabanka eða útibús um aðild að Tryggingarsjóði skal takmörkuð við beina tilvísun til aðildarinnar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Reikningsár Tryggingarsjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Um ársreikning og endurskoðun fer samkvæmt VII. og XIV. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

24. gr.

Seðlabanki Íslands hefur með höndum vörslu Tryggingarsjóðs. Um þóknun fyrir vörslu sjóðsins fer samkvæmt samningi stjórnar og Seðlabanka Íslands.

25. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er bundin þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

26. gr.

Ákvæði III., IV. og V. kafla þessarar reglugerðar eiga við um Tryggingarsjóð sparisjóða eftir því sem við getur átt.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 97. gr. og með vísan til X. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 54 31. janúar 1986, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar gildir til 31. desember 1999.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. janúar 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um skrá Stykkishólmsbæjar um störf þau, sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Áhaldahús:

Bæjarverkstjóri.

Aðstoðarverkstjóri (staðgengill bæjarverkstjóra).

Bæjarskrifstofa:

Launafulltrúi.

Dvalarheimil aldraðra:

Forstöðumaður.

Stykkishólmshöfn:

Yfirhafnarvörður (staðgengill hafnarstjóra).

Stykkishólmi, 6. janúar 1997.

Ólafur Hilmar Sverrisson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra. Heimili hans og varnarþing er á Siglufirði.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarféлага:
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði.
Verkavennafélagið Aldan, Sauðárkróki.
Verkalýðs- og sjómannafélag Skagstrendinga, Skagaströnd.
Verkalýðsfélag Hólmavíkur, Hólmavík.
Verkalýðsfélag Kaldrananeshrepps, Drangnesi.
- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjörnir af þeim stéttarfélagum sem aðild eiga að sjóðnum og tveir af samtökum atvinnurekenda sem aðild

- eiga að sjóðnum. Fulltrúar stéttarfélaga skulu tilnefndir eftir þeim reglum, sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að viðkomandi sjóði koma sér saman um og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
 - 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetu-skilyrði.
 - 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
 - 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
 - 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
 - 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
 - 4.6. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
 - 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
 - 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
 - 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða

starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skyllt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.

- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

- 5.1. Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir greiðandi sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skyllt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarfélaga, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaga skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag sem aðild á að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., kys úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn aðalfulltrúa og einn til vara. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmaet.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
 - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
 - 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
 - 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
 - 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
 - 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.

- 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi, sbr. 5.5.6.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrissréttinda.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrissréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrissrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt

- að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
 - 8.1.2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
 - 8.1.3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
 - 8.1.4. Í innlánnum banka og sparisjóða.
 - 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.
 - 8.1.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
 - 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
 - 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
 - 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
 - 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
 - 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eigum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
 - 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðsstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.

- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldldaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans

við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.

- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
 - 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
 - 12.2.1. Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa töluliðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:
 - a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
 - b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.

- c. Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 12.3, er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími stuttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrstur dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Heimilt er, ef stjórn sjóðsins ákveður, að af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem hafið hafa töku ellilífeyris, sbr. 11.4., skuli endurgreiða sjóðfélagi iðgjaldshluta sinn. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

16.3. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi, miðað við heilt ár, samkvæmt 10.2., margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

20. Gerðardómur.

20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af stjórn lífeyrissjóðsins og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

21. Eftirlit.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

22. Breytingar á reglugerðinni.

22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert

getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1994 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 3. janúar 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Eskifirði árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.500 kr. á hvert ílát.

Sorpeyðingargjald 3.500 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfiráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1997

22. janúar 1997

45

Nr. 25

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 25. janúar 1997 til og með 15. mars 1997 eru allar línuveiðar bannaðar í norðanverðum Faxaflóa á svæði sem afmarkast af línun milli eftirgreindra punkta og strandlengjunnar við svæðið:

- | | |
|--------------------------|--------------------------|
| 1. 64°43,7'N - 23°48,2'V | 6. 64°35,0'N - 22°52,0'V |
| 2. 64°42,0'N - 23°48,0'V | 7. 64°37,0'N - 22°44,0'V |
| 3. 64°39,0'N - 22°57,0'V | 8. Þormóðssker |
| 4. 64°31,0'N - 23°04,0'V | 9. 64°27,6'N - 22°11,3'V |
| 5. 64°30,0'N - 22°57,0'V | |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994,
með síðari breytingum.

1. gr.

62. gr. orðist svo:

Telji umsækjandi starfsleyfis að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. 57. gr. og/eða 3. mgr. 61. gr. getur hann skotið málinu til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

2. gr.

65. gr. orðist svo:

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stjórn stofnunarinnar kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og gerir aðilum málsins grein fyrir álitinu innan fimm vikna frá því frestur til að skila inn athugasemdum rann út. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Skal nefndin kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur vikum eftir að málið barst til hennar. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

3. gr.

2. mgr. 72. gr. orðist svo:

72.2 Stjórn Hollustuverndar ríkisins afgreiðir starfsleyfistillögur fyrir atvinnurekstur sem fellur undir 1. mgr. og upp er talinn í viðauka 7, til umhverfisráðherra, sbr. 62. - 65. gr. innan fimm vikna frá því að frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum við auglýsta starfsleyfistillögu rann út. Skal stjórn Hollustuverndar ríkisins gera grein fyrir skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögur og hvernig tekið er á þeim hverri fyrir sig. Skal sérstaklega tiltaka þær athugasemdir sem ekki er tekið tillit til og færa rök fyrir því.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til flotvörpuveiða á úthafskarfa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa þar með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Frá útgáfu reglugerðar þessarar er íslenskum fiskiskipum óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita þeim íslenskum fiskiskipum leyfi til veiða á úthafskarfa í flotvörpu, sem aflahlutdeild hljóta í úthafskarfa samkvæmt ákvæðum 3. gr. eða hafa fengið framselt aflamark eða aflahlutdeild í úthafskarfa til sín.

3. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal reiknuð aflahlutdeild í úthafskarfa, sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari, og skal aflahlutdeild hvers skips reiknuð í hlutfalli við afla skips, miðað við þrjú bestu veiðiár þess almanaksárin 1991-1996. Þó skal 5% heildarkvótans úthlutað til þeirra skipa einna, sem úthafskarfaveiðar stunduðu á árunum 1989, 1990 og 1991 og skal miðað við afla allra ára.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar á úthafskarfa, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelt vegna meiri háttar tjóns eða bilana, skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli þessarar greinar reikna skipinu afla á því ári, sem frátafingar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt ár talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í úthafskarfa á þeim tveimur árum, sem liggja næst því ári eða árum, sem frátafingar verða. Verði frátafingar aðeins á hluta árs skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta árs, sem frátafingar verða.

Úthlutun aflahlutdeildar er bundin því skilyrði, að skip sé skráð íslenskt og skal við útreikning aflahlutdeildar aðeins taka mið af afla skips þann tíma, sem það er skráð íslenskt og eigendur þess og útgerð hafa fullnægt þeim skilyrðum um eignarhald, sem sett eru fyrir veitingu veiðileyfis í fiskveiðilögsögu Íslands. Ekki skal taka tillit til afla, sem fenginn er í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur og laga nr. 20/1987, um sjómannaðag. Vegna ársins 1996 skal aðeins miða við þann afla íslenskra skipa, sem tekinn er af aflaheimildum Íslands. Hafi skip misst rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein, þar sem það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. málslíðar þessarar málsgreinar, er heimilt að úthluta nýju íslensku skipi í eigu sama aðila þeirri aflahlutdeild, enda komi hið nýja skip í stað eldra skips og eigi rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

Við útreikning afla samkvæmt þessari grein skal miða við 55% nýtingu, hafi úthafskarfanum verið landað hausskornum, en 30% hafi honum verið landað flökuðum með roði og beinum.

4. gr.

Á árinu 1997 er þeim íslensku skipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr. heimilt að veiða samtals 45.000 lestir af úthafskarfa á svæði því sem skilgreint er í 1. gr. og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli einstakra fiskiskipa á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips, sbr. 3. gr.

Við útreikning aflamarks skal miðað við 55% nýtingu, sé úthafskarfa landað hausskornum en 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum.

5. gr.

Úthlutun aflahlutdeildar, samkvæmt reglugerð þessari, er bundin því skilyrði, að útgerð skips afsali sér aflahlutdeild, sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem nemi 8% af þeirri úthafskarfahlutdeild, sem þeim er úthlutað á árinu 1997 samkvæmt reglugerð þessari. Frádráttur aflahlutdeildar reiknast á grundvelli verðmætastuðuls, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 362/1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, miðað við leyfilegan heildarafla yfirstandandi árs, en hefur ekki áhrif á úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1996/1997. Verðmætastuðull fyrir úthafskarfa er hinn sami og fyrir karfa, sem veiddur er innan lögsögunnar. Þau skip, sem ekki hafa veiðiheimildir innan lögsögunnar, skulu sæta 8% skerðingu í úthlutun aflahlutdeildar í úthafskarfa.

6. gr.

Fiskistofa skal fyrir 8. febrúar 1997 senda útgerðum þeirra skipa, sem veiðireynslu hafa á ofangreindu viðmiðunartímabili, tilkynningu um bráðbirgðauthlutun samkvæmt ofangreindum reglum og forsendur hennar. Útgerðir skulu fyrir 18. febrúar 1997 tilkynna til Fiskistofu, hvort þær vilji nýta sér rétt til úthlutunar samkvæmt ofangreindum reglum og í hvaða tegundum aflahlutdeild verði skilað, sbr. 4. gr. Fyrir sömu tímamörk gefst þeim kostur á að koma athugasemdum á framfæri um bráðabirgðauthlutunina.

Fyrir 10. mars 1997 skal Fiskistofa úthluta aflahlutdeild, aflamarki fyrir 1997 og veiðifum.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Reglur laga nr. 38/1990 um flutning aflamarks milli ára og heimildir til breytinga milli tegunda gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

Allur úthafskarfaafli, sem fæst á árinu 1997 í flotvörpu, skal reiknast til aflamarks viðkomandi skips á því ári.

7. gr.

Í upphafi hverrar veiðiferðar skulu skipstjórar með skeyti (faxi) tilkynna til Fiskistofu, hvenær veiðar hefjast á úthafskarfa. Þá skulu þeir einnig tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðum á úthafskarfa lýkur hverju sinni. Í þessum tilkynningum til Fiskistofu skal áætla magn og samsetningu afla um borð. Ennfremur skal tilkynna fyrirhugaðan löndunartíma og löndunarstað.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn sérstaklega við löndun.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hvort aflinn eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 189, 1. apríl 1996, um veiðar á úthafskarfa 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 685, 28. desember 1996,
um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni.**

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði, að skip sé skráð íslenskt og skal við útreikning aflahlutdeildar aðeins taka mið af afla skips þann tíma, sem það er skráð íslenskt og eigendur þess og útgerð hafa fullnægt þeim skilyrðum um eignarhald, sem sett eru fyrir veitingu veiðileyfis í fiskveiðilögsögu Íslands. Ekki skal taka tillit til afla, sem fenginn er í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 20/1987, um sjómannadag. Hafi skip misst rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein, þar sem það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. málslíðar þessarar málsgreinar, er heimilt að úthluta nýju íslensku skipi í eigu sama aðila þeirri aflahlutdeild, enda komi hið nýja skip í stað eldra skips og eigi rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

Telji Fiskistofa ástæðu til að ætla að veiðar tiltekins skips hafi verið stundaðar með þeim hætti að afli þess tiltekið tímabil skuli ekki reiknast til viðmiðunarafla þess, sbr. 2. mgr., þá skal Fiskistofa gefa útgerð hlutaðeigandi skips kost á að koma athugasemdam sínum á framfæri við Fiskistofu áður en til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar kemur.

2. gr.

Í stað: „en frádráttur kemur til framkvæmda 1. september 1997“ í 2. málslíð 4. gr. komi: en hefur ekki áhrif á úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1996/1997.

3. gr.

Í stað: „1. febrúar 1997“ í 3. mgr. 5. gr. komi: 15. febrúar 1997.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 29

23. janúar 1997

AUGLÝSING

um skrá Seyðisfjarðarkaupstaðar, skv. 4. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986,
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá starfsmenn sem ekki er heimilt að leggja niður vinnu, komi til vinnu-
stöðvunar í framhaldi af yfirstandandi kjarasamningum:

Vatnsveitustjóri (v/öryggisgæslu)	1 staða
Launafulltrúi	1 staða
Skrifstofustjóri	1 staða

Seyðisfirði, 23. janúar 1997.

Jóhann B. Sveinbjörnsson.

Nr. 30

20. janúar 1997

AUGLÝSING

um skrá Reyðarfjarðarhrepps skv. 6.-7. tl. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6.-7. tl. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra
starfsmanna:

1. Sveitarstjóri	1,0 staða.
2. Skrifstofustjóri	1,0 staða.
3. Veitustjóri	1,0 staða.
4. Aðstoðarverkstjóri í áhaldahúsi, öryggisgæsla og eftirlit með vatnsveitu	1,0 staða.

Reyðarfirði, 20. janúar 1997.

Ísak J. Ólafsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 595/1995 um hunda- og kattahald í Hólmavíkurhreppi, skal vera kr. 6.000 á ári.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. janúar og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. febrúar.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Ölfushrepps um þá starfsmenn hreppsins sem ekki hafa heimild til verkfalls samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skráin er svohljóðandi:

1. Sveitarstjóri Ölfushrepps.
2. Skrifstofustjóri Ölfushrepps.
3. Hitaveitustjóri Hitaveitu Þorlákshafnar.
4. Hafnarstjóri Þorlákshafnar.
5. Byggingafulltrúi/tæknifræðingur Ölfushrepps.
6. Forstöðumaður áhaldahúss.
7. Forstöðumaður heimaþjónustu og sambýlis að Selbogsbraut 1.

Þorlákshöfn, 21. janúar 1997.

F.h. Ölfushrepps,

Guðmundur Hermannsson, sveitarstjóri Ölfushrepps.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hvert sorpílát.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Búðahrepps skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna:

1. Skrifstofustjóri	1,0 stöðugildi.
2. Verkstjóri áhaldahúss, sem jafnframt er veitustjóri	1,0 stöðugildi.
3. Eftirtalið starfsfólk Dvalarheimilis aldraðra Fáskrúðsfirði:	
Forstöðukona	0,85 stöðugildi.
Matráðskona	1,0 stöðugildi.
Starfsstúlka	1,0 stöðugildi.

Fáskrúðsfirði, 21. janúar 1997.

F. h. Búðahrepps,
Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ um greiðslu barnabóta og barnabótaauka.

1. gr.

Almennt.

Ríkissjóður skal ár hvert greiða barnabætur og barnabótaauka vegna hvers barns innan 16 ára aldurs eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Skerðing barnabóta og barnabótaauka.

Fjárhæðir barnabóta og barnabótaauka skal skerða um þær barnabætur og hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á árinu vegna barnsins.

3. gr.

Réttur til barnabóta og barnabótaauka.

Framfærandi barns samkvæmt reglugerð þessari telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok hvers tekjuárs. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur og barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Sambúðarfólk sem á rétt á barnabótaauka verður að uppfylla skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuársins.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar makinn er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá fullar barnabætur hjóna vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Ákvörðun barnabóta og barnabótaauka.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við

upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

Barnabótaauki skal ákveðinn samhliða álagningu tekjuskatts skv. X. kafla laga nr. 75/1981.

5. gr.

Skuldajöfnuður barnabóta og barnabótaauka.

Barnabætur og barnabótaauki greiðast til framferanda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki og ofgreiddur barnabótaauki frá fyrra ári, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangs-röð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki og ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul., þó ekki aðstöðugjald.
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
8. Virðisaukaskattur.
9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjald.
11. Þungaskattur álagður 10. júní 1996 eða síðar.
12. Launaskattur.
13. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

6. gr.

Greiðsla barnabóta.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald ávísar barnabótum til útborgunar hjá ríkisféhirði samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Greiðsla barnabótaauka.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram 1. ágúst en síðari greiðslan 1. nóvember.

Ríkisbókhald ávísar barnabótaauka til útborgunar hjá ríkisféhirði samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Fyrirframgreiðsla barnabótaauka.

Þar til álagning liggur fyrir, skv. 3. mgr. 4. gr, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á fyrra ári. Fyrirframgreiðsla skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok fyrra árs og heimilisföst hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka fyrra árs. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin gjöld skv. 1. - 13. tölul. 5. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út 1. febrúar en seinni greiðslan 1. maí.

9. gr.

Leiðrétting barnabóta og barnabótaauka.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið bóta samkvæmt reglugerð þessari eða bætur hafi verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið og B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. janúar 1997.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um embætti Húsameistara ríkisins, nr. 259/1973.

1. gr.

Reglugerð um embætti Húsameistara ríkisins, nr. 259/1973, er felld úr gildi frá og með 1. janúar 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 13. janúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorphirðugjald kr.

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði 7.500 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.	Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
1	0	6	137.500
2	15.000	7	192.500
3	27.500	8	330.000
4	55.000	9	500.000
5	82.500		

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er, mið af umfangi starfsemi og sorpgerð.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddögu með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði nr. 59/1995.

Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við innlánsstofnanir.

1. Viðskiptareikningar

1.1 Innstæður

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega sé um annað samið.

1.2 Yfirdráttur

Yfirdráttur á viðskiptareikningi umfram kvóta sbr. 7. tölulið er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi innlánsstofnun án tafar gera ráðstafanir til að eyða honum. Það getur hún gert með því að selja Seðlabankanum verðbréf gegn endurkaupasamningi, sbr. 5. tölulið, og fá söluna vaxtafærða („valideraða“) með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur verðbréfavíðskiptanna. Við slíka „valideringu“ greiðist 0,1% gjald. Hlutaðeigandi innlánsstofnun skal framvísa umræddum verðbréfum fyrir kl. 10.30 á fyrsta banka-afgreiðsludegi eftir að yfirdráttur myndaðist.

2. Innstæðubréf

Af innstæðubréfum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Framboð innstæðubréfa er háð nánari ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni en beiðnir um kaup þeirra skulu berast peningamálasviði bankans.

3. Verðtryggð innlán

Um verðbætur og vexti innstæðna á verðtryggðum reikningum fer sem hér segir:

- Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt. Lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. lánskjaravísitölu, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta.
- Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á lánskjaravísitölu, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.
- Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.
- Vextir af verðtryggðum reikningum reiknast í lok mánaðar af lægstu innstæðu mánaðarins og leggjast við höfuðstól um áramót.

Sækja skal um skráningarviðurkenningu til skráningarstofu eða aðila í umboði hennar. Skráningarástand ökutækis skiptist í eftirfarandi flokka:

1. Nýtt ökutæki. Ökutæki telst vera nýtt hafi það ekki verið skráð almennri skráningu eða ef því hefur verið ekið minna en 1000 km.
2. Notað ökutæki sem skráð hefur verið almennri skráningu í ríki þar sem ökutæki eru ekki skráð á fullnægjandi hátt að mati skráningarstofu. Einnig þau ökutæki sem ekki falla undir aðra flokka þessarar greinar.
3. Notað ökutæki, annað en fólksbifreið, sem skráð hefur verið almennri skráningu í öðru aðildarríki EES. Notað ökutæki sem skráð hefur verið almennri skráningu í ríki utan EES, þar sem ökutæki eru skráð á fullnægjandi hátt að mati skráningarstofu, og er ekki eldra en 10 ára miðað við almanaksárið.
4. Notað ökutæki með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna sem skráð hefur verið almennri skráningu erlendis í eigu hlutaðeiganda og flutt til landsins sem hluti af búslóð hans.
5. Notað ökutæki með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna sem orðið er a.m.k. 25 ára, annað en eftirvagn.
6. Notuð fólksbifreið sem skráð hefur verið almennri skráningu í öðru aðildarríki EES.

22. gr.

Skráningarstofa metur hvort gögn varðandi skráningarviðurkenningu eru fullnægjandi. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um skráningarviðurkenningu, eftir skráningarástandi:

1. a. Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda ökutækisins um
 - I að viðkomandi gerð ökutækisins uppfylli þau skilyrði í reglugerð um gerð og búnað ökutækja sem þarfnast skriflegra staðfestinga og talin eru upp í viðauka II við þá reglugerð,
 - II burðargetu einstakra ása og leyfða heildarþyngd,
 - III slagrymi og afköst hreyfils ökutækisins,
 - IV framleiðsluár ökutækisins.
- b. Upplýsingar um merkingu hvers tákns eða samstöðu tákna í verksmiðjunúmeri og gerðarnúmeri (model code).
- c. Með hópibifreið skal fylgja málsett teikning í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25, í hliðar- og ofanvarpi, sem sýnir skipan farþegasvæðis, stærð og staðsetningu farangursgeymslna, ásamt fyrirkomulagi og stærð útganga, sbr. 8. og 11. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.
- d. Með eftirvagni sem er yfir 5000 kg að leyfðri heildarþyngd, og skráningarskyldu tengitæki, skal fylgja teikning af ökutækinu með öllum aðalmálum.
- e. Með eftirvagni sem er yfir 5000 kg að leyfðri heildarþyngd skal fylgja kerfismynd af hemlakerfi.

2. a. Erlent skráningarskírteini ökutækisins, eða gögn sem skráningarstofa telur sambærileg, sem staðfestir erlenda skráningu ökutækisins.
b. Sömu gögn og í lið 1. Fullnægjandi er ef áskilið atriði í lið 1a kemur fram á gögnum í a-lið.
3. a. Erlent skráningarskírteini ökutækisins, eða gögn sem skráningarstofa telur sambærileg, sem staðfestir erlenda skráningu ökutækisins.
b. Sömu gögn og í liðum 1a II-IV, 1c og 1d. Fullnægjandi er ef áskilið atriði í lið 1a kemur fram á gögnum í a-lið.
4. a. Erlent skráningarskírteini ökutækisins, eða samsvarandi fylgiskjal að mati skráningarstofu.
b. Sömu gögn og í liðum 1a II-IV, 1c og 1d. Fullnægjandi er ef áskilið atriði í lið 1a kemur fram á gögnum í a-lið.
5. a. Erlent skráningarskírteini, eða gögn um aldur og lögmætan eiganda ökutækisins.
b. Sömu gögn og í liðum 1a II-IV, 1c og 1d. Fullnægjandi er ef áskilið atriði í lið 1a kemur fram á gögnum í a-lið.
6. a. Erlent skráningarskírteini ökutækisins, eða samsvarandi fylgiskjal að mati skráningarstofu.
b. Sömu gögn og í liðum 1a II-IV. Fullnægjandi er ef áskilið atriði kemur fram á gögnum í a-lið.

23. gr.

Með umsókn um skráningu ökutækis á grundvelli skráningarviðurkenningar eru eftirfarandi kröfur gerðar, miðað við skráningarástand, til gerðar og búnaðar ökutækisins. Framvísa skal skoðunarvottorði frá skoðunarstofu, nema annað sé tekið fram:

1. Ökutækið skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Þessar kröfur teljast uppfylltar standist ökutækið skráningarskoðun samkvæmt Skoðunarhandbók og nánari reglum skráningarstofu.
2. Sömu kröfur og í lið 1.
3. Ökutækið skal fullnægja öllum kröfum sem gerðar voru til slíks ökutækis hér á landi þegar það var fyrst skráð erlendis, að viðbættum afturvirkum kröfum um gerð og búnað ökutækja. Þessar kröfur teljast uppfylltar standist ökutækið skráningarskoðun samkvæmt Skoðunarhandbók og nánari reglum skráningarstofu.
4. Sömu kröfur og í lið 3.
5. Sömu kröfur og í lið 3.
6. Ekki skal skráningarskoða ökutækið, heldur er límdur á skráningarkerki þess við eigandi skoðarmiði að teknu tilliti til stöðu almennrar skoðunar ökutækisins í því aðildarríki EES þar sem ökutækið var síðast skráð. Jafnframt skal gengið úr skugga um samræmi milli skráningarkerkja, skráningar og verksmiðjunúmers ökutækisins.

24. gr.

Við viðurkenningu til skráningar á beltabíreið skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. 22. gr. Framvísa skal upplýsingum um merkingu tákna í verksmiðjunúmeri. Kröfur um búnað skulu uppfylltar samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja, eftir því sem við á.

25. gr.

Við viðurkenningu til skráningar á námubifreið skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. 22. gr. Framvísa skal upplýsingum um merkingu tákna í verksmiðjunúmeri. Kröfur um búnað skulu uppfylltar samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja, eftir því sem við á.

26. gr.

Skráningarstofu er óheimilt án samþykkis hlutaðeigandi að nota fylgigögn með skráningarviðurkenningu fyrir aðra en þann sem skráningarviðurkenningin er gefin út á.

REGLUGERÐ

um starfshætti skráningarstofu ökutækja.

Skilgreiningar.

1. gr.

Skráningarstofa: Skráningarstofa ökutækja sem annast skráningu ökutækja samkvæmt umferðarlögum.

Ökutækjaskrá: Opinber skrá yfir ökutæki sem skráð hafa verið hér á landi.

Skráningarskírteini: Staðfesting á skráningu ökutækis.

Skoðunarstofa: Faggilt skoðunarstofa fyrir ökutæki.

Hlutverk skráningarstofu.

2. gr.

Hlutverk skráningarstofu er

- að annast skráningu ökutækja; hún metur skráningargögn, hvort þau uppfylla kröfur um form og efni og getur óskað eftir ítarlegri upplýsingum þegar þess er þörf,
- að annast útgáfu skráningarskírteina og dreifingu skráningarmerkja,
- að annast uppfærslu, viðhald og rekstur ökutækjaskrár,
- að veita upplýsingar og vera dómsmálaráðuneytinu til ráðuneytis í tæknilegum mál-efnum er varða ökutæki, gerð þeirra og búnað,
- að annast skráningu á aðilum sem hafa hlutverki og skyldum að gegna við skráningu ökutækja eða skoðun, svo sem innflytjendum ökutækja, faggiltum skoðunarstofum, B-faggiltum endurskoðunarverkstæðum og löggiltum bifreiðasölum,
- að sjá um gerð eyðublaða vegna skráningar ökutækja, svo og samskiptaforrita,
- að hafa eftirlit með útgáfu og notkun skoðunarmiða,
- að efla almennt umferðaröryggi.

Ökutækjaskrá.

3. gr.

Hlutverk og skyldur skráningarstofu varðandi ökutækjaskrá eru:

Skráning upplýsinga um ökutæki:

Skráning í ökutækjaskrá fer fram samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja og reglum um ökutækjaskrá. Skráningarstofu er heimilt að skrá fleiri atriði í ökutækjaskrá en fram koma í reglunum.

Rekstur tölvukerfis:

Ökutækjaskrá skal varðveitt í tölvukerfi. Rekstur tölvukerfisins felur í sér hönnun, þróun og notkun ökutækjaskrár í samræmi við reglur um ökutækjaskrá, svo og ábyrgð á öruggri varðveislu gagna og forrita og ábyrgð á rekstraröryggi og viðvarandi aðgengi að skránni. Réttmæti og áreiðanleiki skráðra upplýsinga er einnig á ábyrgð skráningarstofu sem og rekjanleiki skráninga og samtenging við aðrar skrár.

Upplýsingamiðlun:

Einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum er heimill aðgangur að upplýsingum um einstök ökutæki úr ökutækjaskrá eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum skráningarstofu, sem staðfestar skulu af tölvunefnd. Skráningarstofa hefur umsjón með aðgengi að skránni. Miðlun upplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja er háð leyfi tölvunefndar. Opinber birting upplýsinga úr ökutækjaskrá eða miðlun þeirra er óheimil. Þó getur skráningarstofa, að fengnu samþykki tölvunefndar, heimilað slíkt, enda komi þá jafnan fram hvaðan upplýsingarnar eru fengnar.

Framkvæmd ökutækjaskráningar.

4. gr.

Skráningarstofa skal tryggja að koma megi til skila á aðgengilegan hátt beiðnum og tilkynningum um skráningu ökutækja og beiðnum um skráningarmerki. Í þeim tilgangi er skráningarstofu heimilt að fela

- skráðum innflytjendum ökutækja að annast skráningu beiðna um færslu ökutækja í forskrá og skráningu gerðarviðurkenndra ökutækja, sem og að annast afhendingu skráningarmerkja,
- skoðunarstofum að annast móttöku á tilkynningum um eigendaskipti að ökutækjum, beiðnum um skráningarmerki, beiðnum um færslu ökutækja, sem skal skráningarviðurkenna, í forskrá og beiðnum um skráningu þeirra, tilkynningum um breytingu á skráningu ökutækja og afskráningu, svo og vörslu og afhendingu skráningarmerkja,
- pósthúsum að annast móttöku á tilkynningum um eigendaskipti að ökutækjum og beiðnum um skráningarmerki,
- löggiltum bifreiðasölum að annast móttöku á tilkynningum um eigendaskipti að ökutækjum,
- váttryggingafélögum er annast lögmæltar ökutækjetryggingar að annast móttöku á tilkynningum um eigendaskipti og afskráningu ökutækja, svo og vörslu og afhendingu skráningarmerkja,
- lögreglu að annast vörslu og afhendingu skráningarmerkja.

Aðilar þessir skulu tilkynna skráningarstofu um móttækin skráningargögn þegar í stað, t.d. með rafrænum skilaboðum, og senda skráningarstofu skráningargögn samdægurs. Skráningarstofu er jafnframt heimilt að fela aðilum þessum færslu upplýsinga í ökutækjaskrá, uppfylli þeir gæðakröfur sem skráningarstofa setur. Þá getur skráningarstofa, með sömu skilyrðum, heimilað opinberum stofnunum að færa tiltekna upplýsingar í ökutækjaskrá.

Skráningarstofu er einnig heimilt að veita viðtöku beiðnum, tilkynningum og pöntunum með aðstoð póst- og símaþjónustu, tölvupóstþjónustu eða annarrar sambærilegrar þjónustu.

Skráningarstofa skal hafa eftirlit með þeim verkþáttum sem aðilar vinna í umboði skráningarstofu, svo sem móttöku skráningargagna og færslu þeirra í ökutækjaskrá og vörslu skráningarmerkja. Hún getur afturkallað heimild einstakra aðila sem ekki sinna ábendingum eða fyrirmælum.

Skráningarstofa skal setja almennar reglur um samskipti aðila við skráningarstofu.

Tæknideild.

5. gr.

Skráningarstofa skal reka tæknideild sem skal

- veita upplýsingar um reglur er varða gerð og búnað ökutækja og skráningu þeirra,
- vera til ráðuneytis um þróun og mótun reglna um gerð og búnað ökutækja,
- annast faglega forvinnslu á reglum sem varða skráningu og skoðun ökutækja,
- annast gerð og dreifingu uppfærðra skjala í Skoðunarhandbók, m.a. með tölvutækum hætti.

Hæfniskröfur.

6. gr.

Allt verklag varðandi ökutækjaskrá skal vera samkvæmt kerfisbundinni gæðastjórnun í samræmi við vottað gæðakerfi samkvæmt staðlinum ÍST ISO 9001.

Gjaldskrá.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gjald fyrir skráningu ökutækja og skráningarmerki.

Að öðru leyti fer um gjald fyrir starfsemi skráningarstofu samkvæmt gjaldskrá sem skráningarstofan setur.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 4. febrúar 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um skoðun ökutækja.**

1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til skoðunar í skoðunarstofu, sem hlotið hefur starfsleyfi ráðuneytisins, samkvæmt því sem segir í reglum þessum og það skoðað samkvæmt reglugerð um framkvæmd skoðunar ökutækja, svo að ganga megi úr skugga um hvort það sé í lögmæltu ástandi.

Sama gildir um skráningarskylt ökutæki sem færa skal til skráningarskoðunar áður en það verður skráð.

2. gr.

Eigandi/umráðamaður ökutækis ber ábyrgð á að ökutæki verði fært til skoðunar.

3. gr.

Eftirtalin ökutæki skal færa árlega til almennrar skoðunar frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a. Sendibifreiðir.
- b. Vörubifreiðir.
- c. Hópbifreiðir.
- d. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- e. Bifreiðir sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
- f. Kennslubifreiðir.
- g. Ökutæki til neyðaraksturs.
- h. Eftirvagna með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg.
- i. Létt bifhjól.

4. gr.

Bifreiðir, bifhjól og skráða eftirvagna, sem eigi eru talin í 3. gr., skal færa til almennrar skoðunar á þriðja ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni og síðan árlega frá og með fimmta ári eftir að ökutækið var skráð í fyrsta sinni.

5. gr.

Hafi ökutæki verið breytt í atriðum sem kalla á breytta skráningu skal færa það til breytingaskoðunar.

6. gr.

Skráningarstofu ökutækja er heimilt að kveðja ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, til sérstakrar skoðunar.

7. gr.

Bifreiðir, bifhjól og eftirvagna skal færa til almennrar skoðunar í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki ökutækis vísar til. Þannig skal ökutæki með skráningarmerki sem endar á 1 fært til skoðunar í janúar og ökutæki með skráningarmerki sem endar á 0 í október. Heimilt er þó að færa ökutæki til skoðunar allt að 6 mánuðum fyrr á almanaksárinu, og 10 mánuðum fyrr hafi ökutækið gilda skoðun sem fram fór fyrir 1. nóvember liðins árs. Hafi ökutæki einkamerki ræðst skoðunarmánuður af síðasta tölustaf í fastnúmeri ökutækisins.

Hafi eiganda/umráðamanni ökutækis eigi gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði þess skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá. Í dreifbýli þar sem lengra er en 80 km til næstu skoðunarstofu er eiganda/umráðamanni heimilt að færa ökutæki til skoðunar í síðasta lagi fyrir lok fjórða mánaðar eftir skoðunarmánuð, sbr. þó ákvæði 4. mgr.

Létt bifhjól skal færa til skoðunar fyrir 1. október, óháð síðasta tölustaf á skráningarmerki.

Öll ökutæki skulu hafa verið færð til skoðunar fyrir árslok.

8. gr.

Nú eru afhent að nýju skráningarmerki ökutækis, sem lögð hafa verið inn til geymslu eða tekin voru af ökutæki af öðrum ástæðum en vanbúnaði, áður en ökutæki sem ekki hefur lengur gilda skoðun er fært til almennrar skoðunar. Skal þá eigandi/umráðamaður öku-

tækisins fá hæfilegan frest til að færa ökutækið til skoðunar, enda lýsi eigandi/umráðamaður því skriflega yfir að ökutækið sé hæft til skoðunar og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því að ökutækið verði tekið í notkun.

Ökutæki sem lögregla hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar skal þó jafnan færa til skoðunar áður en skráningarmerki eru afhent að nýju.

9. gr.

Nú hefur ökutæki fengið skoðun án athugasemda, eða gerðar hafa verið athugasemdir við atriði sem ekki hafa veruleg áhrif á akstursöryggi ökutækisins og eigandi/umráðamaður þess ábyrgist að bæta þegar úr þeim, og skal þá ökutækið fá nýjan skoðunarmiða. Skoðunarmiða skal komið fyrir á þar til gerðum reit skráningarmerkis ef ökutækið ber þannig skráningarmerki en annars í vinstra og neðra horni framrúðu.

Á skoðunarmiða skulu vera tölustafir sem segja til um það ár sem ökutækið skal næst fært til almennrar skoðunar. Að öðru leyti skulu skoðunarmiðar gerðir samkvæmt fyrir-mælum dómsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Nú gerir skoðunarmaður athugasemdir við ásigkomulag ökutækis þannig að færa þarf það til skoðunar á ný og skal hann þá veita frest til að færa ökutækið til endurskoðunar samkvæmt ákvæðum í reglugerð um framkvæmd skoðunar ökutækja. Skoðunarmaður skal þá líma grænan miða yfir skoðunarmiða á skráningarmerki, eða í stað skoðunarmiða í framrúðu, er tilgreini þann mánuð sem ökutækið skal í síðasta lagi fært til endurskoðunar.

Nú kemur í ljós við skoðun ökutækis að búnaði þess er verulega áfátt þannig að ökutækið er til hættu fyrir umferðaröryggi og skal þá skoðunarmaður banna notkun þess. Skal skoðunarmaður gefa það til kynna með því að líma rauðan miða yfir skoðunarmiða á skráningarmerki eða í stað skoðunarmiða í framrúðu, er kveði á um bann við notkun ökutækisins þar til því hefur verið komið í lögmælt ástand og það fært til endurskoðunar. Þó er heimilt að aka ökutæki stystu leið frá viðgerðarstað til endurskoðunar.

Nú er ökutæki vísað frá skoðun vegna þess að greinilegt ósamræmi er milli verksmiðjunúmers og færslu þess í skráningarskírteini eða greinilegt ósamræmi er milli skráningarskírteinis og ökutækis að öðru leyti. Skal þá skoðunarmaður banna notkun ökutækisins og gefa það til kynna með því að líma rauðan miða yfir skoðunarmiða á skráningarmerki eða í stað skoðunarmiða í framrúðu. Miðanum skal ekki breyta fyrr en misræmi í skráningaratriðum ökutækisins hefur verið leiðrétt.

11. gr.

Endurskoðun má framkvæma á endurskoðunarverkstæði sem hlotið hefur starfsleyfi ráðuneytisins.

12. gr.

Auk skoðunarmiða á skráningarmerki eða í framrúðu skal skoðunarmaður láta eiganda/umráðamanni í té vottorð um skoðunina og niðurstöðu hennar. Skal skoðunarvottorðið varðveitt með skráningarskírteini ökutækisins.

13. gr.

Eigandi/umráðamaður ökutækis skal ábyrgjast að skoðunarmiði sé til staðar á skráningarmerki ökutækisins, eftir atvikum í framrúðu þess, og að miðinn sé ávallt greinilegur og læsilegur. Óheimilt er öðrum en skoðunarmönnum á skoðunarstofu eða endurskoðunar-

verkstæði að hylja skoðunarmiða eða fjarlægja hann af skráningarkerki eða framrúðu ökutækis.

14. gr.

Þegar ný gerð skráningarkerkja er sett á ökutæki í stað skráningarkerkja af eldri gerð ræðst það af síðasta tölustaf á nýja skráningarkerkinu í hvaða mánuði það skuli fært til almennrar skoðunar, þó þannig að frestur til skoðunar skv. 2. mgr. 7. gr. skerðist ekki miðað við afhendingu nýju merkjanna. Sama er ef á bifreið eru sett skráningarkerki af gerð sem notuð var fram til 1949.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. tölul. XIII. viðauka EES samningsins (tilskipun 77/143/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipun 94/23/EB), öðlast gildi 4. febrúar 1997.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 40, bls. 153-164, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 344-345 og 379-387, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 53. hefti 1994, bls. 26-29.

Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna skoðun ökutækja nr. 559 31. desember 1993, með breytingum í síðari reglugerðum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. janúar 1997

Nr. 81

REGLUGERÐ

um framkvæmd skoðunar ökutækja.

Almennt um skoðun ökutækja.

1. gr.

Með skoðun ökutækja skal leitast við að finna frávik frá því hvernig ökutækið skal vera, þ.e. galla og alvarlegar bilanir sem gera ökutækið óruggt í umferð, finna atriði sem valda óeðlilegri mengun umhverfisins og atriði sem eru í ósamræmi við tilskilin gildi. Einnig skal með skoðun ökutækja staðfesta að samræmi sé milli ökutækis og skráningargagna.

Skoðun ökutækja skal framkvæma í samræmi við Skoðunarhandbók sem ráðuneytið gefur út.

Hafi ökutæki fengið athugasemd við skoðun hefur eigandi/umráðamaður ökutækisins aðeins heimild til að aka því í samræmi við niðurstöðu skoðunar. Akstursbann kemur sjálfkrafa á ökutæki þegar frestur til að færa það til skoðunar er útrunninn.

Ef í ökutæki er búnaður sem tilgreindur er í Skoðunarhandbók en ekki er gerð krafa um hann í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, eða ljósa- og merkjabúnaður sem ekki er gerð krafa um í sömu reglugerð, skal ástand hans engu að síður vera gott og virkni fullnægjandi.

Ef ástand og/eða útlit ökutækis gefur tilefni til skal því reynsluekið til að betur megi kanna virkni einstakra atriða. Endanleg skoðun og dæming skal þó fara fram í skoðunarstofu.

2. gr.

Við almenna skoðun ökutækis og breytingaskoðun skal skoðunarmaður jafnan athuga hvort ökutækið sé rétt skráð og hvort verksmiðjunúmer þess sé í samræmi við skráningar-skírteini. Komi fram greinilegt ósamræmi milli verksmiðjunúmers á ökutæki og færslu þess í skráningarskírteini eða greinilegt ósamræmi er milli skráningarskírteinis og ökutækis að öðru leyti skal ökutækinu vísað frá skoðun. Skoðunarstofan skal jafnframt senda skráningarstofu ökutækja tilkynningu um misræmi skráningarinnar.

Skoðun og dæming ökutækis skal byggjast á ástandi þess hverju sinni.

Samhliða skoðun skal skoðunarmaður færa niðurstöður dæminga einstakra skoðunatriða í skoðunartorð. Niðurstaða skoðunar skal ráðast af reglum í skoðunarhandbók. Að skoðun lokinni skal skoðunarmaður færa niðurstöðu skoðunar í skoðunartorð og undirrita það.

Dæming skoðunatriða.

3. gr.

Dæming skoðunatriðis skal miðast við hvort um er að ræða bifreið, bifhjól eða eftirvagn og hversu alvarlegur galli eða frávik frá réttu gildi er.

Dæming skoðunatriða skal vera í samræmi við Skoðunarhandbók og miðast við hve alvarlegt ástand er á viðkomandi skoðunatriði að teknu tilliti til umferðaröryggis og mengunar.

Þrjár möguleikar eru gefnir á dæmingu skoðunatriða, dæming 1, 2 eða 3:

- a. „1“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunatriði er greinilega skemmt, greinilega slitið eða hefur takmarkaða virkni.
- b. „2“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunatriði er mikið skemmt, mikið slitið eða hefur ófullnægjandi virkni.
- c. „3“ felur í sér að viðkomandi skoðunatriði er alvarlega skemmt, alvarlega slitið eða hefur alvarlega skerta virkni.

Hvert einstakt skoðunatriði skal dæmt út af fyrir sig og án tillits til annarra dæminga.

Niðurstaða skoðunar.

4. gr.

Niðurstaða skoðunar skal færð í skoðunartorð í samræmi við hæstu tölu dæmingar hvers einstaks skoðunatriðis. Niðurstaða skoðunar getur verið ferns konar, þ.e. án athugasemdar, lagfæring, endurskoðun og akstursbann:

- a. Engin athugasemd leiðir af sér niðurstöðuna „án athugasemdar“.
- b. „1“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að lagfært verði allt sem gerð var athugasemd við á skoðunartorði, án þess að krafa sé gerð um endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „lagfæring“. Innan eins mánaðar skal eigandi/umráðamaður hafa bætt úr þeim frávikum sem komið hafa í ljós við skoðun.

- c. „2“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að án tafar verði lagfært allt sem gerð var athugasemd við á skoðunarvottorði og ökutækið fært til endurskoðunar. Niðurstaða skoðunarinnar er „endurskoðun“. Til endurskoðunar skal almennt veita frest til sama dags næsta mánaðar, en þó ekki lengur en nemur dagafjöldi mánaðarins. Í dreifbýli þar sem lengra er en 80 km í næstu skoðunarstofu eða á endurskoðunarverkstæði og ekki er hægt að fá ökutæki endurskoðað innan eins mánaðar er heimilt að veita frest til sama dags þriðja mánaðar frá skoðunarmánuði, en þó ekki lengur en nemur dagafjöldi mánaðarins.
- d. „3“ sem hæsta tala dæmingar hefur í för með sér að vélknúnu ökutæki má ekki aka með eigin vélarafli. Niðurstaða skoðunarinnar er „akstursbann“. Þrátt fyrir akstursbann er heimilt að færa ökutæki með eigin vélarafli frá viðgerðarstað skemmstu leið til skoðunar. Eftirvagn er heimilt að draga til viðgerðarstaðar og til skoðunar. Ef aðeins hefur verið gerð athugasemd við eitt skoðunatriði og það hlotið dæmingu 2 skal, ef við skoðunatriðið er merkt X í Skoðunarhandbók, breyta niðurstöðu skoðunarvottorðs á þann hátt að hún verði „lagfæring“.
- Niðurstaða aðalskoðunar skal vera óháð niðurstöðum undangenginna skoðana. Niðurstaða endurskoðunar skal vera akstursbann ef í minni hluta hefur verið bætt úr athugasemdum sem gerðar voru við undangengna skoðun.
- Niðurstaða skoðunar skal vera akstursbann ef skoðunatriði hlýtur dæmingu 2 eða 3 við skoðun ökutækis sem lögregla hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar.
- Niðurstaða skoðunar skal vera akstursbann ef í minni hluta hefur verið bætt úr athugasemdum sem gerðar voru við undangengna skoðun ökutækis sem lögregla hefur tekið skráningarmerki af vegna þess að frestur til að mæta með það til endurskoðunar er útrunninn.

Endurskoðun.

5. gr.

Ef ökutæki er fært til endurskoðunar innan þess frests sem gefinn var við undangengna skoðun og vottorði vegna þeirrar skoðunar er framvísað skal endurskoðunin eingöngu fela í sér skoðun á þeim atriðum sem athugasemd var gerð við og athugun á því að lagfæring fráviks hafi ekki kallað fram ný frávik.

Til að ökutæki geti hlotið fullnaðarskoðun við endurskoðun skulu öll frávik, sem gerðar voru athugasemdir við í síðustu skoðun, hafa verið lagfærð.

Ef í ljós kemur að ekki er unnt vegna skorts á varahlutum að lagfæra innan tilskilins frests atriði sem gerð var athugasemd við í aðalskoðun er heimilt að veita 30 daga frest til viðbótar áður útgefnum fresti. Skilyrði fyrir því er að:

- a. Áður útgefinn frestur sé ekki útrunninn.
 - b. Skoðunarvottorð aðalskoðunar sé lagt fram.
- Ef ökutæki er fært til endurskoðunar eftir að frestur til endurskoðunar er liðinn skal það skoðað á sama hátt og um aðalskoðun væri að ræða.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. tölul. XIII. viðauka EES

samningsins (tilskipun 77/143/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipun 94/23/EB), öðlast gildi 4. febrúar 1997.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 40, bls. 157-163, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 344-345 og 379-387, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 53. hefti 1994, bls. 26-29.

Jafnframt falla úr gildi reglur um framkvæmd almennrar skoðunar ökutækja nr. 560 31. desember 1993, með breytingum í reglugerð nr. 7 9. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 82

30. janúar 1997

REGLUGERÐ

um starfshætti þeirra er annast skoðun ökutækja.

1. gr.

Þeir sem annast skoðun ökutækja skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

Skilgreiningar.

2. gr.

Skoðun ökutækja: Almenn skoðun ökutækja, breytingaskoðun og skráningarskoðun.

Almenn skoðun: Lögboðin öryggisskoðun ökutækis sem er aðalskoðun og endurskoðun.

Aðalskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni.

Breytingaskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að breytingar á veigamiklum atriðum, frá því sem fram kom við gerðarviðurkenningu eða skráningarviðurkenningu, séu í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja.

Skráningarskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að ökutæki sé í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja og að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni.

Endurskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni, eftir að bætt hefur verið úr frávikum sem athugasemdir voru gerðar við í almennri skoðun, breytingaskoðun eða skráningarskoðun.

Skoðunarstofa: Faggilt skoðunarstofa sem hlotið hefur starfsleyfi til að annast skoðun ökutækja í samræmi við reglur þar um.

Skoðunarstofa I: Skoðunarstofa sem hefur heimild til að annast skoðun skoðunar-skyldra ökutækja óháð leyfðri heildarþyngd.

Skoðunarstofa II: Skoðunarstofa sem hefur heimild til að annast skoðun skoðunar-skyldra ökutækja sem eru 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna.

Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur B-faggildingu og starfsleyfi til að endurskoða að bætt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðalskoðun, breytingaskoðun og skráningarskoðun og sem heimilt er að endurskoða samkvæmt ákvæðum í viðauka við reglugerð um framkvæmd skoðunar ökutækja.

Skoðunarvottorð (ökutækis): Skjal, undirritað af skoðunarmanni, sem staðfestir fyrir- liggjandi búnað ökutækis og/eða ástand hans miðað við þær kröfur sem gerðar eru í reglum um framkvæmd skoðunar ökutækja.

Tæknilegar kröfur.

3. gr.

Tæknileg framkvæmd við skoðun ökutækja skal vera í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja, reglugerð um framkvæmd skoðunar ökutækja og aðrar reglur er lúta að skoðun ökutækja.

Faggilding.

4. gr.

Skoðunarstofa skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við reglugerð um starfsemi fag- giltra óháðra skoðunarstofa og staðal IST EN 45004, viðauka A, og nánari ákvæði í reglu- gerðum sem settar eru samkvæmt heimild í umferðarlögum og lögum um vog, mál og faggildingu.

Starfsemi.

5. gr.

Starfsemi skoðunarstofu skal haga á þann hátt að treysta megi að fullu að starfsemin sé í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Skoðunar- stofa má ekki jafnframt annast viðgerðir á ökutækjum, sölu á varahlutum í ökutæki eða aðra þá þjónustu er stangast á við hlutleysisreglur reglugerðarinnar.

Skoðunarstofa skal geta annast almenna skoðun á öllum ökutækjum, sbr. viðauka I og II, sem færa skal til skoðunar.

Endurskoðunarverkstæði.

6. gr.

Verkstæði sem annast endurskoðun ökutækja skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við ákvæði í reglugerð um B-faggildingu verkstæða til endurskoðunar ökutækja og ákvæði í reglum um skoðun ökutækja.

Starfsleyfi.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið veitir starfsleyfi til reksturs skoðunarstofa til að annast skoðun ökutækja. Það veitir og starfsleyfi til endurskoðunar á endurskoðunarverkstæðum.

Skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði skulu sinna öllum skoðunarbeiðnum sem berast, sbr. 5. gr. og viðauka I og II.

Starfsleyfi skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða skulu veitt til fimm ára í senn. Starfsleyfi fellur niður ef skoðunarstofa eða endurskoðunarverkstæði hættir starfsemi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að kanna starfsemi skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða eins og þurfa þykir. Slík könnun er óháð reglulegu eftirliti faggildingaraðila.

8. gr.

Sá sem sækir um starfsleyfi til reksturs skoðunarstofu skal leggja fram sönnun um að hann hafi hlotið faggildingu á viðkomandi faggildingarsviðum. Enn fremur skal hann staðfesta að skoðunarstofan:

- muni innheimta og standa skil á innheimtu umferðaröryggisgjaldi í samræmi við reglugerð um umferðaröryggisgjald,
- hafi tæknilegan stjórnanda í föstu starfi með tilskilda hæfni í samræmi við ákvæði 13. gr., sem beri tæknilega ábyrgð á framkvæmd skoðana,
- hafi nægan fjölda fastráðinna skoðunarmanna með fullnægjandi þekkingu til að annast skoðanir,
- hafi yfir að ráða hentugu húsnæði og aðstöðu þar sem unnt er að framkvæma allar skoðanir í samræmi við faggildingarsvið,
- hafi yfir að ráða hentugum tækjabúnaði í samræmi við viðauka I,
- muni taka þátt í samanburðarskoðunum þegar ráðuneytið óskar eftir því og hlíti fyrir mælum um ráðstafanir ef frávik milli skoðunarstofa koma fram. Skoðunarstofan skal bera allan kostnað vegna þeirrar þátttöku og ráðstafana sem gera verður,
- muni taka þátt í samvinnuverkefnum þegar óskað er og
- muni senda niðurstöður almennra skoðana, breytingaskoðana og skráningar skoðana og dæmingu hvers einstaks skoðunarliðs samdægurs til skráningarstofu ökutækja.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað skoðunarstofu að skoða ökutæki, á faggildingarsviðum sem skoðunarstofan hefur, á endurskoðunarverkstæði sem er fjær skoðunarstofu I en 35 km og á öðru verkstæði sem er fjær skoðunarstofu og endurskoðunarverkstæði en 35 km. Áður en skoðunarstofa hefur starfsemi á endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði skal skoðunarmaður ganga úr skugga um að aðstaða sé í samræmi við eðli skoðunar og að tæki sem notuð eru við skoðunina séu í lagi. Verkstæði skal hafa yfir að ráða hentugum tækjabúnaði í samræmi við viðauka I. Á þeim tíma sem skoðunarstofa hefur aðstöðu á endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði skal engin starfsemi fara fram á vegum verkstæðisins í þeim hluta húsnæðis eða með tækjum sem skoðunarstofan hefur til afnota.

10. gr.

Sá sem sækir um starfsleyfi til reksturs á endurskoðunarverkstæði skal leggja fram sönnun um að hann hafi hlotið faggildingu. Enn fremur skal hann staðfesta að endurskoðunarverkstæðið:

- hafi starfsmann í föstu starfi, sem ber ábyrgð á að skoðunarstarfsemin fari fram í samræmi við settar reglur. Hæfniskröfur skulu hið minnsta vera í samræmi við ákvæði 13. gr.,
- hafi fastráðinn skoðunarmann með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast endurskoðun. Hæfniskröfur skulu hið minnsta vera í samræmi við ákvæði 13. gr.,
- hafi yfir að ráða hentugu húsnæði til að nota við endurskoðun ökutækja á þeim sviðum sem það hefur faggildingu til,
- hafi yfir að ráða hentugum tækjabúnaði í samræmi við viðauka I,
- muni senda niðurstöður skoðana samdægurs til skráningarstofu ökutækja, og
- muni taka þátt í samanburðarskoðunum verði þess óskað.

Leyfisvipting.

11. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur svipt skoðunarstofu eða endurskoðunarverkstæði starfsleyfi, ef skilyrði fyrir leyfisveitingu eru ekki lengur uppfyllt. Sama á við ef skoðunarstofa eða endurskoðunarverkstæði hlítir ekki fyrir mælum ráðuneytisins eða faggildingardeildar Löggildingarstofunnar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður, hafi skoðunarstofa eða endurskoðunarverkstæði verið svipt faggildingu sinni.

Skoðunarvottorð.

12. gr.

Skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði skulu skrá niðurstöður skoðana og aðrar tæknilegar upplýsingar í samræmi við reglur um framkvæmd skoðunar ökutækja í skoðunarvottorð. Niðurstöður skulu sendar samdægurs til skráningarstofu.

Til staðfestingar því að skoðun hafi farið fram skal skoðunarstofa eða endurskoðunarverkstæði auðkenna ökutæki með skoðunarmiða í samræmi við niðurstöðu skoðunarinnar, sbr. reglur um framkvæmd skoðunar ökutækja.

Hæfniskröfur.

13. gr.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur. Undantekningu má þó gera frá því ef viðkomandi hefur aðra menntun og þjálfun sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar telur fullnægjandi.

Ábyrgðarmaður fyrir skoðunarstarfsemi á endurskoðunarverkstæði skal hafa lokið fullnaðarprófi í bifvélavirkjun og hafa réttindi sem bifvélavirkjameistari. Dómsmálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá meistaráttindum.

Skoðunarmaður á skoðunarstofu og endurskoðunarverkstæði skal hafa starfsréttindi í bifvélavirkjun. Fagréttinda er ekki krafist við endurskoðun hjólbarða.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu má annast skoðun ökutækja, óháð starfsréttindum.

Tæknilegur stjórnandi, ábyrgðarmaður fyrir skoðunarstarfsemi og skoðunarmaður á skoðunarstofu eða endurskoðunarverkstæði skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um þau gögn sem um skoðun ökutækja gilda. Námskeiðin skulu viðurkennd af faggildingardeild Löggildingarstofunnar og skal þeim ljúka með prófi.

Málskot.

14. gr.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu skoðunar ökutækis í skoðunarstofu getur, að undan-genginni umfjöllun yfirstjórnar skoðunarstofunnar, skotið úrskurði hennar til dómsmálaráðuneytisins. Á sama hátt getur sá sem ekki vill una niðurstöðu endurskoðunar á endurskoðunarverkstæði, að lokinni umfjöllun yfirstjórnar verkstæðisins, skotið úrskurði þess til dómsmálaráðuneytisins.

Gildistaka.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 4. febrúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um

starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI I

Um tækjabúnað skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

1. gr.

Við framkvæmd skoðunar ökutækja skal skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæði hafa yfir að ráða og nota tækjabúnað í samræmi við ákvæði 2. gr. í viðauka þessum. Tæki og búnaður skulu uppfylla þau nákvæmnismörk sem upp eru gefin.

2. gr.

a. Hemlaprófari fyrir bifreiðir og eftirvagna, sem eru 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, og skráningarskyld tengitæki.

Hemlaprófarinn skal vera hentugur til nota við hemlaprófun eins og lýst er í Skoðunarhandbók. Hemlakrafta skal vera unnt að mæla fyrir hvert hjól fyrir sig og mismun milli hemlakrafta hvors hjóls sem hlutfall af herra gildi á ás. Þá skal vera unnt að mæla aflgögn hemla.

Allar mæliniðurstöður skulu vera í tölugildum í samræmi við SI mælikerfið og skulu mælisvið og nákvæmni vera í samræmi við leyfileg frávik sem gefin eru upp í Skoðunarhandbók.

Hemlaprófarinn skal að öðru leyti uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Hann skal gerður fyrir a.m.k. 2.000 kg heildarþyngd á ás ökutækis.
2. Viðnámsstuðull milli viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.
3. Hemlaprófari af rúllugerð skal hafa innbyggða skriðvörn þannig að skrið milli hjólbarða og viðnámsflatar verði aldrei meira en 30%. Verði skrið meira skal skriðvörn rjúfa stýristraum þannig að prófun hætti.
4. Við hemlapróf skal hraði hjóla í snertifleti hjólbarða og viðnámsflatar hemlaprófara vera a.m.k. 2,5 km/klst.
5. Niðurstöður mælinga á kröftum skulu koma fram á tveimur mælum (fyrir hægri og vinstri hjól) með vísum eða með myndrænni og stafrænni framsetningu. Niðurstöður annarra mælinga skulu settar fram á mælum og/eða í formi útskriftar á pappír. Skjáir eða mælar skulu vera greinilegir aflestrar. Allar skriflegar upplýsingar skulu vera á íslensku.
6. Kvörðun hemlaprófara skal fara fram í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
7. Frávik í mælinákvæmni hemlaprófarans má mest vera $\pm 3\%$ miðað við raungildi hemlakrafts í hverjum kvörðunarpunkti.
8. Við kvörðun mæla sem sýna mismun milli hemlakrafta hjóls hægra og vinstra megin á ási skal lægri aflestur vera innan 2,5% fráviksmarka miðað við hæsta aflestur í hverjum kvörðunarpunkti.

9. Hemlaprófari af rúllugerð skal búinn ræsivörn sem tryggir að hemlapróf geti því aðeins farið fram að stýristraumur inn á prófara hvors hjóls fyrir sig hafi verið kveiktur og að álag sé á báðum prófum í einu.

b. Hemlaprófari fyrir bifreiðir og eftirvagna, óháð leyfðri heildarþyngd.

Hemlaprófarinn skal vera hentugur til nota við hemlaprófun eins og lýst er í Skoðunarhandbók. Hemlakrafta skal vera unnt að mæla fyrir hvert hjól og mismun milli hemlakrafta hvors hjóls sem hlutfall af hærra gildi á ás. Þá skal vera unnt að mæla aflögun hemla og framreikna hemlunargetu í samræmi við forsendur í Skoðunarhandbók.

Allar mæliniðurstöður skulu vera í tölugildum í samræmi við SI mælikerfið og skulu mælisvið og nákvæmni vera í samræmi við leyfileg frávik sem gefin eru upp í Skoðunarhandbók.

Hemlaprófarinn skal að öðru leyti uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Hemlaprófari af rúllugerð skal gerður fyrir a.m.k. 10.000 kg áspunga ökutækis.
2. Viðnámsstuðull milli blauts viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.
3. Hemlaprófari af rúllugerð skal hafa innbyggða skriðvörn þannig að skrið milli hjólbarða og viðnámsflatar verði aldrei meira en 30% þegar próf fer fram. Verði skrið meira skal skriðvörn rjúfa stýristraum þannig að prófun hætti.
4. Við hemlapróf skal hraði í snertifleti hjólbarða og viðnámsflatar hemlaprófara vera a.m.k. 2 km/klst.
5. Niðurstöður mælinga á kröftum skulu koma fram á tveimur mælum (fyrir hægri og vinstri hjól) með vísun eða með myndrænni og stafrænni framsetningu. Niðurstöður annarra mælinga skulu settar fram á mælum og/eða í formi útskriftar á pappír. Skjáir eða mælar skulu vera greinilegir aflestrar. Allar skriflegar upplýsingar skulu vera á íslensku.
6. Kvörðun hemlaprófara skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
7. Frávik í mælinákvæmni hemlaprófarans má mest vera $\pm 3\%$ miðað við raungildi hemlakrafts í kvörðunarpunkti.
8. Við kvörðun mæla sem sýna mismun milli hemlakrafta hjóls hægra og vinstra megin á ási skal lægri aflestur vera innan 2,5% fráviksmarka miðað við hæsta aflestur í hverjum kvörðunarpunkti.
9. Hann skal geta reiknað hemlunargetu í samræmi við reiknireglur sem fram koma í Skoðunarhandbók. Nægilegt er að unnt sé að reikna hemlunargetu út frá mældum þrýstingi í hemlakerfi og miðað við leyfða heildarþyngd eða áspýngd eftir því sem reglur kveða á um.
10. Hemlaprófari af rúllugerð sem notaður er við ökutækjaskoðun skal búinn eftirfarandi öryggisbúnaði:
 - a. Öryggi í gryfju, þannig að ekki sé unnt að framkvæma hemlapróf ef maður í gryfju er í innan við 1,5 m fjarlægð frá prófaranum.
 - b. Hemlaprófari af rúllugerð skal búinn ræsivörn sem tryggir að hemlapróf geti því aðeins farið fram að stýristraumur inn á prófara hvors hjóls fyrir sig hafi verið kveiktur og að álag sé á báðum prófum í einu.

c. Mengunarmælar.

Við mælingar á mengun í útblæstri skal nota mælitæki sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Tækið skal mæla CO magn í útblæstri frá hreyfli með rafkveikju. Mælisvið tækisins skal vera a.m.k. 0-10% CO innihald í útblástursgasi. Á mælisviði 0-2% skal mælinákvæmni vera innan við 2,5% af mældu gildi en á mælisviði 2-10% innan við 10,0% af mældu gildi.
2. Tæki til að mæla reykþykki frá dísilhreyfli.

Mælitæki skulu gerð þannig að hægt sé að mæla sótmengun í útblæstri dísilbifreiða á fullnægjandi hátt.

d. Ljósaskoðunartæki.

Ljósaskoðunartæki skulu búin safnlinsu, færanlegu geislaspjaldi með kvarða sem sýnir niðurvísun aðalljósa, ljóskastara eða þokuljósa í sentimetrum fyrir hverja 10 m. Mæliháttur geislaspjaldi skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð um gerð og búnað ökutækja um hæðarvísun ljósgeisla.

Ljósaskoðunartæki skal komið þannig fyrir að halli brautar sem tækið gengur á víki innan við 1 mm fyrir hvern metra frá láréttu plani og skal svæði það sem ökutæki stendur á við skoðun einnig vera í láréttu plani. Mesta leyfilega frávik frá stöðuplani ökutækis er ± 2 mm á m.

e. Hljóðstyrksmælir.

Tækið skal a.m.k. uppfylla kröfur skv. staðli DIN/IEC 651, flokkur 3L. Auk þess skal tækið hafa mælisvið a.m.k. 40 - 120 dB(A), geta fest hámarks mæligildi og hafa tvenns konar viðbragðstíma. Tækið skal kvarða með þar til gerðum hljóðgjafa.

Hljóðstyrksmælis er ekki krafist á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja.

f. Hjólþeytir (spinnari) fyrir stór ökutæki.

Hjólþeytir til að snúa hjólum ökutækis sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd skal þannig gerður að hann geti snúið stærstu ódriftengdum hjólum undir bifreið á fullnægjandi hraða sem gefur möguleika á að finna misþyngd á hjóli og/eða skemmdir í legu hjólvalar. Hjólþeytis er ekki krafist á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

g. Lyfta eða gryfja.

Ökutæki skal annað hvort skoða yfir hentugri gryfju eða á lyftu. Fari skoðun fram yfir gryfju skal hún búin lyftara sem hægt er að renna til og lyfta hverjum ási ökutækis fyrir sig, en fari skoðun fram á lyftu skal hún lyfta undir hjól ökutækisins. Lyftan skal hafa búnað til að hreyfa framhjól (hreyfiplötu) og lyfta ásnum. Á gryfju skal vera hreyfiplata. Ekki er krafist hreyfiplötu á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja.

h. Handverkfæri.

Skoðunarstofa sem annast almenna skoðun og úttekt ökutækja skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum handverkfærum sem nota þarf við skoðun ökutækja eins og lýst er í reglum þar um. Má nefna nauðsynlegan fjölda fastalykla, málband, gráðuboga, spennijárn ásamt nauðsynlegum aflestunarklossum.

Tæki sem notuð eru við skoðun ökutækja skulu uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins um búnað og öryggi.

3. gr.

Skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði skulu framkvæma fyrirbyggjandi viðhald á öllum tækjum sem notuð eru við skoðun. Þá skal kvarða og stilla tæki í samræmi við kröfur í gæðakerfum aðila.

VIÐAUKI II

Um fyrirkomulag skoðunar ökutækja.

1. gr.

Skoðunarstofur fyrir skoðun ökutækja skiptast í tvo flokka:

- a. Skoðunarstofa I skal búin öllum tilskildum tækjum samkvæmt viðauka I, nema hemlaprófara fyrir ökutæki sem eru 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- b. Skoðunarstofa II skal búin öllum tilskildum tækjum samkvæmt viðauka I, nema hemlaprófara fyrir ökutæki óháð leyfðri heildarþyngd þeirra og hjólþeyti (spinnara).

2. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera a.m.k. ein skoðunarstofa I og skal í því sambandi litið á höfuðborgarsvæðið sem eitt kjördæmi. Faggiltir skoðunarstofu er heimilt að starfrækja skoðunarstofu II í öllum kjördæmum, enda sé vegalengd frá skoðunarstofu I meiri en 80 km. Faggilt skoðunarstofa sem starfrækir eina eða fleiri skoðunarstofur I í tilteknu kjördæmi má starfrækja skoðunarstofu II hvar sem er í kjördæminu.

3. gr.

Hafi skoðunarstofa II eða endurskoðunarverkstæði, þar sem skoðunarstofa annast ökutækjaskoðun, tæki til að mæla hemlunarvirkni í akstri (hemlunarklukku) er skoðunarstofunni eða endurskoðunarverkstæðinu heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og notuð er í sérstök verkefni, enda sé vegalengd frá skoðunarstað að skoðunarstofu I meiri en 50 km og fyrir liggja skriflegt vottorð lögreglu um að bifreiðin sé aðeins notuð á afmörkuðu svæði.

Slökkvibifreið, kranabifreið, námubifreið og beltabifreið má skoða með hemlunarklukku og öðrum tiltækum tækjum án þess að hún sé flutt til skoðunarstofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 31. desember 1998 er heimilt að:

- skoðunarstofur á skoðunarsvæði í Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Austurlandskjördæmi séu í flokki II,
- skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirkni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km,
- skoðunarstofa II, endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, og skoðunarstofa I utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, sé ekki búin tæki til að mæla reykþykki frá dísilhreyfli bifreiðar,
- endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, sé ekki búin hreyfiplötu og hljóðstyrksmæli.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. nóvember 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:
- a. Nýr liður, 01.12 (3), orðist svo:
(3) Fullnægjandi er að hópbifreið II fyrir 16 farþega eða færri uppfylli kröfur sem gerðar eru um búnað hópbifreiðar I.
 - b. Liður 01.13 (1) orðist svo:
Bifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna sem aðallega er ætluð til vöruflutninga eða hefur áfestan búnað og reiknuð samanlögð þyngd farþega nemur ekki meira en helmingi af burðargetu bifreiðar að frádreginni þyngd ökumanns, miðað við að hver maður vegi 75 kg.
 - c. Liður 01.21 (1) orðist svo:
Bifhjól sem búíð er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búíð rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.
 - d. Liður 01.83 (1) orðist svo:
Bifreið þar sem veigamiklum atriðum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu, hefur verið breytt frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda.

2. gr.

2. gr. breytist þannig:
- a. Liður 02.00 (1) orðist svo:
Skilgreiningar.
Skoðunarstofa: Faggilt skoðunarstofa fyrir ökutæki.
Skráningarstofa: Skráningarstofa ökutækja.

Tjónabifreið: Bifreið sem orðið hefur fyrir tjóni sem getur haft áhrif á aksturs-eiginleika hennar og akstursöryggi.

- b. Í stað „skráningaraðila“ í lið 02.00 (5) komi: skráningarstofu.
- c. 2. másl. í lið 02.00 (7) falli niður.

3. gr.

4. gr. breytist þannig:
Liður 04.83 (1) orðist svo:
Í breyttri bifreið skal á áberandi stað fyrir ökumann vera merki með eftirfarandi áletrun:
„Viðvörðun! Þetta er breytt bifreið með aðra aksturseginnleika en upphaflega“. Merkin skulu gerð samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

5. gr. breytist þannig:
- a. Í stað „skráningaraðila“ í lið 05.00 (10) komi: skráningarstofu.

- b. Í stað „Skráningaraðili“ í lið 05.10 (7) komi: Skráningarstofa.
- c. Liður 05.10 (8), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 401/1994, orðist svo:
Stýrisbúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 með breytingum í tilskipun nr. 92/62 eru uppfyllt.
- d. Nýr liður, 05.71 (2), orðist svo:
(2) Stýrisbúnaði bifreiðar fyrir hreyfihamlaða má breyta þannig að henti hreyfihömluðum öikumanni.
- e. Í stað „skráningaraðili“ í lið 05.83 (1) komi: skráningarstofa.

5. gr.

6. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „skráningaraðila“ í lið 06.00 (6) komi: skráningarstofu.
- b. Við lið 06.10 (9) bætist: eða sambærileg ákvæði.
- c. Í stað „skráningaraðila“ í lið 06.51 (1) komi: skráningarstofu.
- d. Liður 06.74 (1) orðist svo:
Bifreið til kennsluaksturs skal búin auka hemlafetli fyrir ökukennara. Upprunalegur fetill má ekki virka á aukafetilinn.
- e. Liður 06.74 (2) falli niður.

6. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. Við lið 07.01 (12), 2. mgr., bætist nýr málslíður sem orðist svo:
Fleiri en eitt ljósker geta í sameiningu uppfyllt ákvæði um dreifingu ljóss.
- b. Liður 07.01 (12), 8. mgr., falli niður.
- c. Liður 07.01 (21), 2. mgr., orðist svo:
Dreifing: Ljósíð skal dreifast vel til hliðanna og hafa greinileg lárétt birtumörk.
- d. Liður 07.10 (3), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:
Aðalljósker og perur í þau skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/761 með breytingu í tilskipun nr. 89/517, E-merkt í samræmi við viðeigandi ECE reg. nr. 1.01 eða 37.03, eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.
- e. Liður 07.10 (4), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:
Þokuljósker og perur í þau skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/762, E-merkt í samræmi við viðeigandi ECE reg. nr. 19.02 eða 37.03 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.
- f. Liður 07.12 (2) falli niður.
- g. Liður 07.50 (1), ákvæði 3. þankastriks, orðist svo:
- hættuljósker
- h. Liður 07.50 (2), ákvæði 6. þankastriks, falli niður.
- i. Liður 07.72 (2) falli niður.

7. gr.

9. gr. breytist þannig:

Í stað „skráningaraðili“ í lið 09.10 (1) komi: skráningarstofa.

8. gr.

11. gr. breytist þannig:

Liður 11.12 (5) a., 4. þankastrík, orðist svo:

- lágmarkshæð á gangi skal vera:

Hópbifreið	
IA/IIA/IIIB	IB
1900 mm	1320 mm

Tafla 11.6

Lofthæð í ganginum má vera 100 mm lægri framan við fremstu brún fremstu aðaldyra og aftan við lóðrétt þverplan 1500 mm framan við miðlínu afturáss en þó ekki framar en aftan við aftari brún öftustu aðaldyra. Lofthæð í gangi til þriggja öftustu sætaraða í hópbifreið II B sem gerð er fyrir 22 farþega eða færri skal vera að lágmarki 1600 mm. Ákvæði þetta gildir um þann hluta gangs sem er aftan við lóðrétt þverplan 1500 mm framan við miðlínu afturáss en þó ekki framar en aftan við aftari brún öftustu aðaldyra. Lofthæð í gangi tveggja hæða hópbifreiðar skal ekki vera minni en 1650 mm.

9. gr.

12. gr. breytist þannig:

- a. Liður 12.12 (1) orðist svo:
Hópbifreið skal búin ökurita samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- b. Liður 12.14 (1) orðist svo:
Vörubifreið skal búin ökurita samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- c. Í stað „82/297“ í lið 12.30 (5) komi: 86/297

10. gr.

14. gr. breytist þannig:

- a. Liður 14.01 (1) orðist svo:
Yfirbygging og áfestur búnaður, svo sem krani, vörulyfta og sturtubúnaður skal vera festur við ökutæki samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þess eða festur við stálgrind þess þannig að spennur í efni grindarinnar verði hvergi hærri en 150 N/mm² við notkun áfesta búnaðarins.
- b. Í stað „skráningaráðila“ í lið 14.14 (1) komi: skráningarstofu.
- c. Nýr liður, 14.30 (3), orðist svo:
(3) Hámarksþyngd dráttarvélar og þyngd á ása hennar telst innan marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.
- d. Nýr liður, 14.30 (4), orðist svo:
(4) Þyngd búnaðar sem dráttarvél dregur telst vera innan marka ef þyngdin er í samræmi við ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173.

11. gr.

15. gr. breytist þannig:

Í stað „skráningaraðila“ í lið 15.00 (4) komi: skráningarstofu.

12. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. Liður 16.50 (2) falli niður.

b. Nýr liður, 16.51, orðist svo:

16.51 Eftirvagn I.

(1) Eftirvagn I sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst skal búinn hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynsturdýpt.

(2) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 16.51 gilda einnig um eftirvagn sem skráður er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

c. Nýr liður, 16.52, orðist svo:

16.52 Eftirvagn II.

(1) Eftirvagn II sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst skal búinn hjólbörðum með a.m.k. 1,0 mm mynsturdýpt.

(2) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 16.52 gilda einnig um eftirvagn sem skráður er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

d. Nýr liður, 16.72 (3), orðist svo:

(3) Ökutæki til neyðaraksturs skal búit hjólbörðum með a.m.k. 2,0 mm mynsturdýpt.

e. Nýr liður, 16.72 (4), orðist svo:

(4) Skráningarstofa getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað að ökutæki slökkviliðs sem skráð er til neyðaraksturs megi aka á negldum hjólbörðum óháð ákvæðum liðar 16.02 (6).

f. Núverandi liður 16.72 (3) verði 16.72 (5).

13. gr.

17. gr. breytist þannig:

a. Liður 17.13 (2), sbr. reglugerð nr. 401/1994, falli niður.

b. Liður 17.14 (2), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:

Skermun hjóla vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd yfir 7500 kg telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.

c. Liður 17.50 (1), sbr. reglugerð nr. 401/1994, falli niður.

d. Nýr liður, 17.52 (2), orðist svo:

(2) Skermun hjóla eftirvagns II telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.

14. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Liður 18.10 (1), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:

Í bifreið skal vera innbyggður gangsetningarlás eða annar búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið henni, svo sem stýrslás eða gírlás. Búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið bifreið, svo og annar þjófnaðarvarnarbúnaður, telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/61 með breytingum í tilskipun nr. 95/56.

- b. Við lið 18.10 (6), sbr. reglugerð nr. 242/1994, bætist: eða sambærileg ákvæði.
- c. Núverandi liður 18.10 (12), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 401/1994, verði nýr liður 18.11 (3).
- d. Liður 18.10 (13), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 401/1994, orðist svo:
Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/157 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 96/20, eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá bifreið telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipunar eru uppfyllt.
- e. Liður 18.10 (14), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 401/1994, orðist svo:
Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipunum nr. 93/59 og 94/12, skal dísilhreyfill bifreiðarinnar uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 88/77 eða sambærilegar reglur. Takmörkun mengandi efna í útblæstri telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 88/77 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 96/1, eru uppfyllt.
- f. Upphaf liðar 18.12 (10) orðist svo:
Gildistaka: Þrátt fyrir ákvæði liðar 18.10 (14)
- g. Upphaf liðar 18.14 (4) orðist svo:
Gildistaka: Þrátt fyrir ákvæði liðar 18.10 (14)
- h. Liður 18.85 (2) falli niður.

15. gr.

19. gr. breytist þannig:

- a. Liður 19.10 (5), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:
Samrýmanleiki rafsegulbylgja frá bifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 72/245 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 95/54, eru uppfyllt.
- b. Nýr liður, 19.30 (3), orðist svo:
- (3) Raftengi fyrir ljósabúnað efturvagns eða tengitækis við dráttarvél telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/323 eru uppfyllt.

16. gr.

21. gr. breytist þannig:

- a. Liður 21.10 (2) orðist svo:
Tengibúnaður og festing hans við bifreið skal vera samþykktur af skoðunarstofu.
- b. Í stað „Skráningaraðili“ í lið 21.10 (3) komi: Skráningarstofa.
- c. Liður 21.11 (2), sbr. reglugerð 401/1994, orðist svo:
Þyngd dráttarbeislis á tengibúnað fólksbifreiðar telst innan marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/21, með breytingum í tilskipun 95/48 eru uppfyllt.
- d. Í stað „Skráningaraðili“ í lið 21.50 (2) komi: Skráningarstofa.

17. gr.

22. gr. breytist þannig:

- a. Liður 22.01 (1) orðist svo:

- Farmskilrúm skal vera tryggilega fest við ökutækið og þola framskrið farms sem svarar til 10 m/sek² hraðaminnkunar ökutækis. Skilrúmið skal vera háð samþykki skoðunarstofu en það má samanstanda af:
- a. Fínriðnu vírneti í málmramma.
 - b. Málm- eða tréplötu.
 - c. Plasti eða öryggisgleri í málmramma.
- b. Liður 22.10 (2) orðist svo:
Í bifreið með sérstöku farmrými til vöruflutninga skal vera farmskilrúm sem ver ökumann og farþega gegn framskriði farms. Í lokuðu farmrými bifreiðar skal farmskilrúm ná frá gólfi til lofts en í opnu farmrými skal það ná frá gólfi farmrýmis og í a.m.k. 100 cm hæð fyrir ofan setu þess sætis sem hæst stendur í fólksrými.
- c. Nýr liður, 22.12 (6), orðist svo:
(6) Milli farmrýmis og fólksrýmis hópbifreiðar sem einnig er gerð til vöruflutninga skal vera farmskilrúm sem þekur alla breidd fólksrýmisins.
- d. Nýr liður, 22.30 (7), orðist svo:
(7) Hámarksstærð dráttarvélar skal vera sem hér segir:
- lengd: 12,00 m
 - breidd: 2,50 m
 - hæð: 4,00 m
- e. Liður 22.85 (1), 1. og 2. þankastrik, orðist svo:
- 50 mm milli blaðfjaðra og framáss og 100 mm milli annarra fjaðra og framáss
- 100 mm milli fjaðra og afturáss
- f. Í stað „skráningaröðila“ í lið 22.85 (3) komi: skráningarstofu.

18. gr.

23. gr. breytist þannig:

Liður 23.01 (5) orðist svo:

Styrkur afturvarnar og festinga hennar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/221 með breytingum í tilskipun nr. 79/490 eru uppfyllt.

19. gr.

24. gr. breytist þannig:

- a. Liður 24.00 (1) orðist svo:

Skilgreining:

Öryggispúði:

Belgur sem blásinn er upp í ökutæki við skyndilega hraðabreytingu þess, til varnar ökumanni og/eða farþegum.

- b. Liður 24.02 (1) orðist svo:
Höfuðpúði skal vera viðurkenndur skv. EBE tilskipun nr. 78/932, ECE regl. nr. 17 eða 25, FMVSS staðli nr. 202 eða sambærilegum reglum.
- c. Liður 24.83 (1) orðist svo:
Breytt bifreið skal búin öryggisbeltum í framsætum.
- d. Liður 24.83 (2) orðist svo:
Í breyttri bifreið skal vera slökkvitæki með slökkvimátt sem svarar til a.m.k. 2 kg dufttækis.

- e. Liður 24.83 (3) orðist svo:
Í breyttri bifreið skal vera viðurkenndur sjúkrakassi.

20. gr.

Núverandi viðauki breytist og nýir viðaukar bætast við reglugerðina eins og greinir í viðauka við reglugerð þessa.

21. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast gildi 4. febrúar 1997.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES gerðir S4 og S5, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 2, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 57. hefti 1994, bls. 1-61, 48. hefti 1995, bls. 1-12 og 25. hefti 1996, bls. 21-43.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI

- a. Núverandi viðauki fái fyrirsögnina VIÐAUKI I og breytist þannig:
Liður 16.72 orðist þannig: Hraðapól, mynsturdýpt og negldir hjólbarðar.
Liður 81 Beltabifreið falli niður.
- b. Eftirfarandi tafla komi sem nýr viðauki, VIÐAUKI II:

VIÐAUKI II

Samantekt á kröfum til búnaðar ökutækja og aðferðir til að sýna fram á að þær séu uppfylltar.

Fimm flokkar eru skilgreindir:

- 1 = Skal uppfylla Evróputilskipun / Gögn eða merking á búnaði áskilin
- 2 = Skal uppfylla Evróputilskipun eða sambærilegar kröfur / Gögn eða merking á búnaði áskilin
- 3 = Skal uppfylla kröfur í reglugerðinni, Evróputilskipun þó fullnægjandi / Gögn eða merking á búnaði áskilin
- 4 = Skal uppfylla kröfur í reglugerðinni, Evróputilskipun þó fullnægjandi / Engra gagna eða merkinga krafist
- 5 = Engar kröfur í reglugerðinni, Evróputilskipun fullnægjandi / Engra gagna eða merkinga krafist

Ef krafa er um framvísun gagna eða að búnaður skuli vera merktur (flokkar 1, 2 og 3) skal slíkum staðfestingum framvísað við skráningu ökutækis, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja.

Eftirfarandi tákni eru notuð fyrir ökutækjaflokkana:

- M1 = Fólksbifreið.
M2 = Hópbifreið I.
M3 = Hópbifreið II.

- B1 = Létt bifhjól.
B2 = Þungt bifhjól.
D1 = Dráttarvél með lágmarkssporvidd drifáss minni en 1150 mm.

Tilskipun	M1	M2	M3	N1	N2	N3	O1	O2	O3	O4	B1	B2	D1	D2
77/ 649/EBE Framsýn	4													
78/ 316/EBE Stjórnþæki (útlit/lögun)	5	5	5	5	5	5								
78/ 317/EBE Móðueyðing	4													
78/ 318/EBE Rúðusprautuþurrka	4													
78/ 548/EBE Hitunarkerfi	4													
78/ 549/EBE Hjólhlífar	4													
78/ 763/EBE Farþegasæti													4	4
78/ 764/EBE Ökumannssæti													4	4
78/ 932/EBE Höfuðpúðar	2													
78/ 933/EBE Ljósker (staðsetning)													4	4
78/1015/EBE Hávaðamengun												3		
79/ 532/EBE Glitaugu													2	2
Lýsing og merkjagjöf													4	4
79/ 533/EBE Tengibúnaður													4	4
79/ 622/EBE Veltigrind													4	4
80/ 720/EBE Vinnuumhverfi, aðgangur, dyr, gluggar													4	4
80/ 780/EBE Baksýnisspeglar												2	2	
80/1268/EBE Eldsneytiseyðsla	5													
80/1269/EBE Afl hreyfils	4		4	4	4	4								
3821/85/EBE Ökuritar		1	1	1	1	1								
86/ 297/EBE Aflúrtak													4	4
86/ 298/EBE Veltigrind													2	
86/ 415/EBE Stjórnþæki (útlit/lögun)													5	5
87/ 402/EBE Veltigrind													2	
88/ 77/EBE Diesel útblástursmengun	2	2	2	2	2	2								
89/ 173/EBE Hraðastjórn, aflúrtaksvörn (Viðauki II)													4	4
Gler (Viðauki III)													4	4
Tengibúnaður (Viðauki IV)													4	4
Plötur (merkingar) (Viðauki V)													4	4
Hemlastjórnþúnaður (Viðauki VI)													4	4
89/ 297/EBE Hliðarvörn					4	4			4	4				
91/ 226/EBE Hjólhlífar					4	4			4	4				
92/ 22/EBE Öryggisgler	3	3	3	3	3	3	4	4	4	4				
92/ 21/EBE Stærð og þyngd (fólksbifreiðir)	4													
92/ 23/EBE Hjólbarðar	2	2	2	2	2	2	2	2	2					
92/ 24/EBE Hraðatakmarkarar			1		1	1								
92/ 114/EBE Útstæðir hlutar sendi- og vörubifreiða				4	4	4								
93/ 14/EBE Hemlar											4	4		
93/ 29/EBE Stjórnþæki (útlit/lögun)											5	5		
93/ 30/EBE Hjódmerki											4	4		
93/ 31/EBE Standarar											5	5		
93/ 32/EBE Farþegahandföng											5	5		
93/ 33/EBE Þjófavarnarþúnaður											4	4		
93/ 34/EBE Plötur (merkingar)											4	4		
93/ 92/EBE Ljósker og merkjagjöf											4	4		
93/ 93/EBE Stærð og þyngd											4	4		
93/ 94/EBE Svæði fyrir afturskráningarmerki											4	4		
94/ 20/EBE Tengibúnaður	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4				
95/ 1/EBE Hámarks hönnunarhraði, vægi, afl											4	4		

c. Nýr viðauki, VIÐAUKI III, orðist svo:

VIÐAUKI III

Skrá með samanburði á EBE tilskipunum og ákvæðum innlendra reglugerða.

Röðun fer eftir stofnnúmerum tilskipana og vísað er til liða í reglugerð um gerð og búnað ökutækja og ákvæða í reglugerð um skráningu ökutækja.

Bifreiðir og eftirvagnar:

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
70/156/EBE	Skrán. regl., 8. gr. og 3.-7. gr. viðauka	Gerðarviðurkenning.
70/157/EBE	18.10 (13)	Hljóðstyrkur og útblásturskerfi.
70/220/EBE	18.10 (14), 18.11 (2), 18.12 (8), 18.13 (2), 18.14 (2)	Loftmengun frá bifreiðum.
70/221/EBE	18.10 (6), 23.01 (5), 23.10 (1), 23.50 (1)	Eldsneytisgeymar, undirvörn.
70/222/EBE	04.10 (1), 04.50 (2)	Skráningarkerki; flötur og staðsetning.
70/311/EBE	05.10 (8), 05.50 (3)	Stýrisbúnaður.
70/387/EBE	11.11 (1), 11.13 (1), 11.14 (1), 11.50 (2)	Dyrabúnaður.
70/388/EBE	13.10 (1)	Hljóðmerkisbúnaður.
71/127/EBE	09.10 (7)	Baksýnispeglar.
71/320/EBE	06.07 (1), 06.10 (9), 06.10 (18), 06.50 (16), 06.52 (7)	Hemlabúnaður.
72/245/EBE	19.10 (5)	Rafsegultruflanir.
72/306/EBE	18.10 (9)	Reykmengun frá dísilhreyflum.
74/60/EBE	22.11 (2)	Innbúnaður (hlutir í fólksrými).
74/61/EBE	18.10 (1)	Þjófnaðarvörn.
74/297/EBE	05.10 (6), 05.11 (1), 05.13 (1)	Innbúnaður (stýrisbúnaður við árekstur)
74/408/EBE	08.10 (2)	Innbúnaður (sæti).
74/483/EBE	22.11 (3)	Útstæðir hlutir á yfirbyggingu.
75/443/EBE	12.10 (3)	Bakkgir, hraðamælir.
76/114/EBE	04.10 (2), 04.50 (3)	Skilti og merkingar á þeim.
76/115/EBE	24.10 (2)	Festur öryggisbelta.
76/756/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna.
76/757/EBE	07.10 (8), 07.50 (6)	Glitaugu.
76/758/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Breiddar-, stöðu- og hemlaljósker.
76/759/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Stefnuljósker.
76/760/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Númersljósker.

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
76/761/EBE	07.10 (3)	Aðalljóskeer og perur í þau.
76/762/EBE	07.10 (4)	Þokuljóskeer og perur í þau.
77/389/EBE	14.10 (2)	Dráttarbúnaður.
77/538/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Þokuafturljóskeer.
77/539/EBE	07.10 (9), 07.50 (8)	Bakkljóskeer.
77/540/EBE	07.10 (9)	Hliðarstöðuljóskeer.
77/541/EBE	24.10 (1)	Öryggisbelti og haldbúnaður.
77/649/EBE	09.11 (3)	Sjónsvið ökumanns.
78/316/EBE	08.10 (3)	Innbúnaður (merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósnum).
78/317/EBE	09.11 (4)	Afhrímingar- og móðuhreinsunarbúnaður.
78/318/EBE	09.11 (5)	Rúðuþurrkur og rúðsprautur.
78/548/EBE	10.11 (1)	Upphitunarbúnaður.
78/549/EBE	17.11 (3)	Skermun hjóla.
78/932/EBE	24.02 (1), 24.11 (3)	Höfuðpúðar.
80/1268/EBE	18.10 (12)	Eldsneytiseyðsla.
80/1269/EBE	18.10 (2)	Hreyfilafi; mæling.
88/77/EBE	18.10 (14)	Loftmengun frá dísilhreyflum.
89/297/EBE	23.14 (3), 23.52 (2)	Hliðarvörn.
91/226/EBE	17.14 (2), 17.52 (2)	Úðavörn.
92/21/EBE	14.11 (2), 22.11 (4)	Stærð og þyngd fólksbifreiða.
92/22/EBE	09.10 (8), 09.50 (1)	Öryggisrúður.
92/23/EBE	16.10 (6), 16.50 (4)	Hjólbarðar og ásetning þeirra.
92/24/EBE	12.03 (1), 12.12 (2), 12.14 (2)	Hraðatakmarkari.
92/114/EBE	22.13 (2), 22.14 (2)	Útstæðir hlutir á sendiferða- og vörubifreiðum
94/20/EB	21.11 (2)	Tengibúnaður.

Dráttarvélar:

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
74/150/EBE	Skrán. regl., 8. gr. viðauka	Gerðarviðurkenning.
74/151/EBE	14.30 (3) 04.30 (1) 18.30 (4) 05.30 (4) 13.30 (1) 18.30 (5)	Hámarksþyngd, staðsetning skráningarkerkis, eldsneytisgeymir, þyngdarklossar, hljóðmerkisbúnaður, hljóðstyrkur og útblásturskerfi.
74/152/EBE	12.30 (7)	Hönnunarbundinn hámarkshraði, pallur fyrir farm.
74/346/EBE	09.30 (7)	Baksýnispeglar.
74/347/EBE	09.30 (6)	Sjónsvið ökumanns, rúðuþurrkur

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
75/321/EBE	05.30 (3)	Stýrisbúnaður.
75/322/EBE	19.30 (2)	Rafsegultruflanir.
75/323/EBE	19.30 (3)	Raftengi f. ljósabúnað eftirvagns.
76/432/EBE	06.30 (9)	Hemlabúnaður.
76/763/EBE	08.30 (3)	Farþegasæti.
77/311/EBE	22.30 (4)	Hljóðstyrkur í eyrnahæð öikum.
77/536/EBE	22.30 (2)	Veltigrindur.
77/537/EBE	18.30 (3)	Loftmengun frá dísilvélum.
78/764/EBE	08.30 (2)	Ökumannssæti.
78/933/EBE	07.30 (9)	Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna.
79/532/EBE	07.30 (8), 07.30 (9)	Gerð ljóskerja og glitaugna.
79/533/EBE	12.30 (3), 14.30 (2)	Bakkgir og dráttarbúnaður.
79/622/EBE	22.30 (2)	Veltigrindur (kyrrstöðuprófun).
80/720/EBE	11.30 (2)	Rými fyrir öikum ann, aðgangur að sæti, dyr og gluggar.
86/297/EBE	12.30 (5)	Aflúrtök og hlífar yfir þeim.
86/298/EBE	22.30 (2)	Veltigrindur aftan á mjóspara dráttarvélum.
86/415/EBE	08.30 (4)	Stjórnubúnaður.
87/402/EBE	22.30 (2)	Veltigrindur framan á mjóspara dráttarvélum.
89/173/EBE	04.30 (2) 06.30 (10) 09.30 (5) 12.30 (4) 12.30 (6) 17.30 (5) 21.30 (3) 22.30 (6) 14.30 (4), 22.30 (7)	Ákveðnir ihlutir og einkenni: Skilti og merkingar á þeim, stjórnubúnaður og hemlunarlagirnir fyrir eftirvagn, öryggisrúður, snúningshraðahamlari, hlífar yfir hreyfli og drifbúnaði, skermun hjóla, tengibúnaður, hlífar yfir útstæðum hlutum, stærð dráttarvélar og þyngd eftirvagns.

Bífhjól:

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
78/1015/EBE	18.22 (3)	Hljóðstyrkur og útblásturskerfi.
80/780/EBE	09.20 (3)	Baksýnispeglar.
92/61/EBE	Skrán. regl., 8. gr. viðauka	Gerðarviðurkenning.
93/14/EBE	06.20 (7)	Hemlabúnaður.
93/29/EBE	08.20 (3)	Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum.
93/30/EBE	13.20 (1)	Hljóðmerkisbúnaður.
93/31/EBE	14.20 (2)	Standari.
93/32/EBE	08.20 (2)	Handfesta fyrir farþega.
93/33/EBE	18.20 (1)	Þjófnaðarvörn.
93/34/EBE	04.20 (2)	Skilti og merkingar á þeim.

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
93/92/EBE	07.20 (7)	Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna.
93/93/EBE	14.20 (3), 22.20 (1)	Stærð og þyngd.
93/94/EBE	04.20 (1)	Skráningarmerki; flötur.
95/1/EB	12.20 (3)	Hönnunarbundinn hámarkshraði, hámarkssnúningsvægi og hámarksafli.

GJALDSKRÁ

fyrir skráningu ökutækja.

1. gr.

Gjald fyrir skráningu skal vera:	Kr.
Skráning ökutækis	5.475
Skráning umráðamanns ökutækis	1.150
Skráning eigendaskipta að ökutæki	2.300
Breytingaskráning	500
Skráning ökutækis á einkamerki	500
Skráning bifreiðar á skráningarmerki af gerð sem notuð var fram til 1949	500
Samrit skráningarskírteinis	500

2. gr.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 10.000 kr. á ári.

Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma en eitt ár og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun 600 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi sem hann hefur reynslumerkið í sinni vörslu. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmerki skal vera 1.875 kr. fyrir hvert merki.

Gjald fyrir skráningarmerki sem afhent er í stað skráningarmerkis af eldri gerð skal þó vera 1.375 kr.

Eigandi bifreiðar sem bera á skráningarmerki af gerð sem notuð var fram til 1949 greiðir kostnað við gerð þeirra.

Gjald fyrir vörslu skráningarmerkja umfram einn mánuð skal vera 600 kr.

4. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu skal greiða:	Kr.
Gerðarskráning	12.000
Gerðarviðurkenning	64.000
Gerðarviðurkenning létttra bifhjóla, torfærutækja og skráningar- skyldra tengitækja	22.000
Viðbótargerðarskráning	8.000
Viðbótargerðarviðurkenning	4.440

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari renna til skráningarstofu ökutækja.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 4. febrúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja og skoðun, nr. 561 31. desember 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.,
nr. 787 13. desember 1983.**

1. gr.

Í stað „nú“ í 2. mgr. 17. gr., sbr. reglugerð nr. 219/1994, komi: fimmtán.

2. gr.

52. gr. b, sbr. reglugerð nr. 202/1993, breytist þannig:

- a. Við greinina bætist nýir stafliðir, f- og g-, svo hljóðandi:
- f. Þeir sem fyrir 1. janúar 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd mega stjórna bifreið, annarri en hópbifreið, sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.
 - g. Þeir sem fyrir 30. desember 1996 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli eða torfærutæki mega til 30. júní 1999 stjórna torfærutæki.
- b. Núverandi f-liður verði h-liður.

3. gr.

Ákvæði 3. mgr. 45. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 681/1996, komi til framkvæmda 1. apríl 1997.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 50., 52. og 57. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44. 7. maí 1993 og nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um Umferðarráð.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður.

Enn fremur eiga eftirgreindir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa í Umferðarráð og annan til vara:

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra	menntamálaráðuneytið
Bindindisfélag ökumanna	Reykjavíkurborg
Bílgreinasambandið	ríkislögreglustjóri
dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Samband íslenskra sveitarfélaga
Félag íslenskra bifreiðaeigenda	Samband íslenskra tryggingafélaga
heilbrigðis- og tyggingamálaráðuneytið	Skráningarstofan hf.
Landssamband íslenskra akstursípróttafélaga	Slysavarnafélag Íslands
Landssamband vörubifreiðastjóra	Vegagerðin
lögreglustjórinn í Reykjavík	Ökukennarafélag Íslands
	Öryrkjabandalag Íslands

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 112. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast gildi 4. febrúar 1997. Tilnefningarréttur ríkislögreglustjóra tekur þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveita Akureyrar takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

	Kr.
A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns	108

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð. Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	Kr.
a. fyrir mæla 15 mm	705
b. fyrir mæla 20 mm	1.716
c. fyrir mæla 25 mm	3.433
d. fyrir mæla 32 mm	6.866
e. fyrir mæla 40 mm	13.731
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	27.462

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofni samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en sem svarar til heimæðargjalds af 400 m³ íbúðarhúsi (þetta gildir t.d. um hús með bráðabirgðaleyfi, hesthús og önnur „smáhýsi“). Ekki skal reikna heimæðargjald af húsum er liggja utan svæða þar sem gert er ráð fyrir tengingu við hitaveitu. Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана hús.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.	Kr.
Tengigrind	21.191

5. gr.

Önnur gjöld:

D. 1. Lokunargjald	1.339
D. 2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	780

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orku-
lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð
Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1997, og
birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá
sama efnis nr. 107, 15. febrúar 1995 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. janúar 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna og skipasölu, nr. 519 24. nóvember 1987.

1. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 15. gr., sem orðist svo:

Prófnefnd skal standa fyrir prófum fyrir þá, sem fengið hafa leyfi eða heimild til að
starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu,
og óska löggildingar dómsmálaráðuneytisins skv. 1. gr. laga nr. 34 5. maí 1986, til að annast
kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra.

Skal prófnefnd meta þá menntun sem liggur að baki hinu erlenda leyfi og á grundvelli
þess ákveða hvernig próf viðkomandi skuli þreyta.

2. gr.

15. gr. verði 16. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 2. gr. laga um fasteigna- og
skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, sbr. l. nr. 10 26. febrúar 1987 og l. nr. 133 31. desember 1993,
öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1997

31. janúar 1997

141

Nr. 89

AUGLÝSING

um skrá Akraneskaupstaðar skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

<i>Bæjarsjóður:</i>	Bæjarstjóri/hafnarstjóri	
	Bæjarritari	
	Launadeild	1,5 stöðugildi
	Félagsmálastjóri	
	Slökkviliðsstjóri	
<i>Akranesveita:</i>	Launadeild	0,5 stöðugildi
	Rafmagnsveita	1,0 stöðugildi (bakvakt)
	Hitaveita	1,0 stöðugildi (bakvakt)

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

<i>Dvalarheimilið Höfði:</i>	Framkvæmdastjóri	
	Launafulltrúi	
	Hjúkrunarforstjóri	
	Forstöðukona	
	Húsvörður	1,0 stöðugildi
	Forstöðumaður dagvistunar	0,6 stöðugildi
	Forstöðumaður handavinnu	0,8 stöðugildi
	Matreiðslumeistari	
	Sjúkraliðar	4,3 stöðugildi
	Starfsstúlkur, aðhlynning	17,8 stöðugildi
	Starfsstúlkur, handavinna	1,7 stöðugildi
	Starfsstúlkur, eldhús	6,8 stöðugildi
	Starfsstúlkur, ræst./þv.	5,1 stöðugildi

Akranesi, 31. janúar 1997.

F.h. Akraneskaupstaðar,
Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur.

A-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur skammstafað OVH. Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á rafmagni og heitu vatni sbr. reglugerð fyrir OVH nr. 647/1995.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu á raforku og heitu vatni á veitusvæði OVH. Þar er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitatöxtum, vatnsgjöldum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi og lokunargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti sýnir gildandi verð fyrir raforku og heitt vatn svo og önnur gjöld eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Sérgjöld rafveitu.

2.1 Almenn raforkunotkun.

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

A.1 Almenn notkun.

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

A.2 Skammtímanotkun.

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar, svo sem til mannvirkjagerðar.

2.2 Afl- og orkunotkun.

Afltaxti er einn, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

B.1 Afl- og orkumæling.

Taxti B.1 gildir fyrir stærri orkunotendur. Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxa og afltaxta.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á aflri og orku.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja melda afleiningu.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu.

Afl er reiknað á ársgrundvelli, en notandinn greiðir fyrir meðaltal sjö afltoppa sem falla á vetrartímabili, en á sumartímabili er aflíð frjálst. Vetrartímabil er frá 1. október til 30. apríl, en sumartímabil er frá 1. maí til 30. september. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Notandi greiðir orkugjöld mánaðarlega sem svarar 1/12 af áætlaðri ársnotkun afls og orku auk fastagjalds.

Áætlunin byggir á mældri notkun næstliðins árs. Reynist meðaltal mældra afltoppa annað en áætlun, fer leiðrétting fram um áramót hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Árið er almanaksárið.

2.3 Notkun til hitunar.

C-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu að fráskildum taxta C.1. Sala rafmagns samkvæmt C-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi OVH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum.

C.1 Órofin notkun.

Taxti C.1 gildir fyrir órofna notkun.

C.2 Rofin notkun.

Taxti C.2 gildir fyrir rofna notkun. Rafmagn samkvæmt taxta C.2 er heimilt að rjúfa tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til kl. 19.30.

2.4 Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimtaugargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarkstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 315A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntaksstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun OVH

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina OVH að kostnaðarlausu. Hann skal í öllu hlíta skilmálum OVH um staðsetningu stöðvar.

E.1 Aðalheimtaugar.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

2.5 Mælaleiga.

OVH ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt B-hluta gjaldskrár gr. 2.5.

Óski notandi þess, leigir OVH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, gr. 2.5. Leiga skal greidd samtímis orkugjaldi

3. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

3.1 Notkun á heitu vatni.

Hitaorkutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr/m³) greiðist fyrir hvern rúmmetra vatns. Sé um nýtt hús að ræða hefst gjaldtaka þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu OVH (við áhleypingu).

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna álestra, eftirlits og útgáfu reikninga.

H.5 Almenn notkun.

Taxti H.5 gildir fyrir alla almenna notkun á heitu vatni (hitaorku).

3.2 Heimæðargjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH.

Heimæðargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Heimæðargjöld skiptast í tvo þætti, fast gjald og rúmmetragjald umfram lágmark.

Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lámargsgjald tekið samkvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

I.1 Heimæðargjald.

Hús minni en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi allt að 300 rúmmetrum að stærð og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 300.

I.2 Heimæðargjald.

Hús stærri en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi sem er 2.000 rúmmetrar að stærð eða stærra og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

3.3 Mælaleiga.

OVH ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu heita vatnsins. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt B-hluta gjaldskrár gr. 3.3.

Óski notandi þess, leigir OVH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, gr. 3.3.

4. gr.

Önnur gjöld sameiginleg.

4.1 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í notkunargjöldum samkvæmt 7. og 8. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni til tvisvar á ári, þó er lesið mánaðarlega á mælitæki á taxa B.1.

Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

4.2 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun afhendingar á raforku og eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

4.3 Lokunargjald.

Komi til stöðvun afhendingar á raforku og eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 4.2.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

5.1 Launafl.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef fassviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,8.

5.2 Gjald dagar og eindagar.

Gjald dagi er útgáfudagur reiknings. Eindagi er tilgreindur á reikningi.

5.3 Gjaldskrárbreytingar.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur OVH standi undir rekstri, aukningu veitukerfa og arði.

B-hluti.

6. gr.

Almennt (sjá A-hluta).

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

7.1 Almenn orkunotkun.

A.1 Almenn notkun:		
Orkugjald	6,42	kr/kWh
Fast gjald	2.785,00	kr/ár
A.2 Skammtímanotkun:		
Orkugjald	6,42	kr/kWh
Fast gjald	5.197,00	kr/ár

7.2 Afl- og orkunotkun.

B.1 Afl- og orkumæling:		
Orkugjald	2,59	kr/kWh
Aflgjald	9.079,00	kr/kW/ár
Fast gjald	40.354,00	kr/ár

7.3 Notkun til hitunar.

C.1 Órofin hitun:		
Orkugjald	5,53	kr/kWh
Fast gjald	7.972,00	kr/ár

C.2 Rofin hitun:	
Orkugjald	2,93 kr/kWh
Fast gjald	4.887,00 kr/ár

7.4 Heimtaugagjöld.

E.1 Aðalheimtaugar:	kr.
1 X 25A	12.500,00
1 X 63A	64.200,00
3 X 63A	70.200,00
3 X 100A	108.000,00
3 X 200A	222.000,00
3 X 315A	348.000,00

7.5 Mælaleiga.

Ársleiga 15% af innkaupsverði.

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

8.1 Notkun á heitu vatni.

H.5 Almenn notkun:	
Vatnsgjald	36,67 kr/m ³
Fast gjald á ári	3.340,70 kr/ár

8.2 Heimæðagjöld.

I.1 Hús minni en 2.000 m ³ :	
Fast gjald	79.500,00 kr.
Rúmmetragjald umfram 300 m ³	69,84 kr/m ³
I.2 Hús stærra en 2.000 m ³ :	
Fast gjald	198.000,00 kr.
Rúmmetragjald umfram 2.000 m ³	60,91 kr/m ³

8.3 Mælaleiga.

Ársleiga 15% af innkaupsverði.

9. gr.

Önnur gjöld, sameiginleg.

9.1 Álestrargjald.	kr.
Fyrir aukaálestur	600,00
9.2 Innheimtugjald.	
Innheimtugjald vegna vanskila	300,00
9.3 Lokunargjald.	
Lokunargjald vegna vanskila	1.980,00

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka

10. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, A- og B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 242 23. apríl 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. janúar 1997.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

31. janúar 1997

Nr. 91

AUGLÝSING

um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Forstöðumaður	1,0 staða
Læknaritari	0,5 staða

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Hjúkrunarfræðingar.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur yfir öllu heimilinu á næturvakt	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur á hverja einingu á morgunvakt (5 einingar)	5,0 stöður
Hjúkrunarfræðingur á hverja einingu á kvöldvakt (5 einingar)	5,0 stöður

Sjúkraliðar.

Á morgunvakt virka daga og um helgar á hverja einingu (5 einingar)	10,0 stöður
Á kvöldvakt virka daga og um helgar á hverja einingu (5 einingar)	5,0 stöður
Á næturvakt á hverja einingu virka daga og um helgar (5 einingar)	5,0 stöður

Reykjavík, 31. janúar 1997.

Hjúkrunarheimilið Eir,
Gréta Guðmundsdóttir forstöðumaður.

AUGLÝSING

um skrá Skólaskrifstofu Austurlands skv. 7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

1. Forstöðumaður 1,0 staða.
2. Rekstrarfulltrúi (staðgengill forstöðumanns) 1,0 staða.

Reyðarfirði, 31. janúar 1997.

Skólaskrifstofa Austurlands.

F.h. forstöðumanns,

Sigurbjörn Marinósson rekstrarfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá Siglufjarðarkaupstaðar skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir starfsmenn sem falla undir 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Bæjarstjóri	1,0 staða	Slökkviliðsstjóri	0,5 staða
Bæjartækniþjálfari	1,0 staða	Varaslökkviliðsstjóri	0,5 staða
Bæjarverkstjóri	1,0 staða	Leikskólastjóri	1,0 staða
Launafulltrúi	0,5 staða	Aðstoðarleikskólastjóri	0,5 staða
Skrifstofustjóri	1,0 staða		

Siglufirði, 31. janúar 1997.

Björn Valdimarsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

1.9. gr. I. kafla, eftirlitsgjöld, hljóði svo:

1.9 Eftirlitsgjöld.

1.9.1 *Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu.*

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu með rafveitum og vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri skulu rafveitur greiða gjald til stofnunarinnar. Gjaldið skal reiknast af heildarandvirði raforkusölu þeirra og heildarendurgjaldi fyrir leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptar raforku, virðisaukaskatti og verðjöfnunargjaldi. Gjaldið skal vera 0,8% frá 15. janúar 1997.

Sérhver gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur mánaðarlega skila skýrslu til Löggildingarstofu ásamt greiðslu. Í skýrslunni komi fram fjárhæð raforkukaupa og raforkusölu í síðasta almanaksmánuði, allir gjalda- og skattstofnar, svo og gjald það sem inna ber af hendi. Skýrslan skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum sem heimild hafa til að skuldbinda gjaldskylda aðila eða öðrum þeim sem til þess hafa sérstakt umboð samkvæmt stöðu sinni. Skýrslunni skal skilað í þríriti og áritar Löggildingarstofa eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku. Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Löggildingarstofa áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða og annarra atriða er máli skipta.

Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri orkunotkun.

1.9.2 *Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.*

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og vegna eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða gjald til stofnunarinnar. Gjaldið skal vera 0,15% af tollverði innfluttrar vöru, eða af verksmiðjuverði innletrar vöru. Tollstjórar annast innheimtu þessa gjalds fyrir hönd Löggildingarstofu.

Gjaldskyldan nær til allra raffanga sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka 6. Rafföng sem seld eru úr landi eru þó ekki gjaldskyld. Um gjaldstofn, gjalddaga, uppgjörstímabil og innheimtu skulu ákvæði laga nr. 97/1987 um vörugjald, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

1.9.3 *Gjald vegna prófunar raffanga.*

Löggildingarstofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Löggildingarstofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

1.9.4 *Gjald vegna úrtaksskoðana Löggildingarstofu.*

Vegna úrtaksskoðana sem Löggildingarstofa lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innri öryggisstjórnun þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjalddöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innri öryggisstjórnun rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

1.9.5 *Innheimta eftirlitsgjalda.*

Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð. Gjalddagi reikninga fyrir önnur eftirlitsgjöld skv. þessari grein eru 20 dagar eftir dagsetningu reikninga. Eindagi er 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Séu eftirlitsgjöld eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofn skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 14. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996, 27. desember 1996, til að taka gildi við birtingu.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. febrúar 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

Nr. 95

28. janúar 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 660/1995 um vistunarmat aldraðra.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo: Aldraðir, sem eru með mjög brýna eða brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati og dveljast á öldrunarlækningadeildum í Reykjavík, skulu til jafns við aðra eiga aðgang að vistrýmum, sem ríkissjóður eða Framkvæmdasjóður aldraðra hefur kostað. Faghópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um framkvæmd vistunarmats skal, að höfðu samráði við Reykjavíkurborg og öldrunarlækningadeildir í Reykjavík, setja reglur um ákveðið hlutfall vistrýma, sem þessir einstaklingar eiga forgang að.

2. gr.

2. másl. 15. gr. orðist svo: Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkr-unarfræðingi, fulltrúa sveitarfélags, starfsmanni vistunarmats og deildarstjóra öldrunarmála-deildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sem jafnframt er formaður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 19. gr., sbr. 30 gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, um Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 316/1994, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 224/1995.

1. gr.

Í stað 22 í 3. tl. 1. mgr. 5. gr. komi 23.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna nr. 281 15. maí 1996.

Stjórn Styrktarsjóð hjartveikra barna hefur hinn 9. september 1996 og 22. janúar 1997 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 15. maí 1996.

1. gr.

4. gr. c liður orðist svo:

Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að styrkja hjartveik börn. Heimilt er að styrkja önnur langveik börn, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans skal tilnefna einn mann í aðalstjórn. Stjórn Neistans skal tilnefna fjóra menn í aðalstjórn og tvo í varastjórn, einn aðalmanna og einn varamanna skulu vera félagsmenn Neistans. Tilnefningar skulu gilda í 2 ár í senn, í fyrsta sinn skulu félagsmenn Neistans þó aðeins tilnefndir í eitt ár.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar skal hafa á hendi vörslu fjármuna sjóðsins.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og metur þörf umsækjenda. Þrír stjórnarmenn hið fæsta skulu vera sammála um mat á þörf og úthlutun úr sjóðnum.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUR

fyrir félagsheimilið Fossbúð, Austur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Félagsheimilið Fossbúð er sjálfseignarstofnun, staðsett á eignarlóð úr landi Ytri-Skóga, Austur-Eyjafjallahreppi.

Eigendur Fossbúðar eru samkvæmt stofnsamningi þessir:

Austur-Eyjafjallahreppur	86%
Ungmennafélagið Eyfellingur	5%
Kvenfélagið Fjallkonan	5%
Leikfélag Austur-Eyfellinga	4%

2. gr.

Húsnefnd skipuð 5 mönnum fer með stjórn félagsheimilisins. Hún skal þannig skipuð: Hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps kýs 3 menn. Skal einn þeirra annast formennsku og annar varaformennsku. Ungmennafélagið, kvenfélagið og leikfélagið tilnefni samkvæmt kosningu á félagsfundi hvert einn fulltrúa í húsnefndina, þannig að þriðja hvert ár er fulltrúi hvers félags án atkvæðisréttar, en með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn jafnmarga skal kjósa á sama hátt. Kjörtími fulltrúa hreppsnefndar skal vera til jafnlengdar kjörtímabili hreppsnefndar en annarra til eins árs.

Aðalfund húsnefndar skal halda árlega fyrir 1. mars. Skal til hans boða skriflega með hálf mánaðar fyrirvara. Á aðalfund skal boða auk húsnefndar og oddvita hreppsins formenn félaga, sem eignaraðild eiga.

Á árlegum aðalfundi skal leggja fram starfsskýrslu undangengins árs.

Ritari kosinn í húsnefnd skal færa gerðabók um störf nefndarinnar og starfrækslu félagsheimilisins.

3. gr.

Skrifstofa hreppsins annast fjárreiður og bókhald vegna reksturs félagsheimilisins, en húsnefnd er óheimilt að efna til stofnkostnaðar eða fjárfrekra rekstrargjalda nema með samþykki hreppsnefndar.

Á fyrsta fundi húsnefndar eftir að reikningar hreppsins hafa verið samþykktir skal leggja fram reikninga félagsheimilisins.

Verði tekjuafgangur af rekstri, miðað við fjárhagsáætlun sem hreppsnefnd hefur samþykkt, skal hann lagður í hússjóð til þess að mæta óvæntum útgjöldum. Arður skal eigi greiddur til eignaraðila.

Verði halli af rekstri félagsheimilisins og fé eigi fyrir hendi í hússjóði, skal hann greiddur af sveitarsjóði.

4. gr.

Við ákvörðun um upphæð leigu fyrir afnot af félagsheimilinu skal taka mið af því að eigi verði um hallarekstur að ræða.

Um afslátt af leigu vegna afnota eigenda ákveði húsnefnd. Óski eigendur eftir að leigja út aðstöðu sína, skulu aðrir eignaraðilar eiga forleigurétt.

5. gr.

Hætti einn eignaraðili starfsemi og vilji selja sinn eignarhlut á Austur-Eyjafjallahreppur forkaupsrétt.

6. gr.

Húsnefnd hefur fund er þurfa þykir. Skylt er að halda fund ef tveir húsnefndarmenn óska þess.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráðahúsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk sé þess þörf. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra, ef hún felur eigi húsverði þær ráðstafanir;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins og gjaldskrá fyrir félagsheimilið og taka skal sérstakt tillit til þeirra félaga sem í Austur-Eyjafjallahreppi starfa, sjá nánar ákvæði 4. greinar;
- e. að annast kaup á nauðsynlegum tækjum og áhöldum;
- f. að sjá um að nauðsynlegt viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda fari fram;
- g. að sjá um að hreingerning félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ítrasta hreinlætis í samræmi við heilbrigðisreglugerðir;
- h. að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um að löggæsla sé á samkomum sé þess talin þörf að dómi húsvarðar;
- j. að sjá um að öll starfsemi er horfir til menningarauka og framfara sitji í fyrirúmi þegar húsinu er ráðstafað til afnota;
- k. að sjá um að öll starfsemi sem fram fer í félagsheimilinu brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglugerðir um samkomur;
- l. að gæta þess að húseignir, áhöld, búnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

7. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu. Ef eigi brýtur í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið, er þeim skylt að heimila félögum þeim er greinir frá í 1. grein laga um félagsheimili, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi. Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu sker hreppsnefnd úr.

8. gr.

Þegar félagsheimilið er í notkun skal ávallt vera til staðar gæslumaður, sem húsnefnd samþykkir. Skal hann, ef húsvörður er ekki viðstaddur er notkun lýkur, slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, koma áhöldum og húsbúnaði á sinn stað, koma óskilamunum í vörslu og loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum, ennfremur að notkun hans fari eftir lögum og reglugerðum um þjóðfánann.

10. gr.

Árlega skal húsnefnd athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og munum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

11. gr.

Húsnefnd skal sjá um að skemmdir á húseign, áhöldum og búnaði umfram eðlilegt slit sé bætt af þeim er spjöllum valda.

12. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta ákvæðum gildandi áfengisлага og lögreglusamþykktar umdæmisins um neyslu áfengis. Heimilt er húsnefnd að banna aðgang þeim, sem þessi ákvæði brjóta að hennar mati.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 5. greinar laga um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum, eru hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 24. janúar 1997.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 439, 2. ágúst 1996, um greiðslu gjalds skv. 6. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki skv. lögum um stjórn fiskveiða eða lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Blönduóssbæjar um útivistartíma barna og unglunga á Blönduósi.

1. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 nema þeir séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglunga samkvæmt 1. og 2. gr. um tvær klukkustundir.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er unglingum á aldrinum 14 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum.

5. gr.

Varðandi aldurstakmörk í þessum reglum, þá miðast þau við fæðingarár en ekki fæðingardag.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Blönduóssbæjar 19. nóvember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1997

3. febrúar 1997

157

Nr. 102

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að öðlast gildi 15. febrúar 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 467 15. ágúst 1996, 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar verða svohljóðandi:

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 77.351.346 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 30.429.000 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 23,09 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarman.

5. febrúar 1997

Nr. 103

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Við 10. tl. í 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Heimilt er þó frá og með 11. febrúar til og með 30. apríl 1997 að stunda veiðar með fiskivörpu á svæðinu, enda sé hún búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og Landhelgisgæslunni sé tilkynnt um veiðarnar með þeim hætti sem þar segir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Smáfiskaskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka fisk eftir stærð í vörpunni, þannig að smærri fiskur skiljist lifandi úr vörpunni. Smáfiskaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef togveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smáfiskaskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smáfiskaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar með smáfiskaskilju á svæði þar sem notkun hennar er áskilin í reglugerð, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst. áður en veiðar hefjast. Ennfremur skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax þegar veiðum á svæðinu er hætt.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

VIÐAUKI I

Tegund skilju - SORT-X.

Lýsing á skilju

SORT-X skilja er gerð úr þremur stálgrindum, tveimur með a.m.k. 55 mm rimlabili og einni svokallaðri stoppgrind, sem er klædd með segldúk (PVC-dúk). Grindunum er komið fyrir í nethólki þar sem grindurnar eru saumaðar í hver á eftir annarri og koma í staðinn fyrir efra byrði nethólksins. Í nethólknum er grindunum komið fyrir aftast, þannig að framan við grindurnar er framlenging. SORT-X skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindurnar eru úr ryðfríu stáli. Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Aftasta grindin er klædd segldúk. Fremri jaðar miðgrindarinnar er festur við afturjaðar fremstu grindarinnar, og aftasta grindin síðan við miðgrindina. Við jaðra grindanna eru festar flotkúlar til að veða á móti þyngd skiljunnar í sjó. Til að tryggja að skiljan dragist klár eru keðjur frá fremra horni í aftara horn grindanna báðum megin. Á efra byrði belgsins er allt net ofan við grindurnar fjarlæggt til að hleypa fiski út.

Ísetning skilju

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1500 x 1167 mm

Miðgrind: 1200 x 1167 mm

Aftasta grind: 1800 x 1167 mm

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 114 upptökur að ummáli og 39,5 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 9,5 metra langur nethólkur úr tvöföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 154 upptökur en fer niður í 114 upptökur á 41,5 síðum. Síðan kemur 20,5 síðna hluti þar sem ummálið er 114 upptökur.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1000 x 1167 mm

Miðgrind: 750 x 1167 mm

Aftasta grind: 1000 x 1167 mm

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 112 upptökur að ummáli og 26 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 7,5 metra langur nethólkur úr einföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 144 upptökur en fer niður í 116 upptökur á 53,5 síðum.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1997.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 8. apríl 1997 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 23. apríl 1997, eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7 N og 24°26'V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).
3. Innan þriggja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru grásleppuveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðum á innanverðum Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá Laugarnesi um Engeyjarvita 7-baujuna; þaðan er lína dregin um 6-baujuna í Hraunsnes vestan Straumsvíkur.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1997

5. febrúar 1997

161

Nr. 106

GJALDSKRÁ

yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu
er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Sérfræðingur	3.800
2. Rannsóknamaður	3.080

2. gr.

Gjöld fyrir efna- og örverumælingar er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efnamælingar:	kr./klst.
Undirbúningur fastra sýna	1.050
Undirbúningur fljótandi sýna	700
Sé sýnið mjög stórt er tekið tímagjald fyrir undirbúning.	
Þurrefni (Vatn)	750
Prótein (Kjeldahl)	2.130
Ammoníak	990
Total volatile nitrogen ,TVN	1.700
Trimethylamin (TMA)	1.920
TVN og TMA	2.200
Fita (Soxhlet)	1.830
Salt (NaCl, Volhard)	980
Aska	1.000
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	1.430
DMNA gasgreining	4.660
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	2.200
Óbundnar fitusýrur í lýsi (FFA)	695
Vatnsmæling með toluene	1.090
Joótala	2.780
Ósápanlegt efni	3.180
Vítamín A	3.340
Sáputala	1.825
Anisidín	3.220
Peroxyótala	1.150
TBA-gildi	4.510
Fitusýrugreining (hrein fita)	6.300

Fitusýrugreining með útdrætti á fitu úr sýni	kr./klst.
Ljósbrott við 20°C	8.925
Eðlisþyngd (pyknometer)	750
Sýrustig pH	2.500
Fosfór	600
C-vítamín í matvælum	2.220
Súlfít	7.230
Formaldehýð („Hexa“)	6.680
Ediksýra	2.860
Drip (vatnstap við þiðnun)	860
Íshúð hörpudiskur (< 1 kg sýni)	980
Vigtun og talning á rækju o.fl. (stór sýni, blokkir)	980
Tegundagreining fiska	6.720
	12.180

Ýmsar sérhæfðar efnamælingar:

Undirbúningur sýna fyrir mælingu þungmálma og steinefna í fiskafurðum. Grunn gjald á hvert sýni	kr./klst.
Ákvörðun á steinefnum með logatækni	1.390
Ákvörðun þungmálma	2.110
Joð (í fódurmjöli, þara- og þangmjöli > 20 ppm)	2.690
Joð (kinetísk mæling > 0.01 ppm)	3.500
	4.300

Greining steinefna og málma í öðrum sýnum en fiskmeti eru gjaldteknar á grundvelli útseldrar vinnu.

Salt:

Jám	kr./klst.
Kalíum	3.920
Kalsíum	3.920
Klóríð (titer)	3.920
Kopar	1.430
Kornastærð	5.500
Magnesium	3.900
Natríum	3.920
Óleysanlegt í vatni	3.920
Raki og bundið vatn	2.200
Súlfat	1.520
	4.370

Boðið er upp á ýmsar aðrar mælingar í salti.

Gjaldtaka er á grundvelli útseldrar vinnu.

Efnamælingar með vökvagreini:

Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í lýsi eða hreinni fitu	kr./klst.
Hver viðbótarþáttur í sama sýni	9.920
	2.780
Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í öðru en lýsi eða hreinni fitu	11.460
Hver viðbótarþáttur í sama sýni	2.750
Mæling á bensósýru, sorbinsýru og parabenum í fiskmeti:	
Einn þáttur	5.670
Hver viðbótarþáttur	3.150

Boðið er upp á ýmsar aðrar efnagreiningar s.s. úttekt á sjófrystri rækju, mikinn fjölda efnamælinga á frárennsli, sjó og vatni, lagmetisrannsóknir, skynmat og ýmsar mælingar með vökvagreiningartækni.

Gjaldtaka er á grundvelli útseldrar vinnu.

Örverumælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur sýnis (grunngjald á öll sýni)	1.050
Örverutalning	1.000
Kóligerlar, MPN (alls + saur)	1.460
Saurkóligerlar, MPN	1.000
Saurkóligerlar, MPN (eingöngu frárennsli)	1.460
Saurkóligerlar og E.coli (MUG)	1.200
Salmonella	2.450
Listeria (+/-)	2.450
Listeria, greining	1.970
Staphylococcus aureus	
forpróf	1.000
staðfesting (ef forpróf jákvætt)	575
Súlfít-afoxandi clostridia/hitað	1.160
Enterococci	1.000
Iðragerlar (Enterobacteriaceae)	1.000
Ger- og myglusveppir	1.000
Clostridium perfringens	1.460
Sterilitetsprófanir á lyfjum með síun	3.560
RODAC-skálar með æti, stk.	115

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. gr., er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald kr. 1.345. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt skv. tímamælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda frá og með 17. febrúar 1997. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 515/1993.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru.

1. gr.

Fari tollafgreiðsla fram utan almenns afgreiðslutíma, sbr. 99. gr. reglugerðar nr. 41/1957, um tollheimtu og tolfertilit, með síðari breytingum, eða sé óskað eftir sérstakri tollmeðferð vöru, ber þeim sem tollafgreiðslu fær að greiða tollafgreiðslugjöld í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka hvorki til erlendra herskipa eða herflugfara né skipa eða flugfara í opinberri eigu sem ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja hvorki vörur né farþega gegn greiðslu. Sama gildir ef far leitar hafnar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda, vegna neyðar, slysa, sjúkdóma manna um borð eða annars ófarnaðar.

Tollafgreiðsla og önnur tollmeðferð utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna.

2. gr.

Fari tollafgreiðsla vegna aðkomu skips eða flugvélar fram utan almenns afgreiðslutíma eða fari tollafgreiðsla fram utan aðaltollhafna eða utan tollhafna, sbr. 1. mgr. 29. gr. tollalaga, skal sá er tollafgreiðsluna fær greiða tollafgreiðslugjald.

Tollafgreiðslugjald vegna skipa eða flugvéla sem flytja farþega eða varning í atvinnuskyni er 10.000 kr. Tollafgreiðslugjald vegna annarra skipa eða flugvéla er 2.000 kr.

Vegna tollmeðferðar vöru utan almenns afgreiðslutíma, annarrar en þeirrar sem tilgreind er í 2. mgr., skal kostnaður vera 1.500 kr. vegna hvernar byrjaðrar vinnustundar tollstarfsmanns utan afgreiðslutímans. Ef kalla þarf tollstarfsmann út vegna tollmeðferðarinnar skal kostnaður þó að lágmarki miðast við fjórar vinnustundir.

Sérstök tollmeðferð vöru.

3. gr.

Þegar eftirfarandi þjónusta er veitt við tollmeðferð vöru, skal sá er þjónustunnar óskar greiða kostnað vegna hennar:

1. Bráðabirgðatollafgreiðsla.
2. Endurútlutningur og endursending vöru.
3. Veiting heimildar til tímabundins innflutnings á vörum, þó ekki á ökutækjum eða öðrum farartækjum sem ferðamenn mega flytja tollfrjálst til landsins.
4. Heimild til að taka vörur við uppskipun eða við flutningsfar eða í beinu framhaldi af uppskipun eða skipa vöru beint um borð í flutningsfar.
5. Eyðilegging á vöru.
6. Mat á vöru sem orðið hefur fyrir skemmdum.
7. Flutningur á vöru undir tolfertiliti úr einni vörugeymslu í aðra eða á annan stað til skoðunar, t.d. sé vara flutt í tollbandi.
8. Eftirlit með ótollafgreiddum vörum í geymslum sem fengið hafa sérstakt leyfi, sbr. 65. gr. tollalaga.

Kostnaður vegna þjónustu skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. skal vera 1.000 kr. Kostnaður vegna þjónustu skv. 5.-8. tölul. 1. mgr. skal vera 1.000 kr. vegna hvernar byrjaðrar vinnustundar tollstarfsmanns. Ef þjónusta skv. 1. mgr. er veitt utan almenns afgreiðslutíma fer um greiðslu kostnaðar eftir 3. mgr. 2. gr.

4. gr.

Tollstjóra er heimilt að krefja um greiðslu vegna aukakostnaðar við tollafgreiðslu sem rekja má til eftirtalinnna atriða:

1. Vanrækslu innflytjanda eða vörsluaðila vöru á þeirri aðstoð sem veita ber við tollmeðferð vöru, sbr. 2. mgr. 25. gr. tollalaga.
2. Vanrækslu stjórnanda fars eða útgerðar á að sinna skyldum sínum skv. VII. kafla tollalaga, sbr. 4. mgr. 61. gr. tollalaga.
3. Vanrækslu stjórnanda, eiganda eða umráðamanns fars á skyldu til að láta tilskilin skjöl og skilríki fylgja fari, eða ef tilskilin skjöl og skilríki tilgreina ekki allar vörur sem skylt er, eða vanrækt er að afhenda þau tollafgreiðslumanni, enda hafi vanrækslan leitt til þess að rannsókn eða eftirlit með fermingu eða affermingu þurfi að fara fram á farmi fars, sbr. 2. mgr. 132. gr. tollalaga.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint að þeim aðila sem ábyrgð ber á greiðslunni hverju sinni samkvæmt þeim ákvæðum tollalaga sem vísað er til. Um fjárhæð kröfunnar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 3. gr.

Geymslukostnaður.

5. gr.

Hafi farmflytjandi ekki til umráða eða aðgang að viðurkenndri vöruhegrymslu til geymslu á ótollafgreiddum vörum getur tollstjóri tekið vörur í sína vörslu á kostnað farmflytjanda. Sama gildir varðandi tollskyldan varning sem farþegar hafa með sér til landsins og þeir greiða ekki af lögboðin gjöld þegar við komu til landsins.

Fyrir geymslu á varningi sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar skal farmflytjandi eða farþegi greiða geymslugjald samkvæmt gjaldskrá sem ríkistollstjóri ákveður. Hafi reynst nauðsynlegt að leigja geymslu eða svæði undir varning skal farmflytjandi eða farþegi greiða allan kostnað sem af því hlýst.

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Kostnaður og gjöld, sem innheimt eru samkvæmt reglugerð þessari, skulu renna til þess tollstjóra sem ber kostnað af tollafgreiðslu eða tollmeðferð vöru.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu gilda um innflutning, útflutning og umflutning.

7. gr.

Ákvarðanir tollstjóra um gjaldtöku samkvæmt reglugerð þessari eru kærnanlegar til ríkis-tollstjóra.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 21. gr., 2. mgr. 25. gr., 4. mgr. 61. gr., 63. gr., 8. mgr. 64. gr., 2. mgr. 132. gr., 145. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Indriði H. Þorláksson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi árið 1997.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 6 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur		kr.
a)		6 000
"	b)	18 000
"	c)	36 000
"	d)	72 000
"	e)	144 000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 6. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 244/1989 um undanþágu frá lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, vegna sölu málningar- og lakkleysa, sem innihalda metanól.

1. gr.

Reglugerð nr. 244/1989 um undanþágu frá lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, vegna sölu málningar- og lakkleysa, sem innihalda metanól er hér með felld úr gildi.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tollfirtlit,
með síðari breytingum.

1. gr.

99. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Almennur afgreiðslutími á tollstjóráskrifstofum og í vöruhúsum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar skal vera frá kl. 08 til kl. 16 frá mánudegi til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða. Tollstjóra er heimilt að höfðu samráði við ríkistollstjóra að ákveða afgreiðslutíma innan nefndra tímamarka til samræmis við annað skrifstofuhald viðkomandi embættis eða verkefna þar eða í vörugæmslum ef þau eru ekki nægileg fyrir tollstarfsmenn allan daginn.

Almennur afgreiðslutími vegna aðkomu eða brottfarar skipa og flugvéla, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skal vera frá kl. 07 til 18 mánudag til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal almennur afgreiðslutími á Keflavíkurflugvelli vera frá kl. 05 til kl. 18 alla daga vikunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 145. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Indriði H. Þorláksson.

6. febrúar 1997

Nr. 111

SAMÞYKKT

um starfsleyfisveitingar og umsagnir
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um veitinga- og gistileyfi.

1. gr.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi í stað heilbrigðisnefndar Reykjavíkur eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum. Um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins skulu gilda ákvæði 66. - 70. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, þó þannig að skriflegar athugasemdir við starfsleyfistilögur skulu áfram berast heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni í samræmi við 2. mgr. 70. gr. í mengunarvarnareglugerð.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum. Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustu- hætti við framleiðslu og dreifingu matvæla skulu gilda um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja sem upp eru talin í 2.-4., 6.-8., 11.-20. og 22. tl. 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum. Ákvæði 9. gr. heilbrigðisreglugerðar skulu gilda um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur umsögn til lögreglustjóra samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, í umboði borgarráðs, að fenginni umsögn Borgarskipulags að því er varðar skipulags-, umferðar- og grenndarsjónarmið. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að gefa út starfsleyfi vegna reksturs veitinga- og gististaða í samræmi við 3. og 4. mgr. 1. gr. þessarar samþykktar, með fyrirvara um leyfi lögreglustjóra samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar og bókaðar í fundargerð.

Synji Heilbrigðiseftirlitið um leyfisveitingu skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til málið er lagt fram í heilbrigðisnefnd.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Þessi málskotsréttur takmarkar þó eigi almennan málskotsrétt samkvæmt lögum.

5. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur til breytingar á 1. tl. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar, 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, 2. mgr. 71. gr. mengunarvarnareglugerðar og 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 9. gr. laganna að höfðu samráði við samgönguráðuneytið hvað snertir 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, til þess að öðlast gildi við birtingu. Samþykkt þessi gildir til 1. janúar árið 2000.

Umhverfisaráðuneytinu, 6. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1997

31. janúar 1997

169

Nr. 112

REGLUR

um nám sem leiðir til fullnaðarmenntunar í skipulagsfræðum.

1. gr.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar:

1. Viðkomandi skal hafa lokið a.m.k. fjögurra ára námi í skipulagsfræðum á háskólastigi, eða jafngildi þess, og hafa auk þess tveggja ára starfsreynslu við skipulagsstörf á viðurkenndum vinnustað eða hafa unnið jafnlengi við rannsóknir í skipulagsfræðum eða
2. viðkomandi skal hafa lokið a.m.k. tveggja ára framhaldsnámi í skipulagsfræðum á háskólastigi, eða jafngildi þess, og hafa auk þess tveggja ára starfsreynslu við skipulagsstörf á viðurkenndum vinnustað eða hafa unnið jafnlengi við rannsóknir í skipulagsfræðum.
3. Ofangreint nám í skipulagsfræðum skal auk þess vera viðurkennt sem fullgilt embættispróf í skipulagsfræðum af félagi skipulagsfræðinga í því landi þar sem viðkomandi lauk prófi.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar voru á fundi Stjórnar Félags skipulagsfræðinga 20. janúar 1997 á grundvelli 3. gr. laga nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, eru hér með staðfestar. Þær skulu öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. janúar 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

31. janúar 1997

Nr. 113

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Andorra.

Ákveðið hefur verið að ríkisborgarar Andorra sem ferðast vilja til Íslands skulu undanþegnir þessari skyldu að fá áritun í vegabréf sitt.

Auglýsing þessi sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 3. september 1965, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 1997.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 439, 2. ágúst 1996 um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fengu úthlutað leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðum fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

2. gr.

1. ml. 3. mgr. 1. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „stunda veiðar“ komi orðin: hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 115

5. febrúar 1997

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjald til neðantalinna búgreinafélaga:

a) Félag hrossabænda	0,800%
b) Landsamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	1,000%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%
f) Samband íslenskra loðýraræktenda	0,700%

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Vestfirðinga.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Heimili hans og varnarþing er Brunngata 7, Ísafirði.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarfélaga:

Verkalýðsfélagið Baldur, Ísafirði

Félag járníðnaðarmanna Ísafirði

Sjómannafélag Ísfirðinga

Vélstjórafélag Ísafjarðar

Sveinafélag byggingamanna Ísafirði

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan

Verslunarmannafélag Ísafjarðar

Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, Súðavík

Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi, Suðureyri

Verkalýðsfélagið Skjöldur, Flateyri

Verkalýðsfélagið Brynja, Þingeyri

Verkalýðs- og sjómannafélag Tálknafjarðar

Verkalýðsfélag Patreksfjarðar

Verkalýðsfélagið Vörn, Bildudal

Verkalýðs- og sjómannafélagið Grettir, Reykhólum

Sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á vélskip 12 lesta eða stærri og aðild eiga að sjóðnum vegna undanþágu skv. 2. gr. laga nr. 94/1994, skulu teljast sjóðfélagar, þótt yngri séu en 16 ára.

- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði. Rétt og skylt er launamanni á starfssviði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, þótt ekki sé hann félagi í neinu ofangreindra stéttarfélaga.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og

samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Lífeyrissjóð Vestfirðinga. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stéttarfélög sem að slíkum sjóðum standa fá fulla aðild að fulltrúaráði skv. gr. 5.3.
- 3.6. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir af kjörnir af þeim stéttarfélagum sem aðild eiga að sjóðnum og tveir af samtökum atvinnurekenda sem aðild eiga að honum. Fulltrúar stéttarfélaganna skulu kosnir á ársfundi sjóðsins og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Vinnuveitenda-sambands Íslands.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetu-skilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaganna hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
 - 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
 - 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

- 4.6. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Stjórnarmenn lífeyrissjóðs, framkvæmdastjóri eða starfsmenn mega ekki taka þátt í meðferð máls, ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmunum einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

- 5.1. Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir greiðandi sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarfélaga, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaga þeirra, sem aðild eiga að

sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir þannig að fyrir hverja 100 félagsmenn eru 2 fulltrúar og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 100 félagsmenn eða brot úr hundraði, ef það nemur fimmtíu eða meiru. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur.

- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
 - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
 - 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
 - 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
 - 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
 - 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
 - 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
 - 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
 - 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
 - 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi, sbr. 5.5.6.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótaréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda.
- 7.3. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reikniGrundvöll tryggingafræðilegrar úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðsstjórn gert tillögu til ársfundar um tímabundna greiðslu uppbótar á lífeyri. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10,0%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gildir þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin á ársfundi árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkingu lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyris-sjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
- 8.1.2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 8.1.3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
- 8.1.4. Í innlánnum banka og sparisjóða.
- 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.
- 8.1.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármála fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti banka eftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þarf ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfa-

miðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eigum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðsstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldldaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
 - 9.5.1. Iðgjöld sjómanna þ.e. bæði hlutur launþega og launagreiðanda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengis dóms, sáttar, eða fjárnáms.
 - 9.5.2. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur um það frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga.
 - 9.5.3. Um frekari rétt til innheimtuaðgerða og lögveðs í skipum, þegar um er að ræða iðgjöld sjómanna, fer eftir ákvæðum laga nr. 94/1994 eða laga sem síðar kunna að koma í þeirra stað.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vaskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vaskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.)

- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Senda skal lokaáðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga, eða skilagreinar hafa ekki borist í þrjá mánuði. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaáðvörunar.
- 9.10. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri, en 4,0% iðgjaldshluti sjóðfélaga, sem greiddur er sjóðnum eftir þann tíma skal endurgreiddur jafnóðum og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Ellilífeyrir sjómanna.

- 11.5. Heimilt er sjóðsstjórn að greiða sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, og verið lögskráður á íslensk skip í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga á ári, ellilífeyri þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar upp á 65 ára aldur, er taka lífeyris hefst. Ellilífeyrir skv. þessari grein greiðist eingöngu út á réttindi vegna iðgjalda af sjómennsku.
- 11.6. Upphæð ellilífeyris skv. grein 11.5. er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér margfölduðum með 1,7.
- 11.7. Taki sjóðfélagi ellilífeyri sjómanna á aldrinum 60-65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins af sjómennsku, ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda.
- 11.8. Haldi sjómaður áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skv. grein 11.5. skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
- 12.2.1. Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-fjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
 - Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-líð 12.3., er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.

- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skyld er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris sjóðnum að kostnaðarlausu.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundradshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutað-eigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldgreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjalda-greiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.

- 13.7. Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 6.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurðað skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða

- viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem hafið hafa töku lífeyris skal hann endurgreiða 4,0% iðgjaldahluta starfsmannsins. Skal sú endurgreiðsla ekki eiga sér stað sjaldnar en fjórum sinnum á ári.
- 16.3. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi, miðað við heilt ár, samkvæmt 10.2., margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.
- 17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.**
- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**
- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrir-sjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**
- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.
- 20. Gerðardómur.**
- 20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyris-sjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.
- 21. Eftirlit.**
- Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

22. Breytingar á reglugerðinni.

- 22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miðri tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs. (Að fengnu samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага, sem að sjóðnum standa. Um atkvæðavægi fer eftir ákvæðum í grein 5.3. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa.)
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 22.4. Breytingar á bótaákvæðum gildi jafnt um áunnin bótaréttindi sem framtíðarréttindi.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. júlí 1995 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á skipgengum vatnaleiðum.**

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 21/94 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 44:

44. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

2. gr.

Ofantalin gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 50, dags. 17. desember 1994, bls. 70.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 14/1996, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 118

6. febrúar 1997

REGLUR**um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996.**

1. gr.

8. gr. reglnanna verður eftirfarandi:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu mánaðarlega senda skýrslu til bankaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall og lánastofnanir að minnsta kosti ársfjórðungslega. Lánastofnanir, sem ekki reikna sérstakan áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu senda hálf-árslega skýrslu til bankaeftirlits. Sömu stofnunum er þó heimilt að senda einungis skýrslu miðað við árslok sé niðurstöðutala efnahagsreiknings viðkomandi stofnunar undir 2.000 m.kr. og eiginfjárhlutfall yfir 12% í upphafi árs. Ákvæði um skýrslugerð lánastofnunar sjaldnar en ársfjórðungslega eiga ekki við ef eiginfjárhlutall stofnunar er lægra en 10% í upphafi árs.

Mánaðarlegar skýrslur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr., skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörsdegi. Skýrslur lánastofnana skv. 1. mgr., skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörsdegi.

2. gr.

1. mgr. 28. gr. reglnanna verður eftirfarandi:

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal reiknaður í samræmi við ákvæði viðauka III um útreikning á almennri stöðuáhættu skuldaskjala. Stofnanir skulu reikna áhættugrunn samkvæmt binditímaaðferð eða rauntímaaðferð. Banka-
eftirlitinu er heimilt, með hliðsjón af umfangi viðskipta, að ákveða að einstakar stofnanir noti aðra aðferðina fremur en hina.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskipta-
banka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti og öðlast þegar gildi.

6. febrúar 1997.

Seðlabanki Íslands,

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ólafsson.

REGLUGERÐ

um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Mannfræðistofnun starfar við Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990. Stofnunin er sjálfstæð rannsóknarstofnun innan vébanda Háskóla Íslands og lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk Mannfræðistofnunar er að efla rannsóknir á sviði mannfræði, bæði félagslegrar og líffræðilegrar, með því að:

- a. Gangast fyrir rannsóknum á Íslendingum og íslensku samfélagi sem og á öðrum þjóðum og samfélögum.
- b. Samhæfa mannfræðirannsóknir á vettvangi Háskóla Íslands.
- c. Stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviðið mannfræði og skyldra greina.
- d. Gefa út og kynna niðurstöður mannfræðirannsókna.
- e. Gangast fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnum um mannfræðileg efni.
- f. Veita framhaldsnemum í mannfræði rannsóknaraðstöðu.
- g. Annast varðveislu rannsóknargagna.

3. gr.

Stofnuninni er skipt í tvær rannsóknarstofur, rannsóknarstofu í líffræðilegri mannfræði og rannsóknarstofu í félagslegri mannfræði. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða umsjónarmenn að stofnunum.

4. gr.

Háskólaráð kýs fimm menn í stjórn stofnunarinnar. Þar af skulu tveir stjórnarmenn vera tilnefndir af félagsvísindadeild, samkvæmt tillögu mannfræði- og þjóðfræðiskorar, einn af læknadeild að höfðu samráði við landlækni, einn af raunvísindadeild, samkvæmt tillögu líffræðiskorar og loks einn án tilnefningar. Kjósa skal jafn marga varamenn með sama hætti. Stjórnin skal kjörin til fjögurra ára í senn. Seta í stjórninni er launuð.

5. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum og gerir árlega fjárhagsáætlun. Hún mótar rannsóknarstefnu stofnunarinnar í samvinnu við forstöðumann hennar. Stjórninni er heimilt að kveðja til sérstaka ráðgjafa sem fulltrúa skyldra fræðigreina og áhugamannafélga í mannfræði sér til ráðuneytis um rannsóknarstefnu stofnunarinnar.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann hennar. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í mannfræði og vera prófessor eða dósent við félagsvísindadeild á meðan á ráðningu stendur. Forstöðumaður skal að jafnaði gegna starfinu í þrjú ár þannig að forstöðumannsstarfi gegni til skiptis menn, sérmenntaðir í félagslegri mannfræði annars vegar og líffræðilegri mannfræði hins vegar. Kennsluskylda forstöðumanns skal vera í samræmi við ákvörðun háskólaráðs, að fenginni tillögu félagsvísindadeildar.

7. gr.

Forstöðumaður Mannfræðistofnunar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð, hefur yfirumsjón með fjáröflun og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar. Forstöðumaður gefur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

8. gr.

Tekjur Mannfræðistofnunar eru:

- a. Fjárveitingar á fjárlögum.
- b. Styrkir til einstakra verkefna.
- c. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- d. Gjafir.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans. Við framkvæmd þessa ákvæðis skal gæta ákvæða 9. gr. reglugerðar þessarar.

9. gr.

Nú er starfsemi Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands í frjálsri samkeppi við atvinnustarfsemi annarra aðila og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppislaga nr. 8/1993 og sé sá þáttur starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og tekur hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 233/1974.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

SAMÞYKKT

**um tilraun Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar
sem þátt í verkefninu um reynslusveitarfélög.**

1. gr.

Ráðgjöf og námskeið.

Atvinnulausir Hafnfirðingar skulu eiga kost á ráðgjöf og námskeiðum á vegum Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar.

2. gr.

Starfsleitaráætlanir.

Innan mánaðar frá því að maður lætur skrá sig atvinnulausan hjá Vinnumiðlun Hafnarfjarðar skal hann eiga kost á aðstoð til að gera starfsleitaráætlun. Hún felur í sér áætlun um

hvernig hinn atvinnulausi ætli sér að vinna að því að fá atvinnu. Í henni skal ennfremur tilgreina hvaða aðstoð og úrræði vinnumiðlunar honum skuli standa til boða þar til því marki er náð. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur hins atvinnulausa en einnig taka mið af framboði á atvinnu og atvinnuhorfum í landinu. Afrit starfsleitaráætlunar skal sent úthlutunarnefnd og Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Starfsmaður vinnumiðlunar og hinn atvinnulausi skulu í sameiningu og a.m.k. á þriggja mánaða fresti fara yfir hvernig gengur að vinna að markmiðum starfsleitaráætlunar og endurskoða hana eftir því sem tilefni er til.

3. gr.

Skráning þeirra sem gert hafa starfsleitaráætlanir.

Sá sem gert hefur starfsleitaráætlun, sbr. 1. gr., skal skrá sig á tveggja vikna fresti hjá Vinnumiðlun Hafnarfjarðar að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann skrá sig næsta dag sem honum er unnt. Við skráningu skal hinn atvinnulausi gera grein fyrir framvindu mála sinna.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta í fimm daga, auk þeirra daga sem liðnir eru frá því að hann átti að skrá sig þar til hann skráir sig á ný.

Vinnumiðlun sendir úthlutunarnefndum dagpeningavottorð á tveggja vikna fresti miðað við skráningu.

4. gr.

Sérstök úrræði til að auka starfsgetu og starfsmöguleika.

Nú hefur manni sem gert hefur starfsleitaráætlun ekki tekist að fá vinnu ári eftir að hann varð atvinnulaus og skal hann þá eiga rétt á sérstökum úrræðum á vegum Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar. Markmið þeirra eru að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa. Með úrræðum í samþykkt þessari er átt við:

1. Úrræði samkvæmt reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga. Um réttarstöðu þess sem ráðinn er í slíkt átaksverkefni fer samkvæmt almennum reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga.
2. Tilboð til hins atvinnulausa um starfsþjálfun þar sem nám og vinna eru samþætt undir umsjón og eftirliti Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar. Forsenda fyrir starfsþjálfun á atvinnuleysisbótum er að hinn atvinnulausi komi til starfa til viðbótar við fastan starfsmannafjölda, eða muni vinna við störf sem ekki væru framkvæmd í launaðri vinnu, og að tryggt sé að starfsþjálfun feli ekki í sér röskun á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Það er ennfremur forsenda að ekki hafi reynst unnt að ráða menn í slíka starfsþjálfun á almennum launakjörum samkvæmt reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga.

Hámarkstíminn sem maður getur notið úrræða er sex mánuðir og a.m.k. sex mánuðir skulu líða á milli þess sem maður getur tekið þátt í slíkum úrræðum. Sá sem tekur þátt í úrræðum samkvæmt þessum liðum er undanþeginn skráningarskyldu en skal í þess stað á fjögurra vikna fresti framvísa staðfestingu á þátttöku í þeim. Verði misbrestur á því glatar viðkomandi samkvæmt ákvörðun vinnumiðlunar rétti sínum til úrræða. Ákvörðun þar að lútandi er unnt að skjóta til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Þátttaka í úrræðum á vegum vinnumiðlunar hefur áhrif til styttingar á 16 vikna biðtíma samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Gildissvið samþykktar.

Ákvæði samþykktar þessarar eiga ekki við um þá sem fengið hafa tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun, þar sem þeir eru skráðir atvinnulausir, til að skrá sig reglulega hjá Vinnumiðlun Hafnarfjarðar.

6. gr.

Eftirlit og mat á árangri tilraunar.

Vinnumiðlun Hafnarfjarðar heldur saman upplýsingum um framkvæmd samþykktar þessarar. Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með framkvæmd samþykktarinnar. Vinnumiðlun Hafnarfjarðar mun senda Vinnumálaskrifstofu ársfjórðungslega greinargerð þar að lútandi sem Vinnumálaskrifstofa mun kynna fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ráðgjafarnefnd Vinnumálaskrifstofu. Í lok tilraunatímabils munu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar meta í sameiningu árangur tilraunar. Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög mun einnig fylgjast með framkvæmd tilraunar og meta í lok tilraunatímabils hvernig til hefur tekist.

Ofangreind samþykkt sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög og felur í sér frávik frá 8. og 20. gr. laga nr. 93/1993 um atvinnuleysistryggingar, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 12. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1997 og gildir til og með 31. desember 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 1997.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

Nr. 121

5. febrúar 1997

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Þórshafnarhrepps nr. 486/1994.**

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðast svo: Hreppsnefnd ákveður fundarstað og fundartíma.

2. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, er verður 18. gr., og breytast númer greina þar á eftir sem því nemur. Ný 18. gr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 16. og 17. gr. er heimilt að boða hreppsnefndarfund munnlega og með skemmri fyrirvara, komi upp mál sem krefjast skjótrar úrlausnar eða umfjöllunar hreppsnefndar, enda mæli enginn hreppsnefndarmanna gegn því við upphaf fundar, sem þannig er boðað til.

3. gr.

B-liður 56. gr. samþykktarinnar, er verður 57. gr., orðast svo:

1. *Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. laga Sambands ísl. sveitarfélaga.
2. *Fulltrúa á aðalfund Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 4.1. í lögum Eyþings - sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
3. *Fulltrúa í héraðsnefnd Þingeyinga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samþykktu héraðsnefndar Þingeyinga.

4. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985. Svalbarðshreppur tilnefni einn fulltrúa og þá sitja í nefndinni slökkviliðsstjóri, heilsugæslulæknir, lögregluvarðstjóri og byggingarfulltrúi, eða staðgengill hans.
5. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Nefndin gegni jafnframt störfum skipulagsnefndar skv. skipulagsreglugerð nr. 318/1985 og umferðarnefndar skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
6. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð starfar skv. 11. gr. laga nr. 40/1991 og fer einnig með verkefni áfengisvarnanefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. 50. gr. laga nr. 40/1991.
7. *Hafnarstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994, sbr. 2. gr. hafnarreglugerðar fyrir Þórshafnarhöfn nr. 306/1986.
8. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993. Nefndin fer jafnframt með húsaleigumál skv. húsaleigulögum nr. 36/1994. Verkalýðsfélag Þórshafnar tilnefni tvo fulltrúa í nefndina.
9. *Skólamálaráð*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. erindisbréfs fyrir Skólamálaráð Þórshafnarhrepps. Svalbarðshreppur kýs einn fulltrúa og annan til vara. Ráðið fer með málefni skólanefndar grunnskólans á Þórshöfn, sbr. 11. og 12. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, verkefni skólanefndar tónlistarskólans á Þórshöfn, sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, og verkefni skólanefndar leikskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
10. *Bókasafnsnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976.
11. *Stjórn heilsugæslustöðvanna í Norður-Þingeyjarsýslu*. Einn aðalmaður í samráði við hreppsnefnd Svalbarðshrepps, sbr. 2. gr. samnings um sameiginlega stjórn og rekstur heilsugæslustöðvanna á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn, sbr. einnig skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
12. *Landbúnaðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd Þórshafnarhrepps. Nefndin fer með málefni fjallskila- og riðunefndar skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 399/1993, sbr. einnig fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár nr. 170/1996, ásamt fleiri verkefnum á sviði landbúnaðarmála skv. erindisbréfi.
13. *Heilbrigðisnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988. Svalbarðshreppur skipar einn mann í nefndina.
14. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að almennum umhverfismálum og umhverfisvernd í sveitarfélaginu skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
15. *Íþrótt- og tómstundaráð*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. samstarfs- samnings Þórshafnar- og Svalbarðshrepps. Hreppsnefnd Svalbarðshrepps kýs einn og annan til vara. Ráðið fer með yfirstjórn málaflokksins í umboði sveitarstjórnar, þ.m.t. umsjón með þeim mannvirkjum sem honum tilheyra skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
16. *Búffjäreftirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

4. gr.

Við samþykktina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Kosningu í nefndir vegna breytinga á ákvæðum 56. gr. skal lokið fyrir 1. mars 1997.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Umhverfisstofnun Háskóla Íslands er rannsóknar- og fræðslustofnun á sviði umhverfismála og lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Markmið Umhverfisstofnunar er:

- a. Að efla og samhæfa rannsóknir í umhverfisfræðum við Háskóla Íslands.
- b. Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði umhverfismála, m.a. með þátttöku í umhverfisvöktun.
- d. Að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í umhverfisfræðum.
- e. Að veita upplýsingar og ráðgjöf í umhverfismálum.
- f. Að styðja kennslu til meistaraþrófs í umhverfisfræðum.
- g. Að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í umhverfisfræðum.

3. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar og fimm til vara til þriggja ára í senn. Umhverfisráðuneytið tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Stjórnin skal að öðru leyti vera þannig skipuð að engin ein deild háskólans eigi þar fleiri en einn fulltrúa. Háskólaráð skipar forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum stjórnar, og setur forstöðumanni erindisbréf.

4. gr.

Stjórnin kys úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundir. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknarstefnu stofnunarinnar og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð, hefur yfirumsjón með fjáröflun og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundum með tillögu-rétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Tekjur Umhverfisstofnunar eru:

- a. Fjárveitingar á fjárlögum.
- b. Styrkir til einstakra verkefna.
- c. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- d. Gjafir.

Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag. Fjárlagatillögur hennar skulu vera sérstakur liður í fjárlagatillögum háskólans, sjá þó 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Nú er starfsemi Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands í frjálsri samkeppni við atvinnu- starfsemi annarra aðila og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sé sá þáttur starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Björn Bjarnason.

Dórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skorradalshreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1997.

2. gr.

Gjaldið er kr. 2.000 á hvert sumarhús og hvert býli í hreppnum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 6. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Við námsbraut í hjúkrunarfræði starfar Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands skv. 3 mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. Að annast rannsóknir í hjúkrunarfræði.
- b. Að sinna þeim verkefnum sem henni kunna að vera falin til úrlausnar skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
- c. Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á fræðilegum nýjungum og fást við hver önnur verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknarstarfsemi í hjúkrunarfræði og kynningu á hjúkrun í skólum og stofnunum landsins.
- d. Að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim tækifæri til að vinna rannsóknarstörf á vegum stofnunarinnar, eftir því sem kostur er og fé er veitt til.
- e. Að veita rannsóknaraðstöðu fyrir lausráðna kennara í hjúkrunarfræði, eftir því sem kostur er og fé er veitt til.
- f. Að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofnanir er starfa á skyldum sviðum.
- g. Að stuðla að útgáfu rita á sviði rannsókna í hjúkrunarfræði.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a. Próffessorar, dósentar, lektorar, fastráðnir stundakennarar og aðjúnktar við námsbraut í hjúkrunarfræði.
- b. Gistipróffessorar, sérfræðingar, stundakennarar og styrkþegar, sem sinna tímabundnum verkefnum eða kennslu í hjúkrunarfræði, eftir því sem aðstæður leyfa og stjórn stofnunarinnar heimilar. Auk þeirra er heimilt að fastráðnir kennarar eða sérfræðingar í skyldum greinum starfi við stofnunina.
- c. Sérfræðingar, aðstoðarmenn og stúdentar sem stjórn stofnunarinnar veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna og aðrir starfsmenn.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar skulu sitja fjórir fastráðnir kennarar námsbrautar í hjúkrunarfræði, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, kjörnir af stjórn námsbrautarinnar til tveggja ára í senn, svo og einn stúdent í hjúkrunarfræði kosinn af samtökum stúdenta í hjúkrunarfræði til eins árs í senn. Ný stjórn hefur störf um áramót.

Stjórnin kys sér formann úr hópi fastráðinna kennara, sbr. a-lið 3. gr., til tveggja ára í senn og er hann jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi stofnunarinnar.

Ráða skal framkvæmdastjóra þegar fjárveiting fæst til stöðunnar, og setur stjórnin honum erindisbréf.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir því sem þörf er.

Verði stofnuninni skipt í deildir, skal fyrir hverri þeirra vera deildarstjóri sem hefur með höndum stjórn rannsókna og stendur fyrir daglegum rekstri undir yfirstjórn forstöðumanns stofnunarinnar og stjórnar hennar. Deildarstjóri skal valinn af stjórn stofnunarinnar úr hópi fastra starfsmanna, sbr. a-lið 3. gr.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar til hennar og til einstakra deilda er þeim hefur verið komið á, og semur ársskýrslu um starfsemina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála sbr. 34. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Fundagerðir stjórnar stofnunarinnar skuli sendar til námsbrautarráðs.

Stjórnin getur skotið málum til námsbrautarráðs til samráðs eða úrskurðar. Verði þá ágreiningur, má skjóta honum til námsbrautarstjórnar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ákveði greiðslu þóknunar til stjórnarformanns, deildarstjóra og annars starfslíðs eftir gildandi reglum innan Háskólans, eða eftir nánari ákvörðun.

Námsbraut í hjúkrunarfræði sér starfslíði fyrir vinnuáðstöðu.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af fjárframlögum til Háskóla Íslands á fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a. Styrkir til einstakra verkefna.
- b. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c. Tekjur af útgáfustarfsemi.
- d. Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3., 4. og 5. mgr. 2. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans, sjá þó 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Nú er starfsemi Rannsóknarstofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands í frjálsri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sé sá þáttur starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Tannlækningastofnun Háskóla Íslands starfar við tannlæknadeild Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

2. gr.

Hlutverk Tannlækningastofnunar er:

- a. Að vera vísindaleg rannsóknar- og fræðslustofnun á sviði tannlækninga.
- b. Að vera vísindaleg kennslustofnun fyrir kandídata og stúdenta, er vinna að fræðilegum verkefnum, sem sinnt er í stofnuninni, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
- c. Að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði tannlækninga.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir Tannlækningastofnun með því að:

- a. Veita starfsmönnum stofnunarinnar fyrirgreiðslu vegna rannsókna þeirra og sérfræðistarfa, svo sem varðandi húsnæði, aðstoðarmenn, ritaraþjónustu og aðra aðstoð við vísindastörf.
- b. Gera rannsóknaráætlanir og standa að framkvæmd þeirra.
- c. Hafa samvinnu við aðrar vísindastofnanir og aðra aðila, um málefni á starfssviði stofnunarinnar.
- d. Taka að sér í eigin nafni rannsóknarverkefni fyrir aðra aðila eftir ákvörðun stjórnar stofnunarinnar í hvert sinn.
- e. Gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum, ráðstefnum og annarri starfsemi, er stuðlað getur að því, að efla þekkingu og starfsemi þeirra er að tannlækningum vinna.
- f. Vinna að útgáfu rita um efni á starfssviði stofnunarinnar.

4. gr.

Við Tannlækningastofnun starfa kennarar í fullu starfi við tannlæknadeild, nema þeir óski að vera undan því þegnir. Stjórn stofnunarinnar getur heimilað að við stofnunina starfi einnig, um tiltekið tímabil og til þess að sinna ákveðnum verkefnum:

- a. Kennarar í hlutastarfi við tannlæknadeild og kennarar, er sinna þar stundakennslu.
- b. Sérfræðingar í tannlækningum.
- c. Gistikennarar við tannlæknadeild.
- d. Kandídatar og stúdentar, sbr. b-lið 2. gr., svo og aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn skv. a-lið 3. gr.
- e. Aðrir menn, sem stjórnin telur æskilegt að bjóða til rannsóknar- og vísindastarfa við stofnunina.

Háskóli Íslands sér starfslíði fyrir vinnuaðstöðu í samráði við tannlæknadeild.

5. gr.

Stjórn Tannlækningastofnunar Háskóla Íslands er skipuð fjórum kennurum í fullu starfi við tannlæknadeild, sem við stofnunina starfa, kjörnum af tannlæknadeild til tveggja ára í senn, og einum fulltrúa stúdenta, tilnefndum af stjórn Félags íslenskra tannlæknanema, til sama tíma. Kjör stjórnar skal fara fram í októbermánuði, en hin kjörna stjórn tekur við störfum 1. nóvember. Stjórnin ræður málefnum Tannlækningastofnunar.

Formann, sem jafnframt er forstöðumaður stofnunarinnar, skal stjórnin kjósa sér úr hópi stjórnarmanna til tveggja ára í senn og annast hann daglegan rekstur stofnunarinnar. Heimilt er þó stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra.

Ársfundur stjórnar Tannlækningastofnunar Háskóla Íslands skal haldinn í september ár hvert. Til hans skal boða með minnst fimm daga fyrirvara. Dagskrá fundarins skal vera þannig: 1. Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir líðandi starfsár. 2. Tillögur stjórnar um fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár. 3. Önnur mál.

Stjórninni er heimilt að setja á fót undirdeildir innan stofnunarinnar, er sinni verkefnum á ákveðnu starfssviði. Skal þá stjórnin kjósa úr hópi starfsmanna stofnunarinnar menn, er starfa skulu að verkefnum innan undirdeilda. Kjörtími má ekki vera lengri en fram að næsta ársfundi stjórnar Tannlækningastofnunar, en heimilt er að endurkjósa menn eins oft og þurfa þykir. Undirdeildir hafa ekki ákvörðunarvald, nema þeim sé sérstaklega fengið það í samþykkt stjórnarinnar.

Nú vill einhver starfsmaður stofnunarinnar ekki una ákvörðun stjórnar og getur hann þá skotið henni til deildarfundar tannlæknadeilda.

6. gr.

Kostnað við starfsemi Tannlækningastofnunar skal greiða með:

- a. Framlögum frá Háskóla Íslands.
- b. Framlögum frá öðrum aðilum.
- c. Greiðslum fyrir verkefni, sem stofnunin tekur að sér skv. d-lið 3. gr.
- d. Öðrum tekjum, sem til kunna að falla.

7. gr.

- 3.5.3 Ekki er heimilt að nota PEN-leiðara rafveitu til jarðtengingar fyrir loftnet, eldingavara og því um líkt. Samtenging skal þó vera við aðalspennujöfnunarleiðara, samaber reglugerð um raforkuvirki.
- 3.6 *Teikningar.*
- 3.6.1 Fyrir nýbyggingar og önnur mannvirki sem tengjast eiga dreifikerfi rafveitu er eiganda eða umboðsmanni hans skylt, áður en verk er hafið, að leggja inn til hlutaðeigandi rafveitu teikningar, samaber grein 3.6.2, og fá þær samþykktar. Einnig skal leggja inn teikningar með umsókn um breytingu á heimtaug.
- 3.6.2 Teikningar skulu vera í samræmi við ÍST og IEC og í því umfangi sem stærð veitunnar gerir nauðsynlegt að mati rafveitu. Um er að ræða afstöðumynd og skal hún vera málsett og í mælikvarða 1:500 fyrir mannvirki á þéttbýlisstöðum og 1:1000 eða 1:2000 á svæðum utan þéttbýlis. Ennfremur snið um inntak og grunnmynd er sýni legu og tengistað heimtaugar, staðsetningu aðaltöflu og annarra mælataflna, ef um er að ræða, tengistað við sökkulskaut og vatnspípukerfi og einlínnumynd af aðaltöflu og öðrum mælatöflum séu þær fleiri.
- 3.7 *Umsóknir og tilkynningar.*
- 3.7.1 Hinum löggilta rafverktaka ásamt eiganda ber að sækja um leyfi fyrir og tilkynna hlutaðeigandi rafveitu eftirtalin verk, auk þeirra sem reglugerð um raforkuvirki tekur til, og fá viðkomandi veitu tengda allt eftir því, sem við á:
- Skammtímatengd virki.
 - Allar þær breytingar, sem kunna að snerta heimtaug eða mælitæki rafveitu.
 - Hreyfla með meira málafli en kveðið er á um í grein 6.6, tenging hreyfla.
 - Hreyfla með þungri eða tíðri ræsingu eða mjög breytilegri straumtöku.

- Tæki með fasahornsstýringu (DK: faseinkelstyring) eða riðfjöldastýringu (DK: helperdestyring), ef þau eru stærri en kveðið er á um í grein 6.9, tenging tækja með fasahornsstýringu, afriðun eða riðfjöldastýringu.
- Almenn neyslutæki stærri en 12 kVA.
- Rafsuðutæki stærri en 2 kVA, samanber 6. grein 7. lið.
- Öll hitunartæki, sem háð eru sérstakri heimild og skráð eru á hitataxta gjaldskrár.

3.8 *Skammtímatengd virki.*

3.8.1 Til skammtímatengdra virkja teljast m.a. raforkuvirki á byggingarstöðum, sýningar-svæðum og til hátíðarlýsingar.

3.8.2 Verði engri mælingu við komið af tæknilegum ástæðum eða ef slíkt er óhagkvæmt að mati rafveitu er heimilt að áætla notkun miðað við uppsett afl, áætlaðan samtíma-stuðul og notkunartíma.

3.9 *Varaafstöðvar.*

3.9.1 Fyrirkomulag og frágangur tengingar við dreifikerfi rafveitu, varnarbúnaður og rekstur einkarafstöðva og varaafstöðva er háður áður fengnu samþykki rafveitu, samkvæmt skriflegri umsókn þar um, og skal einnig vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki. Samfösun varaafstöðvar við dreifikerfi rafveitu er ekki leyfð nema að uppfylltum kröfum rafveitu um tæknilegan búnað og að gerður hafi verið skriflegur samningur um rekstur og hæfur ábyrgðarmaður tilgreindur að mati rafveitu.

4. **Heimtaugar.**

4.1 *Heimtaugar.*

4.1.1 Eiganda veitu eða umboðsmanni hans, rafverktaka og raflagnahönnuði, er skylt að kynna sér vel skilmála hlutaðeigandi rafveitu, bæði almenna og þá sérskilmála, sem gilda fyrir viðkomandi hverfi. Skilmála afhendir byggingarfulltrúi við lóðaúthlutun.

4.1.2 Aðalheimtaugar leggur rafveita eingöngu sem jarðstrengsheimtaugar og ákveður að öðru leyti gerð og legu heimtaugar og tengistað í samráði við eiganda eða umboðsmann hans. Um lagningu bráðabirgðaheimtauga fer eftir ákvörðun rafveitu hverju sinni.

4.1.3 Rafveita áskilur sér eðlilegan tíma fyrir hönnun, skipulagningu og framkvæmdir við lagningu heimtauga. Eiganda er því skylt að sækja tímanlega um heimtaug á þar til gerðu eyðublaði, hvort sem um er að ræða nýja heimtaug, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimtaug.

4.1.4 Heimtaug greiðist samkvæmt gjaldskrá hlutaðeigandi rafveitu, eins og hún er á hverjum tíma.

4.1.5 Rafveita ákveður í skilmálum gerð, stærð og fyrirkomulag inntakspípu.

4.1.6 Við umsókn um stærri heimtaug en 200 A skal raflagnahönnuður leggja fram útreikninga og áætla væntanlega aflþörf til næstu fimm ára. Á grundvelli slíkrar áætlunar ákveða rafveita og eigandi sameiginlega stærð heimtaugar.

4.1.7 Á hverja lóð er almennt aðeins afgreidd ein heimtaug. Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er þó almennt afgreidd ein heimtaug í hvert hús, þ.e. í hverja einingu.

4.1.8 Á sameiginlegum lóðum í hús aldraðra, stúdentagarða, orlofshús og hliðstæð hús er almennt afgreidd ein heimtaug fyrir öll húsin, enda sé aðaltafla í sameiginlegu rými.

- 4.1.9 Eigandi veitu sér um lagningu inntakspípu og þéttingu hennar í vegg. Rafverktaki tryggir réttan frágang hennar og að hún sé ídráttarhæf. Pípu skal skilað með ídráttar-
taug úr næloni eða sambærilegu efni.
- 4.1.10 Rafveita sér um vatnspéttingu heimtaugar við inntakspípu í jörðu.
- 4.1.11 Áður en rafveitan leggur heimtaug, skal eigandi sjá til þess, að lóð sé grófjöfnuð í
endanlegri hæð og að aðkoma sé góð fyrir tæki rafveitunnar.
- 4.1.12 Frá heimtaug má ekki leggja kvísl að byggingum á annarri lóð án skriflegs sam-
þykkis rafveitunnar.
- 4.1.13 Gildleiki stofns skal ætíð vera í samræmi við skráða stærð heimtaugar.
- 4.1.14 Heimtaug tengist ýmist í stofnvarkassa, stofntengibox eða beint í aðaltöflu, sam-
kvæmt ákvörðun viðkomandi rafveitu. Staðsetning þessa móttökubúnaðar skal vera
innan þess svæðis, sem mæliblað sýnir eða í samráði við rafveitu. Búnaðurinn skal
settur í einangrun útveggja (þó með a.m.k. 25 mm einangrun á bak við) eða í
burðarvegg, en þó ekki fjær útvegg en 4 m. Stofntengibox er óþarft, ef aðaltafla er
innan 4 m frá útvegg. Séu stofntengibox notuð fyrir heimtaugar, skulu þau vera
innsiglanleg með tvöfaldri einangrun og með viðurkenndum tengiklemmum af rétri
stærð, miðað við stærð heimtaugar. Eigandi leggur til stofntengibox, en rafverktaki
sér um uppsetningu þess og tengingu. Sé stofnvarkassi notaður leggur rafveitan
hann til, setur upp og tengir heimtaug, en rafverktaki tengir stofnlögn við hann.
- 4.1.15 Rafverktaki skal þétta við inntak stofns í stofnvarkassa eða stofntengibox, til varnar
ryksöfnun.
- 4.1.16 Stofnvarkassa, stofntengibox og aðaltöflu má ekki staðsetja á blautum stöðum, mjög
heitum stöðum né heldur á bruna- og sprengihættustöðum. Sama gildir um kalda
útveggi, nema komið sé í veg fyrir slagamyndun á fullnægjandi hátt.
- 4.1.17 Stofnvarkassi, stofntengibox og aðaltafla skulu vera vel aðgengileg. Þess skal gætt,
að ekki sé svo múrað að, þiljað af eða aðgangur á annan hátt hindraður að stofn-
varkassa eða stofntengiboxi, að ekki sé hægt að innsigla það eða opna.
- 4.1.18 Ekki má breyta notkun þess rýmis, sem heimtaug tengist í, á þann veg, að slíkt brjótí
í bága við 16. og 17. grein eða rýri á annan hátt öryggi og notagildi heimtaugar-
innar. Í vafatilvikum ber áður að leita samþykkis rafveitunnar.
- 4.1.19 Tryggt skal, að aðaltöflur séu rúmgóðar og að nægjanlegt rými sé fyrir greiningu og
tengingu heimtaugarstrengs. Til aðskilnaðar neysluveitu frá dreifikerfi rafveitunnar
er í aðaltöflu krafist aðalvara og aðalrofa, sem mega vera sambyggð í varrofa. Í stað
þessa má einnig nota aflrofa með yfirálags- og skammhlaupsvörn.
- 4.1.20 Þess skal gætt, að réttir fasar séu tengdir í stofnvarkassa og, sé um þrífasa tengingu
að ræða, sé röð fasa réttsælis. Rafveitan merkir innan í loki kassans með strimli á
streng eða á annan vel auðkenndan hátt hvaða fasi eða fasar skulu tengdir í við-
komandi hús. Röð fasanna í kassanum, séð framan frá, er frá vinstri talin eða ofan
frá og niður, L1, L2, L3 og PEN (RST-0). Sé um þrífasa tengingu að ræða, skal
þess gætt að jafna álagi á fasa.
- 4.2 *Tenging.*
- 4.2.1 Rafverktaki sækir skriflega, á sérstöku eyðublaði og með a.m.k. dags fyrirvara, um
tengingu neysluveitu við dreifikerfi rafveitunnar.
- 4.2.2 Rafveitan annast tengingu neysluveitu við dreifikerfið og setur spennu á hana að
aðalvörum og aðalrofa. Þessi aðgerð er engum öðrum heimil.

- 4.2.3 Rafveitan getur krafist þess, að rafverktakinn eða sá starfsmaður hans, sem ábyrgð bar á framkvæmd verksins, sé viðstaddur tengingu. Óski rafverktakinn að vera viðstaddur tengingu, skal hann geta þess á eyðublaðinu eða semja um það á annan tryggan hátt. Í hvorugu tilvikinu er nærvera hans á ábyrgð eða kostnað rafveitunnar.
- 4.2.4 Rafveitunni er heimilt að neita um tengingu neysluveitu við dreifikerfið, ef ekki hefur verið farið eftir þessum tengiskilmálum, reglugerð rafveitunnar og öðrum fyrirmælum hennar. Rafverktakinn ber fulla ábyrgð á því beina og óbeina tjóni, sem af slíkri neitun kann að leiða.

4.3. Valvísi og stærð yfirstraumsvarbúnaðar.

- 4.3.1 Tryggja verður valvísi yfirstraumsvarnar í neysluveitu gagnvart yfirstraumsvörn rafveitu, hvort sem hún er í stofnvarkassa, götuskáp eða í dreifistöð. Séu notuð sjálfvirk vör verða þau að vera í straumtakmörkunarflokki 3, samkvæmt ÍST EN 60898.
- 4.3.2 Stærð aðalvara eða yfirstraumsvarnar skal vera í samræmi við stærð heimtaugar.

4.4 Skammhlaupsþol.

- 4.4.1 Fyrir innan afhendingarstað rafveitunnar verður neysluveita a.m.k að vera gerð fyrir eftirfarandi skammhlaupshöggstrauma (fyrsta toppgildi straums í upphafi skammhlaups):

- * Stofnlögn frá afhendingarstað rafveitu til og með síðasta yfirstraumsvari á undan sölumæli 25 kA
- * Rafbúnaður frá síðasta yfirstraumsvari á undan mælitæki til og með greinitöflu 10 kA

Framangreind ákvæði eiga við heimtaugar 315 A og minni. Séu stofnvör stærri, er krafist sérstakrar athugunar hverju sinni.

- 4.4.2 Sjálfvirk kvísl- og greinivör verða að hafa a.m.k. 6 kA rofgetu.

5. Orkusölumælar og stjórnbúnaður.

5.1 Mælatöflur og mælaskápar.

- 5.1.1 Mælatafla eða mælaskápur er rafmagnstafla fyrir mæla og annan stjórnbúnað rafveitunnar eða aðgreint mælahólf í rafmagnstöflu.
- 5.1.2 Nota ber mælatöflur gerðar samkvæmt viðurkenndum stöðlum og skulu þær áður hafa hlotið samþykki rafveitunnar. Um stærð á töflum fyrir mismunandi gerðir, stærðir og fjölda mælitækja skal fara eftir leiðbeiningum rafveitunnar eins og þær eru á hverjum tíma. Við hönnun ber að taka tillit til hugsanlegrar stækkunar og fjölgunar mælitækja, en mælatafla skal rúma a.m.k. einn þrífasa kWh-mæli 10(60) A. Sjá töflu 5.1.2.

Tafla 5.1.2 Minnstu mál á einingu við uppsetningu mæli- og stýritækja. Mál eru í mm.

Tegund mælingar	1 fasa kerfi hæð x breidd x dýpt	3 fasa kerfi hæð x breidd x dýpt
Bein mæling, vör $\leq 63A$	340 x 190 x 150 (240x150x150)*	340 x 190 x 150
Bein mæling, vör $\geq 80A \leq 100A$		410 x 220 x 170
Straumspennamæling		360 x 210 x 170

*) Heimilt er að miða við þessi mál fyrir 1 fasa mæla í sameiginlegum mælatöflum fjölbýlishúsa.

Skammhleypibretti og spennurásavör		210 x 250 x 150
Aflmæling bein eða gegnum straumspenna		360 x 210 x 170
Stýritæki	250 x 110 x 75	280 x 110 x 110

- 5.1.3 Í mælatöflum skal vera nægjanlegt rými fyrir nauðsynleg stjórnæki rafveitunnar (fjarstýriliða, klukkurofa, hjálparliða o.fl.). Stjórnæki skulu ávallt vera staðsett í sömu töflu og viðkomandi mælitæki.
- 5.1.4 Í mælatöflu má ekki staðsetja annan búnað en þann, sem tengist mælitækjum og stjórnbúnaði rafveitunnar.
- 5.1.5 Mælatöflur skulu vera lokaðar.
- 5.1.6 Undirlag mælis skal vera traust og gert til að bera þunga hans. Undirlagið skal vera lóðrétt og vera úr torbrennanlegu efni. Mælt er með stöðluðum verksmiðjuframleiddum mælaspjöldum með stillanlegum festiboltum. Einnig er leyfilegt að nota sléttar plötur úr fiber eða plastefni, sem uppfyllir torbrennanleika og hefur traust hald fyrir sjálfsnittandi festiskrúfur. Slík spjöld séu ekki þynnri en 10 mm. Leita þarf samþykkis rafveitna fyrir hverri tegund eða gerð mælatöflu og mælaspjalds.
- 5.1.7 Hæð að neðri brún mælis frá fullfrágengnu gólfi skal vera mest 1,7 m og minnst 0,8 m.
- 5.1.8 Þar sem fleiri en einn mælir eru á mælatöflu, ber að merkja greinilega við mæla-stæði, tegund notkunar og notkunarstað.
- 5.1.9 Allir orkusölumælur ásamt stjórnbúnaði þeirra skulu að jafnaði staðsettir í aðaltöflu, verði því af hákvæmniástæðum við komið.
- 5.2 *Staðsetning mælatöflu.*
- 5.2.1 Mælatöflur skulu vera á hreinlegum og aðgengilegum stöðum, svo tenging, eftirlit og álestur geti hæglega farið fram. Staðurinn skal einnig vera vel lýstur. Staðsetja skal mælatöflur á þurrum og titringslausum stöðum.
- 5.2.2 Óheimilt er að setja mælatöflur í eldhús, bað- og snyrtiherbergi, þvottahús fjölbýlishúsa, íbúðir fjölbýlishúsa, innréttingar, hlöður og gripahús, rannsóknarstofur, vinnslusali, á mjög heita staði ($\geq 40^{\circ}\text{C}$), í eldsneytisgeymslur og á bruna- og sprengihættustaði. Í vafatriðum ber að leita heimildar rafveitu. Framanritað á einnig við, þegar húsnæði er breytt.
- 5.2.3 Rými framan við mælatöflu skal vera minnst 0,8 m að breidd og dýpt og 2,0 m hátt. Fjarlægð mælatöflu frá hliðarvegg skal vera minnst 5 cm. Ætíð skal vera hægt að opna töfluhurð í 90° a.m.k.
- 5.3 *Mælitæki og tengingar.*
- 5.3.1 Öll mælitæki og búnað til orkusölumælinga leggur rafveitan til og eru þau eign hennar. Hér er um að ræða orku- og aflmæla, mælaspenna, tímarofa, púlslíða (kippliða), fjarstýriliða (móttökuliða), fjarmælitæki og annan nauðsynlegan búnað.
- 5.3.2 Rafveitan annast allt viðhald mælitækja og að þau séu prófuð reglum samkvæmt. Mælitæknileg gæði þeirra skulu uppfylla kröfur, samkvæmt reglugerð um raforkumæla.
- 5.3.3 Rafveitan annast uppsetningu og tengingu orkusölumæla, fjarstýriliða, klukkurofa og annars stýribúnaðar, nema um annað sé sérstaklega samið. Allt annað efni út-

- vegar og tengir hinn löggilti rafverktaki, rafveitunni að kostnaðarlausu. Tryggja skal lóðréttu stöðu mælitækis með hallamáli.
- 5.3.4 Notanda er ekki heimilt að setja upp og fasttengja í neysluveitu sinni hefðbundna kW/kWh-mæla eins og rafveitur nota nema til komi samþykki rafveitunnar. Rafveitu er heimilt að skrá slíka mæla.
- 5.3.5 Sé samtenging á ómældri stofn- eða kvísslögn utan við töflu skal hún vera í sérstöku innsiglanlegu tengiboxi.
- 5.3.6 Sé veita varin með 63 A vörum eða minni, skal mæling vera bein. Straumfara mæla- taugar skulu vera fínþættar 10 mm² Cu. Sé veita varin með 80-100 A vörum, skal haft samráð við rafveituna um það, hvort mæling skuli vera bein eða um straumspenna. Sé bein mæling ákveðin, skulu straumfara mælataugar vera fínþættar 16 mm² Cu. Tengja skal N-taug um mæli og skal þversnið hennar vera jafnt þversniði fasatauga. Heimilt er þó, í stærri mælatöflum, sem staðsettar eru í sameiginlegu rými, að taka sérstaka N-taug frá N-lista að hverjum mæli. Þær N-taugar skulu vera fínþættar 4 mm² Cu og tengistaður á N-lista skal vera innsiglanlegur á viðurkenndan hátt, til dæmis undir innsiglanlegu loki eða hlíf, sem engar aðrar tengingar eða búnaður er undir. Í mælakassa utan á sumarhúsi tengist ein N-taug við mæli enda er mælakassinn innsiglaður.
- 5.3.7 Mælataugar skulu vera í litum: Svört taug að mæli en brún frá mæli. Miðtaug skal vera ljósblá. Sé mæling þrífasa, skulu mælataugar ennfremur merktar með ádregnum plastmerkjum, samkvæmt fasaröðun L1, L2, L3 og N fyrir miðtaug. Mælataugar skulu vera úr fínþættum Cu-vír með ádregnum tengihulsum, sem tengjast tengibretti mælis og öðrum búnaði. Séu ekki sérstakar stýringar fyrir mæla- taugar í mælatöflu, skulu mælataugar hvers fasa heftar saman með plastádragi. Sé mælir settur eftir spennusetningu veitu, skal mælataugum skilað í tengi. Lengd hvorrar taugar, mælt frá þeim fleti sem mælir kemur á, skal vera minnst 10 cm.
- 5.3.8 Þrífasamælar skulu tengdir í réttari fasaröð, L1, L2, L3 og N (RST-0). Skal rafverk- taki haga útdrætti mælatauga í samræmi við framanritað.
- 5.3.9 Mælataugar skulu vera ósamsettar og lagðar skipulega, svo auðvelt sé að rekja legu þeirra og tengingu.
- 5.3.10 Óski orkukaupandi, að orkukaup hans um tvær eða fleiri heimtaugar á sama stað verði sammæld, skal hann leita heimildar rafveitunnar og semja um fyrirkomulag og kostnað við mælinguna. Rafveitan getur einnig óskað eftir sammælingu.
- 5.3.11 Þurfi orkukaupandi á að halda púlgildum fyrir orkunotkun sína, svo og tímamerki meðalálags, t.d. til álagsstýringar, innra uppgjörs eða annarra nota, skal hann leita heimildar og hafa samráð við rafveituna um fyrirkomulag. Veiti rafveitan heimild- ina, leggur hún til milliliða. Fer um gjald fyrir slík tæki samkvæmt gjaldskrá raf- veitunnar, eins og hún er á hverjum tíma. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð vegna bilunar í þessum tækjum.
- 5.3.12 Rafverktaka er heimilt, með samþykki rafveitu, að taka niður mælitæki hennar, sé notkun lokið eða hún færð á aðra mæla. Er honum þá heimilt að rjúfa innsigli á tengibretti mælitækisins. Hann skal hins vegar án tafar, eigi síðar en næsta virkan vinnudag, tilkynna rafveitunni aðgerðina á þar til gerðu eyðublaði og skila mæli- tækinu. Öll önnur færsla eða flutningur mælitækis er óheimill. Aldrei má rjúfa inn- sigli prófunarstofnana, innlendra né erlendra, af húsum mælitækja.

5.4 *Mæling um straumspenna.*

- 5.4.1 Sé veita varin með 125 A vörum eða stærri, skal mæling vera um straumspenna. Rafveitan afhendir hinum löggilta rafverktaka straumspenna með skammhleypu eftirvafi. Hann staðsetur þá samkvæmt nánari fyrirmælum hennar og tengir forvaf.
- 5.4.2 Straumspenna skal staðsetja sem næst á eftir aðalrofa eða kvíslrofa. Þeir skulu þannig settir, að rými sé nægilegt til þess, að auðvelt sé að komast að þeim til tenginga og eftirlits, þó veitan sé í rekstri. Nota skal tengiskinnur þannig að hægt sé að skipta um spenna án þess að losa nema lágmarkstengingar.
- 5.4.3 Allar tengingar straum- og spennurása skulu vera innsiglanlegar.
- 5.4.4 Tengitaugar milli straumspenna og mælitækis skulu vera fínþættir einleiðarastrengir með styrktri einangrun og hver taug hafi varanlega númeramerkingu á kápu frá 1 til 9. Gildleiki tengitauganna skal vera 2,5 mm² Cu, sé tenging straumspenna og mælitækis innan sömu töflu.
- 5.4.5 Rafveita ákveður fyrirkomulag og gildleika tengitauga, séu straumspennar og mælir ekki í sömu töflu.
- 5.4.6 N-taug straumspennamælis skal vera 2,5 mm² Cu fínþættur einleiðarastrengur með styrktri einangrun, ljósblá eða varanlega merkt N á kápu og tengistaður á N-lista skal vera innsiglanlegur á viðurkenndan hátt, til dæmis undir innsiglanlegu loki eða hlíf, sem engar aðrar tengingar eða búnaður er undir.
- 5.4.7 Spennurásir straumspennamælis skulu tengdar skinnulaska (tengiskrúfu P1) straumspennanna.
- 5.4.8 Um annan frágang og tengingu straumspenna við mæla vísast til nánari fyrirmæla rafveitu (skýringarmynda).
- 5.4.9 Sé mæling um straumspenna, er rafveitunni heimilt að krefjast þess, að gert sé ráð fyrir launafllsmæli.
- 5.4.10 Telji rafveitan það æskilegt, getur hún krafist skammhleypibrettis og spennurása-vara. Í slíku tilviki leggur rafveitan búnaðinn til.
- 5.4.11 Notanda er óheimilt að tengja eigin stjórn- og mælitæki veitunnar við eftirvaf straum- og spennuspenna rafveitunnar.

5.5 *Spennufall.*

- 5.5.1 Við aflúttekt til og með 100 kVA má spennufall frá afhendingarstað heimtaugar að mælitæki ekki fara yfir 0,5%, miðað við álag samsvarandi málstraums næsta vars á undan mælitæki. Ef fleiri en einn mælir er í undirtöflu, skal miða við málstraum sameiginlegrar álagsvarnar hinnar ómældu kvíslar.
- Við meiri aflúttekt er leyft hærra spennufall samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aflúttekt	Mesta leyfða spennufall
> 100 kVA, ≤ 250 kVA	1,00 %
> 250 kVA, ≤ 400 kVA	1,25 %
> 400 kVA	1,50 %

6. **Rafmagnsneyslutæki.**

6.1 *Almennt.*

- 6.1.1 Rafmagnsneyslutæki skulu þannig gerð og notuð, að þau hafi ekki truflandi áhrif á aðrar neysluveitur og dreifikerfi rafveitunnar. Leiki vafi á því, hvort tenging neyslu-

tækis geti haft í för með sér ófullnægjandi spennugæði, þ.e.a.s. valdið truflun, skal leita heimildar rafveitunnar.

6.1.2 Í þriggja fasa neysluveitum skal notkun deilt á fasa svo jafnt, sem unnt er.

6.2 *Takmörkun truflandi áhrifa á dreifikerfið.*

6.2.1 Neyslutæki til heimilishalds og svipaðra nota skulu fullnægja ákvæðum ÍST EN 60555 að því er varðar truflandi áhrif á dreifikerfið. Önnur tæki, svo sem tæki notuð í atvinnuskyni eða tæki notuð í landbúnaði má einnig tengja, ef þau standast kröfur um markgildi fyrrnefnds staðals. Þetta gildir á meðan sérstakir staðlar liggja ekki fyrir um þessi tæki.

6.2.2 Neyslutæki, sem standast ekki kröfur staðalsins, má því aðeins tengja við dreifikerfi rafveitunnar, að fengið sé til þess sérstakt leyfi hennar.

6.2.3 Ef svo mörg neyslutæki, sem valda truflun eru í einni neysluveitu að búast megi við truflandi áhrifum hjá öðrum notendum, skal notandi sá sem í hlut á gera ráðstafanir til að takmarka þau áhrif svo þau teljist ekki lengur truflandi. Þetta ber að gera þó svo tækin sem um ræðir fullnægi kröfum greina 6.2.1 og 6.2.2.

6.3 *Rekstur spennuviðkvæmra tækja.*

6.3.1 Þar sem hættu er á truflunum á rekstri spennuviðkvæmra tækja, s.s. tölvubúnaðar, rannsóknartækja og röntgentækja, skal notandi sjálfur gera viðeigandi ráðstafanir.

6.3.2 Til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón á neyslutækjum vegna spennubreytinga eða spennurofs á einum eða fleiri fösnum svo og þegar eðlileg spenna kemst á að nýju, skal notandi sjálfur gera viðeigandi ráðstafanir.

6.4 *Launafl.*

6.4.1 Þéttar til að mæta launafli skulu tengdir og rofnir samtímis viðkomandi neyslutæki eða vera tengdir sjálfvirkum stjórnbúnaði.

6.5 *Tenging úrhleðslulampa.*

6.5.1 Ljós búnaður með úrhleðslulömpum skal fasviksbættur þannig að fasviksstuðull verði eigi lægri en 0,9.

Undanþegnir þessu ákvæði eru úrhleðslulampar á heimilum t.d. lýsing undir eldhússkápum, kappalýsing o.fl.

Einnig er undanþeginn þessu ákvæði ljós búnaður á stöðum með sprengihættu.

6.5.2 Þéttar til að bæta fasviksstuðul lampa mega ekki trufla eða deyfa tóntíðnistýringu rafveitunnar, sbr. grein 6.10.

6.6 *Tenging hreyfla.*

6.6.1 Ræsing hreyfla má ekki valda truflandi spennufalli í kerfinu. Þessu skilyrði er að jafnaði fullnægt ef ræsisraumur einfasa hreyfla fer ekki yfir 20 A og ræsisraumur þriggja fasa hreyfla, sem ræstir eru stöku sinnum, fer ekki yfir 60 A. Sé ræsisraumurinn ekki þekktur, skal gera ráð fyrir að hann verði áttfaldur málraumur hreyfils. Þegar um er að ræða stærri hreyfla, skal áður en tenging er hönnuð, leita samkomulags við rafveitu um þær ráðstafanir sem gera þarf.

6.6.2 Tíðar ræsingar eða breytileg straumtaka má ekki valda truflandi spennuflökti. Séu ræsingar fleiri en ein á hverri klukkustund getur ræsisraumur samkvæmt 6.6.1 verið of hár. Truflanir geta orðið ef þriggja fasa hreyflar eru ræstir einu sinni eða oftar á hverri klukkustund og ræsisraumurinn er meiri en gefinn er í töflu 6.6.2.

Tafla 6.6.2

Fjöldi ræsinga á klukkustund	Ræsisraumur
10	30 A
4	40 A
1	60 A

6.6.3 Rafeindastýring hreyfils má ekki valda truflandi spennubjögum. Stýribúnaður skal byggjast á jafnlægri stýringu, svo að straumur sem tækið tekur og ekki er sínuslagður, sé eins í jákvæðum og neikvæðum riðhelmingum.

6.7 *Tenging rafsuðutækja.*

6.7.1 Til að koma í veg fyrir truflanir í veitum annarra notenda þarf heimild rafveitunnar fyrir notkun rafsuðuspenna með meira en 2 kVA málafli. Tæki, stærri en 2 kVA, mega ekki valda álagi á N-leiðarann, en álag frá tækjum á að dreifast sem jafnast á fasaleiðarana.

6.7.2 Launafli skal mætt þannig, að við 150 A rafsuðustrauum við staðlaða 24 V vinnuspennu, sé aflstuðullinn spankenndur a.m.k. 0,7. Við rafsuðutæki með stillingu niður fyrir 150 A skal reikna launaflið út frá rafsuðumálstraumnum og viðkomandi staðlaðri vinnuspennu þannig, að spankenndur aflstuðullinn fari aldrei niður fyrir 0,7. Tómgangsafli má hæst vera 4,5 kVA.

Ekki þarf að bæta aflstuðul viðnámsrafsuðutækja.

6.7.3 Um rafsuðuvélar gilda sömu reglur og fyrir hreyfla.

6.8 *Tenging rafhitatækja.*

6.8.1 Raforka til hitunar, húshitunar og iðnaðarhitunar, sem seld er eftir rafhitataxta, er háð leyfi rafveitunnar. Leyfi skal bundið nafni notanda og stað notkunar. Tæki skulu fasttengd.

Við umsókn um leyfi til húshitunar skal fylgja útreikningur, er sýni nauðsynlega aflþörf og áætlaða orkunotkun.

6.8.2 Rafveitan getur krafist þess, að hitun sé tengd stjórnúnaði hennar, sem aðlagar hitunarálagið aðstæðum rafveitunnar, eins og þær eru á hverjum tíma. Fara skal eftir fyrirmælum rafveitu um fyrirkomulag stjórnúnaðar.

Rafveitan getur krafist þrífasa tengingar, sé afl hitunar meira en 5,5 kW.

Rofin hitun, 16,5 kW að afli eða meira, komi inn í tveimur eða fleiri þrepum með tímátöf við endurkomu spennu eftir nánari ákvörðun rafveitunnar hverju sinni.

6.9 *Tenging tækja með fásahornsstýringu, afriðun eða riðfjöldastýringu.*

6.9.1 Þegar stýribúnaði og neyslutæki er komið fyrir aðskildum, skal litið á stýribúnaðinn sem hluta hins stýrða neyslutækis.

Mörk þau sem sett eru í ÍST EN 60555 fyrir neyslutæki með riðfjöldastýringu gilda einnig um tæki með rafkrafrænum stýribúnaði, t.d. eldavélarhellur eða bökunarofna með tvímálmisrofum.

Rafmagnsneyslutæki sem samsett eru úr mismunandi einingum teljast leyfileg, ef einstakur hluti sem stýrt er, veldur ekki meiri áhrifum á kerfið en sem nemur takmörkunum samkvæmt ÍST EN 60555, án tillits til annarra hluta tækisins.

Dæmi um tækjahluta sem stýrt er óháð öðrum hlutum sama tækis eru eftirfarandi:

Neyslutæki með fásahornsstýringu:

- Sambyggð þvottavél og þeytivinda með aðskildum hreyflum.

Neyslutæki með riðfjöldastýringu:

- Hitöld eldavélarhellu.

Tafla 6.9.1.(1) sýnir markgildi fyrir uppsett afl við jafnlæga fasahornsstýringu eða afriðun. Rafmagnsneyslutæki fullnægja ÍST EN 60555, ef uppsett afl þeirra fer ekki yfir þau markgildi sem gefin eru þar.

Tafla 6.9.1 (1) Markgildi uppsetts afls við jafnlæga fasahornsstýringu eða afriðun.

Tegund stýribúnaðar	Markgildi uppsetts afls hvers stýrðs neyslutækis í kVA		
	Tenging milli fasa og N-leiðara við 230 V	Tenging milli tveggja fasa við 400 V	Tenging við 3~400/230 V með jafnlægu álagi, með eða án N-leiðara
Stíllar fyrir: Glólampa	1,7	3,3	5,0
Ohmsk eða spankennd neyslutæki (t.d. hreyfla eða úrhleðslulampa)	3,4	6,6	10,0
Óreglaðir afriðlar með rýmdarútfjöfnun (t.d. straumgjafar í hljómfletækjum, tíðnibreytar til hraðastýringar hreyfla)	0,3	0,6	1,0
Reglaðir afriðlar með spanútfjöfnun (t.d. í stýrðum jafnstraumsvélum)	1,0	1,8	3,2

Gildi í töflu 6.9.1 (1) eiga ekki við um húshitunarofna, þar eð fasahornsstýring er ekki leyfð í slíkum tækjum. Þó er leyfð fasahornsstýring, sem er aðeins virk í stuttan tíma (<500 ms) við innsetningu hitatækja, til þess að draga úr innsetningarhöggi. Ójafnlæg fasahornsstýring svo og tæki með einstefnu afriðun eru leyfð með uppsettu afli að 10 W.

Neyslutæki með jafnlægri riðafjöldastýringu fullnægja skilyrðum ÍST EN 60555, ef uppsett afl þeirra er ekki yfir þeim markgildum sem gefin eru í töflu 6.9.1 (2).

Tafla 6.9.1 (2) Markgildi uppsetts afls við jafnlæga riðfjöldastýringu.

Roftíðni í 1/mín	Markgildi uppsetts afls í kW á hverja stýrða einingu neyslutækis *)		
	Tenging milli fasa og N-leiðara við 230 V	Tenging milli tveggja fasaleiðara við 400 V	Tenging við 3~400/230 V með jafnlægu álagi með eða án N-leiðara
≥1000	0,4	1,0	2,0
500	0,6	1,5	3,2
100	1,0	2,4	4,8
10	1,7	4,3	8,7
5	2,3	5,6	11,3
4	2,5	6,0	12,0
3	2,7	6,6	13,3
2	2,9	7,3	14,7
1	3,7	9,2	18,7
<0,76	4,0	10,0	20,0

*) Stýrð eining neyslutækis telst vera það afl sem stýrieining hefur áhrif á, t.d. stýrieining gerð fyrir 2000 W en stýrir (hefur áhrif á) 1800 W eldaveðlarhelli.

Ójafnlæg riðfjöldastýring er leyfð við tæki með allt að 10 W uppsettu afli.

6.10 Tóntíðnistýring.

- 6.10.1 Neysluveita skal þannig gerð, að hún trufla ekki rekstur tóntíðnistýringar rafveitunnar, ella er notanda veitunnar skylt að búa hana tóntíðnisperrum og bera sjálfur af því allan kostnað. Sé tóntíðnistýring rafveitunnar rekin með hærri tíðni en 250 Hz, er notanda skylt að kynna sér ákvæði rafveitunnar, áður en búnaður er ákveðinn. Þetta gildir fyrir veitur, sem valda yfirsveiflum, t.d. rafsuðutæki, afriðla, segulmagnara o.fl., svo og fyrir veitur, sem deyfa tóntíðnispennuna niður fyrir móttökugildi liðanna, t.d. stór þéttavirki o.fl.
- 6.10.2 Tryggja skal, að þéttar, sem raðtengdir eru spanviðnámmum, spennum og spólum, hafi ekki sömu eigintíðni og tóntíðnistýring rafveitunnar.
- 6.10.3 Verði neyslutæki t.d. hljómflytningstæki, ljósdeyfar, sjónvarpstæki, tölvur o.þ.h. fyrir truflunum af völdum tóntíðnistýringar rafveitu, skal notandi sjálfur koma í veg fyrir það með viðeigandi búnaði.
- 6.11 Rekstur virkja, sem nýta burðartíðni.*
- 6.11.1 Öðrum en rafveitunni er óheimilt að nota dreifikerfi rafveitunnar til boðflutnings á burðartíðni.
- 6.11.2 Ef notandi notar sína eigin veitu til slíks flutnings innan síns húsnæðis, ber honum að tryggja, að slíkt trufla ekki aðrar veitur.

Reglur þessar um tæknilega tengiskilmála rafveitna hafa eftirtaldar rafveitur samið og samþykkt sem sjálfstæðan viðauka við reglugerðir sínar:

Hitaveita Suðurnesja	sbr. III. og IV. kafla reglug. nr. 89/1990,
Bæjarveitur Vestmannaeyja	sbr. 16. gr. reglug. nr. 241/1990,
Orkubú Vestfjarða	sbr. II. og III. kafla reglug. nr. 192/1978,
Rafmagnsveita Reykjavíkur	sbr. 11. gr. reglug. nr. 451/1977, með síðari breytingum,
Rafmagnsveitur ríkisins	sbr. 13. gr. reglug. nr. 122/1992,
Rafveita Hafnarfjarðar	sbr. 11. gr. reglug. nr. 177/1939, með síðari breytingum,
Rafveita Akureyrar	sbr. 11. gr. reglug. nr. 458/1979, með síðari breytingum,
Rafveita Reyðarfjarðar	sbr. 11. gr. reglug. nr. 15/1949,
Rafveita Sauðárkróks	sbr. 11. gr. reglug. nr. 8/1950,
Selfossveitur	sbr. 15. gr. reglug. nr. 504/1990,
Akranesveita	sbr. 19. gr. reglug. nr. 665/1995,
Veitustofnanir Hveragerðis	sbr. 17. gr. reglug. nr. 276/1994,
Orkuveita Húsavíkur	sbr. III. og IV. kafla reglug. nr. 647/1995.

Auglýsing þessi, sem er reglugerðarviðauki um tæknilega tengiskilmála fyrir ofangreindar veitur, staðfestist hér með, skv. 27. gr. laga nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 391/1990 um sama efni.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

AUGLÝSING

um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur fagrád í hrossarækt (hrossaræktarnefnd), sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o.fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 414 24. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

10. febrúar 1997

Nr. 131

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Reykjanesbæjar að húsinu Njarðvík II, Njarðvíkurbraut 44, Reykjanesbæ.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnamannvirkjum og fleira, hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að húsinu Njarðvík II, Njarðvíkurbraut 44, Reykjanesbæ.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. laga nr. 22/1932 til að öðlast gildi þegar í stað og gildir í fimm ár frá staðfestingardegi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um skólanefndir við framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja 5 menn: þrír fulltrúar án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum, tveir fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn/-um í viðkomandi landshluta. Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn. Skólameistari kallar skólanefnd saman til fyrsta fundar og stýrir kjöri formanns.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

2. gr.

Með vísan til heimildar í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla eru skólanefndir Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands skipaðar sem hér segir:

- a. Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Menntamálaráðherra skipar 5 menn í skólanefnd skólans til fjögurra ára sem hér segir: Tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og einn án tilnefningar. Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

- b. Vélskóli Íslands: Menntamálaráðherra skipar 5 menn í skólanefnd skólans til fjögurra ára sem hér segir: Tvo samkvæmt tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, tvo samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar.

Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

3. gr.

Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/-um að tveir framhaldsskólar eða fleiri sameinist um eina skólanefnd.

4. gr.

Hlutverk skólanefndar er að:

- a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestum tengslum hans við atvinnu- og menningarlíf,
- b. stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Í því skyni er skólanefnd heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir sem í skulu sitja fulltrúar skóla, launþega og atvinnurekenda,

- c. ákveða ásamt skólameistara námsframboð skóla. Ákvörðunin er háð samþykki menntamálaráðherra,
 - d. samþykkja skólanámskrá skólans að fenginni umsögn almenns kennarafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
 - e. gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir henni,
 - f. gera í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með að henni sé framfylgt,
 - g. gera menntamálaráðherra grein fyrir rekstrarstöðu skólans í febrúar og ágúst ár hvert,
 - h. ákveða upphæð þeirra gjalda sem nemendum er gert að greiða skv. lögum,
 - i. fjalla um samninga sem viðkomandi skóli er aðili að, s.s. samninga við menntamálaráðuneytið, fyrirtæki eða stofnanir,
 - j. staðfesta samninga sem gerðir eru um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma,
 - k. setja reglur um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma og ákveða upphæð gjalds er tekið skal fyrir slík afnot,
 - l. gera tillögur til menntamálaráðherra um ráðningu skólameistara,
 - m. vera skólameistara til samráðs um starfsmannaráðningar við skólann.
- Skólanefnd er heimilt, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar. Menntamálaráðuneytið stendur að þeirri millifærslu að fengnu almennu rekstraryfirliti og upplýsingum um fjölda nemenda frá viðkomandi skóla.
- Skólanefnd getur stofnað sjóði við skólann með sérgreindum fjárhag. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Fráfarandi skólanefnd heldur fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð.

6. gr.

Halda skal gerðabók um skólanefndarfundi og senda skólaráði og menntamálaráðuneyti afrit fundargerða nema þegar um trúnaðarmál er að ræða. Fundargerðir skólanefndarfunda skulu liggja frammi í skólanum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 7. grein laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda á Arngrímsgötu á mótum Guðbrandsgötu og á mótum Arngrímsgötu og Brynjólfsgötu.
Ákvörðun þessi tekur gildi 1. mars 1997.
2. Hægri beygja verði bönnuð úr Pósthússtræti í Hafnarstræti, nema fyrir leigubíla.
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.
3. Langirimi verði lokaður við hús nr. 21, nema fyrir SVR, lögreglu, sjúkra- og slökkvilið.
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. febrúar 1997.

Böðvar Bragason,
e.u.
Sturla Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

3. málslíður 5. gr. orðist svo: Verðmætastuðull fyrir úthafskarfa skal í þessu sambandi vera 67% af verðmætastuðli þess karfa, sem úthlutað er með stoð í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Í stað „18. febrúar“ í 2. málslíð 6. gr. komi: 25. febrúar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).

Gildir frá 1. mars 1997.

I. KAFLI

Talsími.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hvert númer í símstöð og línu kr. 10 645,00
Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.
Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Pósti og síma hf. hverju sinni.
Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið. Póstur og sími hf. setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símstöð og línu er kr. 1 600,00 fyrir heimili og kr. 3 200,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.

Þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi. Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.

Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalinn sjálfvirk notkun fyrir kr. 1 328,00 (400 skref), nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama gjaldsvæði, þar er notkun fyrir kr. 664,00 (200 skref) innifalinn í fastagjaldinu. Fyrir umframnotkun greiðist samkvæmt II. kafla eða sérstöðum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalinn notkun við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

3. Einkasímstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu fyrir notendur einkasímstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í þær.

Einkasímstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallinum.

- 3.1. Innval.
- 3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.
Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.
- 3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.
- 3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallinum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 64 000,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðist þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval.
Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.
- 3.2. PBX-tenging.
Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línunum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.
Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línunum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.
- 3.3. Talningar til notenda.
Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1. Línur frá einkasímstöð.		
4.1.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	8 927,00	
4.1.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	8 491,00
4.1.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvar- svæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	12 139,00
4.2. Þverlínusambönd.		
4.2.1. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvar- svæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	7 370,00
4.2.2. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	9 219,00
4.2.3. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	11 056,00

- 4.2.4. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.

5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer kr. 5 322,00

Flutningsgjald greiðist að fullu, þó sími sé fyrir í húsi sem flutt er í.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé sími fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 5. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækji um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.

Félagið getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 2,22 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,11 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir rétthafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef grænu númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í grænt númer greiðir ekkert.

	Kr.
7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00

Innhringingum í græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

- Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.
- 8.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.
 - 8.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símtöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.
 - 8.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.
 - 8.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar. Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.
 - 8.2. Um eftirtaldir þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.
 - 8.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
 - a) Öll símtöl flutt.
 - b) Þegar númerið er upptekið.
 - c) Þegar ekki er svarað.

Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.
 - 8.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað.
 - 8.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
 - 8.2.4. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
 - 8.3. Um eftirtaldir þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.
 - 8.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - 8.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - a) Hringing samstundis.
 - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
 - 8.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.
 - 8.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.
 - 8.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

9. Fundarsími.

Símnotendur hafa aðgang að fundarsímaþjónustu, án þess að gera til þess sérstakar ráðstafanir og greiða því hvorki stofngjald né fast afnotagjald. Á sama símafundi geta verið allt að 10 þátttakendur og koma þeir sér saman um sérstakt aðgangsorð fyrir fundinn.

- 9.1. Hver fundarmaður greiðir fyrir aðgang að fundinum kr. 3,32 við svar og síðan kr. 9,96 fyrir hverja mínútu sem fundurinn stendur.

10. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstrar- aðilans (SP).

- 10.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímtöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 3 200,00. Greitt er fyrir hverja línu.

- 10.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 6 400,00.
- 10.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatalinga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútgjald og skipting er eftirfarandi:

Flokkur	Mínútgjald kr.	Hluttur P&S kr.	Hluttur SP kr.	Hluttur SP í %
I	12,45	6,22	6,23	50,0
II	16,60	8,30	8,30	50,0
III	24,90	11,20	13,70	55,0
IV	39,84	15,30	24,54	61,6
V	66,38	21,17	45,21	68,1

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma hf.

11. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Réttihafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

- Öll símtöl
- Öll símtöl önnur en staðarsímtöl
- Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

11.1. Ársfjórðungsgjald	kr. 187,00
11.2. Gjald pr. símtal.....	kr. 1,25

12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Lánssímagjald í allt að 3 mánuði:

Heimilissímar	kr. 5 148,00
Atvinnusímar	kr. 6 748,00

Lánssímagjald í allt að 6 mánuði:

Heimilissímar	kr. 10 297,00
Atvinnusímar	kr. 13 497,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalinn í afnotagjaldi, og skal lánssímagjald greitt við úthlutun.

Ef lánssímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 6 mánuði.

Ef lánssíma er breytt í almennan síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardegi lánssímans en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem lánssíma er breytt í almennan síma.

II. KAFLI Símtalagjald.

1. Sjálfvirk símtöl innanlands.

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirk er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

- 1.1. Staðarsímtöl.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 1,11 á mínútu (180 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 0,55 á mínútu (360 sek. í skrefi).
- 1.2. Langlínusímtöl.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 4,15 á mínútu (48 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 2,07 á mínútu (96 sek. í skrefi).
Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.	
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.	
- 1.3. Símtöl í NMT-farsímakerfið.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).
- 1.4. Símtöl í GSM-farsímakerfið.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).
Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.	
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.	
- 1.5. Uppköll í boðtæki.
 - 1.5.1. Almenn boðtæki kr. 9,96 hvert boðkall (3 skref).
 - 1.5.2. Einkaboðtæki kr. 39,83 hvert boðkall (12 skref).
 - 1.5.3. Stafaboðtæki.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 hvert uppkall.
Tímagjald	kr. 66,38 á mínútu (3. sek. í skrefi).
- 1.6. Þjónustunúmer Pósts og síma.
 - 1.6.1. Upplýsingaþjónustan í 114.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).
 - 1.6.2. Upplýsingaþjónustan í 118.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 39,83 á mínútu (5 sek. í skrefi).
 - 1.6.3. Klukkan 155.

Fyrir hvert uppkall	kr. 9,96 (3 skref).
---------------------------	---------------------
 - 1.6.4. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
3.1. Innan sama gjaldsvæðis.....	26,00	9,00
Milli gjaldsvæða.....	45,00	15,00
Við farsíma.....	75,00	25,00
3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.		
3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.		
3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útbuðarsvæði símsstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaþóunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.		
3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00.		

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.		
	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Tíðnisvið		
Metrabylgja (VHF)	112,00	37,00
Millibylgja (MF)	138,00	46,00
Stuttbýlgja (HF)	190,00	64,00
4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.		
	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Tíðnisvið		
Metrabylgja (VHF)	128,00	43,00
Millibylgja (MF)	154,00	51,00
Stuttbýlgja (HF)	207,00	69,00
4.3. Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.		
4.4. Fyrir radíósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:		
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.		
b. Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.		
c. Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3 grein.		

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

III. KAFLI Samnet (ISDN).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:

Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hverja grunntengingu kr. 26 612,00
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skal þó draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Ekki skal draga nema eitt stofngjald fyrir almennan síma frá fyrir hverja grunntengingu.
- 1.2. Fyrir hverja stofntengingu kr. 266 119,00
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálf t stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Ef grunntengingu er breytt í stofntengingu innan árs frá fyrstu tengingu ganga áður greidd stofngjöld upp í stofngjald fyrir stofntengingu.
- 1.3. Stofngjald fyrir ferjald sem er innbyggt í netendabúnaði er kr. 15 563,00.

Ef boðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttrar byggðar þar sem jarðsíma-kerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu kr. 6 910,00
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu kr. 69 098,00
Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásir í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.
- 2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla. Fyrir hvert uppkall sem ekki heppnast milli tveggja samnetsnotenda greiðist uppkallsgjald kr. 1,66.
Ekki er nein notkun innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

- 3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.
- 3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækir um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Stofntenging skoðast í þessu tilfalli sem 30 númer.
- 3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:
Símtal bíður, Viðmælandi „geymdur“, Símtalavíxl, Símtalsflutningur (öll símtöl), Vakning, Endurval, Skammval, Bein lína, Læsing og Sundurliðun símtala.
Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

- 4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:
 - 4.1.1. Númerabirting (CLIP).
 - 4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.
- 4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:
 - 4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
 - 4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
 - 4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukannúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukannúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.
 - 4.2.4. Beint innval. Fyrir þessa þjónustu greiða notendur stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.
 - 4.2.5. Afmarkaður notendahópur.
Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.
Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1 587,00.
Skráningargjald er kr. 778,00 sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.
 - 4.2.6. Merkjasetning milli notenda.
Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:

Grunntenging	kr. 15 780,00
Stofntenging	kr. 157 800,00
Tenging með beinu innvali	kr. 180 743,00

Tenging í allt að 6 mánuði:

Grunntenging	kr. 31 561,00
Stofntenging	kr. 315 610,00
Tenging með beinu innvali	kr. 361 486,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða 1/1 stofngjald kr. 21 375,00 fyrir grunntengingu og kr. 213 750,00 fyrir stofntengingu auk afnotagjalda.

Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Þegar um er að ræða tengingu með beinu innvali eru engin skref innifalinn.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

IV. KAFLI Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfíð er hægt að leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfíð og koma þannig sendingu í hólfíð. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 623,00.
- 1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
- 1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf er kr. 374,00.
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau. Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir rétthafi hólfins samsvarandi gjald, þ.e. kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið. Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir rétthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

V. KAFLI Telexþjónusta. 1. Stofngjald.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	19 036,00
1.2. Bæjarlína.....	4 756,00
1.3. Viðtökugjald fyrir telexnúmer	4 600,00
1.4. Flutningsgjald fyrir telexnúmer.....	9 518,00
1.5. Breyting á telexheiti	2 446,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

	Kr.
2.1. Númer í telexstöð	2 646,00
2.2. Bæjarlína.....	797,00

3. Gjald fyrir telexritanir.

- 3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.
- 3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálftraðboðagjald kr. 156,00.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og hálftraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalaskjól.
- 1.6. Afhending símskeyta.
 - 1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
 - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
 - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
 - 1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
- 1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.
- 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:
 - a. Grunnjald fyrir hvert skeyti kr. 82,00.
 - b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.
 Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.

- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Pósts og síma hf. er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukapjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
 - 4.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
 - 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
 - 4.1.3. Mínútagjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
 - 4.2.1. Símnafni á ári kr. 822,00.
 - 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
 - 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

5. Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfræstur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

VII. KAFLI

Sambönd.

Póstur sími hf. starfrækir almenna fjarskiptapjónustu um land allt. Félagið leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póstur og sími hf. hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærrí tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbands mótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfræstur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádragnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7.
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Pósti og síma hf. hverju sinni.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfis km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1. Tallína.....	928,00	1 482,00
2.1.2. Lína fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s.	1 164,00	1 868,00
2.1.3. Lína fyrir hraða 48-64 Kb/s.		
Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		11 000,00
Gjald fyrir hvern km.		2 054,00
2.1.4. Lína fyrir hraða 128 Kb/s.		
Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		13 204,00
Gjald fyrir hvern km.		2 474,00
2.1.5. Lína fyrir hraða 256 Kb/s.		
Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		16 500,00
Gjald fyrir hvern km.		3 390,00
2.1.6. Lína fyrir hraða 512 Kb/s.		
Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		19 799,00
Gjald fyrir hvern km		4 109,00
2.1.7. Lína fyrir hraða 2 Mb/s.		
Gjald fyrir hvern enda		38 499,00
Gjald fyrir hvern km.		8 217,00
Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		14 915,00
2.1.8. Fjarstýringarlína	928,00	1 482,00
2.1.9. Ritsímalína í tónritsíma		479,00
2.1.10. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.8. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línur innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.		
2.1.11. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.		
2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:		
2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við símstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli símstöðva. Auk þess er tekið gjald fyrir línu milli notanda og viðkomandi símstöðvar.		
		Kr.
Gjald fyrir hvern enda, eða úttak		28 100,00
Gjald fyrir hvern km.		293,00
2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í símstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast		

langlínugjald, sem samvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða eða innan gjaldsvæðis. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

- 2.2.3. Fyrir línur á mismunandi bitahraða er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0-4800	1,10
A2	4801-9600	1,21
A3	9601-19200	1,43
A4	48000-64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

- 2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi talínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.
- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

VIII. KAFLI

Sjónvarps- og hljóðvarpsflutningur.

Póstur og sími hf. annast flutning sjónvarps og hljóðvarps innanbæjar og milli staða. Flutningurinn fer fram á dagskrárlínunum í fjarskiptakerfinu og er einátta, nema annað sé tekið fram. Þegar stutt er á milli endapunkta er mögulegt að flytja hljóðvarpsmerki

á grunnlínu. Sama gjaldskrá gildir fyrir flutning hvort sem hann fer fram á notendalínu eða langlínu. Gjald fyrir flutning er mismunandi eftir gæðum þess merkis, sem skilað er og er miðað við alþjóðlega staðla*. Með flutningi sjónvarps fylgir ein mónó hljóðvarpsrás án gjalds. Sérstakt gjald gildir fyrir flutning fleiri hljóðvarpsrása á leiðum, þar sem sjónvarpsflutningur er fyrir hendi, en með því skilræði að tæki fyrir hljóðmerkið rýmist í endabúnaði sjónvarps.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald ákveðst af Pósti og síma hf. hverju sinni. Við ákvörðun stofngjalds skal taka tillit til þess hvort setja þurfi upp nýjar leiðir fyrir flutning merkjanna.

2. Afnotagjald.

2.1.	Fast afnotagjald í kr. á ársfjórðungi er sem hér segir. Línulengdir eru reiknaðar í heilum km en lágmarksgjald miðast við 2 km.	Kr.
2.1.1.	2 víra dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km. ...	3 816,00
2.1.2.	4 víra dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km. ...	6 525,00
2.1.3.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	31 057,00
	Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km	1 276,00
	Fyrir hvern km umfram 6 km	410,00
2.1.4.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
	Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km.	2 123,00
	Fyrir hvern km. umfram 6 km.....	820,00
2.1.5.	Stafræn dagskrárlína fyrir sjónvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
	Að auki fyrir hvern km.	4 803,00
2.1.6.	Auka mónó hljóðvarpsrás sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
	Fast gjald fyrir hvern sendianda	4 498,00
	Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	1 795,00
	Að auki fyrir hvern km.	351,00
2.1.7.	Auka stereó hljóðvarpsrás, sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
	Fast gjald fyrir hvern sendianda	6 027,00
	Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	2 993,00
	Að auki fyrir hvern km.	410,00

3. Flutningur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir flutning sjónvarps og hljóðvarps í skamman tíma í einu, þ.e.a.s. í minna en 3 mánuði. Leigutíma ber að tilgreina við pöntun. Stofngjald er ekki tekið, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.1. til 2.1.4. í notendakerfi greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/8 af ársfjórðungsgjaldi þ.m.t. af fasta gjaldinu. Fyrir hvern byrjaðan sólar-

* Fyrst um sinn er einungis boðinn sjónvarpsflutningur sem samsvarar gæðum 4. þreps í 5 þrepa mælikvarða, þegar mælt er samkvæmt aðferðum staðalsins ITU-R BT.500.

- hring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 á sólarhring umfram 10 sólarhringa.
- 3.1.2. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.5. til 2.1.7. greiðist eftirfarandi:
- | | Kr. |
|---|-----------|
| Tengigjald fyrir sjónvarp (ein mónó hljóðvarpsrás innifalin) | 16 478,00 |
| Gjald pr. mínútu | 162,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km. | 29,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur | 14,00 |
| Viðbótar tengigjald fyrir hverja mónó eða stereó hljóðvarpsrás, sem send er af sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum | 2 490,00 |
| Gjald pr. mínútu fyrir hverja slíka rás | 16,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km fyrir hverja slíka rás | 3,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km umfram 30 mínútur fyrir hverja slíka rás ... | 2,00 |
- 3.1.3. Tengigjald er einungis tekið einu sinni, ef flutningur sjónvarps eða hljóðvarps á sér stað oftari en einu sinni innan sama sólarhrings milli sömu staða. Ef tengigjald er fellt niður af þessum ástæðum er lágmarkslengd hverrar sendingar 10 mínútur.

IX. KAFLI

Símaskráin.

Póstur og sími hf. gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póstur og sími hf. ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á pósthöfðum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstítl og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.

Póstur og sími hf. ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrá má aukanoefn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.

Aukalínur undir fyrirtækjaheitum með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

- a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
- b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
- c) tilkynning um beint innval
- d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
- e) heimilisnúmer starfsmanna
- f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
- g) eftir lokun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

	Kr.
1.1. Breytt letur í skrá, hver lína	436,00
1.2. Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukahiiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	436,00
1.3. Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína	255,00
1.4. Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína	872,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Pósti og síma hf. er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

X. KAFLI

Þjónusta um radióstöðvar.

1. Viðskiptagjöld.

- 1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla II. 4. hér að framan.
- 1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.
- 1.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum. Vegna radióstöðva, sem komið er
upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða
eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1-5 báta	193,00
Fyrir 6-15 báta	355,00
Fyrir 16-30 báta	504,00
Fyrir 31 bát og fleiri	672,00
- 1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póstur og sími hf. veitir
ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásam, skal greiða daggjald kr. 355,00 enda
sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
 - 1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 672,00.
 - 1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð
afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvarþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-
kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 96,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	355,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	529,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	703,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	965,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma hf., og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega. Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

XI. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða breytingar á þjónustu, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og á afgreiðslustöðum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaut að koma fyrir strengjum og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póstur og sími hf. ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum í eigu Pósts og síma hf. nema með heimild félagsins. Öll slík verk framkvæmir félagið eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn félagsins hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum sem eru í eigu þess.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Pósts og síma hf. er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnunum.
Óheimilt er að tengja notendabúnað við kerfi Pósts og síma hf. nema að hann sé samþykktur af Póst- og fjarskiptastofnun.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu ber notanda þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póstur og sími hf. ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Pósts og síma hf. á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póstur og sími hf. tekur ekki á sig neina ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandsstöðvum eða annarra ástæðna.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum föst afnot talsímakerfisins nema með leyfi Pósts og síma hf.
- 1.9. Pósti og síma hf. er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi félagsins hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirka símkerfisins, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.10. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Pósts og síma hf., getur félagið krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

- 1.11. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu félagsins hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Pósts og síma hf. vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Gjaldldagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póstur og sími hf. skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjaldldagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjaldldaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Heimilt er að gera fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar, sbr. 37. gr. laga nr. 143/1996, um fjarskipti.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjaldldagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir endurofnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjaldldaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 143/1996 um fjarskipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og öðlast gildi 1. mars 1997. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. mars 1997 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 624 6. desember 1996.

Samgönguráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, með breytingu skv. reglugerð nr. 539/1993.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað laganúmersins „51/1968“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 145/1994.
- b) Í stað orðanna „3. gr. laga nr. 51/1968“ í 2. mgr. kemur: 2. og 3. gr. laga nr. 145/1994.

2. gr.

Í stað orðanna „3. gr. laga nr. 51/1968“ í 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 2. og 3. gr. laga nr. 145/1994.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett (áprentuð númer) í samfelldri töluröð. Við útgáfu reiknings skal hann jafnframt bera nafn, kennitölu og skráningarnúmer seljanda.

4. gr.

Ný grein bætist við reglugerðina sem verður 5. gr. A með fyrirsögninni „Gíróseðlar“ og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er þeim sem falla undir 3. mgr. 3. gr. heimilt að nota gíróseðla í stað sölureikninga. Gíróseðlarnir skulu vera fyrirfram tölusettir í samfelldri töluröð og uppfylla önnur skilyrði um form og efni sölureikninga, en þó er nægilegt að þeir séu í tvíriti. Seljandi skal varðveita afrit í réttri töluröð.

Við útgáfu gíróseðla skal gera söluuppgjörslað yfir útgefna seðla og það áritað af ábyrgum starfsmanni fyrirtækisins. Á söluuppgjörslaði skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um hvern einstakan gíróseðil:

- a) Útgáfudagur.
- b) Númer.
- c) Heildarfjárhæð ásamt fjárhæð virðisaukaskatts.
- d) Nafn og kennitala viðskiptamanns.

Söluuppgjörslað skv. 2. mgr. skal liggja til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi.

Varðveita skal yfirlit frá banka yfir innborgaða gíróseðla eins og önnur fylgiskjöl. Innborgunaryfirlit frá banka skal vera grundvöllur færslna á viðskiptamannareikning. Jafnframt skal varðveita gögn frá prentsmiðju eða banka sem sýna hvaða númerahópur hefur verið prentaður af gíróseðlum hverju sinni.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðanna „8. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968“ í 4. mgr. kemur: 2. tölul. 4. mgr. 10. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994.
- b) Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Smásöluverslunum og þjónustusölum, sem um ræðir í 1. mgr., er skylt að gefa út kvittun skv. 7. gr. við sölu á gjafakorti. Á kvittun skal auk þess sem segir í 7. gr. koma fram hver gjafþegi er og að innborgun sé vegna gjafakorts. Þegar úttekt á vöru eða þjónustu samkvæmt gjafakorti er valkvæð þannig að ekki er ljóst undir hvaða skatt- hlutfall væntanleg úttekt fellur skal miða skatthlutfall við 24,5%. Við afhendingu á grundvelli gjafakorts skal gefa út sölureikning þó að seljandi skrái tekjur sínar í sjóðvél. Seljandi skal varðveita afrit eða samrit kvittana og reikninga ásamt mótteknum gjafakortum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a) Við 4. tölul. 1. mgr. bætast orðin: og stöðu teljarans við hvert söluuppgjör.
- b) Við 2. másl. 4. mgr. bætast orðin: og þannig útbúið að ekki sé hægt að breyta einstökum færslum er áður hafa farið fram.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sem valda aðila verulegum vandkvæðum eða óhagræði af að skrá sölu sína í sjóðvél eða á fyrirfram tölusetta sölureikninga, getur ríkisskattstjóri heimilað honum að nota annað söluskráningarkerfi en kveðið er á um í 3. - 9. gr. eða að víkja frá einstökum ákvæðum þessara greina, enda sýni aðili fram á notkun á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Meðal annars getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að færa sölu sína eftir sérstökum söluyfirlitum greiðslu- kortafyrirtækja, eftir skjölum sem flutt eru á milli tölva og eftir staðgreiðslusölulistum eða staðgreiðslusöluyfirlitum, sbr. nánar 2. og 3. mgr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a) Á eftir orðunum „gegn greiðslukorti“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: „(3) lánssala og (4) mismunur á skráðri sölu á uppgjörstrimli sjóðvélar og talningar úr sjóðvél ásamt skýringum á þeim mismun.“
- b) Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Komi fram mismunur á skráðri sölu á uppgjörstrimli sjóðvélar og talningar úr sjóðvél, sbr. 1. mgr., skal miða skatthlutfall fjárhæðarinnar við meðaltalshlutfall innheimts virðisaukaskatts viðkomandi dags, enda sé ekki vitað til hvaða skatthlutfalls fjárhæðin tilheyrir. Ef mismunur er óvenju mikill og verður til vegna sérstakra aðstæðna skal miða skatthlutfall fjárhæðarinnar við meðaltalshlutfall síðasta uppgjörstímabils.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

- a) Á eftir orðinu „kreditreikninga“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: „ frumrit gíróseöla.“
- b) Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá geta samrekstraraðilar sem halda sameiginlegt bókhald skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, fært innskatt eftir sérstakri sundurliðun að réttri tiltölu í viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers aðila.
- c) Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skjöl úr tekjuskráningarkerfi, sem fengið hafa samþykkt ríkisskattsjóra skv. 10. gr. geta legið til grundvallar færslu á innskatti í bókhaldi, önnur en greiðslufirlit greiðslu-kortafyrirtækja.

10. gr.

1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tekjufærsla skal byggð á samritum af útgefnum sölureikningum, sbr. 3. - 5. gr. og/eða söluuppgjörsblaði skv. 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. A gr. og 1. mgr. 12. gr., eða gögnum úr tekjuskráningarkerfi sem aðili hefur fengið heimild fyrir, skv. 10. gr., svo og færslum í undirbók skv. 11. gr.

11. gr.

Við 21. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að halda opinberum þjónustugjöldum, sem greidd eru í tengslum við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, fyrir utan skattverð sem útlögðum kostnaði, þótt frumrit reiknings sé skráð á seljanda og kaupandi fái ekki frumrit reiknings í hendur, enda sé kaupandi endurkrafinn um kostnaðinn án nokkurs álags eða þóknunar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðanna „sem ekki eru bókhaldsskyldir skv. lögum nr. 51/1968“ í 1. másl. kemur: sem undanþegnir eru skyldu til færslu tvíhliða bókhalds.
- b) 2. másl. fellur brott.

13. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skattaóilar skulu geyma bókhald sitt, bókhaldsfylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur. Þó skal ávallt varðveita bókhaldsgögn vegna byggingar, viðhalds og endurbóta fasteigna jafnlengi og leiðréttingarskylda varir, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Ákvæði í lögum og reglugerð um bókhald varðandi geymslu gagna sem varðveitt eru á tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, gilda um bókhald virðisaukaskatts-skyldra aðila eftir því sem við getur átt.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 21., 23. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 14. febrúar 1997.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi.

1. gr.

Menntamálaráðherra getur veitt skólum á framhaldsskólastigi sem reknir eru af einkaðilum eða samtökum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla enda miðist starfsemi þeirra við að:

- a. veita nemendum undirbúning til starfa í atvinnulífinu,
- b. að starfrækja nám á framhaldsskólastigi, annaðhvort heildstætt nám skv. aðalnámskrá, eða hluta þess.

2. gr.

Viðurkenning er veitt skriflega og þar skal lýst þeim skilyrðum sem sett eru sbr. 3. grein. Viðurkenningu skal veita til tiltekins tíma og er starfsemin háð eftirliti menntamálaráðuneytisins. Viðurkenning á starfsemi einkaskóla felur ekki í sér framlag til starfseminnar af almannafé. Ráðuneytið metur starfsemina út frá þeim skilyrðum sem sett eru í hverju tilviki skv. bréfi eða samningi. Þeim aðila er ábyrgð ber á rekstri viðurkennds einkaskóla er skylt að senda menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans þegar óskað er. Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu ef rekstraraðili uppfyllir ekki sett skilyrði.

3. gr.

Skilyrði þess að einkaskóli geti hlotið viðurkenningu eru:

- a. að námið sé skipulagt sem a.m.k. einnar annar heildstætt nám,
- b. að inntökuskilyrði hafi verið skilgreind.

4. gr.

Með umsókn um viðurkenningu skulu m.a. eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- a. lýsing á markmiðum námsins og námslokum, þ.e. lýsing á stöðu nemanda þegar hann hefur lokið náminu,
- b. námskrá sem lýsir innihaldi námsins svo og skipulagi, bæði bóklegu og verklegu,
- c. lýsing á tilhögun námsmats,
- d. lýsing á aðstöðu, þ. e. húsnæði og búnaði,
- e. upplýsingar um stafsmenn,
- f. upplýsingar um að fjármögnun viðkomandi stofnunar sé tryggð.

5. gr.

Einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum af almannafé. Alþingi ákveður framlög ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verk-samningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um greiðslu fjárframlaga svo og annarra skilyrða sem framlagið er háð að mati samningsaðila.

6. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

um almenna kennarafundi í framhaldsskólum.

1. gr.

Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, skipulag starfstíma skólans á önn/hverju ári, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað umsagnar kennarafundar um önnur mál, þ.á m. um ráðningu í stjórnunarstörf við skólann. Kennarafundur getur haft frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólanefndar og/eða skólaráðs.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

2. gr.

Halda skal kennarafund eigi sjaldnar en tvisvar á önn. Skólameistari boðar til fundarins. Skyld er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

3. gr.

Kennarafundi skal halda innan dagvinnumarka á starfstíma skólans og skal til þeirra boðað með a.m.k. tveggja daga fyrirvara og dagskrá. Allir kennarar sem starfandi eru við skólann eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál.

4. gr.

Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og óðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa.

1. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsskóla. Hann hefur reglulegt eftirlit með starfi þeirra og fylgist með að það sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.

2. gr.

Menntamálaráðherra fylgist með því að skólar leggi reglulega mat á starfsemi sína og sér um að utanaðkomandi aðilar geri á fimm ára fresti úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Menntamálaráðherra lætur, að eigin frumkvæði eða að ósk framhaldsskóla, fara fram úttekt á starfsemi skóla svo oft sem hann telur þörf á. Slík úttekt getur bæði tekið til faglegra og fjárhagslegra þátta og miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla.

Sem lið í eftirliti með starfi framhaldsskóla getur menntamálaráðherra látið fara fram könnunarpróf í einstökum námsgreinum sem kenndar eru á framhaldsskólastigi, m.a. í þeim tilgangi að afla upplýsinga um námsárangur og námsstöðu nemenda.

3. gr.

Menntamálaráðherra hefur eftirlit með því að það námsefni sem notað er í framhaldsskólum sé í samræmi við markmið aðalnámskrár og teljist uppfylla gæðakröfur að mati fagaðila er menntamálaráðherra tilnefnir. Eftirlit með námsefni felst m.a. í úttekt eða könnun á námsefni í tilteknum námsgreinum eða í einstökum skólum.

4. gr.

Ef í ljós kemur, að undangengnu mati eða að fengnum öðrum upplýsingum, að starfsemi framhaldsskóla er í einhverju efni ábótavant tilkynnir menntamálaráðherra það skólameistara og skólanefnd formlega með fyrirmælum um að úr verði bætt innan tiltekins tímafrests. Tillögur skólameistara og skólanefndar um úrbætur skulu berast menntamálaráðherra til samþykktar innan tilgreinds tímafrests. Menntamálaráðherra hlutast til um að skólar fái ráðgjöf eftir því sem þörf krefur og fylgist með að úr sé bætt í samræmi við samþykktar tillögur.

5. gr.

Menntamálaráðherra sér til þess að starfsmönnum skóla standi til boða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa. Slík ráðgjöf getur falist í námskeiðum fyrir einstaka starfsmenn framhaldsskóla eða skólann í heild, aðstoð sérfræðinga sem vinna tímabundið í framhaldsskólum eða samningi við stofnun sem sinnir verkefnum á þessu sviði í þágu framhaldsskóla.

6. gr.

Menntamálaráðherra fylgist reglulega með því að framhaldsskólar hafi, að hans mati, fullnægjandi aðstöðu varðandi húsnæði og búnað. Skólanefnd og skólameistari skulu gera grein fyrir ástandi húsnæðis og búnaðar þegar menntamálaráðherra óskar. Menntamálaráðherra lætur gera úttektir á fasteignum og búnaði framhaldsskóla eftir því sem hann telur þörf á.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr., sbr. 23. gr., laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um skólaráð við framhaldsskóla.

1. gr.

Skólaráð starfa við framhaldsskóla. Kosið skal til skólaráðs við upphaf hvers skólaárs. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar kennara, kjörnir á fyrsta almenna kennarafundi skólaársins. Nemendaráð kys tvo fulltrúa í skólaráð. Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri sitja í skólaráði. Starfi öldungadeild við framhaldsskóla skulu fulltrúar nemenda við þær sitja fundi skólaráðs þegar málefni þeirra eru á dagskrá. Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess.

Beri engir starfsmenn framhaldsskóla starfsheitið aðstoðarskólameistari eða áfanga-
stjóri taka þeir sem gegna sambærilegum störfum sæti í skólaráði.

2. gr.

Skólaráð:

- a. er skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans,
- b. fjallar um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar,
- c. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda,
- d. veitir umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað,
- e. fjallar um mál sem varða einstaka nemendur. Með slík mál skal farið sem trúnaðarmál.

3. gr.

Skólaráð getur vísað erindum sem það hefur fjallað um, ásamt umsögn, til skóla-
nefndar, kennarafundar eða nemendaráðs.

Rísi ágreiningur í skólaráði skal leitast við að jafna hann og reyna að ná niðurstöðu
án þess að greiða þurfi atkvæði. Komi til atkvæðagreiðslu um mál ræður afl atkvæða. Falli
atkvæði jöfn ræður atkvæði skólameistara.

4. gr.

Skólaráð starfar á starfstíma skóla, en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma
beri brýna nauðsyn til. Skólameistari boðar til funda. Skylt er að kalla saman fund ef tveir
eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Halda skal gerðabók um skólaráðsfundi og skulu fundargerðir liggja frammi í skól-
anum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf á framhaldsskólastigi.

1. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsskóla og ber ábyrgð á öflun upplýsinga um skólahlald og skólastarf á framhaldsskólastigi, úrvinnslu slíkra upplýsinga og miðlun þeirra til Alþingis, stofnana innanlands og utan og almennings.

Kerfisbundinni söfnun upplýsinga um skólahlald er m. a. ætlað að leggja grunn að mati á skólastarfi og eftirliti með því.

2. gr.

Þegar menntamálaráðherra óskar, er skólameistara og skólanefnd framhaldsskóla skylt að gera menntamálaráðherra grein fyrir skólahlaldi í skóla sínum og hafa þær upplýsingar á tölvutæku formi.

3. gr.

Menntamálaráðherra sér til þess að fyrir liggi m.a. upplýsingar um eftirtalda þætti:

- a. *Nemendur*: Fjöldi nemenda í framhaldsskólum, aldur þeirra, kyn og dreifingu á námsbrautir og skóla.
- b. *Námsferill og árangur*: Námsgengi, brottfall, niðurstöður lokaprófa og samræmdra lokaprófa.
- c. *Innra starf skóla*: Námsgreinar, kennslumagn, námsgögn, skólanámskrá, mat á skólastarfi, starfstími, sérkennsla.
- d. *Aðstaða*: Húsa- og tækjakostur.
- e. *Fjármál*: Kennslukostnaður, rekstrarkostnaður, sértekjur.
- f. *Starfsfólk*: Fjöldi, starfsheiti, menntun, starfsferill, stöðuhlutfall, aldur, starfsaldur og kyn.

Við söfnun og dreifingu upplýsinga skal gæta ákvæða laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. grein laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

11. febrúar 1997

Nr. 142

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Suðurnesja.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Suðurnesja.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarfélaga:
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr.
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis.
Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps.
Iðnsveinafélag Suðurnesja.
Vélstjórafélag Suðurnesja.
Bifreiðastjórafélagið Keilir.
 Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.2. Heimilt er launamanni á starfssvæði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, enda þótt hann sé ekki félagi í ofangreindum stéttarfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknað frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.
- 3.6. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjörnir af þeim stéttarfélögum sem aðild eiga að sjóðnum og tveir af samtökum atvinnurekenda sem aðild eiga að sjóðnum. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Fulltrúar stéttarfélaga skulu tilnefndir eftir þeim reglum, sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetu-skilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Hvorki stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega taka þátt í meðferð máls, ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverða hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skytt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðru vísi ákveðið í reglugerð þessari. Meðlimir fulltrúaráðs, samkvæmt gr. 5.3., eiga rétt til setu á aðalfundi sjóðsins með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar svo og elli-

- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt til setu á aðalfundum sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir júnílok ár hvert.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarféлага, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarféлага þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum, samkvæmt grein 3.1., kýs úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 féлага og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagasmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðru vísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
- 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
- 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
- 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
- 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.
- 6. Reikningar og endurskoðun.**
- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi, sbr. 5.5.6.
- 7. Tryggingafræðileg athugun.**
- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.

- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrisjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.
- 7.5. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reiknigrundvöll tryggingafræðilegrar úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðsstjórn gert tillögu til ársfundar um tímabundna greiðslu uppbótar á lífeyri. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gildir þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
- 8.1.2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 8.1.3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
- 8.1.4. Í innlánnum banka og sparisjóða.
- 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.
- 8.1.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfabingi Íslands.
- 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma

ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.

- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildar-skírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðsstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldldaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og móttframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar

með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á ætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv.

- 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barna-lífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýs-ingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.
- 12.2.1. Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorku-lífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa töluðis um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áuninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum líf-eyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
 - Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkn-efna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 12.3., er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðal-tal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla

eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt úðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi

samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.

- 13.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaxsmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallar-fjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurdaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2 með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaxsmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framferanda barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.

- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi, miðað við heilt ár, samkvæmt 10.2., margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

20. Gerðardómur.

- 20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

21. Eftirlit.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

22. Breytingar á reglugerðinni.

- 22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 18. maí 1995 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	Kr. 2.110
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1.830
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	570

Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingastofnunar Íslands þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferða-kostnað.

2. gr.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir próf til C-réttinda	10.150
Fyrir próf til B-réttinda	20.200
Fyrir endurtökupróf	6.730

3. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	4.680
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1.830

4. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 547, 28. desember 1993.

Samgönguráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um einkennisbúninga og búnað tollvarða.

1. gr.

Klæðaburður tollvarða.

Tollverðir skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín samkvæmt reglugerð þessari og ávallt vera snyrtilegir til fara. Fatnaði, sem þeim er lagður til samkvæmt reglugerð þessari, ber þeim að halda vel við og sjá um að hann sé hreinn og snyrtilegur. Tollstjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með klæðaburði tollvarða, og ber þeim að sjá til þess að klæðaburður sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri tollverðir eru saman að störfum.

Með samþykki tollyfirvalds er tollverði heimilt að vera án einkennisjakka og -húfu við akstur, störf innan tollstöðvar eða önnur sérstök tækifæri.

2. gr.

Gerð einkennisfatnaðar.

Einkennisfatnaður tollvarða skal vera svo sem hér segir:

1. Húfa skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppstandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum hvítum flötum kalli, gljáleðursskyggni og hökuól sem fest sé á gjörðina

- með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörð skal vera gylltur borði, 10 mm breiður, og á honum að framan ofið hringmerki (kokarde) í íslensku fánalitunum, sbr. þó A-lið 1. mgr. 4. gr. Á reisin að framan og niður á gjörðina skal vera á 5 cm háum skjaldlaga grunni úr svörtu klæði merki úr gylltum málmum sem þannig skal gert: Bókstafurinn T, 4 cm hár og skjaldarmerki Íslands, 2,5 cm hátt, fellt yfir legg stafsins.
2. Kuldahúfa skal vera úr hlýju svörtu þrjúnuðu ullarefni, fóðruð að innan með vindheldu vatnsfælnu efni (tex) og skal tollmerki fest framan á hana, sbr. 1. tölul. i.f.
 3. Jakki I skal vera úr svörtu klæðisefni, tvíhnepptur og með venjulegum kraga, sem skal vera 8 cm þar sem hann er breiðastur og skal kraginn vera sléttur og óstunginn. Á jakkanum skulu vera tveir hliðarvasar með loki og einn brjóstvasi að utan en tveir vasar að innan. Á jakkanum skulu vera tvær raðir stórra gylltra einkennishnappa, fjórir í hvorri röð, og skal jakkinn hnepptur á þrjá þeirra. Á ermum skulu vera minni einkennishnappar, þrjár á hvorri.
 4. Vestir skal vera úr sama efni og jakki I með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð hinna minni einkennishnappa, 6 að tölu. Það skal vera slétt og óstungið. Axlastykki skulu vera þannig að hægt sé að fella þau undir axlarsprotu á skyrtu.
 5. Buxur skulu vera úr sama efni og jakki I, síðar, án uppábrota, með fjórum vösum. Pils skulu vera úr sama efni.
 6. Jakki II (blússa) skal vera úr svörtu vindþétu og vatnsfælnu efni (tex) af vandaðri gerð og skal hann ná vel niður fyrir mitti. Jakkinn skal lokast að framan með sterkum rennilás og stykki falla yfir rennilásinn og hneppast með 4 stórum einkennishnöppum. Jakkinn skal vera með kraga, tveimur ytri brjóstvösum með litlum einkennishnappi og tveimur innri vösum. Jakkinn skal vera fóðraður með stroff í ermum og leðurbryddingar fremst á ermum.

Axlarsprotar, klæddir sama efni og er í jakkanum skulu saumaðir við axlarbrún, en hnepptir á tölu nær kraga eða festir með smellu.

Endurskinsborði, 2,5 cm breiður, skal vera neðst á jakkanum á milli fellinga að aftan og undir vösum að framan. Einnig skal vera endurskinsborði neðan við kraga, 2,5 x 4 cm breiður. Fremst á ermum skulu vera endurskinsborðar, 1,5 cm breiðir.

7. Skyrtu skal vera hvít með venjulegum kraga og á hana saumaðir axlarsprotar með tilheyrandi einkennismerkjum. Á skyrtunni skulu vera tveir brjóstvasar með loki sem hneppast með litlum einkennishnappi. Armmerki skal vera á vinstri ermi 7 cm neðan við axlarsaum.
8. Peysa skal vera svört með V-hálmáli og notuð undir jakka eða yfirhöfn. Á vinstri ermi hennar skal vera armmerki 7 cm neðan við axlarsaum.
9. Kuldaúlpur skal vera úr svörtu vindþétu og vatnsfælnu efni (tex) af vandaðri gerð, og aðeins síðari en einkennisjakki I. Úlpur skal lokast að framan með sterkum rennilás niður í mitti og stykki falla yfir rennilásinn og hneppast með 6 stórum einkennishnöppum eða -smellum. Snúra skal vera um mitti innan á úlpunni og smellt teygjubelti í fóðri til að herpa hana saman. Hún skal vera með hettu sem fella má inn í kragann og útskiptanlegu sjálfstæðu fóðri úr hlýju efni af viðurkenndri tegund. Utan á úlpunni skulu vera tveir brjóstvasar með loki, sem á sé einn lítill einkennishnappur, og tveir hliðarvasar með loki, sem á sé einn stór einkennishnappur eða -smella, en lokist með rennilás.

Axlarsprotar, klæddir sama efni og er í úlpunni, skulu saumaðir við axlarbrúnir og festir nær kraga með lítilli tölu eða smellu. Með úlpunni skal fást laus hetta, sem festist við úlpuna með smellum.

Endurskinsborði, 2,5 cm breiður, skal koma neðst á fald úlpunnar og ennfremur 1,5 cm breiður borði fremst á ermar, og skulu borðarnir ná allan hringinn.

Buxur við kuldaúlpu skulu vera úr sama efni og kuldaúlpan. Þær skulu vera með axlaböndum útskiptanlegu sjálfstæðu fóðri, og ná upp á brjóst og bak. Endurskinsborðar, 2 cm breiðir, fylgi báðum hliðarsaumum alla leið.

Einkennishnappar tollvarða skulu vera kringlóttir, gylltir með upphleyptum bókstafnum T og íslenska fánann felldan yfir legg bókstafsins. Hnapparnir skulu vera af tveimur stærðum, þeir stærri 24 mm í þvermál og þeir minni 16 mm í þvermál.

Annar einkennisfatnaður tollvarða skal vera:

1. Tollverðir skulu vera í svörtum sokkum ef þeir eru í lágum skóm.
2. Götuskór og kuldaskór skulu vera svartir.
3. Derhúfa úr svörtu efni, lokuð að aftan, með merki sömu gerðar og armmerkið en hlutfallslega helmingi minna.
4. Hálsbindi skulu vera svört.
5. Treflar skulu vera svartir.
6. Hanskar skulu vera svartir.

Tollvörðum, sem gegna eftirlitsstörfum á stöðum sem eru sérlega óhreinlegir eða þar sem slyshætta er, skal séð fyrir viðeigandi öryggis- og hlífðarfatnaði. Ríkistollstjóri skal setja um úthlutunina nánari reglur og kveða þar á um auðkenni og merkingar fatnaðarins.

3. gr.

Stöðueinkenni tollvarða.

Stöðueinkenni tollvarða skulu vera sem hér segir:

A. Einkennishúfa:

Á húfugjörð deildarstjóra og yfirtollvarða skulu vera tveir gylltir 10 mm borðar. Á húfum aðaldeildarstjóra skal til viðbótar vera ísaumaður gylltur laufborði á skygninu, 5 cm breiður.

B. Stöðueinkenni á jakkaermum jakka I:

1. Á jakka deildarstjóra skal vera einn 10 mm breiður gylltur borði á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa og ná milli ermasauma.
2. Á jakka aðaldeildarstjóra skulu vera tveir 10 mm breiðir gylltir borðar á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma.

C. Stöðueinkenni á axlarsprotum jakka I, jakka II, úlpu og skyrtu:

Stoppaðar smeygjur með einkennum skulu dregnar upp á axlarsprotu á einkennisfatnaði tollvarða. Einkennin eru gylltir borðar saumaðir á smeygjurnar að ofanverðu, á hvorum jaðri, ytri jaðri (nær axlarbrún) og innri jaðri (nær hálsmáli). Borðarnir skulu vera 3 mm og 6 mm á breidd. Einkenni skulu vera sem hér segir:

1. Tollvörður: Einn 3 mm borði á hvorum jaðri.
2. Tollfulltrúi: Einn 3 mm borði á ytri jaðri og einn 6 mm á innri jaðri.
3. Yfirtollvörður: Einn 3 mm borði á ytri jaðri og tveir 6 mm á innri jaðri.
4. Deildarstjóri: Einn 3 mm borði á ytri jaðri og tveir 6 mm á innri jaðri og á milli þeirra ein gyllt fimm arma stjarna.
5. Aðaldeildarstjóri: Tveir 3 mm borðar á ytri jaðri og tveir 6 mm á innri jaðri og á milli þeirra tvær fimm arma stjörnur.

D. Stöðueinkenni á jakkaboðungi á jakka I:

Boðungamerki skal vera gyllt T stansað úr gylltum málm, u.þ.b. 2 cm að stærð. Boðungamerkið skal borið af yfirtollvörðum, deildarstjórum og aðaldeildarstjórum.

E. Armmerki á jakka II, kuldaúlpu og skyrtu:

Armmmerki skal vera skjaldlaga úr svörtu klæðisefni 7,5 cm á lengd og 6 cm á breidd.

Tollmerkið skal vera ísaumað gyllt T með íslenska fánanum á miðjum legg. Yst á merkinu allan hringinn skal vera ísaumuð gyllt rönd. Fyrir ofan merkið skal vera ísaumað með gylltu nafnið Tollgæslan.

Stöðueinkenni tollvarða skulu vera eins og fram kemur í fylgiskjali I.

4. gr.

Úthlutun og meðferð einkennisfatnaðar.

Tollverðir í fullu starfi skulu fá afhentan ókeypis einkennisfatnað samkvæmt úthlutunartöflu í fylgiskjali II. Þó skulu tollverðir sem eru að hefja störf fá afhenta eina samstæðu einkennisfatnaðar sem um ræðir í fylgiskjali II. Ríkistollstjóri getur takmarkað úthlutun einkennisfatnaðar við tiltekinn einkennisfatnað þegar um tímabundna ráðningu tollgæslumanns er að ræða t.d. vegna sumarafleysinga.

Úthlutun til tollvarðar, sem fær fæðingarorlof, fellur niður þar til fæðingarorlofi lýkur.

Tollvörður skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra eiga þess kost að fá skokk og síðbuxur, sérsaumað, sér að kostnaðarlausu meðan hún gegnir störfum sínum á meðgöngutíma.

Tollverðir skulu klæðast einkennisfatnaði við störf sín. Tollstjóri eða ríkistollstjóri geta þó að ósk tollvarðar fallið frá kröfu um að hann klæðist búningi. Meðan sú ákvörðun gildir fellur úthlutun einkennisfatnaðar niður. Tollstjóri getur ákveðið að starfsmenn þessir skuli í staðinn hafa í sínum vörslum tollmerki, sbr. 5. gr., eða bera í barmi skilríki með mynd, nafni og stöðuheiti viðkomandi. Ríkistollstjóri ákveður gerð tollmerkja og skilríkja og reglur sem um þau skulu gilda.

Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar greiða hlutaðeigandi tollverðir sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári vegna einkennisfatnaðar. Meiriháttar viðgerðir og tjón á fatnaði er heimilt að bæta tollgæslumönnum.

Þegar tollgæslumaður lætur af störfum, skal hann skila þeim einkennisfatnaði sem hann hefur fengið síðast afhentan. Ennfremur skal hann skila húfum, búnaði, einkennum og tollskírteini hafi hann fengið slíkt skírteini. Einkennisfatnað, sem tollvörður hefur fengið afhentan, og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að þeim tíma liðnum en skila skal hann öllum einkennum og tollskírteini. Tollgæslumönnum er óheimilt að nota eða afhenda fatnaðinn, búnað, einkenni eða tollskilríki utan tollgæslustarfsins.

Ríkistollstjóri skal útvega einkennisfatnað og annan búnað handa tollgæslumönnum í öllum tollumdæmum og hafa almennt eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Halda skal skrá yfir afhenta einkennisbúninga, merki og skilríki, og skulu tollgæslumenn gæta þess að þau lendi ekki í höndum óviðkomandi. Einkennisfatnaður og hreinsun hans skal á hverjum tíma keyptur hjá þeim sem Ríkiskaup eða ríkistollstjóri vísar á.

5. gr.

Tollmerki og tollskilríki.

Tollmerki Íslands er einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands“.

Ríkistollstjóri ákveður hvaða tollstarfsmenn skuli hafa sérstök tollskilríki. Skilríkin skulu undirrituð af ríkistollstjóra. Þau skulu vera í leðurveski þar sem fram komi nafn, staða og ljósmynd af viðkomandi tollverði. Veski þessi skulu þannig útbúin að í öðrum vasa þeirra skal fest Tollmerki Íslands en í hinn skal unnt að smeygja korti með nafni og mynd viðkomandi tollstarfsmanns.

6. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 188/1983, um sama efni. Gera skal nauðsynlegar breytingar á jakka I sem úthlutað hefur verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar til þess að samræmis gæti í stöðueinkennum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.





















Fjármálaráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Bergþór Magnússon.

Fylgiskjal I

Stöðueinkenni tollvarða

Stöðuheiti	Einkennishúfa	Axlarsprotar og smeygjur	Boðungar/Brjóst	Ermi
Tollvörður				
Tollfulltrúi				
Yfirtollvörður				
Deildarstjóri				
Aðaldeildarstjóri				

Fylgiskjal II

Úthlutun einkennisfatnaðar:

1. Jakki I	einn þriðja hvert ár
2. Jakki II	einn jakki tvisvar í röð á þriggja ára fresti
3. Kuldaúlpa og buxur	ein fjórða hvert ár
4. Buxur	þrjár á ári
5. Vesti	eitt fjórða hvert ár
6. Peysa	ein annað hvert ár
7. Skyrta	fernar á ári
8. Hálsbindi	eitt á ári
9. Einkennishúfa ásamt aukakolli	ein þriðja hvert ár
10. Kuldahúfa	ein fjórða hvert ár
11. Götuskór	einir á hverju ári
12. Kuldaskór	einir á hverju ári
13. Trefill	einn þriðja hvert ár
14. Leðurhanskar	einir á ári
15. Sokkar	fern pör á ári
16. Derhúfa	ein tvisvar í röð á þriggja ára fresti

Eftirfarandi tafla skýrir enn frekar hvernig úthlutunin verður í framkvæmd. *Hafa ber í huga að sé merkt við með stjörnu, þá er verið að úthluta viðkomandi fatnaði í fyrsta sinn árið 1997.

Úthlutunarár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
1. Jakki I			1			1		
2. Jakki II	1*	1		1	1		1	1
3. Kuldaúlpa og buxur	1*				1			
4. Buxur	3	3	3	3	3	3	3	3
5. Vesti	1			1			1	
6. Peysa	1*		1		1		1	
7. Skyrta	4	4	4	4	4	4	4	4
8. Hálsbindi	1	1	1	1	1	1	1	1
9. Einkennishúfa ásamt aukakolli			1			1		
10. Kuldahúfa	1				1			
11. Götuskór	1	1	1	1	1	1	1	1
12. Kuldaskór	1	1	1	1	1	1	1	1
13. Trefill	1*			1			1	
14. Leðurhanskar	1	1	1	1	1	1	1	1
15. Sokkar	4*	4	4	4	4	4	4	4
16. Derhúfa	1	1		1	1		1	1

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og reglugerðum settum með stöð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem upp er talin í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og starfsemi sem upp er talin í viðauka 8 í mengunarvarmareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna, skal borgarstjórn innheimta árlegt gjald sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni:

	kr.		kr.
1. flokkur	4.000	10. flokkur	45.000
2. "	5.000	11. "	50.000
3. "	10.000	12. "	65.000
4. "	15.000	13. "	70.000
5. "	20.000	14. "	75.000
6. "	25.000	15. "	80.000
7. "	30.000	16. "	85.000
8. "	35.000	17. "	200.000
9. "	40.000		

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein um allt að helming.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	5.000	10. flokkur	22.500
2. "	5.000	11. "	25.000
3. "	5.000	12. "	32.500
4. "	7.500	13. "	35.000
5. "	10.000	14. "	37.500
6. "	12.500	15. "	40.000
7. "	15.000	16. "	40.000
8. "	17.500	17. "	40.000
9. "	20.000		

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka B, starfsleyfisgjald eins og hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
I	60.000	V	120.000
II	70.000	VI	130.000
III	90.000	VII	160.000
IV	100.000	VIII	200.000

Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 4.000 sé um að ræða starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið A, B, C og D, en kr. 7.000 sé um að ræða starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið E, F, G, H, I, J og K eða fylgiskjali, viðauka B. Hafí umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Starfsleyfisgjald vegna leyfis til reksturs heimagistingar skal vera kr. 10.000.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 4.000 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 4.000 og fyrir eiturbæðinir kr. 1.000.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er að ræða, þá er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

5. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfissskyld fyrirtæki, eins og hún er hverju sinni.

6. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbæðinir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjármámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal innheimta eitt árlegt gjald.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 95/1995 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

VIÐAUKI A

A. Matvælaframleiðsla:		Íþróttamannvirki	4. fl.
Svínasláturhús	4. fl.	Litlir sundstaðir	7. fl.
Kjötiðnaður, miðlungs	15. fl.	Stórir sundstaðir	11. fl.
Kjötiðnaður, stór	16. fl.	Félagsmiðstöðvar	5. fl.
Saltfiskverkun	3. fl.	Félagsaðstaða fyrir fulloröna	3. fl.
Harðfiskverkun	6. fl.	Dagvist fyrir fulloröna	5. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	5. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili	6. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, stór	7. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, færri en 10	
Lagmeti og framleiðsla sjávarréttanna	6. fl.	vismenn	3. fl.
Lifrabræðsla og lýsishreinsun	10. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug	7. fl.
Kaldhreinsun lýsis	4. fl.	Sjúkrahús	17. fl.
Hersla á lýsi	10. fl.	Læknastofur	3. fl.
Mjólkurbú og ostagerð, miðlungs	13. fl.	Læknahús, rannsóknarstöðvar	5. fl.
Mjólkurbú og ostagerð, stór	14. fl.	Heilsugæslustöðvar	5. fl.
Ísgerð	13. fl.	Sjúkraþjálfun	3. fl.
Framleiðsla á kornvöru	6. fl.	Kírópraktor	3. fl.
Brauðverksmiðjur	13. fl.	Áfengismeðferðarstöðvar	5. fl.
Bakarí	7. fl.	Fangelsi	7. fl.
Kex- og kökuframleiðsla	10. fl.	Leikhús	4. fl.
Súkkulaði- og sælgætisgerð	7. fl.	Kvikmyndahús	9. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	3. fl.		
Krydd- og bragðefnaframleiðsla	6. fl.	C. Verslun:	
Salatgerð	6. fl.	Heildverslun með grænmeti, stór	6. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil	7. fl.	Heildverslun með grænmeti, miðlungs	4. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	13. fl.	Heildverslun með sykur o.fl.	4. fl.
		Heildverslun með önnur matvæli	4. fl.
B. Þjónusta:		Stórmarkaðir, miðlungs	9. fl.
Snyrtistofur	3. fl.	Stórmarkaðir, stórir	2. fl.
Fótaöngerðastofur	3. fl.	Matvöruverslanir með vinnslu, mikla	9. fl.
Hársnyrtistofur	3. fl.	Matvöruverslanir með vinnslu, miðlungs	6. fl.
Nuddstofur	3. fl.	Matvöruverslanir án vinnslu	4. fl.
Húðflúrstofur	3. fl.	Söluturnar	3. fl.
Sólbaðstofur	3. fl.	Söluturnar með ís-/samlokugerð	4. fl.
Sólbaðstofur með setlaug	4. fl.	Matsöluvagnar	4. fl.
Dagvist í heimahúsum	3. fl.	Fiskbúðir	4. fl.
Gæsluvellir	3. fl.	Smásala á brauði og kökum	4. fl.
Leikskólar	5. fl.	Sérverslun með matvörur	4. fl.
Líkamsræktarstöðvar	3. fl.	Markaðir	3. fl.
Líkamsræktarstöðvar með setlaug	5. fl.	Bifreiðavarahtuverslanir, mikil efnavara ...	11. fl.

Bifreiðavarahlutaverslanir, lítil efnavara	2. fl.
Stórar byggingavöruverslanir	11. fl.
Litlar byggingavöruverslanir	3. fl.
Járnvöruverslanir	1. fl.
Málningar- og veggfóðurverslanir	5. fl.
Málningarvöruverslanir	5. fl.
Véla- og tækjasölur	2. fl.
Varahlutaverslanir, ekki í bíla	2. fl.
Smásala efna í flokkum X, A og B	9. fl.
Smásala með notaða muni í verslunum	1. fl.
Sala eiturefna	9. fl.
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	3. fl.
Snyrtivöruverslanir	1. fl.
Heildverslun með snyrtivörur	3. fl.
Apótek	1. fl.
Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar	4. fl.

D. Veitinga-, skemmti- og gistinguþjónusta:

Hótel með veitingasölu	12. fl.
Hótel án veitingasölu	6. fl.
Gistiheimili	5. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, stór	10. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, miðlungs	9. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, lítil	7. fl.
Krár, lágmarksmatargerð	4. fl.
Skemmtistaðir með matsölu	11. fl.
Skyndibitastaðir	6. fl.
Brauðstofur	6. fl.
Mötuneyti, stór	13. fl.
Mötuneyti, miðlungs	9. fl.
Mötuneyti, lítil	4. fl.
Sala á tilbúnum mat, lítil	4. fl.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6. fl.

E. Vinnsla úr járni og öðrum málum:

Málmsteypa	5. fl.
Skipasmíði og skipaviðgerðir	5. fl.
Niðurrif skipa	15. fl.
Vélsmiði og vélaviðgerðir	2. fl.
Framleiðsla á rafgeymum og rafhlöðum	3. fl.
Rafvéla verkstæði	1. fl.
Húðun málma	5. fl.

F. Jarð- og steinefnavinnsla:

Malar- og sandnám	2. fl.
Steinsmíði	1. fl.
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	3. fl.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3. fl.

G. Efnaiðnaður:

Húsgagnaiðnaður með lakkisprautun	3. fl.
Prentun dagblaða	5. fl.
Offsett- og hæðarprentun	3. fl.
Sáldprentun	2. fl.
Prentiðnaður	2. fl.
Prentiðnaður með framköllun	3. fl.
Prentsmíð	2. fl.
Umfangsmikill prentiðnaður	5. fl.
Þvottahús og efnalaugar	3. fl.
Þvottahús	2. fl.
Efnalaugar	3. fl.

Lyfjagerð	4. fl.
Snyrtivöruframleiðsla	1. fl.
Framköllunarþjónusta	5. fl.
Ljósmyndastofa	2. fl.
Sérhæfð framköllunarþjónusta	3. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.
Röntgenstofur	5. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	3. fl.
Plastvöruframleiðsla	5. fl.
Framleiðsla á plötum o.þ.h. úr plastefnum	2. fl.
Framleiðsla á umbúðaplásti	1. fl.
Framleiðsla á iðnaðargasi	1. fl.

**H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýra-
ríkinu:**

Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	2. fl.
Gúmmisteypa	3. fl.
Trésmíðaverkstæði með lökkun	3. fl.
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2. fl.
Framleiðsla pappirsvöru til heimilis- og hreinlætisnota	2. fl.

I. Búfjár- og dýrahald:

Dýralæknastofur	1. fl.
Dýraspítalar	1. fl.
Gæludýraverslun	1. fl.
Húsdýragarður	2. fl.
Hundarækt	1. fl.
Kattageymsla	1. fl.
Seiðaelði	2. fl.

**J. Starfsemi sem snertir vélknúin
farartæki:**

Bifreiða- og vélaverkstæði	3. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	5. fl.
Bifreiðasprautun	5. fl.
Bifreiðaréttingar	1. fl.
Smurstöðvar	3. fl.
Bensinstöðvar, sala til almennings	11. fl.
Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	5. fl.
Bónstöðvar, handvirkar	2. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.
Bílapartasölur	5. fl.
Flutningaþjónusta o.a.þ.h.	2. fl.
Vöruafgreiðsla og vörugeymsla	2. fl.
Bíðstöðvar leigubifreiða	1. fl.

K. Ýmislegt:

Gámastöðvar	5. fl.
Flutningur úrgangs	5. fl.
Móttaka brotamálms	15. fl.
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	1. fl.
Spennistöðvar	2. fl.
Spennaviðgerðir	3. fl.
Líkbrennslur	1. fl.
Skotvellir	2. fl.
Svæði til slökkvi- og reykæfinga	3. fl.
Æfingasvæði f. flugvallarslökkvilið	2. fl.
Innflytjendur kælimiðla	9. fl.
Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla	9. fl.

VIÐAUKI B

Svínasláturhús	VI. fl.	Kæli- og frystigeymslur	IV. fl.
Vinnsla á ferskum fiski	I. fl.	Flugvellir	VIII. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta	I. fl.	Seiðældi	IV. fl.
Mjólkurstöð	VI. fl.	Skotvellir	V. fl.
Ölgerðir	III. fl.	Skipasmíðar og -viðgerðir	VII. fl.
Kaffibrennslur	VI. fl.	Móttaka brotamálms	VI. fl.
Smjörlíkisgerðir	VI. fl.	Hreinlætisvöruverksmiðjur	III. fl.
Kornmölun	VI. fl.	Lyfjagerð	VIII. fl.

SAMÞYKKT

um kattahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggji þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir séu ekki á flækingi og af þeim stafi ekki ónæði og óþrifnaður.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Katta eigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftar eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Allur kostnaður greiðist af eiganda.

7. gr.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrymingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar áminningar um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Mosfellsbær annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Leita má aðstoðar lögregluþfirvalda ef þörf krefur.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 26. júní 1996, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,70 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látta, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,30 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 31,2 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.344,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.184,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undanþekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarahöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 115,40 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 221,50 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 239,70 pr. tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 660,90 pr. tonn:
 - a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
 - b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,00%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.477,00 pr. tonn.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 61,40.

Einstökum hafnarstjórnnum eru þó heimiluð frávik til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgeint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar,
- b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðermissskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjármámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI
Frávik og gildistaka.

18. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

19. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 15. febrúar 1997, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr.107/1996 og 128/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 8,20 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 4,10 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 14. febrúar 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ
fyrir hundahald í Hveragerði 1997.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 7.900 á árinu 1997.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1997.

Innfalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hólmavíkurbreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hversrar viðbótar pokaeyningar kr. 3.000. Veita skal afslátt, kr. 3.000, hverju heimili sem gerir samning við sveitarfélagið um nýtingu á lífrænum úrgangi. Heimilt er og að veita afslátt, kr. 3.000, þeim heimilum öðrum þar sem sorp er að jafnaði minna en hálf pokaeyning (einn poki hálfsmánaðarlega).

- B. Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	8.000	4	72.000
2	16.000	5	128.000
3	32.000	6	52.000

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald samkvæmt staflið B af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1997.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1997 skal vera kr. 7.020 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu á Raufarhöfn.**

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

A) Sorphirðugjald kr. 4.000 skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki.

Flokkur	Sorphirðugjald kr.	Flokkur	Sorphirðugjald kr.
0	5.000	3	50.000
1	10.000	4	80.000
2	25.000	5	250.000

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. með tilliti til magns úrgangs. Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað, greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í stafl. B). Gjald dagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfest-
ist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með
síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 19. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Raufarhafnarhreppi skal vera kr. 6.000 á ári. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og er gjalddagi 1. júní 1997. Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 6.000 í fyrsta sinn, 8.000 í annað sinn og kr. 10.000 í þriðja sinn.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 19. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

17. febrúar 1997

Nr. 153

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalin kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Ef skip eru afskráð vegna úreltingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskyldu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að lengd	10.300
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m	18.800
Fyrir skip 15 m að lengd til og með 50 BT	31.100
Fyrir skip 50,01 BT til og með 100 BT	50.400
Fyrir skip 100,01 BT til og með 125 BT	57.700
Fyrir skip 125,01 BT til og með 350 BT	68.300
Fyrir skip 350,01 BT til og með 450 BT	86.700
Fyrir skip 450,01 BT til og með 800 BT	111.900

	Kr.
Fyrir skip 800,01 BT til og með 1.000 BT	134.000
Fyrir skip 1.000,01 BT til og með 1.500 BT	165.700
Fyrir skip 1.500,01 BT til og með 2.500 BT	175.800
Fyrir skip 2.500 BT og yfir	182.000

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 15.900.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.

Nýsmíði.

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á sérsmíðuðum bátum og fyrsta báti í raðsmíði greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	<6m kr.	6-8 m kr.	8-15 m kr.
Samþykkt teikninga		6.950	10.300
Samþykkt teikninga	11.270	23.240	34.400
Eftirlit með smíði bols	5.640	11.370	18.350
Skoðun á búnaði	4.200	9.840	14.140
Hleðslu- og stöðugleikapröfun	4.200	8.760	11.390
Reynslusigling	2.870	8.380	9.840
Skráning og mæling		8.380	8.380
Samtals kr.	28.180	69.970	96.500

3.1.2. Fyrir samþykkt á raðsmíðuðum bátum og bátum sem eru að einhverju leyti smíðaðir undir eftirliti flokkunarfélags greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	<6m kr.	6-8 m kr.	8-15 m kr.
Samþykkt teikninga		6.950	10.300
Eftirlit með smíði bols		3.400	5.500
Skoðun á búnaði		9.840	14.140
Skráning og mæling		8.380	8.380
Samtals kr.	2.870	28.570	38.320

Fyrir þilfarsbáta bætast kr. 10.780 við framangreinda niðurstöðu, fyrir prófun á stöðugleika.

Lengdir báta sem tilgreindir eru í framangreindum töflum eru mældar á milli stafna í borðstokkshæð þegar um er að ræða 6 metra lengdina, en mestu lengd á bol samkvæmt mælingareglum við mælingu á 8 og 15 metrum.

3.1.3. Fyrir samþykkt á gömlum bátum skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem á við hverju sinni.

3.1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðist ferðakostnaður að auki.

3.2. Skip sem eru 15 metrar og lengri:

- A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingastofnunar Íslands eftirtalin gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip 26 m og lengri 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur). Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð og/eða Ríkisábyrgðasjóð ef um fiskiskip er að ræða, og viðskiptaráðuneytið ef um önnur skip er að ræða.

- B. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingastofnunar Íslands skv. A-lið þessa töluliðs að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.
- C. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A-lið þessa töluliðs auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðuð erlendis.
- 3.3. Eftirlitsgjöld skv. 2. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingastofnun Íslands. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

- 4.1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.
- 4.2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 BT	10.780
Skip 501 BT til og með 1000 BT	14.380
Skip 1001 BT til og með 2000 BT	17.990
Skip 2001 BT til og með 5000 BT	21.580

Skip stærri en 5000 BT greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 3.620.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1.200 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1.150 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala skal greiða:

	Kr.
1. Útg. ísl. mælibréfs og skráningarsk. fyrir opna báta	4.000
2. Útg. ísl. mælibréfs og skráningarsk. fyrir dekkbáta	8.700
3. Útgáfa þjóðemisskírteinis	8.040
4. Útgáfa alþjóðamælibréfs	4.930
5. Afrit af alþjóðamælibréfi	1.200
6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	730
7. Einkaleyfi á skipsnafni	72.780
8. Viðurkenningarskírteini og skilti	730

Við eigendaskipti og umskráningu skips skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu samkvæmt Oslóarsamþykkt, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	Kr.
Fyrir skip allt að 15 m mesta lengd	7.200
Bilfarsskip minna en 25 brl.	14.260
Bilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	19.780
Bilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	31.530
Bilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	48.200
Bilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl.	68.450
Bilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl.	90.760

Fyrir þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs skv. ísl. mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969 skal greiða, nema um nýsmíði sé að ræða:

	Kr.
Flokkur I.A Skip 15,01 m - 24,00 m mestu lengd	
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning)	
Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	40.750
I.B Eftirlitsmæling um borð.	
Vinna við útreikning eftir línu eða bandateikningum og öðrum teikningum ..	28.550
Flokkur II.A Skip 24,01 m - 45,00 m mestu lengd	
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning)	
Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	74.130
II.B Eftirlitsmæling um borð	
Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	49.470
Flokkur III.A Skip 45,01 m - 60,0 m mestu lengd	
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning)	
Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	103.000
III.B Eftirlitsmæling um borð	
Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	74.130
Flokkur IV. Skip 60,01 m og lengri	
Greiðsla samkvæmt reikningi	

Fyrir endurskoðun á mælistýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	Kr.
Fyrir skip allt að 45 m mesta lengd	16.970
Fyrir skip yfir 45,01 m mesta lengd	28.280

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

8. gr.

Útgáfa vottorða.

	Kr.
Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	1.200

9. gr.

Rannsóknir.

9.1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðast kr. 1.490 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk

vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir hverja röntgenmynd greiðast kr. 600.

- 9.2. Fyrir leigu á tækjum og rannsóknaraðstöðu við þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðast kr. 890 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.300.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkis-sjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985, með síðari breytingum, og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1997 og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 187 frá 12. mars 1996.

Samgönguráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUR

um hámark útjöfnunarskuldar váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og um útreikning þess.

1. gr.

Útjöfnunarskuld váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga svarar til þeirrar fjárhæðar sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum í tjónareynslu váttryggingafélags frá ári til árs og vegna óvissu um endanlegar bótafjárhæðir samanborið við mat þeirra við ákvörðun tjónaskuldarinnar hverju sinni, sbr. 54. gr. reglugerðar nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga.

Útjöfnunarskuldin í lok reikningsárs má mest nema hámarki í einstökum greinaflokkum váttrygginga samkvæmt 2. gr. Með greinaflokkum váttrygginga er átt við greinaflokka samkvæmt 1. og 2. mgr. 77. gr. reglugerðar nr. 613/1996.

Breyting á útjöfnunarskuldinni færirst sem sérstakur liður í rekstrarreikningi undir tekjum og gjöldum í váttryggingarekstri. Útjöfnunarskuld félags í heild er samanlögð útjöfnunarskuld einstakra greinaflokka.

2. gr.

Hámark útjöfnunarskuldar H, í lok reikningsárs í tilteknum greinaflokki váttrygginga er reiknað samkvæmt eftirfarandi reglu:

$$H = a \times B + b \times T$$

þar sem

B eru bókfærð iðgjöld félagsins á reikningsárinu í viðkomandi greinaflokki samkvæmt rekstrarreikningi án frádráttar á hluta endurtryggjenda, og

T er tjónaskuld greinaflokksins í lok reikningsárs samkvæmt efnahagsreikningi án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og

a og b eru stuðlar sem bókfærð iðgjöld og tjónaskuld eru margfölduð með, sbr. 2. mgr.

Eftirfarandi stuðla skal nota til að reikna hámark útjöfnunarskuldar samkvæmt 1. mgr.:

Greinaflokkar:	Stuðlar:	
	a	b
1. Eignatryggingar	0,16	0,23
2. Sjó- og flugtryggingar	0,25	0,29
3. Farmtryggingar	0,36	0,50
4. Lögboðnar ökutækjatrýggingar	0,12	0,14
5. Aðrar ökutækjatrýggingar	0,08	0,14
6. Ábyrgðartryggingar	0,23	0,34
7. Greiðslu- og efnðaváttryggingar	0,69	1,05
8. Slys- og sjúkratryggingar	0,29	0,19
9. Réttaraðstoðartryggingar	0,16	0,23
10. Ferðamannaaðstoðartryggingar	0,16	0,23
11. Erlendar endurtryggingar	0,69	1,05

Í innlendum endurtryggingum skal gengið út frá stuðlum viðkomandi greinaflokka samkvæmt 1. - 9. tölul.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má hámark útjöfnunarskuldar váttryggingafélags í heild vera allt að því sem hærra er, 25 millj. kr. eða þrefaldri eigin áhættu félags í einu tjónstílviki enda sé eigin áhætta ekki hærri en 8% af gjaldþoli félagsins. Félagið getur valið til hvaða greinaflokks viðbót samkvæmt þessari mgr. skuli talin.

3. gr.

Vátryggingaeftirlitið reiknar hámark útjöfnunarskuldur samkvæmt eftirfarandi aðferðum: Hámark greinaflokks er reiknað annars vegar út frá meðalhluftalli tjónagreiðslna á 1. uppgjörssári á móti bókfærðum iðgjöldum sömu reikningsára (stuðull a, sbr. 2. gr.) og hins vegar út frá meðaltali matsþróunar tjónaskuldur ásamt tjónagreiðslum eftir 1. uppgjörssár (stuðull b, sbr. 2. gr.).

Í greiðslu- og efndavátryggingum öðrum en þeim sem 4. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 613/1996 á við um er hámarkið ákveðið þrefalt hámark ábyrgðartrygginga. Sömu stuðlar eiga við um erlendar endurtryggingar.

Með tjónaskuld er hér átt við tjónaskuld eins og hún er metin samkvæmt 1. mgr. 51. gr. reglugerðar nr. 613/1996 en án kostnaðar vegna tjónsuppgjör og vegna kostnaðar sem tekur breytingum þar til að greiðslu kemur. Innfalið í tjónaskuld er mat á álagi vegna ótilkynntra tjóna, sbr. 3. mgr. 51. gr. sömu reglugerðar einnig án kostnaðar vegna uppgjör og breytinga á uppgjörstíma, áætlað sem tiltekið hlutfall greiddra tjóna samanlagt og grunntjónaskuldur á 1. - 4. uppgjörssári, þ.e. tjónaskuldur án álags vegna ótilkynntra tjóna.

Hámark útjöfnunarskuldur greinaflokks er fundið með því að reikna 99% einhliða efri vikmörk fyrir meðalhluftall tjónagreiðslna 1. uppgjörssárs og hins vegar, fyrir hvert tjónaár, 99% einhliða efri vikmörk fyrir tjónagreiðslur alls eftir 1. uppgjörssár ásamt tjónaskuld sem þá er eftir í lok reikningsárs. Með tjónaári er átt við reikningsárið þegar tjón áttu sér stað, sem gerð eru upp á því ári eða greidd eru að hluta eða að öllu leyti síðar, og verða að fullu uppperð á síðari uppgjörssárum.

Vikmörkin eru mat fjárhæða sem ólíklegt telst að heildarskuldbinding félags vegna einstakra tjónaára í lok reikningsársins í tilteknum greinaflokki fari yfir þegar öll tjón viðkomandi tjónaárs hafa verið gerð upp að fullu.

Vikmörkin eru reiknuð með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum um tjónareynslu í einstökum greinafloknum vátrygginga hjá vátryggingafélögum sem starfa eða starfað hafa á vátryggingamarkaði hér á landi á tímabilinu 1976 - 1995 með starfsemi á því tímabili samsvarandi um 75% frumtryggingaiðgjalda samanlagt.

4. gr.

Framlög í útjöfnunarskuld í lok reikningsárs eru frjáls allt að hámarki samkvæmt 2. gr. Reynist útjöfnunarskuldin hærrí í upphafi reikningsárs en hámark reiknað í lok reikningsársins á grundvelli stuðla 2. gr. skal útjöfnunarskuldin lækkuð sem nemur mismuninum.

Framlög úr útjöfnunarskuld mega að öðru leyti hæst nema tapi af vátryggingarekstri samkvæmt rekstrarreikningi í viðkomandi greinaflokki á reikningsárinu, nema við sérstakar aðstæður þegar Vátryggingaeftirlitið getur heimilað að útjöfnunarskuld sé ráðstafað með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 613/1996.

5. gr.

Vátryggingaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki samkvæmt 2. gr. sé tjónareynsla vátryggingafélags í greinaflokki eða greinafloknum mjög óregluleg eða starfsemin takmörkuð þannig að hámarkið teljist ekki veita nægilegt svigrúm til útjöfnunar. Félag skal í slíku tilviki leggja fram umsókn um undanþáguna ásamt rökstuddri greinargerð.

6. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 3. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 613/1996 og gilda í fyrsta sinn fyrir reikningsárið 1996.

21. febrúar 1997.

Vátryggingaeftirlitið,

Erlendur Lárusson.

AUGLÝSING

um ökutækjatrýggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 20 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 81.000 kr. fyrir einstakling og 175.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 29.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1997.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 123 26. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um frestun álagningar gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Álagning gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald er frestað til 15. mars 1997, samkvæmt heimild í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1997

27. febrúar 1997

293

Nr. 157

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg	
<i>Tollnúmer:</i> 0704.9002	Rauðkál	03.03.-15.03.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

25. febrúar 1997

Nr. 158

REGLUGERÐ

um álagningu spilliefnagjalds.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur og undanþágur.

Leggja skal spilliefnagjald á vörur sem nánar greinir í reglugerð þessari og nær gjaldskylda til allra vara sem fluttar eru inn til landsins eða eru framleiddar hér á landi og flokkast undir tollnúmer sem nánar eru tilgreind í viðaukum með þessari reglugerð.

Vörur og vöruflokkar sem ekki er fjallað um í reglugerð þessari eru undanþegin spilliefnagjaldi.

Umhverfisráðherra sker úr verði ágreiningur um gjaldskyldu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

Spilliefnagjald: gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum til að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við spilliefnum til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fara spilliefni til förgunar eða nýtingar.

Söfnunarstöð (gámastöð): sérstök aðstaða þar sem tekið er við spilliefnum frá almenningi og fyrirtækjum til flokkunar áður en þau eru flutt til móttökustöðva.

3. gr.

Innfluttar vörur og innheimta.

Öllum þeim sem flytja inn til landsins vörur sem geta orðið að spilliefnum og tilgreindar eru í reglugerð þessari ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða spilliefnagjald af hinum innfluttu vörum.

Spilliefnagjald skal greiða í ríkissjóð sem skal ráðstafa gjaldinu, samkvæmt 1. mgr., jafnskjótt og við verður komið til spilliefnanefndar.

Spilliefnagjald myndar ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um vöruflokkun, gjalddaga, greiðslufrest, innheimtu, lögvernd og aðra framkvæmd varðandi innheimtu spilliefnagjalds, skulu gilda um innfluttar vörur, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987, og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Innlend framleiðsla og innheimta.

Þeim sem framleiða hér á landi vörur sem geta orðið að spilliefnum og tilgreindar eru í reglugerð þessari ber skylda til að greiða spilliefnagjald af framleiðslu sinni og standa skil á því til spilliefnanefndar, samkvæmt nánari reglum þar um.

Spilliefnagjald myndar ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra samþætilegra framleiðslugjalda.

Um álag og dráttarvexti fer samkvæmt 8. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

5. gr.

Uppgjörstímabil.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendar framleiðslu skal vera einn mánuður. Spilliefnagjaldi af innlendra framleiðslu ásamt framleiðsluskýrslu, í því formi sem spilliefnanefnd ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga.

6. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi spilliefnagjalds fyrir innlenda framleiðslu er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða annan almennan frídag færist gjalddagi á næsta virka dag þar á eftir.

7. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Spilliefnanefnd skal greiða kostnað við söfnun, flutning og förgun eða endurnýtingu spilliefna, eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð, gjaldskrá nefndarinnar eða samningum nefndarinnar við einstaka aðila.

8. gr.

Skilyrði greiðslu spilliefnanefndar vegna spilliefna.

Spilliefnanefnd gefur út gjaldskrá og greiðir samkvæmt henni, gegn framvísun útflutnings- eða eyðingarvottorða, hverri þeirri móttökustöð, sem hefur gilt starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð til móttöku spilliefna.

II. KAFLI.

Rafgeymar.

9. gr.

Gjaldskyldir rafgeymar og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á alla blýsýrurafgeyma, hvort sem þeir eru fluttir inn með eða án síru, stakir eða sem hluti af tækjum eða búnaði.

Spilliefnagjald á innflutta rafgeyma skal innheimt í tolli.

Nánar um gjaldtöku og sundurgreiningu rafgeyma eftir tollnúmerum er að finna í viðauka I með reglugerð þessari.

III. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

10. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 11. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. mars 1997 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 25. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI I

Spilliefnagjald skal reiknað með tvennum hætti, annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer (stykkjagjald), sbr. dálk A, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða sem hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer (magnjald), sbr. dálk B:

ÚR 84. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR

		A Kr/Stk	B Kr/Kg
8426	Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, klofberar og kranabúnir vinnuvagnar:		
	– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og klofberar:		
8426.1100	-- Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu		26,00
	-- Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og klofberar:		
8426.1201	--- Klofberar	2.288	
8426.1209	--- Annað	1.144	
8426.1900	-- Annað	2.288	
8426.2000	– Turnkranar		26,00
8426.3000	– Bómukranar á súlufótum		26,00
	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:		
	-- Á hjólum með hjólbörðum:		
8426.4101	--- Vinnuvagnar búnir krana	858	
8426.4102	--- Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.	858	
8426.4109	--- Annar	1.144	
8426.4900	-- Annars	1.144	
8427	Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:		
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli		26,00
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	858	
8429	Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vél-skóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjoppur og valt-arar, sjálfknúid:		
	– Jarðýtur:		
8429.1100	-- Á beltum	2.288	
8429.1900	-- Aðrar	2.288	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:		

	A	B
	Kr/Stk	Kr/Kg
8429.2001 -- Vegheflar	2.288	
8429.2009 -- Annað	2.288	
8429.3000 – Skafarar	2.288	
8429.4000 – Vélþjöppur og valtarar	1.144	
– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:		
8429.5100 -- Framenda ámokstursvélar	2.288	
8429.5200 -- Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	2.288	
8429.5900 -- Aðrar	2.288	
8430		
Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:		
8430.1000 – Fallhamrar og stauratogarar	2.288	
– Kola- eða bergskerar og gangnagerðarvélar:		
8430.3100 -- Sjálfknúid	2.288	
8430.3900 -- Annað	2.288	
– Aðrar bor- eða brunnavélar:		
8430.4100 -- Sjálfknúinar	1.144	
8430.4900 -- Annars	1.144	
8430.5000 – Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	2.288	
– Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:		
– Annars:		
8430.6909 --- Annar		26,00
8479		
Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:		
8479.1000 – Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.		26,00

ÚR 85. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR

8507	Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig réttþyrndir (þar með taldar ferningslaga):	
	– Blýsýrugeymar, til að gangsetja stimpilvélar:	
8507.1001 -- Með sýru		26,00
8507.1009 -- Án sýru		36,40
	– Aðrir blýsýrugeymar:	
8507.2001 -- Með sýru		26,00
8507.2009 -- Án sýru		36,40
	– Aðrir geymar:	
8507.8001 -- Með sýru		26,00
8507.8009 -- Án sýru		36,40
8507.9000 – Hlutar		36,40

A	B
Kr/Stk	Kr/Kg

ÚR 87. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR

8701	Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):	
8701.1000	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	143
	– Dráttar bifreiðar fyrir festivagna:	
8701.2001	-- Nýjar	2.288
8701.2009	-- Notaðar	2.288
8701.3000	– Beltadráttarvélar	858
8701.9000	– Aðrar	858
8702	Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni:	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálfdísil):	
	-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum öikumanni:	
8702.1011	---- Ný	1.144
8702.1019	---- Notuð	1.144
	-- Önnur:	
8702.1021	---- Ný	2.288
8702.1029	---- Notuð	2.288
	– Önnur:	
8702.9010	-- Rafknúin	26,00
	-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum öikumanni:	
8702.9021	---- Ný	572
8702.9029	---- Notuð	572
	-- Önnur:	
8702.9091	---- Ný	572
8702.9099	---- Notuð	572
8703	Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:	
	– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golfbifreiðar og áþekkt ökutæki:	
	-- Á beltum:	
8703.1010	---- Rafknúin	26,00
	---- Vélsleðar (beltabifhjól):	
8703.1021	---- Nýir	143
8703.1029	---- Notaðir	143
	---- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
8703.1031	---- Með 1600 cm ³ sprengirými, eða minna	429
8703.1032	---- Með meira en 1600 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými	429
8703.1039	---- Með meira en 2500 cm ³ sprengirými	429

	A Kr/Stk	B Kr/Kg
---- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með prýstikveikju (dísil eða hálfdísil):		
8703.1041 ---- Með 2100 cm ³ sprengirými, eða minna	572	
8703.1042 ---- Með meira en 2100 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými	572	
8703.1049 ---- Með meira en 3000 cm ³ sprengirými	572	
-- Önnur:		
8703.1091 ---- Rafknúin		26,00
8703.1092 ---- Fjórhjól	143	
8703.1099 ---- Annars	143	
- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neista- kveikju:		
-- Með 1000 cm ³ sprengirými eða minna:		
8703.2110 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2121 ---- Ný	429	
8703.2129 ---- Notuð	429	
-- Með meira en 1000 cm ³ til og með 1500 cm ³ sprengirými:		
8703.2210 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2221 ---- Ný	429	
8703.2229 ---- Notuð	429	
-- Með meira en 1500 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými:		
---- Með meira en 1500 cm ³ til og með 1600 cm ³ sprengirými:		
8703.2310 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2321 ---- Ný	429	
8703.2329 ---- Notuð	429	
---- Með meira en 1600 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:		
8703.2330 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2341 ---- Ný	429	
8703.2349 ---- Notuð	429	
---- Með meira en 2500 cm ³ sprengirými:		
8703.2350 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2391 ---- Ný	429	
8703.2399 ---- Notuð	429	
-- Með meira en 3000 cm ³ sprengirými:		
8703.2410 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.2491 ---- Ný	429	
8703.2499 ---- Notuð	429	

	A Kr/Stk	B Kr/Kg
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýsti- kveikju (dísil eða hálf dísil):		
-- Með 1500 cm ³ sprengirými eða minna:		
8703.3110 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.3121 ----- Ný	572	
8703.3129 ----- Notuð	572	
-- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:		
--- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2100 cm ³ sprengirými:		
8703.3210 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.3221 ----- Ný	572	
8703.3229 ----- Notuð	572	
--- Með meira en 2100 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:		
8703.3250 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.3291 ----- Ný	572	
8703.3299 ----- Notuð	572	
-- Með meira en 2500 cm ³ sprengirými:		
--- Með meira en 2500 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými:		
8703.3310 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.3321 ----- Ný	572	
8703.3329 ----- Notuð	572	
--- Með meira en 3000 cm ³ sprengirými:		
8703.3330 ---- Fjórhjól	143	
---- Önnur:		
8703.3391 ----- Ný	572	
8703.3399 ----- Notuð	572	
-- Önnur:		
--- Rafknúin:		
8703.9011 ---- Ný		26,00
8703.9019 ---- Notuð		26,00
-- Önnur en rafknúin:		
8703.9091 ---- Ný		26,00
8703.9099 ---- Notuð		26,00
8704 Ökutæki til vöruflutninga:		
8704.1000 – Demparar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega	2.288	
– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf dísil):		
-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		

	A	B
	Kr/Stk	Kr/Kg
---- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:		
8704.2111 ---- Nýjar	1.144	
8704.2119 ---- Notaðar	1.144	
---- Með vörupalli:		
8704.2121 ---- Ný	1.144	
8704.2129 ---- Notuð	1.144	
---- Með vörurými:		
8704.2191 ---- Ný	1.144	
8704.2199 ---- Notuð	1.144	
-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:		
8704.2210 ---- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.144	
---- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.2211 ---- Nýjar	2.288	
8704.2219 ---- Notaðar	2.288	
---- Með vörupalli:		
8704.2221 ---- Ný	2.288	
8704.2229 ---- Notuð	2.288	
---- Með vörurými:		
8704.2291 ---- Ný	2.288	
8704.2299 ---- Notuð	2.288	
-- Yfir 20 tonn að heildarþyngd:		
8704.2310 ---- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	2.288	
---- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.2311 ---- Nýjar	2.288	
8704.2319 ---- Notaðar	2.288	
---- Með vörupalli:		
8704.2321 ---- Ný	2.288	
8704.2329 ---- Notuð	2.288	
---- Með vörurými:		
8704.2391 ---- Ný	2.288	
8704.2399 ---- Notuð	2.288	
– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		
---- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.3111 ---- Nýjar	572	
8704.3119 ---- Notaðar	572	
---- Með vörupalli:		
8704.3121 ---- Ný	572	
8704.3129 ---- Notuð	572	
---- Með vörurými:		
8704.3191 ---- Ný	572	
8704.3199 ---- Notuð	572	
-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn:		
8704.3210 ---- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	572	

	A Kr/Stk	B Kr/Kg
--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.3211 ---- Nýjar	572	
8704.3219 ---- Notaðar	572	
--- Með vörupalli:		
8704.3221 ---- Ný	572	
8704.3229 ---- Notuð	572	
--- Með vörurými:		
8704.3291 ---- Ný	572	
8704.3299 ---- Notuð	572	
- Önnur:		
-- Rafknúin:		
8704.9011 ---- Ný		26,00
8704.9019 ---- Notuð		26,00
-- Önnur en rafknúin:		
8704.9020 ---- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.144	
--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9021 ---- Ný	429	
8704.9029 ---- Notuð	429	
--- Með vörupalli:		
8704.9031 ---- Ný	429	
8704.9039 ---- Notuð	429	
--- Með vörurými:		
8704.9091 ---- Ný	429	
8704.9099 ---- Notuð	429	
8705	Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunar-bifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):	
8705.1000 - Kranabifreiðar	2.288	
8705.2000 - Borkranabifreiðar	2.288	
8705.3000 - Slökkvibifreiðar	2.288	
8705.4000 - Steypuhræribifreiðar	2.288	
- Önnur:		
8705.9001 -- Snjóplógar	2.288	
8705.9002 -- Gálgabifreiðar	2.288	
8705.9009 -- Annars		26,00
8706	Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705:	
8706.0001 - Fyrir almenningibifreiðar og vörubifreiðar	2.288	
8706.0009 - Aðrar	572	
8709	Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugæymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum	

	A	B
	Kr/Stk	Kr/Kg
stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:		
– Ökutæki:		
8709.1100 -- Rafknúin		26,00
8709.1900 -- Önnur	858	
8711 Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:		
8711.1000 – Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm ³ eða minna	143	
8711.2000 – Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm ³ sprengirými til og með 250 cm ³	143	
8711.3000 – Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm ³ sprengirými til og með 500 cm ³	143	
8711.4000 – Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm ³ sprengirými til og með 800 cm ³	143	
8711.5000 – Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm ³ sprengirými	143	
– Annað:		
-- Annars:		
8711.9091 --- Rafknúin vélhjól		26,00
8713 Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:		
8713.9000 – Önnur		26,00

ÚR 89. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR

8901	Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	-- Ferjur, hvers konar	26,00
8901.1009	-- Önnur	26,00
8901.2000	– Tankskip	26,00
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	26,00
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	-- Notuð	26,00
8901.9009	-- Annars	26,00

		A	B
		Kr/Stk	Kr/Kg
8902	Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:		
	– Vélskip:		
	– – Meira en 250 rúmlestir:		
8902.0011	---- Notuð		26,00
8902.0019	---- Önnur		26,00
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:		
8902.0021	---- Notuð		26,00
8902.0029	---- Önnur		26,00
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:		
8902.0031	---- Notuð		26,00
8902.0039	---- Önnur		26,00
	– – Önnur:		
8902.0041	---- Notuð		26,00
8902.0049	---- Annars		26,00
	– Önnur:		
8902.0091	-- Notuð		26,00
8902.0099	-- Annars		26,00
8903	Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:		
	– Annað:		
8903.9200	-- Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél		26,00
8904	8904.0000 Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum		26,00
8905	Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:		
8905.1000	– Dýpkunarskip		26,00
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar ..		26,00
	– Annað:		
8905.9009	-- Annars		26,00
8906	8906.0000 Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar		26,00
8908	8908.0000 För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs		26,00

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 349, 25. júní 1996, um loðnuveiðar 1996/1997.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1996/1997, sbr. 1. gr., er íslenskum fiskiskipum heimilt að veiða 1.277.000 lestar af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

14. febrúar 1997

Nr. 160

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð Knattspyrnufélagsins Hauka.

1. gr.

Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af ættingjum og vinum Garðars S. Gíslasonar þann 12. apríl 1976, sem leggur til þessum nýja sjóði sjóðinnistæðu sína, nú kr. 516.192,85, sem er stofnframlag.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir, sala minningarkorta, áheiti og gjafir er berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita Haukafélögum stuðning til iðkunar íþróttar og félagslegrar aðstöðu svo og að styrkja uppbyggingu félagssvæðis á Ásvöllum.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu aðalstjórnar Hauka sem kýs honum stjórn. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Hauka ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnufélagsins Hauka. Bókhaldsár sjóðsins skal vera hið sama og aðalstjórnar félagsins.

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum eða á annan jafn arðbæran og tryggan hátt. Aldrei má veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann og stofnfé skal ávallt haldast óbreytt.

5. gr.

Því aðeins er hægt að leggja sjóðinn niður, að allir stjórnarmenn hans samþykki það svo og meirihluti aðalstjórnar félagsins og aðalfundur félagsins.

Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skulu eigur hans renna til Knattspyrnufélagsins Hauka og skulu þær notaðar til styrktar starfi yngstu meðlima félagsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum af stjórn Hauka. Einn skal hafa prókúrumboð á fjárreiðum sjóðsins, annar vera ritari og þriðji meðstjórnandi. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn. Í fyrsta sinn 1995.

Fyrir 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næst liðið starfsár, sbr. lög nr. 19 frá 1988.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja. Umsóknir um styrki skulu vera skriflegar og rökstuddar. Úr sjóðnum má veita hverju sinni 3/4 hlutum tekna hans frá síðustu úthlutun. Tekjuafgang skal leggja við stofnfé hverju sinni.

8. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Hauka og með samþykki sjóðsstjórnar.

9. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Hafnarfirði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög, nr. 19/1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Opið er öllum að gerast stofnfélagar Minningar- og styrktarsjóðs Knattspyrnufélagsins Hauka. Stofndagur er 12. apríl 1995. Þeir sem vilja gerast stofnendur verða að skila framlagi fyrir 12. apríl 1996.

Framanritað er gert með fullu samþykki og samráði ættingja Garðars S. Gíslasonar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 161

20. janúar 1997

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sauðárkróks 1994 - 2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur umhverfísráðherra, þann 20. janúar 1997 staðfest aðalskipulag Sauðárkrókskaupstaðar 1994 - 2014. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sauðárkróks 1982 - 2002 er staðfest var 30. nóvember 1984.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 20. janúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.

A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

- A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
- B1. Til notkunar á heimilum.
- B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 30% ástimplaðri flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 380 V.
- C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

- D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:
 - a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);
 - b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið;
 - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;
 - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;
 - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;
 - f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.
 - g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
2. Gjald samkvæmt taxa E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu veitustjórnar.
Á hestúsa- og hafnasvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxa á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxa D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxa B2. Slík sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxa innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir endurofnun samkvæmt þessum lið E3.
4. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

- a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalinn 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsmíðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.

- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

B-hluti.

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1 Almenn notkun	2.354	6,31
B1 Heimilisnotkun	2.354	5,96
B2 Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.510	7,22
C1 Stórnokun (Afltaxti)	26.811	2,59
Aflgjald kr/kW/ár	7.469	
D1 Hitun án rofs	4.102	5,90
D2 Hitun, rof 1,5 klst.	4.102	3,24
D3 Hitun, rof 2,5 klst.	4.102	2,93
D4 Næturhitun	4.102	2,11
D5 Sumarhitun	4.102	2,26
D6 Rof breytilegt	4.102	2,67
E1 Sérsmningar		
E2 Gatna- og hafnarlýsing	25.973 kr/kVA/ár	
E3 Lokun og endurofnun veitu	1.500	
E4 Innheimtugjald	542	
E5 Álestrargjald	542	
Leigugjöld	Fastagjald kr/ár	
10 Einfasa mælir	419	
11 Einfasa mælir með liða	2.159	
20 Þrífasa mælir	1.632	
21 Þrífasa mælir með liða	3.199	
24 Þrífasa mælir með str.sp.	4.082	
30 Þrífasa aflmælir	2.561	
31 Þrífasa aflmælir með str.sp.	4.968	
Heimtaugar	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>
63 A 1 fasa	33.441	1.440
63 A 3 fasa	57.028	1.759
100 A 3 fasa	81.976	2.116
200 A 3 fasa	144.935	2.957
350 A 3 fasa	237.572	4.219
Spennistöðvar	Stofngjald	
<i>Stærð spennis</i>	<i>kr.</i>	
300 kVA	275.544	
500 kVA	558.312	
600 kVA	641.904	
800 kVA	855.528	
Bráðabirgðaheimtaugar	Stofngjald	
<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>	
35 A einfasa	8.642	
35 A þrífasa	12.415	
60 A þrífasa	15.232	
Tengigjald v/ skammtímanotkunar	2.700	
Tengigjald við Akraneshöfn	2.148	

Iðnaðarhiti. C-hluti.

Fylgirit	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
Iðnaðarhiti:		
F1 Án rofs	4.102	5,90
F2 Rof 1,5 klst.	4.102	3,24
F3 Rof 2,5 klst.	4.102	2,93
F4 Rof 14,5 klst.	4.102	2,11
Mæla- og rofaleiga v/húshitunar		
1. Einfasa	419	
2. Einfasa með liða	2.159	
3. Þrifasa	1.632	

Vegna sölu á heitu vatni.

D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,84 \text{ kr/m}^2$ ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1.539 \text{ kr} + (F - 130) \times 7,13 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

- Gjald fyrir afnot af heita vatninu er: kr.
- a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 89,10
fyrir hvern rúmmetra vatns.
- b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 119,10
fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.
Fyrir mæla með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 272 kr/mán.
Fyrir mæla með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 487 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.500,00.
Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 542,00.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp- hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m^3 innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
Allt að 250 m^3	kr. 71.208
251-500 m^3	kr. 71.208 + 169,70 kr/ m^3 yfir 200 m^3
501-1500 m^3	kr. 113.633 + 99,60 kr/ m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	kr. 213.233 + 63,90 kr/ m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	kr. 500.783 + 50,20 kr/ m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 53.666. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.233 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.251 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 218 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 468 16. ágúst 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. mars 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarmann.

3. mars 1997

Nr. 163

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 77.351.346,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 30.429.000,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 23,09 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.**4. gr.**

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 11,84 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.539 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,13 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 89,10 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 119,10 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðrættist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir $6 \text{ m}^3/\text{klst}$: 272 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst}$: 487 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 1.500.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 542.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignarmati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:
allt að 250 m^3
 $251-500 \text{ m}^3$
 $501-1500 \text{ m}^3$
 $1501-6000 \text{ m}^3$
yfir 6000 m^3

Stofngjald:

71.208 kr.
 $71.208 + 169,70 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3
 $113.633 + 99,60 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3
 $213.233 + 63,90 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3
 $500.783 + 50,20 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 53.666 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 16.233 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.251 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 218 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 467 frá 15. ágúst 1996 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. mars 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarman.

19. febrúar 1997

Nr. 164

REGLUR

um bílalyftur og búnað þeirra.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. *Bílalyftur* eru föst eða flytjanleg tæki ætluð til að lyfta bifreiðum eða farandvinnuvélum ýmist lóðrétt eða í hallandi stöðu vegna skoðunar, þjónustu, viðgerðar eða annarrar vinnu við þær.

2. *Hjálparlyftur* eru lyftitæki sem ætluð eru til að lyfta að hluta bifreiðum á bílalyftum á gólfi eða á vinnugryfjum.

3. *Lyftustóll* er sá hluti bílalyftu sem með hreyfingu lyftir ökutækinu.

4. *Burðarbúnaður* er sá hluti bílalyftu sem ber lyftustólinn svo sem vírar, keðjur, liðir, vökvabullur, rær, skrúfuspindlar og bullustangir, en þó ekki burðarstöðir.

5. *Drifbúnaður* er sá hluti sem hreyfir eða knýr burðarbúnaðinn t.d. rafhreyfill, vökva-dæla o.þ.h.

6. *Stjórnþúnaður* eru hnappar eða handföng sem ræsa eða stöðva drifbúnaðinn.

7. *Öryggisstuðull* er hlutfall þess hámarksálags sem hlutur þolir án þess að brotna eða slitna og þess hámarksálags sem hann má verða fyrir við almenna notkun.

2. gr.

Skyldur þeirra sem selja eða afhenda bílalyftur.

1. Sá sem selur, afhendir eða sýnir bílalyftur, hjálparlyftur eða fylgihluti, sem falla undir reglur þessar, skal tryggja að það sem hér um ræðir, sé þegar það er sýnt eða afhent til notkunar útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- og sjúkdómshættu.

2. Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð og viðhald, flutning, samsetningu og frágang skulu fylgja þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig ef einhver sá búnaður sem talinn er í grein 2.1 og tilbúinn er til notkunar er afhentur áfram, endurseldur, lánaður eða leigður.

4. Bílalyfta eða hjálparlyfta skal vera með greinilegri og varanlegri áletrun um mesta leyfilegan þunga sem henni er ætlað að lyfta.

5. Þegar mælt er svo fyrir í reglum þessum eða Vinnueftirlit ríkisins krefst þess skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að viðkomandi búnaður standist þær kröfur sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

6. Bílalyfta eða fylgihlutur sem er afhentur eða sýndur hér á landi skal vera greinilega og varanlega merktur framleiðanda og sé um innflutta bílalyftu eða tilheyrandi búnað að

ræða skulu þau tæki einnig merkt nafni og heimilisfangi innflytjanda eða merkt á þann hátt að auðvelt sé að komast að raun um hver sé framleiðandi og þegar við á hver sé innflytjandinn.

3. gr.

Skyldur þeirra sem annast samsetningu og viðhald á bílalyftum.

1. Sá sem tekur að sér að setja saman, breyta eða gera við bílalyftu eða hluta hennar skal fara eftir ákvæðum þessara reglna.

2. Verði sá sem setur saman, breytir eða gerir við bílalyftu var við einhvern ágalla eða vanbúnað sem áhrif kynnu að hafa á aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eiganda eða þeim sem notar lyftuna aðvart.

3. Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarendi vegna viðgerðar skal sá sem verkið vinnur umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

4. gr.

Skyldur eigenda eða umráðamanna.

1. Eiganda eða umráðamanni bílalyftu er skylt að sjá svo um að vinnu sé þannig hagað að þeir sem starfa við bílalyftu séu varðir gegn slysum eins vel og kostur er.

2. Eiganda eða umráðamanni bílalyftu er skylt að sjá svo um að hún sé í löglegu ástandi og þannig haldið við að notkun hennar leiði ekki af sér óþarfa hættu eða óþægindi.

5. gr.

Almenn ákvæði.

1. Bílalyftur skulu hannaðar og þeim komið þannig fyrir og við haldið, að slysaætla stafi ekki af þeim. Tryggt skal að ökutæki geti ekki runnið út af, oltið eða fallið niður af þeim.

2. Bílalyftur skulu þannig búnar að ekki sé hættu á að ökutækið hallist á þeim þótt dreifing á þunga þess sé ekki jöfn. Halli má þó vera innan $\pm 1^\circ$.

3. Sé bílalyfta þannig útbúinn að unnt sé að halla ökutæki skal gera ráðstafanir sem tryggja að slíkt skapi ekki hættu.

4. Þótt bilun verði í drifbúnaði eða hlutar í burðarbúnaði bílalyftu slitni eða brotni skal lyftan þannig búin að hún geti ekki fallið niður, sigið óvænt niður eða hallast svo hættu geti stafað af.

5. Bílalyfta skal þannig búin að hún stöðvist á sjálfvirkan hátt þegar lyftan hefur náð efstu eða neðstu stöðu.

6. gr.

Öryggisbrúnir á pöllum lyftustóla.

1. Pallar á lyftustól, sem ekið er inná, skulu vera með 60 mm háum öryggisbrúnum (kantlistum) við innri brún þeirra, sjá mynd 1 í viðauka. Ef öryggisbrúnir halla $5-10^\circ$ út frá pallinum má hæð öryggisbrúna vera minnst 50 mm.

2. Á pöllum skulu vera öryggisbrúnir (kantar) eða annar búnaður sem varnar því að ökutæki geti runnið fram eða aftur af pallinum, sjá mynd 1 í viðauka. Hæð öryggisbrúnar skal vera minnst 80 mm.

7. gr.

Vörn gegn því að klemmast á milli gólfs og lyftustóls.

1. Til að koma í veg fyrir hættu á að klemmast á milli lyftustóls og gólfs eða undirstöðu skal bilið á milli þeirra vera minnst 60 mm og skal þetta bil ná allt að 150 mm

inn undir ystu brún stólsins eða arma hans, sjá mynd 2 í viðauka. Þetta gildir þó ekki um brýr sem eru á lömum og ætlaðar eru til aksturs inn á eða af lyftu enda sé þungi þeirra ekki meiri en 200 N (20 kp) þar sem þær snerta gólflötinn.

2. Viðurkenna má hlífar eða annan búnað sem kemur í veg fyrir klemmihættu í stað öryggisbils samkvæmt 1. mgr. sjá myndir 3 og 4 í viðauka.

3. Ekki er gerð krafa um öryggisbil á milli gólfs og arma lyftustóls með burðarsúlu undir miðju stólsins þar sem armar ná ekki út fyrir ökutækið, sjá mynd 5 í viðauka.

8. gr.

Lyftihraði.

1. Lyfting og slökun á lyftu skal vera með jöfnum hraða og skal hann ekki vera meiri en 0,2 m/sek. og á hliðarlyftum (þar sem ökutækinu er hallað um leið og því er lyft) má lyfti- eða ferilshraði ekki vera meiri en 0,1 m/sek.

9. gr.

Hreyfanlegir burðararmar lyftustóla.

1. Burðararmar skulu læst þegar lyft er. Burðarfletir armanna skulu vera með stömu yfirborði. Minnsta fjarlægð á milli undirstöðufleta á sömu burðarstoð skal vera 0,85 m, sjá mynd 6a í viðauka.

2. Fjarlægð milli burðarflata má þó vera minni en segir í grein 9.1 ef hornið á milli tveggja lína sem dregnar eru gegnum burðarfletina er 60° eða stærra, sjá myndir 6b og 6c í viðauka.

10. gr.

Burðarbúnaður.

1. Stálvírar í bílalyftum skulu hafa öryggisstuðulinn 8. Stálvírum í lyftum skal fylgja vottorð um slitþol og skal það vera á bilinu 1420 N/mm² - 1960 N/mm² (145-200 kp/mm²). Fjöldi þráða í vír skal vera minnstur 114.

2. Festingar á stálvírum skulu vera af viðurkenndri gerð t.d. með splæstu auga og kós, kós og minnst þrem víraklemmum eða kós og pressuðum hólk. Víraklemmur skulu vera af viðurkenndri gerð.

3. Keðjur í burðarbúnaði skulu vera samkvæmt viðurkenndum stöðlum og skal vottorð framleiðanda fylgja sem sýnir brotþol þeirra. Mesta leyfilega álag á keðjur skal miðað við öryggisstuðulinn 6. Keðjufestingar skulu einnig hafa ofangreindan öryggisstuðul.

4. Blakkir stálvíra í burðarbúnaði skulu ekki hafa minna þvermál, mælt yfir þversnið botns í spori blakkar, en 18 sinnum þvermál vírsins.

5. Blakkir, tromlur og keðjuhjól skulu þannig búin að ekki sé hætt á að vírar eða keðjur geti farið úr stýringum, tönnum eða sporum.

11. gr.

Vökvakerfi.

1. Vökvaprýstikerfi skulu hönnuð fyrir tvöfaldan hámarksvinnuþrýsting. Háþrýsti-slöngur skulu þó geta þolað fimmfaldan hámarksvinnuþrýsting vökvakerfisins.

2. Vökvaprýstilagnir skulu vera úr viðurkenndu efni og þannig frá þeim gengið að þær séu varðar fyrir slit eða skemmdum.

3. Vökvaprýstilagnir og tengingar þeirra skulu vera þannig búnar að sem minnst hætt sé á að vökvinn geti sprautast á stjórnanda lyftunnar eða aðra og valdið skaða ef slanga brestur. Beygjur á slöngum mega ekki vera svo krappar að hætt stafi af.

4. Vökvaþrýstikerfi skulu búin yfirþrýstiloka (framhjáhlaupsloka). Lokinn skal vera á milli dælu vökvakerfisins og stjórnlokans fyrir slökun lyftunnar. Lokinn skal stilltur þannig að hann opnist ef þrýstingur verður 10% meiri en sá þrýstingur sem svarar til leyfilegs hámarksþunga. Lokinn skal innsiglaður og þannig frá honum gengið að stillingu hans verði ekki breytt nema með því að rjúfa innsiglið. Innsigli má aldrei rjúfa nema með leyfi Vinnueftirlitsins.

12. gr.

Fallvarnir á bílalyftum með vökvastrokkum sem lyfta beint undir lyftustólinn og á hjálparlyftum.

1. Bílalyftur með vökvastrokkum, sem lyfta beint undir lyftustólinn, skulu búnar lokum sem hamla sighraða lyftunnar ef vökvaþrýstilagnir eða þétti bresta. Sighraði má mestur verða 0,2 m/sek í slíkum tilfellum.

2. Lyftur sem bornar eru uppi af fleiri en einum vökvastrokki skulu þannig hannaðar að halli á lyftustólnum valdi ekki hættu þótt leiðsla í vökvakerfi bresti.

3. Lyftan skal búin öryggisbúnaði sem varnar því að hún geti sigið neðar en 0,5 m frá gólfi við ótímabært sig.

4. Óheimilt er að vinna undir vökvaknúinni hjálparlyftu nema tryggt sé að hún geti ekki sigið óvænt niður, annars skal ökutækinu slakað niður á trygga undirstöðu.

13. gr.

Fallvarnir á bílalyftum sem dregnar eru upp af vökvaþrýstikerfi með strengjum eða keðjum.

1. Bílalyftur, sem dregnar eru upp af vökvaþrýstikerfi með strengjum eða keðjum, skulu búnar hemlaloeka (slöngubrotsløka) sem lokar vökvarásinni við strokkinn ef slanga, leiðsla eða þétti bresta.

2. Bílalyftur með strengjum eða keðjum, skulu búnar læsingum sem læst geta lyftunni með jöfnu millibili á lyftustoðunum.

3. Lyftustól skal ávallt setja í læsingar þegar unnið er undir honum. Óheimilt er að vinna undir lyftu sem eingöngu er haldið uppi af burðarbúnaði.

4. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum í tölulið 3. mgr. Sé það gert skal skoða viðkomandi lyftur minnst einu sinni á ári.

14. gr.

Fallvarnir á lyftum með skrúfuspindlum.

1. Skrúfuspindlar skulu vera með öryggisróm auk burðarrónna sem halda lyftustólnum uppi. Öryggisrær þessar skulu taka við þunga stólsins ef burðarrær bila. Þær skulu ekki bera þunga við venjulega notkun lyftunnar.

2. Ef öryggisróin hefur tekið við þunga lyftustólsins skal ekki vera mögulegt að lyfta honum aftur fyrr en viðgerð hefur farið fram.

3. Skrúfuspindlar skulu vera sjálflæsandi og hafa stýringar til varnar því að spindilleggurinn bogni.

4. Drifkeðjur skrúfuspindla skulu búnar slakrofa eða öðrum jafngildum búnaði til varnar því að átak geti orðið ójafnt á milli þeirra.

15. gr.

Vinnupallar á bílalyftum.

1. Bílalyftur með áfestum vinnupalli skulu þannig búnar að þeim verði ekki stjórnað af honum.

2. Á ytri hliðum vinnupalla skulu vera handrið með hné- og fótlistum. Hæð handriðs skal vera 1 m og fótlistans 0,1 m.

3. Minnsta fjarlægð vinnupalls frá föstum hlutum byggingar skal vera 0,6 m.

16. gr.

Stjórnbúnaður.

1. Rofar og handföng, sem stjórna hreyfingum lyftu skulu vera haldrofar eða handföng sem stöðugt þarf að þrýsta á, meðan hreyfing lyftunnar fer fram og vera þannig gerð að þau verði ekki hreyfð í ógáti t.d. með því að rekast í þau.

2. Stjórnbúnaður skal þannig hannaður að hann geti ekki orsakað halla á lyftum sem bornar eru uppi af fleiri en einni stoð.

3. Rafbúnaður og raflagnir bílalyftu skulu vera samkvæmt gildandi reglum og reglugerðum um raforkuvirki.

17. gr.

Staðsetning bílalyftu.

1. Staðsetning bílalyftu, vinnusvæði í kringum hana, fjarlægð frá veggjum eða nálægum vélum skal vera í samræmi við gildandi reglur og staðla.

18. gr.

Viðhald.

1. Stálvíra skal skipta um ef:

a. Fjöldi einstakra brotinnna þráða þeirra er yfir 10 af hundraði á lengdarbili sem nemur áttföldu þvermáli vírsins.

b. Vírinn er orðinn flatur eða teygður eða aðrar sjáanlegar skemmdir eru orðnar á honum sem rýrt geta burðarþol hans.

2. Skipta skal samtímis um alla stálvíra í sömu lyftu.

3. Keðjur skal skipta um ef:

a. Lenging á þeim er orðin 2% af upphaflegri lengd.

b. Aðrar sjáanlegar skemmdir hafa orðið á þeim sem rýrt geta burðarþol þeirra.

4. Skipta skal um:

a. Blakkarhjól ef þau eru orðin slitin eða með skarpar eða skemmdar brúnir sem geta skaðað vírinn.

b. Burðarrær á skrúfuspindlum þegar slitmörkum er náð.

5. Ávallt skal setja undirstöður undir lyftu þegar unnið er að viðhaldi eða viðgerð á henni og lyftustól hefur verið lyft.

19. gr.

Eftirlit og tilkynningarskylda.

1. Bílalyftur skal skoða annað hvert ár. Vinnueftirlit ríkisins getur þó breytt skoðunartíðni eftir notkunarsviði lyftunnar.

2. Áður en bílalyfta er tekin í notkun skal tilkynna það Vinnueftirlitinu og skal þá fara fram skoðun á henni. Vinnueftirlitið getur þó leyft notkun bílalyftu til bráðabirgða í takmarkaðan tíma án slíkrar skoðunar. Verði eigendaskipti á skráðri bílalyftu skal bæði hinn fyrri og hinn nýji eigandi tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum.

3. Hjálparlyftur eru undanþegnar reglulegri skoðun nema þær séu hluti bílalyftu.

4. Bílalyftur sem ekki er unnið undir eru undanþegnar reglubundnum skoðunum samkvæmt reglum þessum

20. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Um þau atriði sem ekki er fjallað um í reglum þessum gilda almennar reglur um öryggisbúnað véla eftir því sem við á.

2. Bílalyftur sem í notkun eru við gildistöku reglna þessara, og ekki uppfylla ákvæði þeirra, skulu lagfærðar innan árs frá gildistöku þeirra. Vinnueftirlitið getur þó veitt lengri frest til úrbóta.

21. gr.

Áfrýjun.

1. Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnar stofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið svo fljótt sem verða má.

2. Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því að ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

22. gr.

Viðurlög.

1. Brot gegn reglum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við lögum samkvæmt. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ennfremur 29.- 34. gr. sömu laga, staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 53/1988 um bílalyftur og búnað þeirra.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. febrúar 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 30/1983, um afgreiðslutíma lyfjabúða,
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Reglugerð nr. 30/1983, um afgreiðslutíma lyfjabúða, með áorðnum breytingum, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994, með síðari breytingum, er með reglugerð þessari breytt þannig að eftir viðauka V koma tveir nýir viðaukar, viðauki VI um sameiginlegar verklagsreglur varðandi umsóknir, gerð og veitingu á evrópsku tæknisamþykki og viðauki VII um staðfestingu á samræmi byggingarvöru.

A grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 42/94 frá 15. desember 1994 skal ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EBE frá 17. janúar 1994 um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki öðlast gildi hér á landi. Auglýsing nr. 265/1995 þar að lútandi er dagsett 11. apríl 1995. Ákvörðun þessi er hér birt í heild sinni sem viðauki VI.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 48/96 frá 27. september 1996 skal ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/204/EBE frá 31. maí 1995 um staðfestingu á samræmi byggingarvöru öðlast gildi hér á landi. Ákvörðun þessi er hér birt í heild sinni sem viðauki VII.

2. gr.

Viðauki VI orðist svo:

VIÐAUKI VI.

SAMEIGINLEGAR VERKLAGSREGLUR VARÐANDI UMSÓKNIR, GERÐ OG VEITINGU Á EVRÓPSKU TÆKNISAMÞYKKI.

0. Inngangur.

- 0.1 Þessar sameiginlegu reglur segja til um hvaða málsmeðferð skuli viðhöfð við umsóknir, gerð og veitingu evrópsks tæknisamþykkis samkvæmt 3. tölul. viðauka II.
- 0.2 EOTA, Evrópusamtök um tæknisamþykki, eru heildarsamtök þeirra samþykktaraðila sem aðildarríki EES veita leyfi til að gefa út evrópskt tæknisamþykki samkvæmt tilskipuninni.
- 0.3 Viðskiptaráðuneytið hefur með auglýsingu nr. 265/1995 dags. 11. apríl 1995 tilnefnt Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins sem fulltrúa Íslands í EOTA. Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins telst því samþykktaraðili er veitir evrópskt tæknisamþykki hér á landi.

1. Almennar reglur.

- 1.1 Skrifstofa EOTA færir skrá yfir veitingar á evrópsku tæknisamþykki. Skráin er birt opinberlega minnst einu sinni á ári.
- 1.2 Tækniráð EOTA skipar nauðsynlegar nefndir til að skipuleggja og samræma veitingu á evrópsku tæknisamþykki.

- 1.3 Samþykktaraðilar birta opinberlega, hver á sínu tungumáli, yfirlit yfir veitingar á evrópsku tæknisamþykki.
- 1.4 Vandamál sem koma upp í sambandi við veitingu evrópsks tæknisamþykkis og framkvæmdanefnd EOTA getur ekki leyst verður vísað til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og fastanefndar EFTA ríkjanna til úrlausnar.
2. *Reglur varðandi umsókn um evrópskt tæknisamþykki.*
 - 2.1 Framleiðandi eða fulltrúi með staðfestu í bandalaginu, hér á eftir nefndur „umsækjandi“, getur sótt um evrópskt tæknisamþykki. Fulltrúinn verður að hafa sérstakt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd.
 - 2.2 Umsókn skal senda þar til bærum EOTA-aðila á viðkomandi svæði; óleyfilegt er að senda umsókn um sömu vöru til fleiri en eins aðila.
 - 2.3 Við umsókn samkvæmt þessari reglu heimilar umsækjandi samþykktaraðila, sem hann leitaði til, að greina ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna, öðrum EOTA-aðilum og skrifstofu EOTA frá efni umsóknarinnar.
 - 2.4 Áður en umsækjandi leggur inn umsókn skal hann, ef hann óskar þess og hefur skilað inn þeim gögnum sem samþykktaraðili fer fram á, fá upplýsingar um eftirfarandi:
 - hvernig samþykki er afgreitt,
 - hversu langan tíma talið sé að þurfi til að afgreiða umsókn fyrir tiltekna vöru,
 - hver sé áætlaður kostnaður við afgreiðslu umsóknar og hvernig beri að greiða hann.Ef vörusviðið hefur ekki verið viðurkennt sem heppilegt fyrir evrópskt tæknisamþykki, eða ef varan víkur verulega frá samræmdum stöðlum eða viðurkenndum landsstöðlum, þá skulu ofangreindar upplýsingar aðeins veittar umsækjanda eftir að ákvörðun um möguleika á evrópsku tæknisamþykki hefur verið tekin samkvæmt málsmeðferðinni í lið 3.2¹. Umsækjanda verður greint frá ákvörðuninni.
 - 2.5 Umsókn skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði (sjá fylgiskjal 1) á tungumáli aðildarríkisins þar sem samþykktaraðilinn er, nema hann leyfi annað.
 - 2.6 Umsókninni skal fylgja lýsing á byggingarvörunni, skilgreiningar, teikningar og prófunarskýrslur með nákvæmri greinargerð um vöruna og til hvers á að nota hana.
 - 2.7 Í umsókninni skal umsækjandi tilgreina alla framleiðslustaði. Hann verður að sjá til þess að samþykktaraðilinn eða fulltrúar hennar geti skoðað þá á vinnutíma með hliðsjón af veitingu evrópsks tæknisamþykkis.
 - 2.8 Samþykktaraðilinn skal innan tveggja mánaða staðfesta móttöku umsóknar og staðfesta að afgreiðsla hefjist (sjá staðlað eyðublað, fylgiskjal 2). Ef umsókn er hafnað verður samþykktaraðili að rökstyðja það. Umsækjandi getur þá vísað málinu til annars samþykktaraðila.
 - 2.9 Samþykktaraðili skal upplýsa umsækjanda um það hvaða skjöl, prófniðurstöður, útreikninga o.s.frv. hann þarf að leggja fram svo unnt sé að meta hvort varan henti til áætlaðra nota. Umsækjanda er skylt að útvega samþykktaraðila nauðsynleg gögn og aðstoða hann við matið.
 - 2.10 EOTA-aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja leynd viðkvæmra trúnaðarupplýsinga sem þeir fá í hendur vegna starfs síns.
 - 2.11 Umsækjandi verður að staðfesta, með bindandi hætti samkvæmt lögum, að hann muni greiða allan kostnað í tengslum við afgreiðslu umsóknar og vegna tilheyrandi fylgiskjala í samræmi við landslög.
 - 2.12 Ef umsækjandi sinnir ekki skyldum sínum eins og segir í þessu skjali, þá getur samþykktaraðili ógilt umsókn eftir vissan tíma.

¹ Með tilvísun í tiltekna liði er átt við töluliði þessa viðauka, sé ekki annars getið.

3. *Reglur varðandi veitingu á evrópsku tæknisamþykki.*

3.0 Evrópska tæknisamþykkið varðar einungis þá eiginleika vöru sem tengjast grunnkröfunum í viðauka I. CE-merkingin snertir aðeins þessi atriði.

Ef aðrir eiginleikar eru metnir skal því mati haldið skýrt aðgreindu frá mati á grunnkröfum, eftir samkomulag milli meðlima EOTA. Slíkt mat er frjálst.

Uppsetning evrópsks tæknisamþykkis skal svara til „almennrar fyrirmyndar“ sem ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna samþykkja.

3.1 *Veiting evrópsks tæknisamþykkis á grundvelli viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki (sbr. 1. mgr. 10. gr.¹).*

3.1.1 Inntak og form evrópsks tæknisamþykkis skal samsvara viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki.

3.1.2 Samþykktaraðili sem veitir evrópskt tæknisamþykki sendir það:

- öllum öðrum EOTA-aðilum,
- aðalskrifstofunni og sendir hún afrit til ESA og fastanefndar EFTA ríkjanna.

3.1.3 Á aðlögunartíma, sem EOTA ákveður fyrir sérhverjar viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki til að tryggja að samþykki sé sambærilegt milli samþykktaraðila, er uppkast að evrópsku tæknisamþykki, ásamt fylgiskjölum (prófniðurstöðum), lagt fyrir viðkomandi EOTA-aðila til skoðunar.

3.1.4 Ef ESA eða fastanefnd EFTA ríkjanna finnur, eftir álitserð fastanefndar um byggingarmál, galla í veittu evrópsku tæknisamþykki sem á rætur í gölluðum viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki, þá má samþykktaraðilinn ekki veita oftar evrópskt tæknisamþykki á grundvelli þeirra viðmiðunarreglna.

3.2 *Veiting evrópsks tæknisamþykkis án þess að viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki séu til (sbr. 2. mgr. 10. gr.)*

3.2.1 Inntak og form evrópsks tæknisamþykkis skal samþykkt af fastanefnd EFTA ríkjanna.

3.2.2 Samþykktaraðili, er fær fyrirspurn samkvæmt lið 2.4 eða umsókn um evrópskt tæknisamþykki fyrir vöru af tegund sem hefur ekki verið sótt um fyrir áður, skal fyrst ráðfæra sig við tækniráð EOTA um það hvort veita megi evrópskt tæknisamþykki fyrir þá vöru að öllu jöfnu og fylgja tiltekinni málsmeðferð við samræmismatið.

Ef samstaða næst innan tækniráðs EOTA um umsóknir samkvæmt 1. tölul. 9. gr. eru nauðsynlegar upplýsingar sendar með samþykki formanns EOTA til ESA og fastanefndar EFTA ríkjanna til að fá leyfi til að veita evrópskt tæknisamþykki. Ef samstaða næst ekki innan tækniráðs EOTA er málinu vísað til framkvæmdanefndar EOTA sem ákveður hvort leggja skuli það fyrir ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna.

Við umsóknir um evrópskt tæknisamþykki samkvæmt 2. tölul. 9. gr. mun ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna ákveða, á grundvelli mats EOTA og viðeigandi upplýsinga, hvort vara af tegund, sem samræmdir staðlar eða viðurkenndir landsstaðlar ná til, vikur verulega frá þeim og hvort veita megi evrópskt tæknisamþykki.

3.2.3 Ef samkomulag næst samkvæmt lið 3.2.2 skal samþykktaraðili sem fær umsókn ráðfæra sig við aðra EOTA-aðila og gera grein fyrir því hvernig hann hyggst afgreiða umsóknina, meðal annars hvað snertir prófáætlun, kröfur um skil og hvernig samræmisvottun fer fram.

Samþykktaraðilinn skal taka tillit til athugasemda hinna EOTA-aðilanna.

3.2.4 Ef umsókn um evrópskt tæknisamþykki er fyrir vöru af tegund sem málsmeðferðin í lið 3.2.3 gildir um, þá verður tæknisamþykkið að byggjast á þeirri málsmeðferð.

3.2.5 Áður en samþykktaraðili veitir evrópskt tæknisamþykki sendir hann uppkast að því ásamt gögnum umsækjanda til viðkomandi EOTA-aðila og til aðalskrifstofunnar og skulu þær svara innan tveggja mánaða.

¹Með tilvísun í tiltekna greinar er átt við greinar reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994.

Samþykktaraðili veitir evrópskt tæknisamþykki þegar allir viðkomandi EOTA-aðilar hafa skriflega lýst sig sammála því með hliðsjón af 3. tölul. í viðauka II.

Evrópsku tæknisamþykki er dreift í samræmi við lið 3.1.2.

Ef ekki tekst að leysa vandamál eru þau sett á dagskrá hjá tækniráðinu.

Ef samstaða næst innan tækniráðsins veitir samþykktaraðilinn evrópskt tæknisamþykki.

Ef samstaða næst ekki er málið sett á dagskrá hjá framkvæmdanefnd EOTA og tekur hún ákvörðun um frekari aðgerðir.

Ef samstaða næst ekki innan framkvæmdanefndar EOTA skal málinu vísað til fastanefndar um byggingarmál í gegnum ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna.

4. *Afturköllun á evrópsku tæknisamþykki.*

4.1 Samþykktaraðili skal afturkalla evrópskt tæknisamþykki ef ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna hefur sent tilkynningar um að það uppfylli ekki grunnkröfur.

4.2 Samþykktaraðili skal greina öðrum EOTA-aðilum og aðalskrifstofunni frá afturkölluninni. Aðalskrifstofan kemur boðum til ESA og fastanefndar EFTA ríkjanna.

5. *Breyting á evrópsku tæknisamþykki.*

5.1. Sækja skal um breytingu á evrópsku tæknisamþykki á sama hátt og sótt var um það. Umsóknin skal send samþykktaraðila sem veitti upphaflega samþykkið.

5.2 Ákvæðin í liðum 3.1 og 3.2 gilda í þessu sambandi: Afgreiðsla umsóknarinnar nær aðeins til þeirra atriða sem snerta breytinguna beint.

5.3 Veitt er nýtt evrópskt tæknisamþykki sem kemur í stað hins gamla.

6. *Framlenging gildistíma.*

6.1 Í samræmi við 4. mgr. 10. gr. má framlengja gildistíma tæknisamþykkis (almennt) um fimm ár, að því tilskildu að ESA og fastanefnd EFTA ríkjanna hafi ekki tilkynnt viðkomandi samþykktaraðilum og/eða EOTA að skilyrði sem upphaflega samþykkið hvíldi á hafi breyst. Umsóknir skulu vera skriflegar og berast samþykktaraðila í síðasta lagi sex mánuðum áður en gildistíminn rennur út.

Ákvæðin í liðum 3.1 og 3.2 gilda í þessu sambandi.

6.2 Umsókn um framlengingu skulu fylgja tilskilin tæknileg gögn samkvæmt viðmiðunarreglum um framlengingu evrópsks tæknisamþykkis. Ef slíkar viðmiðunarreglur eru ekki til mun samþykktaraðili, að höfðu samráði við EOTA-aðila, kynna umsækjanda hvaða tæknilegu gögn hann þarf að leggja fram.

6.3 Slíkar framlengingar eru á ábyrgð þess EOTA-aðila sem veitir þær og afgreiðslan á að vera eins ítarleg og við upphaflega matið.

Fylgiskjal 1*Umsókn um evrópskt tæknisamþykki***1. Umsóknin er send til:**

(Heiti tilnefnds samþykktaraðila).

2. Umsækjandi:

(Framleiðandi eða löglegur fulltrúi hans með staðfestu á EES-svæðinu; ef umsókn er lögð fram af fulltrúa með staðfestu á EES-svæðinu þarf umboð framleiðanda að fylgja með).

3. Byggingarvörutegund:**4. Vörumerki eins og það verður í tæknisamþykkinu:****5. Skilgreining á byggingarvörunni og áætluð notkun:**

(Fylgiskjöl skal senda með umsókninni, sbr. lið 2.6).

6. Framleiðslustaðir þar sem byggingarvaran verður framleidd:**7. Yfirlýsing umsækjanda:**

Ég lýsi yfir hér með (krossið í viðeigandi reit)

--- að ég hef ekki sótt um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru sem um getur í liðum 3 og 4 til annars EOTA-aðila,

--- að ég hef sótt um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru sem um getur í liðum 3 og 4 til

.....
(nafn hins EOTA-aðilans)

Sú umsókn var ekki samþykkt.

.....
(staður og stund)

.....
(lögleg undirskrift)

Fylgiskjal 2

(Nafn og heimilisfang viðurkennds samþykktaraðila)

*Staðfesting á móttöku umsóknar um
veitingu evrópsks tæknisamþykkis***1. Umsóknin sem er send af**.....
.....

og dagsett

(dagsetning umsóknar)

um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru

.....
(sbr. liði 3 og 4 í umsókninni)

er hér með samþykkt og afgreiðsla umsóknarinnar hafin.

2. Afgreiðsla umsóknarinnar fær eftirfarandi tilvísunarnúmer:

.....

3. Afgreiðslan byggist á:

--- eftirfarandi ákvæðum:

.....
(ákvæði sem hafa verið tekin upp í innlenda löggjöf vegna tilskipunar um byggingarvörur, 89/106/EBE)

--- sameiginlegum verklagsreglum um umsóknir, gerð og veitingu evrópsks tæknisamþykkis,

--- (viðeigandi ákvæðum samþykktaraðila, samþykktum, samningstextum eða því um líku, þar sem þess er krafist).

4. Kostnaður við afgreiðslu umsóknarinnar er ákveðinn á grundvelli:.....
.....
.....

(taxtar, lagaákvæði eða önnur ákvæði sem gilda um samþykktaraðilann (með tilvísun))

.....
(staður og stund).....
(lögleg undirskrift)

3. gr.

Viðauki VII orðist svo:

VIÐAUKI VII.

STAÐFESTING Á SAMRÆMI BYGGINGARVÖRU.

1. HLUTI

Í samræmi við 12. gr.¹ er staðfesting á samræmi vöru háð því hvort:

- i. framleiðandinn hafi innra eftirlitskerfi, þ.e. framleiðslustýrikerfi sem framleiðandinn ber ábyrgð á, eða
- ii. fyrir tilteknar vörur, sé auk þess þörf á að samþykkt vottunarstofa hafi eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé svo mælt fyrir í viðeigandi tækniákvæðum fyrir þær vörur. Tilgreina verður valið milli aðferðanna tveggja í samræmi við viðauka III og með hliðsjón af 1. - 4. tölul. 13. gr.

Aðferðin sem tiltekin er í 1. tölul. 12. gr. svarar til kerfanna í b-lið 2. liðar í viðauka III, fyrsta kosts án samfellds eftirlits, svo og annars og þriðja kosts.

Aðferðin sem tiltekin er í 2. tölul. 12. gr. svarar til kerfanna í a-lið 2. liðar og b-lið 2. liðar, fyrsta kosts með samfelldu eftirliti.

1. *Vörur á ábyrgð framleiðenda.*

Staðfesta skal samræmi eftirfarandi vara og vöruflokka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýrikerfi sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði.

- Forsteyptar byggingarvörur úr steinsteypu til notkunar í léttum burðarvirkjum eða í annað en burðarvirki (svo sem girðingar, greinikassar fyrir fjarskipti, aðrir litlir greinikassar og klæðningareiningar). Hugtakið „til notkunar í léttum burðarvirkjum“ vísar til burðarvirkja sem eiga ekki að valda hruni mannvirkis né hluta þess, óviðunandi formbreytingum eða meiðslum á fólki þótt þau gefi sig.
- Varmaeinangrandi efni, sem flokkast í brunaviðbragðaflokka A, B eða C og eru þeim eiginleikum gædd að nothæfi þeirra með tilliti til bruna breytist ekki í framleiðsluferlinu, og varmaeinangrandi efni í flokkum D, E eða F. Viðbrögð við bruna eru metin með tilliti til flokka (svokallaðra Evró-flokka) og stiga, sem fastsett eru í viðauka V.
- Hurðir, gluggar, hlið, hlerar og skyldar vörur, nema drifnar hurðir, hlið og brunapólnar hurðir og gluggar ásamt tilheyrandi búnaði, að neyðarbúnaði meðtöldum.
- Himnur og dúkar til ýmissa nota í byggingum að undanskildum þeim sem getið er um í 2. lið² hér á eftir (þar með talin rakavarnarlög).

2. *Vörur eða framleiðslukerfi sem vottunarstofa þarf að meta og hafa eftirlit með.*

Staðfesta skal samræmi eftirfarandi vara með aðferð þar sem gert er ráð fyrir þátttöku viðurkenndrar vottunarstofu við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri auk framleiðslustýringarkerfis framleiðanda.

- Forsteyptar steypuvörur til notkunar í burðarvirkjum (einkum forspenntar holplötur, staurar og möstur, niðurrekstrarstaurar, loftaplötur, loftaplötur með tengigrindum, holbitaeiningar, rifjaplötur, ílangar burðareiningar (bitar og súlur), burðarveggjaeiningar, stoðveggjaeiningar, þakeiningar, síló, stigar, brúargólfseiningar og stórir holkassar.
- Varmaeinangrandi efni með brunaeiginleika sem geta tekið breytingum meðan á framleiðsluferli stendur og flokkast í brunaviðbragðaflokka A, B eða C.

¹ Með tilvísun í tilteknar greinar er átt við greinar reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994.

² Með tilvísun í tiltekna liði er átt við töluliði þessa viðauka, sé ekki annars getið.

- Drifnar hurðir, hlið ásamt brunapólnum hurðum og gluggum, svo og viðeigandi búnaður, þar með talinn neyðarbúnaður.
- Himnur og dúkar sem geta orðið fyrir eldi á notkunarstað (undirlagsklæðningar á þök, þakklæðningar og rakavarnarlög).

3. Aðferð til staðfestingar á samræmi.

Í stöðlunarumboðum skal tiltaka hvaða aðferð skuli nota til að staðfesta samræmi. Það skal vera samkvæmt eftirfarandi:

Vöruflokkur: Varmaeinangrandi byggingarvörur (1/1).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.

- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðlasamtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Allar varmaeinangrandi vörur framleiddar í verksmiðju og mótaðar á staðnum.
Áformuð not: Öll notkunarsvið.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
A - B - C ¹⁾	1. kerfi ³⁾
A - B - C ²⁾	3. kerfi ⁴⁾
D - E - F	4. kerfi ⁵⁾

¹⁾ Efni sem hafa þá eiginleika að hætt er við að nothæfi þeirra með tilliti til bruna breytist í framleiðsluferlinu (yfirleitt er um að ræða efni sem framleidd eru úr eldfimum hráefnum).

²⁾ Efni sem hafa þá eiginleika að nothæfi þeirra með tilliti til bruna breytist ekki í framleiðsluferlinu (yfirleitt er um að ræða efni sem framleidd eru úr eldtraustum hráefnum).

³⁾ 1. kerfi: Sjá a-lið 2. tölul. í viðauka III, án úttektarprófunar á sýnum.

⁴⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.

⁵⁾ 4. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, þriðja kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.
- 2.2 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi og 3. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila (sem framleiðandi skal óska eftir þegar um 3. kerfi er að ræða) (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
- 21a: eiginleika Evró-flokka með tilliti til viðbragða við bruna eins og fram kemur í viðauka V.

Vöruflokkur: Hurðir, gluggar, hlerar, hlið og tilheyrandi búnaður (1/3).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.

- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðlasamtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Brunapólnir gluggar, hurðir og tilheyrandi innbyggður búnaður.
Áformuð not: Skipting í brunahólf.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Allir flokkar	1. kerfi ¹⁾

¹⁾ 1. kerfi: Sjá a-lið 2. tölul. í viðauka III, án úttektarprófunar á sýnum.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.
 - 2.2 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
 - 22b: heilleika E,
 - 22c: einangrun I,
 - 22f: reykútbreyðslu S,
 - 23a: sjálfvirka lokun C,
 - 23b: sleppigetu (aðeins fyrir tilheyrandi búnað).

Vöruflokkur: Hurðir, gluggar, hlerar, hlið og tilheyrandi búnaður (2/3).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Drifnar hurðir og hlið.

Áformuð not: Hvaðeina.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	1. kerfi ¹⁾

¹⁾ 1. kerfi: Sjá a-lið 2. tölul. í viðauka III, án úttektarprófunar á sýnum.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir

vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

- 2.2 Frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykktts aðila (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) takmarkast við eftirfarandi eiginleika:
- 23a: sjálfvirka lokun C.

Vöruflokkur: Hurðir, gluggar, hlerar, hlið og tilheyrandi búnaður (3/3).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Allar aðrar gerðir hurða og glugga.

Áformuð not: Allt annað.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	3. kerfi ¹⁾

¹⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.
 - 2.2 Frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykktts aðila sem framleiðandi skal óska eftir (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) takmarkast við eftirfarandi eiginleika:
 - 33a: vatnsheldni,
 - 34f: losunarhraða hættulegra efna (aðeins fyrir áhrif innandýra),
 - 43g: mótstöðu gegn vindálagi,
 - 51b: einangrunarstuðul fyrir hljóð sem berast beint um loft (aðeins notað þar sem gerðar eru kröfur um hljóðtæknilega eiginleika),
 - 61a: varmaviðnám,
 - 61b: loftþéttleika.

Vöruflokkur: Himnur og dúkar (1/5).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vörflokkur: Rakavarnarlög.

Áformuð not: Við rakavörn gólfa í húsum og kjallaraveggja og kjallaragólfa.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	3. kerfi ¹⁾

¹⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.
- 2.2 Frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila sem framleiðandi skal óska eftir (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) takmarkast við eftirfarandi eiginleika:
 - 33a: vatnsheldni.

Vörflokkur: Himnur og dúkar (2/5).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðlasamtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vörflokkur: Rakavarnarlög.

Áformuð not: Múrvirki.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	3. kerfi ¹⁾

¹⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

- 2.2 Frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila sem framleiðandi skal óska eftir (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) takmarkast við eftirfarandi eiginleika:
- 33a: vatnsheldni.

Vöruflokkur: Himnur og dúkar (3/5).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Þakundirlög.

Áformuð not: Notuð þar sem byggingarvaran gæti orðið fyrir brunaáraun.
Þakundirlög til allra annarra nota skal staðfesta skv. 3. kerfi ¹⁾.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
A - B - C	1. kerfi ²⁾
D - E	Kerfi 2+ ³⁾

¹⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.

²⁾ 1. kerfi: Sjá a-lið 2. tölul. í viðauka III, án úttektarprófunar á sýnum.

³⁾ Kerfi 2+: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, fyrsta kost, ásamt vottun framleiðslustýringar verksmiðjunnar þar sem samþykktur aðili annast stöðugt eftirlit, mat og samþykki.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.
 - 2.2 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila sem framleiðandi skal óska eftir (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
 - 21a: eiginleikar Evró-flokka með tilliti til viðbragða við bruna eins og fram kemur í viðauka V.
 - 2.3 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
 - 33a: vatnsheldni.

Vöruflokkur: Himnur og dúkar (4/5).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
 - 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Þakklæðningar.

Áformuð not: Í þök.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	Kerfi 2+ ¹⁾

- ¹⁾ Kerfi 2+: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, fyrsta kost. ásamt vottun á framleiðslustýringu verksmiðjunnar þar sem samþykktur aðili annast stöðugt eftirlit, mat og samþykki.
2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

Vöruflokkur: Himnur og dúkar (5/5).

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðlasamtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Rakavarnarlög.

Áformuð not: Notuð þar sem byggingarvaran gæti orðið fyrir brunaáraun.

Rakavarnarlög til allra annarra nota skal staðfesta skv. 3. kerfi ¹⁾.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
A - B - C	1. kerfi ²⁾
D - E	Kerfi 2+ ³⁾

- ¹⁾ 3. kerfi: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, annan kost.
- ²⁾ 1. kerfi: Sjá a-lið 2. tölul. í viðauka III, án úttektarprófunar á sýnum.
- ³⁾ Kerfi 2+: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, fyrsta kost. ásamt vottun framleiðslustýringar verksmiðjunnar þar sem samþykktur aðili annast stöðugt eftirlit, mat og samþykki.
2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

- 2.2 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
- 21a: eiginleikar Evró-flokka með tilliti til viðbragða við bruna eins og fram kemur í viðauka V.
- 2.3 Að því er varðar vörur sem falla undir 1. kerfi takmarkast frumgerðarprófun vörunnar af hálfu samþykks aðila (sjá a-lið 1. tölul. í viðauka III) við eftirfarandi eiginleika:
- 33b: vatnspéttleiki.

**Vöruflokkur: Forsteyptar steypuvörur: venjulegar, léttar,
gufusæfðar - loftblandaðar (1/2).**

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Forsteyptar steypuvörur.

Áformuð not: Í burðarvirki.

Stig eða flokkur	Kerfi til staðfestingar á samræmi
	Kerfi 2+ ¹⁾

¹⁾ Kerfi 2+: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III. fyrsta kost. ásamt vottun á framleiðslustýringu verksmiðjunnar þar sem samþykktur aðili annast stöðugt eftirlit, mat og samþykki.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

**Vöruflokkur: Forsteyptar steypuvörur: venjulegar, léttar,
gufusæfðar - loftblandaðar (2/2).**

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 1.1 Fyrir þær byggingarvörur og þau áformuðu not sem getið er um hér á eftir eru Staðla-samtök (CEN)/Rafstaðlasamtök (CENELEC) Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vöruflokkur: Forsteyptar steypuvörur.

Áformuð not: Í létt burðarvirki eða annað en burðarvirki.

Stig eða flokkur

Kerfi til staðfestingar á
samræmiKerfi 4¹⁾

¹⁾ Kerfi 4: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, þriðja kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XXI. kafla, II. viðauka, tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, og tilskipunar ráðsins 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993 um breytingar á tilskipun um byggingarvörur, með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 3. tölul. auglýsingar nr. 265/1995 frá 11. apríl 1995 um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisambýkki.

Viðskiptaráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Sveinn Þorgrímsson.

18. febrúar 1997

Nr. 167

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Reglugerð nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, með áorðnum breytingum, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um skemmtibáta.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skemmtibáta með mestu lengd frá 2,5 m að 24 m, bæði fullsmíðaða og hálfsmíðaða, sem og búnað skemmtibáta sem tilgreindur er í II. viðauka.

Skemmtibátur er í reglugerð þessari hver sá bátur sem ætlaður er til skemmtisiglinga, óháð framdrifi bátsins.

2. gr.

Eftirtaldir bátar og tæki eru undanskilin ákvæðum þessarar reglugerðar:

- a. Bátar sem eingöngu eru ætlaðir til æfinga og keppni, þar með taldir kappróðrabátar.
- b. Kanúar, kajakar, gondólar og hjólabátar.
- c. Seglbretti.
- d. Vélknúin brimbretti og önnur svipuð vélknúin farartæki.
- e. Upprunalegir sögulegir bátar og eftirlíkingar báta sem hannaðir voru fyrir 1950 og eru smíðaðir úr sams konar efni og fyrirmyndin og svo flokkaðir hjá framleiðendum.
- f. Bátar sem smíðaðir eru í tilraunarskyni að því tilskyldu að þeir verði ekki síðar settir á markað á Íslandi.
- g. Bátar smíðaðir til eigin nota, að því tilskildu að þeir verði ekki settir á markað á Íslandi næstu fimm ár eftir að smíði líkur enda verði notkun takmörkuð með tilliti til ástands bátsins.
- h. Bátar sem ætlaðir eru til atvinnustarfsemi, einkum þeir sem eru tilgreindir í tilskipun Evrópusambandsins nr. 82/716/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum, óháð farþegafjölda.
- i. Kafbáatar.
- j. Svifbáatar.
- k. Skíðabáatar.

3. gr.

Grunnkröfur.

Báatar sem vísað er til í 1. gr. skulu uppfylla kröfur um öryggi, heilsu, umhverfisvernd og neytendavernd sem kveðið er á um í I. viðauka.

4. gr.

Samþykki skemmtibáta.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með skemmtibátum í samræmi við reglugerð þessa samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Hver skemmtibátur skal uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og vera merktur með CE-merki því til staðfestingar. Sama gildir um hálfsmíðaða báta, enda liggi fyrir yfirlýsing samanber a-lið III. viðauka frá bátasmiðnum, fulltrúa hans, sem staðfestu hefur í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eða einstaklingi sem ábyrgur er fyrir markaðssetningu, þess efnis að bátarnir verði fullgerðir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Búnaður skemmtibáta, samanber II. viðauka, skal einnig vera merktur með CE-merkinu til staðfestingar því að hann uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar, enda liggi fyrir yfirlýsing þess efnis, samanber b-lið III. viðauka, frá framleiðanda, fulltrúa hans sem

staðfestu hefur í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eða einstaklingi sem ábyrgur er fyrir markaðssetningu.

5. gr.

Öryggisákvæði.

Ef Siglingastofnun Íslands kemst að raun um að skemmtibátar eða búnaður þeirra sem um getur í II. viðauka, merktir með CE-merkinu sem um getur í IV. viðauka, rétt smíðaðir, útbúnir, viðhaldið og notaðir á fyrirhugaðan hátt, geti stofnað öryggi og heilsu manna í hættu og skaðað eignir eða umhverfið ber stofnuninni að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að innkalla þá af markaðinum eða banna eða takmarka markaðssetningu þeirra eða að þeir verði teknir í notkun.

6. gr.

Verklag við viðurkenningu.

Áður en smíði eða markaðssetning á skemmtibátum hefst, skal framleiðandinn eða fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skilgreina bátana samkvæmt eftirfarandi reglum um flokkun aðferða við viðurkenningu, A, B, C og D eins og um getur í 1. lið í I. viðauka.

1. Flokkar A og B

- Fyrir báta með mestu lengd minni en 12 m; innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa) sem um getur í VI. viðauka.
- Fyrir báta með mestu lengd frá 12 m til 24 m; EB-gerðarprófun (aðferðareining B) sem um getur í VII. viðauka ásamt aðferðareiningu C (samræmi við gerð) sem um getur í VIII. viðauka eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B + D, B + F eða G eða H.

2. Flokkur C

a. Fyrir báta með mestu lengd frá 2,5 m til 12 m:

- Þar sem fullnægt er ákvæðum í gr. 3.2 og 3.3 í I. viðauka; innri framleiðslustýring (aðferðareining A) sem um getur í V. viðauka.
- Þar sem ekki er fullnægt ákvæðum í gr. 3.2 og 3.3 í I. viðauka; innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa) sem um getur í VI. viðauka.

b. Fyrir báta með mestu lengd frá 12 m til 24 m; EB-gerðarprófun (aðferðareining B) sem um getur í VII. viðauka ásamt aðferðareiningu C (samræmi við gerð) sem um getur í VIII. viðauka eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B + D, B + F, G eða H.

3. Flokkur D

Fyrir báta með mestu lengd frá 2,5 m til 24 m; innri framleiðslustýring (aðferðareining A) sem um getur í V. viðauka.

4. Fyrir búnað sem um getur í II. viðauka; ein af eftirfarandi aðferðareiningum: B + C, B + D, B + F eða G + H.

7. gr.

CE-merki.

Skemmtibátar og búnaður þeirra sem um getur í II. viðauka og álitíð er að samræmist grunnkröfum sem um getur í 3. gr., skulu merktir með CE-merkinu þegar þeir eru settir á markað.

CE-merkið, eins og það er sýnt í IV. viðauka, skal fest á skemmtibáta eins og tilgreint er í lið 2.2 í I. viðauka og á þann búnað þeirra sem tilgreindur er í II. viðauka, og/eða á umbúðir þeirra á greinilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt.

CE-merkinu skal fylgja kenninúmer Siglingastofnunar Íslands.

Bannað er að festa á skemmtibáta merki eða áletranir sem geta valdið því að þriðji aðili fái villandi upplýsingar um þýðingu og útfærslu CE-merkisins. Heimilt er að festa öll önnur merki á skemmtibáta og framangreindan búnað þeirra, að því tilskildu að þau geri CE-merkið ekki ógreinilegra eða ólæsilegra.

8. gr.

Ef Siglingastofnun Íslands telur að CE-merki hafi verið fest á rangan hátt, er framleiðandinn eða fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skyldugur að ráða bót á merkingunni.

Ef ekki er farið eftir ábendingum um ranga merkingu, skal Siglingastofnun Íslands gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu vörunnar sem í hlut á eða til að tryggja að hún verði afturkölluð af markaðinum, í samræmi við 5. gr.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 234 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 418 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.020 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 775 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar úpphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m ³	67.980 kr.
251 - 500 m ³	67.980 kr. + 162,20 kr/m ³ yfir 250 m ³
501 - 1500 m ³	108.530 kr. + 95,00 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501 - 6000 m ³	203.530 kr. + 61,00 kr/m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	478.030 kr. + 48,00 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í febrúarmánuði 1997, 218,2 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 673 27. desember 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 179

5. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 91.1.4. í reglugerðinni orðist svo:

Loftræsting skal vera góð og skal miða við að meðalstyrkur CO₂ sé ekki yfir 800 ppm og hámarksgildi fari ekki yfir 1000 ppm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 5. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1997

12. mars 1997

359

Nr. 180

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	17.03.-23.03.	ótilgr.	7,5	50
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	24.03.-06.04.	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	07.04.-13.04.	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifíflsblöd	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0707.0021	Gúrkur	17.03.-23.03.	ótilgr.	15	99
0707.0021	Gúrkur	24.03.-31.03.	ótilgr.	22,5	148
0709.3000	Eggaldinjurtir	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	17.03.-30.06.	ótilgr.	7,5	100

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr/kg
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbitur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, græn	17.03.-30.03.	ótilgr.	7.5	99
0709.6003	Paprika, græn	31.03.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	14.04.-30.06.	ótilgr.	22.5	298
0709.6003	Paprika, önnur	17.03.-30.03.	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, önnur	31.03.-06.04.	ótilgr.	7.5	99
0709.6003	Paprika, önnur	07.04.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur	14.04.-30.06.	ótilgr.	22.5	298

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magnatollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

10. mars 1997

Nr. 181

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist í stafrófsröð: Landssamtök hjólreiðamanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1997

7. mars 1997

361

Nr. 182

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Ljósavatnshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 3.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

		kr.
Flokkur	a)	30.000
"	b)	60.000
"	c)	70.000
"	d)	80.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. mars 1997

Nr. 183

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyrarbakkahreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1997.

Gutenberg

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð, sumarbústað eða fyrirtæki í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim fyrirtækjum, sem sjálf annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við ætlaðan fjölda sorpíláta að mati hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1997 er sem hér greinir:

	Íbúðir/fyrirtæki	Sumarbústaðir
Sorphreinsigjald	4.500 kr. á ílát	1.350 kr. á ílát
Sorpeyðingargjald.....	2.500 kr. á ílát	750 kr. á ílát
Samtals sorphirðugjald.....	7.000 kr. á ílát	2.100 kr. á ílát

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 6. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hreinsunar fráveituvatns í Reykjanesbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er heimilt að leggja á og innheimta gjald vegna hreinsunar fráveituvatns af hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Reykjanesbæ, sem virt er fasteignamati.

2. gr.

Af eignum húsa eða húshluta, sem virt er fasteignamati, skal árlega innheimta gjald vegna hreinsunar fráveituvatns og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjald-daga þess. Gjaldið rennur í sjóð til að standa straum af kostnaði við hönnun og byggingu útrása og dælu- og hreinsistöðva í Reykjanesbæ. Hreinsun fráveituvatns er í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldið skal vera kr. 6.000 á ári.

4. gr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Reykjanesbæjar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og tekur gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 10. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

3. mars 1997

Nr. 185

REGLUGERÐ

um leiguflug til og frá Íslandi.

1. gr.

Með hugtakinu leiguflug er átt við annað flug en reglubundið áætunarflug til flutnings á farþegum og/eða vörum með loftförum til og frá Íslandi, þegar aðili þ.m.t. ferðaskrifstofa hefur tekið farrými loftfars að hluta eða öllu leyti á leigu hjá flugrekanda.

2. gr.

Um leiguflug flugrekenda, sem starfa á grundvelli flugrekstrarleyfis, útgefins í aðildarríki á hinu evrópska efnahagssvæði skv. ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 439/1994, skulu gilda ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, sbr. sömu auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig gilda ákvæði reglugerðar nr. 20/1985 um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi um leiguflug, auk ákvæða reglugerðar þessarar, sem gilda skulu um allt leiguflug til og frá Íslandi.

3. gr.

Flugrekendum ber að sækja um leyfi til leiguflugs til Flugmálastjórnar Íslands, sem veitir þau að uppfylltum þeim skilyrðum sem gilda. Slík leyfi eru óframseljanleg. Eintak af leyfisbréfi til leiguflugs skal vera um borð í hlutaðeigandi loftfari.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis skal vera, að í starfsemi þess flugrekanda sem sækir um leyfi, sé farið eftir stöðlum um öryggi, sem Flugmálastjórn metur samsvarandi þeim, sem íslensk stjórnvöld áskilja.

Jafnframt er skilyrði leyfisveitingar, að umsóknin samrýmist viðteknum viðhorfum í millilandaflugi skv. ríkjandi venjum og gildandi þjóðréttarskuldbindingum.

4. gr.

Ef flugrekandi annast ekki sjálfur samningsgerð við farþega og/eða eigendur vöru farms, skal sölustarfsemi hér á landi og markaðssetning á farþegasætum í farrými fara fram í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um ferðaskrifstofur og starfsemi þeirra.

5. gr.

Ef fara á leiguferð með loftfari, sem ekki er eign hlutaðeigandi flugrekanda, hann hefur ekki leiguumráð yfir sem fela í sér hliðstæðar heimildir og eignaumráð eða hann hefur ekki á eignarleigu, þarf að sækja um sérstaka heimild til þess. Þannig skal flugrekanda, sem fengið hefur leyfi til leiguflugs, óheimilt að leigja loftfar með áhöfn frá öðrum flugrekanda til slíks flugs, nema að fenginni sérstakri heimild Flugmálastjórnar, sem metur hvort farið sé eftir stöðlum um öryggi, er séu samsvarandi þeim sem íslensk stjórnvöld áskilja.

6. gr.

Flugrekendur í leiguflugi til og frá Íslandi skulu hafa váttryggingar vegna slysa á farþegum og tjóns á farangri sem fluttur er svo og tjóns sem utanaðkomandi aðilar kunna að verða fyrir af völdum loftfarsins, skv. gildandi reglum.

7. gr.

Flugmálastjórn getur áskilið að umsóknir um leyfi til leiguflugs séu á þar til gerðum eyðublöðum.

Í umsókn skulu eftirtalin atriði koma fram eða fylgja henni:

- a) Nafn, auðkennisnúmer eða kennitala flugrekstraráðila og heimilisfang hans.
- b) Staðfesting hlutaðeigandi yfirvalda á flugrekstrarleyfi.
- c) Þjóðerni, skrásetningarmarki og tegund þess loftfars sem fljúga skal.
- d) Staðfesting hlutaðeigandi yfirvalds á lofthæfi loftfars.
- e) Flugnúmer, dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími til og frá íslenskum flugvelli.
- f) Staðfesting á váttryggingum flugrekanda sbr. 6. gr.
- g) Nafn, auðkennisnúmer eða kennitala þess sem tekið hefur loftfarið eða hluta þess á leigu eða samið um afnot með öðrum hætti.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir, þ.m.t. upplýsingar um samningsskilmála, hvornig staðið er að markaðssetningu sæta í farrými og afrits af leigusamningnum.

8. gr.

Umsókn skal að jafnaði berast til Flugmálastjórnar eigi síðar en 3 virkum dögum fyrir brottför, sé um eina staka ferð að ræða en 10 virkum dögum fyrir brottför í fyrstu ferð sé um fleiri ferðir að ræða.

Flugmálastjórn er heimilt að samþykkja umsókn þótt hún berist ekki innan greindra tímamarka.

Leiguflug með loftförum sem hafa 10 tonna hámarksflugtaksþunga og/eða færri en 20 farþegasæti er undanþegið ákvæðum þessarar greinar.

9. gr.

Við brottför skal farþegalista skilað til Flugmálastjórnar og skal hann innihalda þessar upplýsingar:

- a) Nafn, auðkennisnúmer eða kennitölu flugrekanda.
 - b) Brottfarar- og ákvörðunarstað flugsins.
 - d) Nafn og auðkennisnúmer eða kennitölu leigutaka loftfarsins, eða þess sem samið hefur við flugrekstraráðila og stendur fyrir fluginu.
 - e) Nöfn farþega sem hefja ferð frá íslenskum flugvelli, kennitölur þeirra og heimili.
- Flugmálastjórn getur áskilið frekari upplýsingar ef hún telur þess þörf.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 21 frá 7. janúar 1985.

Samgönguráðuneytinu, 3. mars 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka áfengis.

1.1. Áfengi er deilt í 6 söluflokka:¹

- Kjarna
- Reynsluflokk
- Þróunarflokk
- Sérflokk
- Mánaðarflokk
- Sérpantanir

1.2. Í *kjarna* eru sölutegundir (vörunúmer)¹ sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vorur sem voru í þeim flokki 1. mars 1994 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu áfengis. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Um brottfellingu voru úr kjarna fer eftir ákvæðum tl. 1.6. Verði sú breyting á smásöluverði án aðgerða birgis að vara flytjist milli vörflokka¹ (verðflokka)¹ byrjar varan nýtt viðmiðunartímabil í nýja vörflokknum. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar¹ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem mest hefur selst, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir skulu falla úr kjarna.

1.3. Áfengi í kjarna er til sölu í öllum aðalverslunum ÁTVR. Í verslunum ÁTVR í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað og Höfn skulu a.m.k. 5 mest seldu sölutegundir af bjór vera faltar. Í sömu verslunum skulu a.m.k. 3 mest seldu sölutegundir úr öðrum vörflokkum vera faltar.

1.4. Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 20% af tölu þeirra áfengistegunda sem eru í kjarna. Áfengi í reynsluflokki er selt í Kringlunni, Heiðrónu, á Seltjarnarnesi og Akureyri. Áfengi í þessum flokki er í reynslusölu 8 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna nái hún söluhlutfalli sem áskilið er skv. ákvæðum tl. 1.6. Við útreikning skal miða við sölu í 6 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vörflokksins á sama tímabili í þeim verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu að frátalinni sölu í sérflokki og sérpöntunum. Sé vörflokki deilt í verðflokka skal sölutegundin vera í sama verðflokki allan reynslusölutímann. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverjum vörflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

1.5. Í þróunarflokki eru nýjar tegundir áfengis, er fara í reynslusölu án veru á biðlista. Tegundin telst ný hafi varan ekki verið fól í verslunum ÁTVR eða erlendis. Varan sé að efnainnihaldi frábrugðin öðrum vörum á markaði innanlands og utan. Með vöruna skal fara að öðru leyti með sama hætti og gildir um vöru í reynsluflokki. Vara í þróunarflokki hefur ekki áhrif á tölu þeirra sölutegunda er veljast í reynsluflokk hverju sinni né veru annarra sölutegunda frá framleiðanda þróunarvöru á biðlista eftir reynslusölu.

1.6. Í mánuði hverjum birtir ÁTVR sölutölur undanfarinna 12 mánaða eftir vörflokkum/verðflokkum. Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í þeim vínbúðum, sem hafa allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu vöru í sérflokki og sérpöntunum. Sé sala í vörflokki (í lítrum)

¹ Sjá orðskýringar í tl. 1.12.

undir 1.000 lítrum á undanförnum 12 mánuðum, fellur sölutegund úr kjarna, hafi hún eigi náð a.m.k. 10% af sölu í vöruflokknum á sama tímabili. Sé sala í vöruflokki frá 1.000 og að 10.000 lítrum eru samsvarandi mörk 5%. Fyrir vöruflokk sem selst frá 10.000 lítrum og að 50.000 lítrum eru mörkin 2%. Vöruflokkur sem selst a.m.k. í 50.000 lítrum hefur mörk a.m.k. 1% til að söluvara haldist í kjarna.

1.7. Samsvarandi mörk eru fyrir vöru í reynsluflokki og þróunarflokki. Sala á þeim 6 mánuðum, sem mæling tekur til, þarf að ná hlutfallslega sama söluárangri og væri hún í kjarna.

1.8. *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru falar í sérflökki.

Sala vöru í sérflökki telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna, í reynsluflokki eða þróunarflokki sbr. tl. 1.6.

1.9. Í *mánaðarflokk* fer áfengi sem ætlað er til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október, jólamánuður. Sölutími mánaðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í *kjarna* enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda.

Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til sölu í mánaðarflokki getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til sölu frá sama birgi.

1.10. Áfengi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má *sérpanta*.

1.11. Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

- 01 (1) Rauðvín, verð undir 1200 kr. á lítra
- 01 (2) Rauðvín, verð frá 1200 - 1499 kr. á lítra
- 01 (3) Rauðvín, verð frá 1500 - 1799 kr. á lítra
- 01 (4) Rauðvín, verð frá 1800 kr. á lítra
- 02 (1) Hvítvín, verð undir 1200 kr. á lítra
- 02 (2) Hvítvín, verð frá 1200 - 1499 kr. á lítra
- 02 (3) Hvítvín, verð frá 1500 - 1799 kr. á lítra
- 02 (4) Hvítvín, verð frá 1800 kr. á lítra
- 03 (1) Rósavín, verð undir 1200 kr. á lítra
- 03 (2) Rósavín, verð frá 1200 kr. á lítra
- 04 (1) Freyðivín, verð undir 1200 kr. á lítra
- 04 (2) Freyðivín, verð frá 1200 - 1499 á lítra
- 04 (3) Freyðivín, verð frá 1500 kr. á lítra
- 05 (1) Styrkt vín, verð undir 2000 kr. á lítra
- 05 (2) Styrkt vín, verð frá 2000 kr. á lítra
- 08 Kryddvín
- 10 Brandí
- 13 Viskí
- 14 Snafs
- 15 Vodka
- 16 Einiberjabrennivín

- 18 Romm
- 20A Líkjör, vínandi minni eða jafn 22% m.v.r.
20B Líkjör, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 21A Bitter, vínandi minni eða jafn 22% m.v.r.
21B Bitter, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 22A Ávaxtabrandí
22B Ávaxtavín
22C Annað áfengi, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 23 Annað áfengi, vínandi minni eða jafn 22% m.v.r.
- 26 Ávextir lagðir í vínanda
- 60A (1) Ljós lagerbjór, verð undir 380 kr. á lítra
60A (2) Ljós lagerbjór, verð frá 380 kr. á lítra
60B ÖI
60C Annar bjór

1.12. Orðskýringar.

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar í verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir megininkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluáðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.

Verðflokkur: Undirflokkur vöruflokks. Dæmi: Rauðvín á 1200 - 1499 kr.

Áfengistegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.

2. Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

2.1. Tilboð á að færa á skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggi frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar, sem óska.

2.2. Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.

2.3. Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, gengur innkaupastjóri frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst.

2.4. Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lió 2.3.

3. Um sérpantanir.

3.1. ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum söluflokkum.

3.2. Allar verslanir ÁTVR veita pöntunum á áfengi frá innlendum birgjum viðtöku enda sé vara sú sem eftir er leitað á verðskrá yfir sérpantanir. Fyrir hverja pöntun greiðir kaupandi 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fáanleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Varan verður afhent kaupanda í þeirri verslun sem hún var pöntuð.

3.3. Þjónustudeild Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, sérpantar áfengi af frísvæði eða erlendis frá gegn greiðslu á 400 kr. pöntunarkostnaði og með sömu skilmálum og frá er greint í tl. 3.2. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar. ÁTVR afhendir vöruna í þjónustudeild Heiðrúnar eða þeirri verslun ÁTVR utan Reykjavíkursvæðis er kaupandi tilgreinir.

3.4. Sala sérpantaðrar vöru telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna, reynsluflokki eða þróunarflokki sbr. tl. 1.6.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

4.1. Reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna, til reynslu, í þróunarflokki eða í mánaðarflokki.

4.2. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD eða GBP. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.

4.3. Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublöðanna er á íslensku og ensku.

4.4. Innihaldslýsing fylgi bréfi sky. tl. 4.2. og tl. 4.3. Litarefna skal getið og brennisteinstvöldis (SO₂), séu efni þessi í vörunni. Sýnishorn, a.m.k. 2 sölueiningar, berist ÁTVR án endurgjalds a.m.k. fjórum mánuðum áður en vara fer í reynslusölu. Lausir merkimiðar fylgi umbúðum. Merkimiðar beri með sér stærð umbúða og magn vínanda miðað við rúmmál. Sömu reglur gilda um mánaðaryöru og þróunaryöru að því frátöldu að dagsetning skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.

4.5. Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki - EAN eða UPC - verða að vera á hverri sölueiningu.

4.6. Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:

Nafn vöru.

Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.

Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg. Innihald mælt í millilítrum eða sentilítrum.

Endingartími: „best fyrir“. Bjór í flöskum eða dósnum hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol.

Innihaldslýsing, t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .

4.7. Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímamann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínanda-styrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

4.8. Bjór í reynslusölu og í kjarna verður að eiga a.m.k. 4 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hann berst í vöruhús ÁTVR.

4.9. Hámarksstærð sölueiningar er 5 lítrar. Smásölueining öls og bjórs á flöskum innihaldi a.m.k. 750 ml. Dósir verða að vera úr endurvinnanlegu áli með föstum flipa.

4.10. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímamann. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Taki birgir eigi við vörunni innan tveggja vikna frá því sölu í reynsluflokki lauk er ÁTVR heimilt að eyða vörunni á kostnað birgis. Reglur þessar gilda eftir því sem við á um vörur í mánaðarflokki. ÁTVR kaupir flestar vörur frá erlendum birgjum til sölu í kjarna á verði frá verksmiðju eða á fob-verði. Sé birgir utan Evrópu eða

Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði, Reykjavík, eða fob-verði í höfn í Evrópu eftir því sem nánar semst um. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.

4.11. Tilgreint verði hvenær afhending vöru til ÁTVR geti hafist.

4.12. Um greiðslu á verði vöru fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Jafnvirði áfengisgjalds og virðisaukaskatts af því greiðir ÁTVR þó til birgis, sem nýtur greiðslufrests á áfengisgjaldi, sem hér segir:

A 15. degi hvers mánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 1. - 15. hvers mánaðar.

Síðasta dag úttektarmánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 16. - 31. hvers mánaðar.

4.13. Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. janúar, 1. maí og 1. september. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara þ.e. eigi síðar en 1. október, 1. febrúar og 1. júní. Óheimilt er að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu og skal það verð haldast óbreytt næstu 6 mánuði flytjist varan í kjarna.

5. Reglur fyrir birgja er bjóða áfengi á pöntunarlista.

5.1. *Verð:* Verð skal vera í íslenskum krónum. Verði sérpantana er aðeins hægt að breyta við gildistöku nýrrar verðskrár ÁTVR.

5.2. *Verðskrá:* ÁTVR birtir verðskrá yfir vörur þær sem hér um ræðir 1. janúar, 1. maí og 1. september. Upplýsingar um vöru, þ.m.t. afskráningu, skulu berast ÁTVR eigi síðar en 1. dag desember, apríl og ágúst.

5.3. *Ferill vöru:* Birgir afhendir ÁTVR vöruna án endurgjalds en fær andvirði hennar greitt í síðasta lagi 3 virkum dögum eftir að sá sem pantaði vöruna hefur fengið hana í hendur.

5.4. Frestur birgis til að afhenda vöru frá því hann fær pöntun ÁTVR er 3 virkir dagar.

5.5. Birgir skal afhenda vöruna til þjónustudeildar Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.

5.6. Leysi sá er pantaði vöruna hana ekki til sín innan 4 virkra daga frá því varan var tilbúin til afhendingar í verslun ÁTVR endursendir ÁTVR vöruna til birgis.

5.7. Birgir skal tilkynna ÁTVR líklegan endingartíma birgða 10. dag hvers mánaðar og tafarlaust sé sýnt að birgðir þrjóti. ÁTVR áskilur sér rétt til að hætta viðskiptum við birgi sé upplýsingaskylda vanrækt.

5.8. Í þeim tilvikum þegar verðbreyting tekur gildi milli pöntunar viðskiptavinar ÁTVR og afhendingar vöru til hans mun varan afhent á nýja verðinu og uppgjör við birgi vera í samræmi við það verð.

5.9. ÁTVR getur samið við birgi um að nokkurt magn vöru hans sé vistað hjá ÁTVR til að flýta megi afhendingu áfengis til kaupanda.

6. Ábyrgð á vöru.

6.1. Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

6.2. Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

6.3. Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki eða mánaðarflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín.

Reglur þessar koma í stað reglna frá 1. mars og 1. ágúst 1996 og taka gildi 1. mars 1997. Ákvæði tl. 1.6 taka þó ekki gildi fyrr en 1. október 1997. Um brottfellingu vöru úr sölu flokkum til 1. október fer eftir reglum frá 1. mars 1996.

Til 1. maí 1997 skal söluening bjórs í smásölu innihalda a.m.k. 1,5 lítra. Sama gildir um sölueningu annars áfengis sem hefur undir 6% vínanda miðað við rúmmál.

Reykjavík, 27. febrúar 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Þórarinn Sveinsson

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. febrúar 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 187

14. mars 1997

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Kópavogi skal bæjarsjóður Kópavogs innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Við umsókn um leyfi til hundahalds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisveiting	kr. 8.000
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	" 12.600
Bráðabirgðaleyfi	" 2.000

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 5.500. Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og leyfi er veitt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr. 10.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	" 5.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. mars og eindagi 15. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt

ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lög taki.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kópavogs er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987 og nr. 133/1993, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi staðfesting á söluumboðseyðublaði sem birt var með auglýsingu nr. 195/1988 svo og auglýsing um sama efni nr. 105/1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. mars 1997.

F. h. r.

Jón Thors.

Sigrún Jóhannesdóttir.

SÖLUUMBOD

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987

Undirrit _____ veita/ir hér með
 umboð til að annast sölu eignarinnar

Eigandi
 Kennitala _____

Eigandi/Maki
 Kennitala _____

Sími H.: _____ Sími V.: _____

Þinglýstur eigandi/Umboðsmaður

 Kennitala _____

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggæringna, sem tengjast sölu eignarinnar. Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhöggun starfa fasteignasalans og um leið greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

TILHÖGUN SÖLU, SÖLUPÓKNUN, GILDISTÍMI OG UPPSAGNARÁKVÆÐI

Eignin er sett í einkasölu
 Með einkasölu er átt við, að eigandi fasteignar felur einum fasteignasala fasteign til sölu meðferðar og skuldbindur sig til þess að bjóða fasteignina ekki til sölu hjá öðrum fasteignasala á þeim tíma, sem einkasöluumboðið gildir. Þröti seljandi gegn þeirri skuldbindingu og selji fasteignina annarsstaðar greiðir hann _____ % af söluverðinu í bæturl til fasteignasalans auk sannanlega útlagðs kostnaðar.

Eignin er sett í almenna sölu
 Eign í almennri sölu má bjóða til sölu hjá fleiri fasteignasölum en einum. Umsamin söluþóknun greiðist þeim fasteignasala, sem selur eignina.

Söluþóknun skal vera _____ % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings auk virðisaukaskatts.

Frá undirritun gildir umboðið _____ daga Þar til eignin er seld

Umboðið er uppeggjanlegt af beggja hálfu með _____ daga fyrirvara (hámark 30 dagar). Uppsögnin skal vera skrifleg og gerð á sannanlegan hátt.

AUGLÝSINGAR

Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað einu sinni á venjulegan hátt í eindálki, og síðan á sama hátt á kostnað eiganda

Eignin skal auglýst á kostnað eiganda með sérauglýsingum sem hér segir

Eignin skal ekki auglýst.

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5 - 2,0 dalksentimetrar. Eigandi eignar skal greiða fasteignasala útlagðan auglýsingakostnað mánaðarlega samkv. gjaldskrá dagblaðs hverju sinni.

GREIÐSLUSTAÐUR KAUPVERÐS

Greiðslustaður kaupverðs verður _____

ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUFIRLITS UM EIGNINA SBR. 10 GR. L. NR. 34/1986, SBR. LÖG NR. 10/1987.

Eigandi eignar skal, innan 5 daga frá undirritun söluumboðs þessa, afla nauðsynlegra sölugagna. Ella er fasteignasala heimilt að afla þeirra, svo og upplýsinga um stöðu áhvilandi veðskulda hjá skuldareigendum eða inheimtuáðilum skulda, reynist það nauðsynlegt, allt á kostnað eiganda eignar.

ÖNNUR SAMNINGSÁKVÆÐI

Allar breytingar á söluumboði þessu skulu gerðar skriflega. Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf sín af alið og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Skráningar / skoðunargjald kr. _____ með virðisaukaskatti er greitt með _____ og skal dregið frá söluþóknun ef af sölu verður.

Það athugist að öll þjónusta fasteignasala er virðisaukaskattskyld.

Til staðfestu framanrituðu rita aðilar nöfn sín hér undir.

Eigandi/Umboðsmaður

Staður og dagsetning

Samþykki maki

Fasteignasali/Umboðsmaður fasteignasala

1.0 SÖLUUMBOD – FÉLAG FASTEIGNASALA

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1997

19. mars 1997

373

Nr. 189

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1997.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1997, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 1997 með eindaga 1. júní 1997 verða sem hér segir:

1.	<i>Röntgenskoðunartæki</i>	kr.
a.	Föst tæki - myndataka	12.500
b.	Föst tæki - skygning	17.500
c.	Tölvusneiðmyndatæki	25.000
d.	Aukalampar	3.500
e.	Færanleg tæki - myndataka	10.000
f.	Færanleg tæki - skygning	13.000
g.	Tannröntgentæki	7.500
h.	Tannröntgentæki - aukatæki	3.750
i.	Iðnaðarröntgentæki	11.000
j.	Dýralækningsröntgentæki	11.000
2.	<i>Geislalækningatæki</i>	17.500
3.	<i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar</i>	15.000
4.	<i>Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólanum, fyrir hvern stað</i>	8.000
5.	<i>Önnur geislataeki.</i>	
a.	Nifteindatæki	30.000
b.	Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1.	Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.000
2.	Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.000
6.	<i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</i>	
a.	Filmumælingar, fyrir hverja filmu	400
b.	TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tæki sem „aukatæki“ enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Halldór Eiríksson.

REGLUGERÐ

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu skal aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiða, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni innan fiskveiðilögsögu Íslands, fellur jafnframt úr gildi leyfi þess til síldveiða samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Umsóknarfrestur um leyfi til síldveiða er til 10. apríl 1997 en heimilt er að hefja síldveiðar 3. maí 1997.

3. gr.

Leyfi til veiða samkvæmt þessari málsgrein tekur til veiða á síld í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Þá er heimilt að veiða allt að 10 þús. lestir af síld innan lögsögu Noregs.

Aðeins er heimilt að stunda síldveiðar með nót í lögsögu Færeyja. Nánari reglur um veiðar í lögsögu Færeyja, Jan Mayen og Noregs verða í leyfisbréfum.

4. gr.

Á árinu 1997 skal þeim skipum, er leyfi hljóta til síldveiða samkvæmt 1. gr., heimilt að veiða 233 þúsund lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þegar Fiskistofa áætla að leyfilegt heildarveiðimagn sé að nást fellir hún öll leyfi til síldveiða úr gildi með tilkynningu í útvarpi eða til strandstöðva. Veiðar eftir að leyfi eru felld úr gildi varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar þessarar auk upptöku andvirðis ólögmeats afla samkvæmt lögum nr. 37/1992.

5. gr.

Ávallt er skipstjórum síldarskipa skylt að tilkynna til Fiskistofu með skeyti eða símbréfi um áætlað aflamagn um leið og skip heldur til lands með síldarafla og ennfremur um löndunarstað, hvenær skipið kemur að landi og hvar aflinn er fenginn (reitur og undirreitur).

Þá skal skipstjóri kl. 8-10 að morgni tilkynna til Fiskistofu um eftirfarandi atriði:

1. Staðsetningu skips og komi þar fram, hvort skipið er á leið á miðin eða í höfn eða sé á miðunum.
2. Aflamagn um borð sé skip á landleið eða á miðunum.

Í tilkynningum til Fiskistofu skal koma fram skipaskrárnúmer skips, nafn þess og einkennisstafir, nafn skipstjóra og númer veiðiferðar á síldarvertíðinni.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt þessari grein eða rangar tilkynningar varða fyrirvaralausri leyfissviptingu auk viðurlaga samkvæmt 7. gr.

6. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla. Óheimilt er að landa óvigtuðum afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum, sem leyfi hafa til síldveiða og slíkar veiðar stunda að miðla afla milli sín í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 19. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum vestan megin á Heiðarvegi frá Kirkjuvegi að Höfðavegi.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 12. mars 1997.

Georg Kr. Lárusson.

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnun fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu á árinu 1997 greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1996 um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna og auglýsing nr. 2/1951, um að útvegsmönnum sé skylt að slysatryggja gegn aukaiðgjaldi samkv. 32. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1997

10. mars 1997

377

Nr. 193

SAMÞYKKT

fyrir reynslusveitarfélagið Hornafjörð
um félagsleg húsnæðismál.

Eignaríbúðir.

1. gr.

Bæjarstjórn Hornafjarðar sækir um lánsheimild til húsnæðismálastjórnar um lán úr Byggingarsjóði verkamanna, til eins árs í senn, í því skyni að endurlána einstaklingum til að byggja eða kaupa íbúðir á almennum markaði.

2. gr.

Í samræmi við 1. gr. er gerður samningur milli Byggingarsjóðs verkamanna og bæjarstjórnar Hornafjarðar um að sjóðurinn láni bæjarfélaginu umsamda fjárhæð sem gerð skal upp með langtímaláni í árslok eða eftir nánara samkomulagi, sbr. 6. gr.

Lánið er veitt með ábyrgð bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Árlegt lán Byggingarsjóðs verkamanna til Hornafjarðar greiðist í fjórum greiðslum samkvæmt greiðsluáætlun bæjarins sem lögð er fram í upphafi árs. Lánið ber sömu vexti og eru af framkvæmdaláni hverju sinni meðan uppgjör hefur ekki farið fram. Hornafjörður leggur fram kaupsamninga eða yfirlit yfir verkstöðu fyrir Byggingarsjóð verkamanna á þriggja mánaða fresti sem sýni að framkvæmdir séu í samræmi við útgreiðslu lánsins og framlagða greiðsluáætlun. Frávik eru leiðrétt með næstu greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun.

3. gr.

Hornafjörður nýtir lánið skv. 2. gr. til að endurlána einstaklingum í Hornafirði til að byggja eða kaupa íbúðir á almennum markaði.

Auk íbúða á almennum markaði geta endurlánin verið veitt vegna félagslegra íbúða, sem fyrir voru í félagslega kerfinu á vegum bæjarins, enda hafi þær verið keyptar inn og áhvílandi lán Byggingarsjóðs verkamanna og/eða Byggingarsjóðs ríkisins gerð upp.

Tekin eru veð í hlutaðeigandi íbúðum.

Verði vanskil af hálfu kaupenda eru þau á ábyrgð Hornafjarðar.

4. gr.

Sé veitt lán ekki að fullu nýtt til íbúðakaupa/byggingar, sbr. 2. og 3. gr., endurgreiðist mismunurinn eftir samkomulagi aðila.

5. gr.

Kostnaðargrundvöllur húsnæðismálastjórnar gildir ekki um íbúðir sem falla undir tilraunaverkefni samkvæmt samþykkt þessari.

Við byggingarframkvæmdir ákvarðar Hornafjörður endanlegt veð íbúða, gæði þeirra og stærð. Sama á við þegar íbúð er keypt fohheld, svo og þegar fullbúnar íbúðir eru keyptar eftir því sem við á.

6. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til Hornafjarðar er gert upp með langtímaláni til bæjarins einu sinni á ári eða eftir nánara samkomulagi. Vextir eru samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni eftir því um hvers konar félagsleg íbúðalán er að ræða, sbr. eigna- og tekjumörk þeirra einstaklinga sem Hornafjörður endurlánar, sbr. 1. tölul. 7. gr. í samþykktum þessum. Vextir skulu vera vegnir meðalvextir lána, sbr. 2. málslíð.

Lánstími verður meðaltal þess lánstíma sem Hornafjörður endurlánar einstaklingum, þó ekki til lengri tíma en lög um Húsnæðisstofnun ríkisins segja til um.

Fjárhæð lánsins fer eftir því lánshlutfalli sem Hornafjörður endurlánar einstaklingum, sbr. 4. tölul. 7. gr. í samþykktum þessum.

Endurgreiðsla Hornafjarðar af láni Byggingarsjóðs verkamanna er á gjalddaga, óháð skilum einstaklinga við Hornafjörð, sbr. 3. gr. í samþykkt þessari.

Ekki er tekið lántökugjald af láni Byggingarsjóðs verkamanna til Hornafjarðar.

7. gr.

Um endurlán Hornafjarðar til einstaklinga gilda, auk 3. gr., eftirfarandi reglur:

1. Rétt til endurlána eiga þeir einstaklingar sem hafa tekjur og eiga eignir undir þeim mörkum sem gilda hverju sinni skv. reglugerð. Einnig þeir sem hafa hærri tekjur eða eiga meiri eignir en skv. gildandi tekju- og eignamörkum eftir reglum bæjarstjórnar þar um, enda fari vextir þá eftir sömu reglum og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 6. gr.
2. Greiðslugeta umsækjenda (greiðslumat) fer eftir reglum bæjarstjórnar Hornafjarðar.
3. Lánstími getur verið sveigjanlegur eftir reglum sem bæjarstjórn setur.
4. Lánshlutfall getur verið sveigjanlegt eftir reglum sem bæjarstjórn setur.
5. Vextir eru aldrei hærri en þeir sem gilda um hlutaðeigandi lán Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Bæjarstjórn Hornafjarðar getur sett reglur um að vextir af endurláni verði lægri enda ber bæjarfélagið mismuninn.
6. Endurlánið er án stimpilgjalds, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.
7. Bæjarstjórn Hornafjarðar er heimilt að taka allt að $\frac{1}{2}\%$ lántökugjald af endurláni.

8. gr.

Þegar íbúðareigandi, sem keypt hefur íbúð með endurláni frá Hornafirði, selur íbúðina er lán Byggingarsjóðs verkamanna gert upp þannig að íbúðareigandi greiðir upp endurlánið við Hornafjörð sem aftur gerir upp lánið við Húsnæðisstofnun.

Þegar áhvílandi lán Hornafjarðar á íbúðinni hefur verið gert upp sér eigandinn um að selja íbúðina á almennum markaði.

9. gr.

Verði vanskil af hálfu einstaklings og komi til uppboðs ber bæjarstjórnin ábyrgð á því að lánið sé gert upp við Byggingarsjóð verkamanna um leið og sýslumaður hefur samþykkt boð í eignina við nauðungarsölu.

10. gr.

Að öðru leyti gilda lög um Húsnæðisstofnun ríkisins um þau atriði sem við eiga.

11. gr.

Um þóknun til Hornafjarðar fer eftir samningi milli Hornafjarðar og húsnæðismála- stjórnar.

12. gr.

Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgist með framkvæmd samþykktar þessarar og metur hvernig til hafi tekist.

13. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hornafjarðar hefur sett með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1996, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. mars 1997.

Páll Pétursson.

Þorgerður Bernediksdóttir.

12. mars 1997

Nr. 194

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988,
með síðari breytingum.**

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Brunavarnanefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, auk slökkviliðsstjóra. Brunavarnanefnd er falið af bæjarstjórn að fara með brunavarnamál, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992.
3. *Íþrótt- og æskulýðsráð.* Hefur með höndum stjórn æskulýðs- og íþróttamála svo og annarra tómstundamála. Í íþrótt- og æskulýðsráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Eigi færri en tveir þeirra skulu vera bæjarfulltrúar. Tímstunda- og íþróttafulltrúi situr fundi ráðsins. Íþrótt- og æskulýðsráð fer meðal annars með málefni íþróttamiðstöðvar, skólagarða, vinnuskóla, ungmennaklúbba og íþrótt- og æskulýðsmál almennt, að svo miklu leyti sem bæjarfélagið lætur þau til sín taka. Íþrótt- og æskulýðsráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi ráðsins skal setja í sérstaka reglugerð.
4. *Meningarmálanefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningabókasöfn og reglugerð nr. 138/1978. Eigi færri en tveir nefndarmenn skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn. Menningarmálanefnd fer með stjórn safna bæjarins og aðra þá þætti er varða menningarmál á vegum bæjarsjóds.
5. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Starfskjaranefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndarmenn skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn. Starfskjaranefnd er kosin skv. 16. gr. í sérákvæðum kjarasamnings milli Vestmannaeyjabæjar og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar frá 1. jan. 1987 - 31. des. 1989 og annast úrlausnir minniháttar ágreiningsmála og túlkun kjarasamninga.

7. *Stjórn bæjarveitna*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara auk bæjarstjóra. Ekki færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Stjórn bæjarveitna fer með framkvæmdastjórn raforkumála, vatnsveitumála og fjarhitunar, sbr. reglugerð nr. 241/1990.
 8. *Stjórn lífeyrissjóðs*. Einn aðalmaður og annar til vara auk bæjarstjóra, sem er formaður stjórnarinnar. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar fer með stjórn lífeyrissjóðsins og fjárreiður hans samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 5. september 1994.
 9. *Stjórn sparissjóðs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparissjóði og samþykktum Sparissjóðs Vestmannaeyja frá 3. desember 1942 með áorðnum breytingum.
 10. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.
- B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
 2. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess situr félagsmálastjóri fundi þess. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar. Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Félagsmálaráð fer jafnframt með verkefni leikskólanefndar skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla. Félagsmálaráð skal kveðja fjóra menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra, sbr. 2. tl. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 7. gr. sömu laga. Þjónustuhópur aldraðra skal fara með hlutverk öldrunarnefndar, sbr. 6. gr. sömu laga. Einnig fer félagsmálaráð með þau mál sem fjallað er um í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að svo miklu leyti sem öðrum nefndum eru ekki falin þau verkefni samkvæmt sér-lögum. Félagsmálaráð fer jafnframt með jafnréttismál, sbr. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndin hefur einnig með höndum verkefni áfengisvararnefndar, sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
 3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
 4. *Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Eigi færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Hafnarstjórn starfar samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 23/1994 svo og hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985.
 6. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum og 83. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.
 7. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
Kjörstjórn (yfirkjörstjórn).
Hverfiskjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir.
 8. *Landnytjanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi búfjáreigenda og/eða veiðiréttarhafa, en hinir úr hópi bæjarfulltrúa. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um ráðstöfun landnytja svo sem

- um leigu beitilands og garðlanda, úthlutun veiðileyfa, svo og um veitingu leyfa til búfjárhalds. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fódurgæslu. Landnytjanefnd fer einnig með hlutverk gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Formaður nefndarinnar gegnir starfi búfjárefntirlitsmanns samkvæmt lögum nr. 46/1991 um búfjárhald.
9. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Tveir hinna kjörmu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd fer með skipulagsmál, sbr. 7. gr. fyrrnefndra laga. Jafnframt fer hún með umferðarmál, sbr. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar fjallað er um ferlimál fatlaðra skal kalla til áheymarfulltrúa frá samtökum þeirra.
 10. *Skólamálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Nefndin fer jafnframt með málefni Tónlistarskóla Vestmannaeyja skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 11. *Skólanefnd framhaldsskóla*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 132/1997 um skólanefndir við framhaldsskóla.
 12. *Stjórn sjúkráúss og heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 13. *Umhverfis- og heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvangar ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast m.a. af ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og skv. 10. gr. náttúruverndarlaga nr. 93/1996.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett, skv. 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 420/1992.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. mars 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á Héraðssvæði.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í eftiröldum 11 sveitarfélögum: Fljótisdals-, Hlíðar-, Skriðdals-, Valla-, Eiða-, Jökuldals-, Hjaltastaðar-, Fella-, Tungu- og Borgarfjarðarhreppum auk Egilsstaðabæjar, hér eftir nefnd samvinnunefnd um svæðisskipulag á Héraðssvæði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 23 fulltrúar. Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varafulltrúar aðila skulu skipaðir á sama hátt. Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutað-eigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi samvinnunefndar eða framkvæmdanefndar hennar skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður/varaformaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Sendi skal fundargerðir til nefndarmanna, oddvita, Skipulags ríkisins og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins sendir hún hana ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. Skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Sveitarfélögin 11 greiða kostnað hvert vegna sinna fulltrúa við störf samvinnunefndar. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og varamanns hans auk aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af því sveitarfélagi, þar sem fundurinn er haldinn.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar við skipulagsvinnuna. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra ríkisins og að hálfu af sveitarfélögunum.

Kostnaður við störf framkvæmdanefndar greiðist í sömu hlutföllum. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. júní árið 2000. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. Skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 14. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

5. mars 1997

Nr. 196

SAMÞYKKTIR

fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

Heiti sjóðsins, hlutverk og deildaskipting.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og samþykta þessara.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, A-deild og B-deild. Um aðild að hvorri deild um sig fer eftir II. kafla samþykta þessara. Fjárhagur deildanna skal vera aðgreindur. Rekstrar-kostnaði skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

Stjórn sjóðsins og starfsmenn.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kys formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ákveður hvernig daglegum rekstri er háttað og hefur eftirlit með honum, bókhaldi sjóðsins og meðferð fjármuna hans.

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Fundir skal boða með dagskrá með minnst tveggja daga fyrirvara. Fundur er lög-mætur sé þannig til hans boðað og hann sóttur af a.m.k. sex stjórnarmönnum eða varamönnum þeirra. Fundur sem boðaður er með skemmri fyrirvara er lögmætur ef hann er sóttur af öllum stjórnarmönnum eða varamönnum þeirra. Ákvarðanir stjórnar skulu teknar með samþykki fjögurra stjórnarmanna hið minnsta. Séu jafnmörg atkvæði með og móti tillögu telst hún þó fallin. Halda skal gerðabók yfir stjórnarfundir og skulu allir stjórnarmenn sem fund sitja undirrita fundargerðina.

4. gr.

Stjórnin ræður sjóðnum framkvæmdastjóra. Stjórnin ræður annað starfsfólk sjóðsins og ákveður skipulag starfs á skrifstofu hans að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og semur við þá aðila sem falið er að annast verkefni fyrir sjóðinn.

5. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórnin hefur gefið. Ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, sbr. þó 3. mgr. 6. greinar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

6. gr.

Stjórnamenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Um hæfi stjórnamanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins til meðferðar máls fer eftir efnisreglum hliðstæðum þeim sem eru í II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stjórnamenn, framkvæmdastjóri, endurskoðendur og aðrir starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnamenn og starfsmenn sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki, sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtæki, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipar starfsnefnd, sem á vegum hennar fjallar um álitamál, sem upp koma um viðmiðunarlaun fyrir lífeyri skv., 54., 55. og 72. grein. Niðurstöðu starfsnefndar má skjóta til sjóðstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Upplýsingaskylda og samskipti við sjóðsaðila.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ár hvert semja skýrslu þar sem gerð verði grein fyrir helstu atriðum í starfsemi sjóðsins, eignum sjóðsins og skuldbindingum hans og launagreiðenda, sem aðild eiga að honum, og réttindum sjóðfélaga. Í ársskýrslunni skal birta ársreikninga sjóðsins, tryggingafræðilegar úttektir á honum og fjárfestingastefnu hans.

9. gr.

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Á honum verði, eftir því sem við á, gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal ár hvert halda fundi með launagreiðendum, sem aðild eiga að sjóðnum, og gera þeim grein fyrir fjárfestingum sjóðsins á liðnu ári og öðrum atriðum í starfsemi sjóðsins, sem áhrif geta haft á iðgjöld launagreiðenda og skuldbindingar þeirra.

11. gr.

Sjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlit um greidd iðgjöld eigi sjaldnar en einu sinni á ári og upplýsingar um breytingu á áunnum réttindum. Ennfremur skal sjóðurinn upplýsa sjóðfélaga um lífeyrisréttindi þeirra með útgáfu bæklinga og dreifrita og kynna þeim sam-

þykktir sjóðsins, fjárfestingarstefnu hans og annað, sem snertir réttindi sjóðfélaga, varðveislur þeirra og tryggingu og fjárhag sjóðsins.

II. KAFLI.

Sjóðsaðild.

Almennt.

12. gr.

Sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru þeir einstaklingar, sem greiða iðgjald til sjóðsins, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

A-deild.

13. gr.

Um aðild að A-deild sjóðsins fer eftir því sem hér segir:

Skylduaðild:

- a. Starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana 16 ára og eldri, sem ráðnir eru í a.m.k. 1/3 starfs, sem launað er samkvæmt kjarasamningum á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða samkvæmt úrskurðum á grundvelli laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, skulu vera í A-deild sjóðsins enda greiði þeir ekki í B-deild sjóðsins eða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga af launum fyrir það starf. Heimilt er þó að semja um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.
- Réttur til aðildar með skyldu launagreiðanda til að greiða iðgjald:
- b. Eftirtaldir starfsmenn með ráðningu eins og kveðið er á um í grein 13. a., sem aðild áttu að LSR við árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins óski þeir eftir því:
 - i. Kennarar og skólastjórnendur grunnskóla sveitarfélaga á meðan þeir starfa við grunnskóla sveitarfélaga.
 - ii. Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórn og þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á meðan þeir gegna þeim störfum.
- c. Hjúkrunarfræðingar, sem áttu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna við árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins, óski þeir eftir því, á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefðu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.
- d. Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum skv. lögum um grunnskóla, og hjúkrunarfræðingar, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkisins eða sveitarfélaga eða við opinberar stofnanir eða heilbrigðisstofnanir, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn.

Heimild til aðildar með samþykki launagreiðanda:

- e. Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands, sem ráðnir eru í starf sem launað er samkvæmt kjarasamningum á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og stofnunum, sem reknar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo og öðrum sem þau lög geta tekið til, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.
- f. Starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga og stofnana þeirra og starfsmönnum sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, sem eru utan

stéttarfélagi eða uppfylla ekki ráðningarskilyrði greinar 13. a. en taka laun, sem ákveðin eru með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna eða ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð, sbr. lög nr. 55/1980.

Heimild til aðildar að fengnu samþykki stjórnar og með samþykki launagreiðanda.

- g. Starfsmönnum annarra launagreiðenda en að framan greinir, sem eru félagsmenn aðildarfélagi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélagi Bandalags háskólanna eða Kennarasambands Íslands, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.
- h. Stjórn sjóðsins getur veitt öðrum en þeim, sem að framan greinir, heimild til að eiga aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð, sbr. lög nr. 55/1980. Heimild þessi getur tekið til:
 - i. Starfsmanna opinberra stofnana með sjálfstæðan fjárhag, sjálfseignarstofnana, fjölþjóðlegra stofnana, menningar-, uppeldis- og heilbrigðisstofnana, stjórnmalaflokka og félagasamtaka svo og launagreiðenda, sem tryggja verulegan hluta starfsmanna sinna í deildinni skv. grein 13. g.
 - ii. Sjálfstætt starfandi félagsmanna aðildarfélagi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélagi Bandalags háskólanna og Kennarasambands Íslands, sem starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins að verkefnum á sviði heilbrigðismála eða samkvæmt sambærilegum samningum á sviði menningar-, uppeldis-, heilbrigðis- og félagsmála að verkefnum, sem að verulegu leyti eru kostuð af almannafé.

Aðrir:

- i. Launagreiðendum, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, er heimilt að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins. Sama á við um þá starfsmenn þessara launagreiðenda, sem áunnu sér réttindi án iðgjaldgreiðslu á árinu 1996.
- j. Einstaklingi, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, sbr. grein 15. e., er heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda falli þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar af launum fyrir það starf.

B-deild.

14. gr.

Iðgjaldgreiðslur vegna allra sjóðfélaga til ársloka 1996 skulu varðveittar í B-deild sjóðsins og á henni hvíla allar skuldbindingar vegna þeirra lífeyrisréttinda sem áunnust með þeim. Kjósi sjóðfélagi, sem á rétt til að vera í B-deild, að greiða til A-deildar sjóðsins, sbr. 16. grein fer um lífeyrisrétt hans í B-deildinni eftir þeim reglum sem gilda um geymdan rétt í B-deildinni.

15. gr.

Aðild að B-deild sjóðsins frá 1. janúar 1997 getur tekið til þeirra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í eigi minna en hálfu starf enda hafi iðgjald verið greitt til deildarinnar óslitið frá þeim tíma sbr. þó 2. mgr. 16. greinar eftir því sem hér greinir:

- a. Sjóðfélagar LSR, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldgreiðslu við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu. Heimild þessi nær einnig til þeirra sjóðfélaga, sem áttu aðild að sjóðnum í árslok 1996 vegna starfa hjá öðrum, en ráðast til ríkisins eftir þann tíma sbr. þó 3. mgr. 16. greinar.

- b. Kennarar og skólastjórnendur við grunnskóla, sem voru í starfi við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum.
- c. Þeir sem starfa hjá grunnskólum sveitarfélaga við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum skv. bráðabirgðaákvæðum laga nr. 156/1995 og laga nr. 141/1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.
- d. Launagreiðendum, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, er heimilt að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá sömu starfsmenn. Heimild þessi nær einnig til þeirra starfsmanna þessara launagreiðenda, sem áttu aðild að sjóðnum í árslok 1996 vegna starfa hjá öðrum en ráðast til þeirra eftir þann tíma sbr. þó 3. mgr. 16. greinar. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins.
- e. Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður á hann rétt til að vera áfram í sjóðnum og er heimilt að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins með þeim hætti sem um ræðir í 3. mgr. 24. greinar.

Val á milli sjóðsdeilda.

16. gr.

Sjóðfélagi, sem á rétt til að vera í B-deild sjóðsins skv. greinum 15. a. - 15. c. og 15. e. og hefur ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum, getur ákveðið að greiða iðgjald til A-deildar eigi hann til þess rétt skv. 13. grein. Sama gildi um sjóðfélaga sem er aðili að sjóðnum skv. grein 15. d. að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Kjósi sjóðfélagi að greiða iðgjald til A-deildar fellur réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar niður upp frá því.

Óski sjóðfélagi eftir aðild að A-deild, skv. 1. mgr., skal hann tilkynna sjóðnum þá ákvörðun sína eigi síðar en 1. desember 1997 og skal aðildin þá taka gildi frá og með næsta mánuði eftir að hún berst sjóðnum. Tilkynningin skal árituð af launagreiðanda til staðfestingar um að honum sé kunnugt um hana. Sé samþykki launagreiðanda fyrir aðildinni áskilið skal staðfesting á því fylgja tilkynningunni.

Séu ekki greidd iðgjöld vegna sjóðfélaga til B-deildar eftir árslok 1996 fellur réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar niður upp frá því enda eigi eftirfarandi ekki við:

- a. Formlegu ráðningarsambandi sjóðfélaga og launagreiðanda hans hafi ekki verið slitið.
- b. Sjóðfélagi hefji starf sem veitir rétt til aðildar að deildinni skv. 15. grein innan 12 mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður.

17. gr.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í greinum 15. a. - 15. c. á árinu 1997. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir grein 15. d.

III. KAFLI.

Iðgjöld til A-deildar.

18. gr.

Sjóðfélagi skal greiða 4% af gjaldastofni, sbr. 20. grein, sem iðgjald til A-deildar sjóðsins frá því að hann fær aðild að deildinni þar til að hann lætur af starfi, sem gerir honum skylt að greiða til hennar, hann hættir að greiða iðgjald vegna starfs, sem heimilar honum aðild að sjóðnum, launagreiðandi sem samþykkja þarf aðild að deildinni hættir iðgjaldagreiðslum eða til loka þess mánaðar þegar hann nær 70 ára aldri. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

19. gr.

Iðgjald launagreiðenda til A-deildar skal reiknast af sama gjaldastofni og iðgjald sjóðfélagsans, fyrir sama tímabil og skal það greitt sjóðnum á sama tíma.

Stjórni sjóðsins skal árlega ákveða, í fyrsta sinn fyrir árið 2000, iðgjald launagreiðenda þannig að það dugi til greiðslu á skuldbindingum A-deildar sjóðsins í samræmi við niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar, sbr. 32. grein. Ákvörðun stjórnarinnar skal miðast við það að hrein eign A-deildar að viðbættu núvirði framtíðariðgjalda vegna sjóðfélaga sé á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna áunninna réttinda og réttinda sem byggjast á framtíðariðgjöldum sjóðfélaganna. Ákvörðun stjórnarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Iðgjald launagreiðenda til A-deildar á árunum 1997 til 1999 skal vera 11,5% af gjaldstofni.

20. gr.

Gjaldstofn fyrir iðgjald til A-deildar sjóðsins skal vera sú fjárhæð sem sjóðfélagi fær sem laun og endurgjald frá ríkissjóði eða öðrum þeim launagreiðanda, sem launar það starf, sem veitir honum aðild að sjóðnum, fyrir það starf svo og hvers konar aðra vinnu, starf og þjónustu í þágu þess launagreiðanda. Gjaldstofninn skal vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds skv. lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, að frádrögnum greiðslum, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og án iðgjalda launagreiðanda til deildarinnar.

Til gjaldstofns skal telja hvers kyns greiðslur launagreiðanda sem teljast skattskyldar tekjur hjá sjóðfélaganum skv. 1. tölulið A-liðar laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt svo sem hvers konar laun, biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, greiðslur, fríðindi og hlunnindi, sem eru ígildi launa. Ökutækjastyrki, dagpeninga, fæðispeninga og aðrar slíkar greiðslur skal aðeins telja til gjaldstofns að því leyti sem þær eru ekki endurgreiðsla á útlögðum kostnaði.

21. gr.

Gegni sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til A-deildar sjóðsins skv. ákvæðum 13. greinar vegna starfa hjá einum launagreiðanda, jafnframt starfi hjá öðrum launagreiðanda, sem tryggir starfsmenn sína hjá deildinni, og taki þar laun á grundvelli kjarasamninga stéttarfélags síns skal greiða iðgjöld af þeim launum skv. þeim reglum sem greinir í 19. og 20. grein. Sjóðnum er jafnframt heimilt að taka við iðgjöldum frá þessum launagreiðendum séu launin ákveðin með öðrum hætti.

Taki sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til A-deildar sjóðsins skv. ákvæðum 13. greinar, jafnframt laun fyrir starf hjá launagreiðanda sem ekki er aðili að sjóðnum vegna starfsmanna sinna, er sjóðnum heimilt að taka við iðgjaldi af þeim launum.

Sjóðurinn tekur ekki við iðgjöldum frá launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í A-deild sjóðsins vegna annarra en þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum skv. ákvæðum 13. greinar.

IV. KAFLI.
Iðgjöld til B-deildar.

22. gr.

Sjóðfélagi skal greiða 4% af gjaldastofni, sbr. 24. grein, sem iðgjald til B-deildar sjóðsins frá því að hann fær aðild að deildinni. Greiðsla iðgjalda sjóðfélaga fellur niður þegar:

- a. Sjóðfélagi lætur af starfi, sem veitir rétt til aðildar að deildinni, hefur iðgjalda-greiðslur til A-deildar eða hættir aðild að B-deild af öðrum ástæðum.
- b. Sjóðfélagi hefur greitt til B-deildar að meðtöldum fyrri greiðslutíma til LSR í samtals 32 ár. Sjóðfélaga, sem gegnt hefur hlutastarfi, er heimilt að greiða iðgjöld til sjóðsins allt að því marki að það jafngildi iðgjöldum af launum fyrir fullt starf í 32 ár.
- c. Sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris sbr. grein 56. a.
- d. Þegar samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er orðinn 95 ár hafi sjóðfélagi valið 95 ára reglu til lífeyristöku sbr. grein 56. b.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

23. gr.

Iðgjald launagreiðanda til B-deildar skal vera 6% af sama gjaldastofni og iðgjald sjóðfélagans og skal greitt sjóðnum á sama tíma og það. Þó skal iðgjald launagreiðanda vera 10% af gjaldstofninum vegna þeirra sjóðfélaga, sem hætt hafa að greiða iðgjöld til sjóðsins skv. greinum 22. b. eða 22. d.

Auk iðgjalds skv. 1. mgr. skulu sveitarfélög greiða viðbótariðgjald, 9,5% af sama stofni, vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sem ávinna sér lífeyrisrétt hjá deildinni. Viðbótariðgjaldi þessu skal haldið sérgreindu í reikningum og ráðstafað eins og ákveðið er í 85. grein.

24. gr.

Gjaldstofn fyrir iðgjald til B-deildar sjóðsins skal vera þau föstu laun fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót sem starfi sjóðfélaga fylgja á hverjum tíma samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum eins og að framan greinir skulu iðgjöld greidd af viðmiðunarlaunum, sem stjórn sjóðsins ákveður. Viðmiðunarlaunin skulu svara til þeirra launa, sem greidd eru fyrir dagvinnu í sambærilegum störfum skv. framangreindum kjarasamningum eða úrskurðum Kjaradóms og kjaranefndar.

Gjaldstofn fyrir iðgjald þeirra, sem fengið hafa heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, skv. grein 15. e. skal vera þau laun sem hann hafði og greitt var af þegar staða hans var lögð niður. Eftir það taki þau laun breytingum til samræmis við meðalbreytingar, sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. 70. grein.

Hjá vaktavinnufólki, þ.e. sjóðfélögum, sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglu-bundnum hætti og eiga rétt til sérstaks viðbótarlífeyris, skal vaktaálag vera iðgjaldsstofn. Sama gildir um næturverði og starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á tímabilinu frá kl. 22.00 - 09.00 og skal þá álagsgreiðslan vera iðgjaldsstofn. Iðgjöldum skv. þessari málsgrein skal haldið aðgreindum frá öðrum iðgjöldum sjóðfélaga.

V. KAFLI.

Fjárreiður.

Ávöxtun fjármuna sjóðsins.

25. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Lífeyrissjóðnum er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

- a. Í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs og ríkisvixlum. Erlend skuldabréf og víxlar skv. þessum lið, skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.
- b. Í skuldabréfum, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði:
 - i. Skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir þeirra innan viðurkenndra marka að mati sjóðstjórnar.
 - ii. Skuldabréfum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana, sem lúta eftirliti banka- eftirlits.
 - iii. Skuldabréfum annarra aðila með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu. Eign sjóðsins í skuldabréfum samkvæmt þessum lið útgefnum af sama aðila skal ekki vera meiri en 5% af hreinni eign sjóðsins og að hámarki 10% af eigin fé viðkomandi aðila.
- Eign sjóðsins samkvæmt hverjum þessara liða um sig skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins.
- c. Í skuldabréfum, öðrum en skv. d-lið, sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu skuldabréfin gefin út af innlendum aðila. Eign sjóðsins samkvæmt þessum lið skal ekki vera meiri en 5% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð og skulu vera 20% samtals fyrir skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga, banka og sparissjóða.
- d. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 35% - 70% eftir tegundum fasteigna, af metnu markaðsvirði samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- e. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Eign sjóðsins samkvæmt þessum lið skal ekki vera meiri en 15% af hreinni eign sjóðsins og ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 10% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.
- f. Í hlutabréfum fyrirtækja. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins skal ekki vera meiri en 15% af hreinni eign hans:
 - i. Hlutabréf, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Lífeyrissjóðnum er eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki og fyrirtækjasamsteypu.
 - ii. Innlend hlutabréf fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir. Eign sjóðsins samkvæmt þessum lið skal ekki vera meiri en 5% af hreinni eign sjóðsins og ekki meiri en 3% af hlutafé í sama fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu.
- g. Með innlánam í bönkum og sparissjóðum.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum samkvæmt greinum 25. b. til 25. f., útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Eign sjóðsins í verðbréfum í erlendri mynt skal ekki vera meiri en 15% af hreinni eign hans.

Með skipulegum markaði er í þessari grein átt við skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem starfar reglulega, er opin almenn-

ingi og viðurkenndur með þeim hætti, sem bankaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Með hreinni eign er í þessari grein átt við hreina eign lífeyrissjóðsins til greiðslu á lífeyri samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Hjá A-deild sjóðsins skal þó til ársloka ársins 2000 miða við áætlaða stöðu í árslok hvers árs í stað stöðu samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri.

26. gr.

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans innan þess ramma, sem settur er með 25. grein og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins skulu sett viðmið um, að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins og árlegum fundi með fulltrúum launagreiðenda, sbr. I. kafla samþykka þessara, skal stjórn sjóðsins gera grein fyrir fjárfestingarstefnu hans.

27. gr.

Sjóðurinn má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.

28. gr.

Stjórn sjóðsins skal setja reglur um skuldabréfakaup skv. grein 25. d., þ.á m. reglur um lán til sjóðfélaga. Lífeyrissjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í sjóðnum og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

Ársreikningur, endurskoðun og tryggingafræðileg athugun.

29. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár, sbr. ákvæði laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Ársreikningur skal hafa að geyma, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjárstreymi og skýringar. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum og framsetningu.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi einhver þeirra mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvers eðlis fyrirvarinn er.

30. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og tveimur skoðunarmönnum sem stjórnin ákveður þannig að annar skal tilnefndur af fulltrúum stéttarfélaganna í stjórninni en hinn af fulltrúum fjármálaráðherra. Endurskoðun ársreikninga skal vera lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Endurskoðun reikninga skal gerð í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu endurskoðandi og skoðunarmenn komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktar varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Telji ríkisendurskoðandi eða skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram eða hafi aðrar ábendingar og athugasemdir, sem þeir vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera þær fram skriflega og veita hæfilegan frest til svara. Þyki þeim ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðsins um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Ríkisendurskoðandi og skoðunarmenn skulu að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit ríkisendurskoðanda og skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykktar og góða reikningsskilavenju svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef ríkisendurskoðandi eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem þar ber að veita að þeirra áliti, eða eru ekki í samræmi við ársreikninginn skulu ríkisendurskoðandi og skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni.

Ríkisendurskoðandi og skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

31. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðsins þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og skulu þær liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

32. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins.

Stjórnin setur reglur að fengnum tillögum tryggingafræðings um tryggingafræðilegar forsendur svo sem um mat á lífeyrisréttindum, lífslíkur, örorkulíkur, fjölskylduhagi o.fl. og um fjárhagslegar forsendur svo sem vexti, væntanlegar launahækkningar, mat á eignum sjóðsins og ávöxtun þeirra, hvort tveggja að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

VI. KAFLI.

Lífeyrisréttindi úr A-deild.

Stig til lífeyrisréttinda í A-deild.

33. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga til A-deildar hvert almanaksár gefa stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Iðgjöld af grundvallarlaunum í eitt ár gefa eitt stig og iðgjöld af hærri eða lægri launum gefa hlutfallslega fleiri eða færri stig.

Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr. Er sú fjárhæð miðuð við vísitölu neysliverðs 174,2. Grundvallarlaun hvers mánaðar eftir það skulu breytast frá þeirri fjárhæð í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs í mánuðinum á undan frá 174,2 stigum.

Stig til lífeyrisréttinda skal reikna fyrir hvert almanaksár um sig þannig, að í árslaun sjóðfélagans, sem iðgjöld voru greidd af, er deilt með grundvallarlaunum ársins sbr. 2. mgr. Árslaunin skal reikna sem iðgjöld sjóðfélaga skv. 18. grein margfölduð með 25. Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Ellilífeyrir.

34. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

35. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Hundraðshluti þessi skal vera samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum til deildarinnar skv. 33. gr., margfaldaður með 1,90.

36. gr.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrir en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 35. grein um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur þegar taka lífeyris hefst.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 35. grein um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Fyrir 1. janúar 2002 skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hlutfallstölu, þó ekki hærri en 0,8%, til hækkunar á lífeyri sé töku hans frestað fram yfir 65 ára aldur. Skal ákvörðunin byggð á tillögu tryggingafræðinga, sem falið verður að meta viðbótarkostnað sjóðsins vegna þeirra sem kosið hafa að flytja sig úr B-deild sjóðsins í A-deild hans skv. 16. grein.

37. gr.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu honum reiknuð viðbótarstig þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Ellilífeyrir vegna viðbótarstiganna greiðist frá 70 ára aldri og er sá hundraðshluti grundvallarlauna sem svarar til fjölda viðbótarstiganna margfaldaðra með 0,95. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 36. grein.

38. gr.

Ellilífeyrir sjóðfélaga, sem fengið hefur örorkulífeyri úr sjóðnum til 65 ára aldurs sbr. 44. grein skal ákveðinn þannig að við stig sem áunnin eru skv. 33. grein skal, í hlutfalli við örorkumat, bæta þeim stigum sem voru reiknuð sjóðfélaganum til 65 ára aldurs skv. 40. - 42. greinar. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

Örorkulífeyrir.

39. gr.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 50. grein

vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Tryggingalæknir skal ákvarða orkutap og hvenær það varð og til hve langs tíma það tekur að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hafði og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu álitni tryggingayfirlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

40. gr.

Þegar skilyrði 39. greinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt miðað við stig skv. 33. grein. Til viðbótar skal greiða lífeyri sem svarar til þeirra stiga, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, samkvæmt ákvæðum 41. greinar margfaldaðra með 1,90 ef sjóðfélagi hefur:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
- c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreiknings réttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldgreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. 39. greinar komið til að mati tryggingayfirlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldgreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 1. mgr., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

41. gr.

Eigi sjóðfélagi rétt á framreikningi stiga skv. 40. grein, skal sá lífeyrisréttur hans vera miðaður við meðaltal stiga sjóðfélagsins næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldgreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

42. gr.

Nú hafa iðgjaldgreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu

milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Sé árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við skv. 41. grein meira en sex stig, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 ár en síðan til 65 ára aldurs, skal reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

43. gr.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið. Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps varir í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélagi, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

44. gr.

Örorkulífeyrir greiðist til 65 ára aldurs. Eftir það greiðist ellilífeyrir, sem ákveðinn skal skv. 38. grein.

Makalífeyrir.

45. gr.

Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum á rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir því sem hér segir:

- Eigi ekkert eftirfarandi tilvika við skal óskertur makalífeyrir skv. 47. grein greiddur í 36 mánuði og hálfur makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal óskertur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.
- Sé eftirlifandi maki öryrki og orkutapið metið a.m.k. 50% skal óskertur makalífeyrir greiddur meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfali sjóðfélagans.
- Sé eftirlifandi maki sjóðfélaga fæddur fyrir 1. janúar 1945 skal greiða makalífeyri ótímabundið með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 47. grein skal lækka um 2% fyrir hvert ár og hlutfallslega fyrir brot úr ári, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1925 til 1. janúar 1930, um 4% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1930 til 1. janúar 1935, um 6% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1.

janúar 1935 til 1. janúar 1940 og um 8% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1940 til 1. janúar 1945. Eigi réttthafi skv. þessum lið betri rétt skv. liðum a eða b skal reikna makalífeyri skv. þeim, en í framhaldi af því skal greiða makalífeyri skv. þessum lið.

46. gr.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. greinum 45. a. til 45. c. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

47. gr.

Óskertur makalífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru á hverjum tíma. Hundraðshluti þessi skal vera samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum til deildarinnar skv. 33. grein, margfaldaður með 0,95. Auk áunninna stiga skal telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 41. greinar. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði 38. greinar en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr A-deildinni að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til hennar. Séu skilyrði 1. mgr. 45. greinar um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 51. greinar.

48. gr.

Réttthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

Barnalífeyrir.

49. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 33. grein. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 47. grein, eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

50. gr.

Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 40. greinar úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 49. grein með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 39. grein metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir,

sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri skv. 49. og 50. grein. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörborn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

Almennt.

51. gr.

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

52. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem flutt hefur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild, eða að hann verður fyrir orkutapi, án þess að hafa greitt iðgjald til A-deildarinnar undanfarin þrjú almanaksár, og skal þá við framreikning réttinda vegna makalífeyris og örorkulífeyris miða við síðustu þrjú ár sem viðkomandi hefur greitt samtals til beggja deilda sjóðsins. Við mat á framreikningsfjárhæð vegna iðgjalda til B-deildarinnar skal miða við heildarlaun sjóðfélagsins á iðgjaldagreiðslutímanum, sem iðgjöld hefðu verið greidd af samkvæmt reglum um iðgjaldagreiðslu til A-deildarinnar.

Framreikningsréttur stofnast ekki hjá A-deild sjóðsins ef sjóðfélagi er metinn öryrki innan 24 mánaða eftir að hann hefur flutt sig úr B-deild sjóðsins í A-deild og orsök örorkunnar hafi verið kunn áður en sjóðfélagi skipti um deild.

VII. KAFLI.

Lífeyrisréttindi úr B-deild.

Ellilífeyrir.

53. gr.

Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins 1996 og fyrr eða til B-deildar hans, á rétt á lífeyri úr henni frá þeim tíma sem kveðið er á um í 56. grein, hafi hann látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum. Sjóðfélagi, sem gegnir starfi, sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 15. grein eða fær greidd óskert laun, sem starfinu fylgdu, eftir að hann lét af störfum á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á ekki rétt á lífeyri úr deildinni á meðan hann fær greitt þingfararkaup, biðlaun þingmanna, ráðherralaun eða biðlaun ráðherra.

Sjóðfélagi, sem á rétt á að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins en kys fremur að greiða til A-deildar, á ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan hann gegnir störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að deildinni.

54. gr.

Hefji sjóðfélagi töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að B-deild sjóðsins skal upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót samkvæmt kjarasamningum eða kjarákvörðunum á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sem við starfslok sjóðfélaga fylgdu þeirri stöðu sem sjóðfélagi gegndi síðast með þeim frávikum sem hér geyminir:

- a. Sjóðfélagi hefur gegnt herra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skal þá miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða það herra launaða starf sem hann, að viðbættum enn herra launuðum störfum, gegndi í a.m.k. tíu ár.
- b. Sjóðfélagi, sem á rétt til að hefja töku lífeyris skv. 56. grein, hefur frestað henni og tekið eftir það starfi, sem veitir aðgang að deildinni en er lægra launað en það starf sem hann áður gegndi. Skal þá miða lífeyrinn við það starf sem herra var launað.
- c. Sjóðfélagi hefur af heilsufarsástæðum orðið að láta af stöðu sinni en tekið við öðru lægra launuðu starfi, sem veitir aðild að deildinni.
- d. Sjóðfélagi átti aðild að deildinni vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 15. e. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun, sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar.

Hafi sjóðfélagi ekki tekið laun samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum sbr. 1. málsgrein skal lífeyririnn vera hundraðshluti af sömu viðmiðunarlaunum og stjórn sjóðsins ákvað að iðgjöld skyldi miða við skv. 24. grein.

Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 70. eða 72. greinar.

55. gr.

Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi sem veitti honum aðild að B-deild sjóðsins skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig:

- a. Sjóðfélagi B-deildar hefur valið að greiða til A-deildar skv. ákvæðum 16. greinar og samanlagður greiðslutími til beggja deilda er a.m.k. þrjú ár. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. grein 70.
- b. Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins en látið af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 70. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir árslok 1996 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu til ársloka 1996, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- c. Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins og á rétt á viðmiðun við herra launað starf en það sem hann greiddi síðast af til sjóðsins, sbr. greinar 54. a., 54. b. og 54. c. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem herra launaða starfinu fylgdu þegar hann lét af því starfi með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 70. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir árslok 1996 skal þó miða við þau laun sem herra launaða starfinu fylgdu til ársloka 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- d. Sjóðfélagi hefur greitt í minna en þrjú ár til sjóðsins og fer á lífeyri án þess að það sé í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar.
- e. Sjóðfélagi átti aðild að deildinni vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 15. e. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 70. grein. Hafi hann látið af iðgjaldgreiðslu til sjóðsins fyrir árslok 1996 skal þó miða við laun í því starfinu, sem iðgjöld hans voru miðuð við í árslok 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 70. greinar.

56. gr.

Sjóðfélagi B-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris úr deildinni eftir því sem hér segir:

- a. Frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára eða síðar.
- b. Frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára enda sé samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins 95 ár eða meira áður en 64 ára aldri er náð.

57. gr.

Upphæð ellilífeyris er ákveðinn hundradshluti launa skv. 54. eða 55. grein fyrir hvert ár í fullu starfi en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall eftir því sem nánar er ákveðið hér á eftir:

- a. Hjá sjóðfélagi sem tekur lífeyri skv. grein 56. a. skal hundradshlutinn vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld sjóðfélaga hafa verið greidd fyrir. Fyrir hvert fullt ársstarf með aðild að sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur, sbr. grein 22. b. og þar til sjóðfélaginn er orðinn 65 ára bætist við 1% en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir það og þar til taka lífeyris hefst.
- b. Hjá sjóðfélagi, sem tekur lífeyri skv. grein 56. b., skal hundradshlutinn vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld sjóðfélaga hafa verið greidd fyrir, þó ekki meira en 64% samtals. Fyrir hvert fullt ársstarf með aðild að sjóðnum eftir að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins er orðinn 95 ár bætast við 2% þar til taka lífeyris hefst.

58. gr.

Vaktavinnufólk, þ.e. sjóðfélagar, með vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, á rétt til sérstaks viðbótarlífeyris. Sama gildir um næturverði og starfsfólk, sem hefur vinnuskyldu eingöngu á tímabilinu frá kl. 22.00 - 09.00. Viðbótarlífeyrinn skal reikna af viðmiðunarmánaðarlaunum, sem stjórn lífeyrissjóðsins ákveður og skal iðgjald af vaktaálagi og öðru álagi, sem greitt er skv. 4 mgr. 24. greinar metið með tilliti til þeirra. Breyti stjórnin viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvernig umreikna skuli áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum. Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris, sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris, sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

59. gr.

Örorkulífeyrir.

Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

60. gr.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 57. grein og 58. grein. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt að

viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

61. gr.

Örorkulífeyrir skal vera sem hér segir:

- a. Sé orkutapið metið 10% til 50%, skal örorkulífeyrir vera sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri, sbr. 60. grein, og orkutap er metið.
- b. Sé orkutapið metið 50% til 75% skal örorkulífeyrir vera 50% af hámarki örorkulífeyris að viðbættum 2% fyrir hvert 1% sem orkutap er metið hærra en 50%.
- c. Sé orkutapið metið 75% eða meira greiðist hámark örorkulífeyris að frádrögnum örorkulífeyri almannatrygginga.

62. gr.

Sé orkutap metið minna en 75% greiðist örorkulífeyrir þar til sjóðfélagi nær 65 ára aldri. Eftir það greiðist ellilífeyrir. Þó skal sá hluti lífeyrisins, sem miðaðist við lífeyri almanna-trygginga, sbr. 60. grein, greiðast til 67 ára aldurs sjóðfélaga.

63. gr.

Skylt er sjóðféлага, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

Makalífeyrir.

64. gr

Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr B-deild sjóðsins eða greitt hafði iðgjald til hennar, á rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

65. gr.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga skv. 57. og 58. grein.

Makalífeyrir skal hækka um 20% af þeim launum sem lífeyrir skv. 57. gr. miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn var í lægra starfshlutfalli við starfslok ef hinn látni sjóðfélagi uppfyllti eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

- a. Hafi við andlátið verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum.
- b. Hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.

c. Hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Andist sjóðfélagi, sem flutt hefur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild áður en samanlagður iðgjaldagreiðslutími til beggja deildanna nær 3 árum og réttur til framreiknings því ekki fyrir hendi, skal reikna hækkun á makalífeyri skv. 2. mgr. þessarar greinar eins og hún hefði orðið ef sjóðfélaginn hefði ekki skipt um deild.

66. gr.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Hækkun makalífeyris skv. 2. mgr. 65. greinar reiknast ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 1. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi, sem látinn var fyrir 1. janúar 1997, verið giftur oftari en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka skal lífeyrir skiptast milli réttthafa makalífeyris eftir ákvæðum laga um lífeyrissjóðinn eins og þau voru þegar sjóðfélaginn lést. Þó skal heimilt eftir 1. janúar 1997 að skipta rétti til makalífeyris á milli fyrrverandi maka og sambúðaraðila skv. 2. mgr.

67. gr.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. másl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

Barnalífeyrir.

68. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi sem á aðild að B-deild sjóðsins lætur eftir sig og eru yngri en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti.

Ef barn sem er réttthafi skv. 1. mgr. á foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess, skal barnalífeyrir úr sjóðnum vera helmingur af barnalífeyri almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Börn eða kjörbörn sjóðfélaga, sem fá elli- eða örorkulífeyri úr B-deild sjóðsins og eru yngri en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára, enda hafi sjóðfélaginn séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Upphæð barnalífeyris skal ákveðin skv. 2. mgr., þó þannig að hún sé sama hlutfall af lífeyri skv. þeirri málsgrein og örorkulífeyrir er af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða að öllu leyti, njóta sama réttar og börn og kjörbörn.

Ef barnalífeyrir er greiddur úr A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem jafnframt á rétt í B-deild sjóðsins, skal ekki greiða barnalífeyri úr B-deildinni.

69. gr.

Hafi sjóðfélagi látið af stöðu þeirri sem veitti honum aðild að sjóðnum eða hafið greiðslur til A-deildar sjóðsins áður en iðgjaldatími náði 32 árum skal barnalífeyrir vera 1/32

af því sem ákveðið er skv. 68. grein fyrir hvert fullt ár, sem sjóðfélagi hafði áunnið sér rétt í deildinni og hlutfallslega fyrir brot úr ári.

Breyting á lífeyri eftir að lífeyristaka hefst.

70. gr.

Ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. 1. mgr. 54. greinar frá því sem hann var í desember 1996 eða verður ákveðinn skv. 54. grein eða 55. grein þegar lífeyristaka hefst. Hagstofa Íslands reiknar breytingarnar skv. reglum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skulu þær reiknaðar mánaðarlega miðað við laun tveim mánuðum áður og birtar sjóðnum. Breytingarnar skulu reiknaðar sem vísitala, sem sett skal 100 fyrir desember 1996.

71. gr.

- Breytingar á lífeyri eftir að taka hans hefst skv. 70. grein tekur til þeirra sem hér greinir:
- Lífeyrisþega hjá sjóðnum í desember 1996, sem kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 70. grein, sbr. ákvæði 73. greinar.
 - Sjóðfélagi, sem hefja töku lífeyris úr B-deild eftir 1. janúar 1997 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar og ekki kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 72. grein, sbr. ákvæði 74. greinar.
 - Sjóðfélagi, sem hefja töku lífeyris úr B-deild eftir 1. janúar 1997 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar og eiga rétt til viðmiðunar við laun fyrir herra launað starf en þeir gegndu næst fyrir töku lífeyris, sbr. greinar 54. a., 54. b. og 54. c., og ekki kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir grein, sbr. ákvæði 72. greinar.
 - Sjóðfélagi, sem valið hafa að greiða til A-deildar, sbr. 16. grein.
 - Sjóðfélagi, sem hefja ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem veitti þeim aðild að B-deild sjóðsins og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. ákvæðum 55. greinar.
 - Sjóðfélagi, sem áttu aðild að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 15. e. og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. grein 54. d. eða 55. e.

72. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 70. greinar geta þeir, sem fengu lífeyri úr sjóðnum í desember 1996 eða hefja töku lífeyris úr B-deild sjóðsins í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til deildarinnar til þess tíma, ákveðið að í stað breytinga skv. 70. grein fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða upphaflegur lífeyrir er miðaður við með öðrum hætti skv. 54. grein. Val lífeyrisþega skv. þessu ákvæði tekur einnig til makalífeyrisréttar og er bindandi fyrir hann með sama hætti.

73. gr.

Sjóðfélagar, sem fengu lífeyri úr sjóðnum í desember 1996, skulu ákveða fyrir 1. desember 1997 hvort um breytingar á lífeyri þeirra fari eftir ákvæðum 70. greinar eða 72. greinar. Kjósi sjóðfélagi að farið verði eftir 70. grein skal upphæð lífeyris frá og með þriðja mánuði á eftir ráðast af ákvæðum þeirrar greinar og er það val bindandi upp frá því.

74. gr.

Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris úr B-deild í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar þar til taka lífeyris hófst, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst tilkynna sjóðnum hvort um lífeyri hans skuli fara eftir 70. grein eða 72. grein. Berist slík tilkynning ekki skal farið eftir 70. grein. Velji sjóðfélagi 70. grein með slíkri tilkynningu eða ef engin tilkynning berst skal upphæð lífeyris frá og með upphafi á töku lífeyris ráðast af ákvæðum þeirrar greinar og er það val bindandi upp frá því.

75. gr.

Sjóðfélagi, sem skv. 73. eða 74. grein, kýs að um lífeyri hans fari eftir 72. grein, skal eiga þess kost að velja síðar að farið verði að ákvæðum 70. greinar og er það val bindandi upp frá því. Skal breytingin þá koma til framkvæmda einu ári eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti og breytingar á lífeyri skv. 70. grein miðaðar við lífeyri sjóðfélaga í mánuðinum á undan breytingunni eins og hann var ákveðinn skv. 72. grein.

76. gr.

Sé starf, sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri, sbr. 72. grein, lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra, sem haft hafa viðmiðun við það, upp frá því fara eftir 70. grein. Stjórnin getur þó ákveðið önnur viðmiðunarlaun sé eftir því óskað.

VIII. KAFLI.

Greiðsla lífeyris, endurgreiðsla iðgjalda og flutningur réttinda.*Greiðsla lífeyris.*

77. gr.

Lífeyrir úr A-deild greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla sjóðfélaga í A-deild ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

78. gr.

Lífeyrir úr B-deild greiðist mánaðarlega fyrir fram, í fyrsta sinn fyrir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi.

79. gr.

Mánaðarlega greiddur lífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar á launum skv. 70. grein frá og með næsta mánuði eftir að útreikningur á þeim liggur fyrir. Séu almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna fyrirsjáanlegar getur stjórn sjóðsins ákveðið að láta samsvarandi breytingu á lífeyri koma til framkvæmda fyrr en áhrif af hækkun launanna hafa mælst hjá Hagstofu Íslands, sbr. 70. grein.

Í desember ár hvert skulu lífeyrisgreiðslur tímabilsins frá nóvember á árinu á undan til október á sama ári leiðréttar þannig að greiddur verði mismunur á lífeyri sem reiknaður er miðað við launabreytingar hvers mánaðar um sig og þess lífeyris, sem áður var greiddur fyrir sama mánuð.

80. gr.

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og greiðist lífeyrir frá næstu mánaðamótum eftir að umsókn berst. Þó skal heimilt að greiða lífeyri frá því að réttur til greiðslu stofnast, þó eigi meira en fjögur ár aftur í tímann nema sérstaklega standi á.

Launagreiðandi sem stendur skil á iðgjöldum til sjóðsins skv. 19. eða 23. grein skal tilkynna sjóðnum þegar sjóðfélagi lætur af starfi hjá honum, sem veitir aðild að sjóðnum eða hann hættir greiðslu iðgjalda til sjóðsins af öðrum ástæðum.

Endurgreiðsla iðgjalda og réttindaflutningur.

81. gr.

Heimilt er að endurgreiða erlendum ríkisborgurum, sem flytjast af landi brott, öðrum en borgurum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, þau iðgjöld, sem greidd hafa verið þeirra vegna í A-deild sjóðsins. Endurgreiðslufjárhæðin skal vera margfeldi grundvallarlauna á greiðsludegi, samanlagðs iðgjaldshlutfalls sjóðfélaga og launagreiðanda og stiga sjóðfélaga. Ekki skal reikna vexti. Stjórnin getur með hliðstæðum hætti heimilað endurgreiðslu á iðgjöldum, sem greidd hafa verið til B-deildar sjóðsins.

Ekki skal að öðru leyti flytja iðgjöld og þar með bundin réttindi til sjóðsins eða frá honum. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að gera gagnkvæman samning við annan lífeyrissjóð um flutning iðgjalda, sem veita óveruleg réttindi.

IX. KAFLI.

Skuldbindingar launagreiðanda og sjóðfélaga.

82. gr.

Launagreiðendur og sjóðfélagar bera aðeins ábyrgð á skuldbindingum A-deildar með iðgjöldum sínum.

83. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr B-deild.

84. gr.

Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur skulu vegna fyrrverandi starfsmanna sinna, sem taka lífeyri úr B-deild sjóðsins, greiða sjóðnum þann hluta af lífeyri sem stafar af hækkun á honum eftir að taka lífeyris hófst, sbr. 70. og 72. grein. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal hækkun á lífeyri skipt á milli þeirra samkvæmt þeim launum, sem áunninn réttur er reiknaður eftir, og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá sjóðfélagum umfram almennar launabreytingar hjá opinberum starfsmönnum innan árs áður en taka lífeyris hefst, skal launagreiðandi greiða sjóðnum þá hækkun til viðbótar við hækkun skv. 1. mgr.

85. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 84. greinar skal ríkissjóður í stað sveitarfélaga endurgreiða sjóðnum þá hækkun skv. 1. mgr. 84. greinar, sem verður á lífeyri kennara og skólastjómenda vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna.

Til frádráttar á endurgreiðslu ríkissjóðs skv. 1. mgr. komi þau viðbótariðgjöld sem sveitarfélög greiða vegna kennara og skólastjómenda grunnskóla. Séu viðbótariðgjöld á árinu hærrí en endurgreiðslukrafa skv. 1. mgr. skal mismunurinn geymdur í sjóðnum og komi til lækkunar á síðari endurgreiðslukröfum.

86. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka á móti greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi frá launagreiðendum öðrum en ríkissjóði til uppgjors á áföllnum skuldbindingum hans vegna hækkana á lífeyri skv. 84. grein.

Áfallin skuldbinding skv. 1. mgr. skal byggð á tryggingafræðilegu mati á áunnum lífeyrisréttindum viðkomandi sjóðfélaga á uppgjorsdegi. Frá þannig reiknaðri skuldbindingu dregst hlutdeild viðkomandi launagreiðanda í eignum B-deildar sjóðsins. Sú hlutdeild skal vera sama hlutfall af heildareign deildarinnar og skuldbinding hans er af heildarskuldbindingu hennar. Til eigna í þessum útreikningi skal ekki telja óráðstöfuð viðbótariðgjöld,

sbr. 85. grein, eða önnur viðbótariðgjöld og greiðslur, þ.á m. greiðslur skv. 1. mgr., sem eru til lækkunar á skuldbindingum launagreiðenda skv. 1. mgr. 84. greinar.

Sé skuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það tryggt með ábyrgð ríkissjóðs eða uppfylla með öðrum hætti ákvæði 25. greinar.

X. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

Bann við framsali og veðsetningu.

87. gr.

Réttur til lífeyris skv. samþykktum þessum verður ekki framseldur eða veðsettur né verður gert í honum fjárnám eða löghald. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfuna á nokkurn hátt og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda að frátöldum afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gildistaka.

88. gr.

Samþykktir þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins taka gildi við birtingu þeirra.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið breytingar á samþykktum þessum. Taka þær gildi eftir að hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðherra skv. 7. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verið birtar.

Með vísan til 7. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, staðfestast samþykktir þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 1997.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. apríl 1997:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3% frá og með 1. apríl 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. mars 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarnan.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. Gjaldskrárlíðir.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

<i>1. Lýsing.</i>		
1.1. Fast gjald F3		
Orkugjald		6,60 kr/kWh
1.2. Fast gjald F3		
Orkugjald		6,60 kr/kWh
<i>2. Notkun til heimilisþarfa.</i>		
2.1. Fast gjald F3		
Orkugjald		6,60 kr/kWh
<i>3. Vélanotkun.</i>		
3.1. Fast gjald F3		
Orkugjald		6,60 kr/kWh
3.2. Aflgjald lágmark 3 kW		36.900,00 kr/ári
Aflgjald frá 3-5 kW		12.300,00 kr/kWh/ári
Fast gjald F3		
Orkugjald		2,52 kr/kWh
3.3. Aflgjald umfram 5 kW		11.275,00 kr/ári
Fast gjald F3		
Orkugjald		2,39 kr/kWh
3.4. Til súgþurrkunar:		
Fast gjald F3		
Orkugjald		2,96 kr/kWh
<i>4. Húshitun.</i>		
4.1. Fast gjald		14.247,00 kr/ári
Orkugjald		6,00 kr/kWh
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
	Taxti I.	Taxti II.
	Til hitunar á öðru	Til hitunar á
	en íbúðarhúsnæði.	íbúðarhúsnæði.
4.2. Fast gjald	1.845,00 kr/kW/ári	14.247,00 kr/ári
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
Orkugjald	3,69 kr/kWh	3,69 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag		
4.3. Orkugjald	2,46 kr/kWh	
Roftími allt að 15 klst. á dag.		
<i>5. Utanhússlýsing.</i>		
5.1. Fast gjald F1		
Orkugjald		6,60 kr/kWh
<i>Skilgreiningar og ýmis ákvæði:</i>		
Föst gjöld.		
F1		164,00 kr/mán.
F3		3.690,00 kr/ári

6. *Hitun.*

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- Að vélarafli, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8% skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðullinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærri verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0,8%.

II. Opnunargjöld.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 1.845,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1.845,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald sem hér segir:

Málstraumur:	kr.		kr.
63 A einfasa	57.361,00	315 A þrífasa	398.775,00
63 A þrífasa	68.488,00	400 A þrífasa	548.028,00
100 A þrífasa	104.742,00	710 A þrífasa	979.958,00
200 A þrífasa	252.044,00	1200 A þrífasa	1.643.971,00

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70 Q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 244 29. apríl 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. mars 1997.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarmann.

14. mars 1997

Nr. 199

AUGLÝSING

**um heimild til handa íslenskum flugrekendum að hefja aðlögun
að nýjum reglum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) um flugrekstur.**

1. gr.

Heimilt er að taka upp í flugrekstrarbækur, sbr. 11. kafla reglugerðar um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum, ákvæði einstakra kafla úr þeim sameiginlegu reglum um flugrekstur sem unnar hafa verið á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu (JAR- OPS 1 og 3).

Heimild þessi er veitt í því skyni að auðvelda aðlögun að gildistöku þessara reglna á Íslandi, sem fyrirhuguð er 1. apríl 1998 er varðar flugrekendur sem reka loftför í atvinnuskyni með heildarflugtaksþunga meiri en 10 tonn eða reka þyrlur. Gagnvart flugrekendum sem reka léttari loftför er gildistakan fyrirhuguð 1. apríl 1999, en 1. apríl 1998 gagnvart þeim flugrekendum sem starfrækja loftför í báðum þyngdarflokkunum.

2. gr.

Nýjar umsóknir um flugrekendaskírteini, sbr. gr. 4.2 í reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum, skulu taka mið af hinum nýju reglum.

3. gr.

Öllum starfandi flugrekendum skal skylt að leggja umsókn um nýtt flugrekendaskírteini sem gefa á út samkvæmt hinum nýju reglum, inn til loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar eigi síðar en 1. maí 1997, starfræki þeir loftför í þyngri flokknum, þyrlur eða í báðum þyngdarflokkunum. Þeir flugrekendur sem eingöngu starfrækja loftför í léttari flokknum skulu skila slíkri umsókn fyrir 1. apríl 1998.

Umsóknir skulu geyma áætlun flugrekenda um með hvaða hætti hann hyggst standa að því að taka upp ákvæði einstakra kafla í hinum nýju reglum í starfsemi sinni.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 14. mars 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995, sbr. reglugerð nr. 288/1996.

1. gr.

1., 2. og 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1) Grunnjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT	37.400
2) Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30	700

- 3) Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT, þó greiðist að hámarki gjald fyrir 11 tilnefningar..... 9.100

2. gr.

Gjöld skv. 1. gr. taka til umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. apríl 1997.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi þann 1. apríl 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 1997.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

- 1) Reiknað verð húsbrefs er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta, sbr. reiknijöfnu í 32. gr. reglugerðar þessarar.
- 2) Markaðsverð húsbrefa er vegið meðaltal viðskipta hvers dags á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn dag.
- 3) Með verðbréfaflokki er átt við skuldabréf sem gefin eru út af sama aðila með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum.
- 4) Fasteignaveðbréf er skuldabréf sem skipta má fyrir húsbref Byggingarsjóðs ríkisins. Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf.
- 5) Með íbúðarkaupanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
- 6) Með húsbýggjanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
- 7) Með byggingaraðila er í reglugerð þessari átt við hvern þann viðurkenndan framkvæmdaraðila sem byggir og selur fullfrágengnar íbúðir skv. ÍST 51.
- 8) Með nýbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út.
- 9) Núvirði kaupverðs er verð íbúðar að teknu tilliti til lánskjara áhvílandi lána miðað við gefna verðbólguþá.
- 10) Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár. Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi skal leggja fram íbúðarvottorð frá skattstjóra fyrir næstliðin þrjú tekjuár. Heimilt er að miða tímabilið við dagsetningu þinglýsts kaupsamnings.

II. KAFLI

Fjárhagur og rekstrarkostnaður húsbrefadeildar.

2. gr.

Fjárhagur og bókhald húsbrefadeildarinnar skal aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Gera skal sérstakan ársreikning fyrir húsbrefadeildina.

Rekstrarkostnaður húsbrefadeildarinnar og áætlað tap vegna útlána skal greitt af tekjum deildarinnar. Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lán-tökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbrefadeildar auk vaxta-álags, allt að 0,35% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum. Nægi tekjur samkvæmt þessari málsgrein ekki til að standa undir útgjöldum skal sérstakt framlag greitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Verði tekjur hins vegar hærri en útgjöld skal mynda sérstakan varasjóð til að bera þann kostnað sem verður af sveiflum í tekjum deildarinnar og mögulegu tapi vegna útlána.

III. KAFLI

Útgáfa húsbrefa.

3. gr.

Húsbrefadeild gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, svonefnd húsbref. Þau skulu gefin út í verðbrefaflokkum og öll bréf í sama flokki bera sömu fjárhæð og lánskjör. Vextir húsbrefa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Húsbref skal endurgreiða að undangengnum údrætti. Verði húsbref ekki dregið út endurgreiðist það í samræmi við lánstímann. Hámarkslánstími skal vera 40 ár.

Húsbrefadeildin gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðslur, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum húsbrefaflokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Ráðherra birtir ákvörðun þessa sem sérstaka reglugerð fyrir hvern húsbrefaflokk.

Húsbrefadeildin ráðstafar húsbrefum til seljanda, húsbbyggjanda eða byggingaraðila og eru þau gefin út á nafn hans í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbrefum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 32. gr., og skal reiknað verð húsbrefa vera sem næst nafnverði fasteignaveðbréfs á þeim degi. Mismuninn greiðir húsbrefadeildin án vaxta og verðbóta.

4. gr.

Húsbrefadeild skal stuðla að því að húsbref séu ávallt seljanleg á markaði. Í því skyni skal húsbrefadeild leita eftir skráningu húsbrefa á Verðbrefafingi Íslands og jafnframt tryggja að kaupþilboð liggi ávallt frammi á þinginu. Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá yfir verðgildi húsbrefa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem þau varða.

Húsbrefadeildin skal sjá til þess að daglega birtist opinberlega upplýsingar um tilboð og viðskipti á Verðbrefafingi Íslands næstliðinn viðskiptadag. Fyrir hvern flokk húsbrefa skal m.a. koma fram:

- a. Hæsta tilboðsverð.
- b. Lægsta tilboðsverð.
- c. Markaðsverð (meðalviðskiptaverð).
- d. Ávöxtun skv. a, b og c liðum.

A.m.k. mánaðarlega skulu jafnframt birtar upplýsingar um hversu mikil viðskiptin hafi verið og útistandandi eftirstöðvar í hverjum húsbrefaflokki.

5. gr.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við banka, sparisjóði og aðrar fjármála- stofnanir um að annast afgreiðslu skuldabréfaskipta. Einnig skal húsbréfadeildin leita eftir samningum við sömu aðila um að greiða fyrir viðskiptum með húsbréf.

6. gr.

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum nýjustu skráningu á verðgildi húsbréfa fyrir viðskiptamenn sína. Óheimilt er að láta fara fram viðskipti utan Verðbréfaþings Íslands sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta verðs sem skráð er á Verðbréfaþinginu. Skylt er verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, að tilkynna öll viðskipti, sem þeir annast, jafn- harðan til Verðbréfaþings Íslands enda þótt viðskiptin eigi sér stað utan Verðbréfaþingsins.

7. gr.

Bankaefirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi og fjárhag húsbréfa- deildar og útgáfu húsbréfa. Einnig skal bankaefirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, og laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

8. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að ráðstafa hluta af fjármunum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að ávallt sé markaður fyrir þau. Byggingarsjóður getur falið öðrum aðilum að gegna þessu hlutverki. Seðlabanki Íslands skal hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

IV. KAFLI

Fasteignaveðbréf.*Notaðar íbúðir.*

9. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við eigendaskipti á notaðri íbúð er hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skal gefa út á nafn seljanda íbúðar. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf, skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarkaupa má skipta í frumbréf og viðaukabréf í þeim tilvikum er seljandi þarf að aflétta áhvílandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar seljandi hefur lokið aflýsingum.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánnum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvílandi lána, uppfærðra.

Frumbréfið skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks og skal ljósrít af þinglýstum kaupsamningi fylgja því. Bréfið skal gefið út við undirskrift kaupsamnings.

Viðaukabréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings.

Nýbyggingar.

10. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefin eru út í tengslum við íbúðarbyggingu og með veði í henni. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af húsbyggjanda eða byggingaraðila á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins eða íbúðarkaupanda á nafn seljanda. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarbyggingar má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar, sbr. þó 14. gr., enda hafi byggingarkostnaður áður hlotið samþykki húsbréfadeildar.

Við gerð viðaukabréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum, til þess dags sem brunabótavottorð er gefið út.

Frumbréfi skal fylgja fokheldisvottorð, vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. Frumbréf skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en einu ári frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks og innan tveggja ára frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Bréfinu skal fylgja nýtt veðbókarvottorð, brunabótavottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða. Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal eigi gefið út fyrr en íbúðarseljandi hefur lokið aflýsingum þeirra lána sem kaupandi yfirtekur ekki.

Viðaukabréf eða fasteignaveðbréf ef það er óskipt, er gefið út af húsbyggjanda, á nafn húsbréfadeildar, eða af íbúðarkaupanda, á nafn seljanda. Húsbréfadeild kaupir einungis frumbréf af byggingaraðila, sbr. 3. mgr.

11. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við viðbyggingu, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði. Þegar um endurbætur og/eða endurnýjun er að ræða skulu a.m.k. 15 ár vera liðin frá fokheldi eignar. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af íbúðareiganda á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Ef um viðbyggingu er að ræða má skipta fasteignaveðbréfi í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi vegna viðbyggingarinnar.

Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar viðbyggingar, sbr. þó 13. gr. Viðaukabréf getur numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á útgáfudegi þess. Við gerð viðaukabréfs skal einnig taka með í reikninginn ný uppfærð áhvílandi lán.

Húsbréfadeild hefur heimild til að skipta húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði þegar 80% af samþykktum framkvæmdum er lokið.

Umsóknum um skuldabréfaskipti vegna viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing á eyðublöðum sem húsbréfadeild samþykkir og skal umsókn berast húsbréfadeild áður en framkvæmdir hefjast. Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði fyrr en eftir að húsbréfadeild hefur staðfest að verkið hefur verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreinda úttekt.

12. gr.

Til meiri háttá endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

Óheimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbrefum vegna venjulegs viðhalds á íbúðarhúsnæði, eins og:

- a. Málningarvinnu úti og inni.
- b. Endurnýjunar á innréttingum.
- c. Endurnýjunar á gólfefni.

Húsbrefadeild hefur þó heimild til að taka tillit til þessara þátta ef um heildarendurnýjun er að ræða.

13. gr.

Heimilt er að kaupa fasteignaveðbréf í skiptum fyrir húsbref vegna framkvæmda við fullnaðarfrágang á íbúðarhúsnæði, sem lánað var til úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lögum nr. 51/1980, með síðari breytingum.

Áður en ákvörðun er tekin um kaup á fasteignaveðbréfum samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir úttekt tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins á því, sem ólokið er í byggingunni, og fer lánshæfi framkvæmda eftir 12. grein.

14. gr.

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, sbr. 25. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en kr. 6.990.000 vegna nýrra íbúða og vegna notaðra íbúða allt að kr. 5.826.000, þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 3.493.000 vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, þó aldrei meira en 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbygginga, miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1997, 218,0 stig. Hámarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.

Þegar um er að ræða íbúðarkaup eða húsbbyggingu skal fasteignaveðbréf ekki nema hærri fjárhæð en nemur mismuni á söluverði fyrri eignar að fráregnum lánnum umsækjanda, öðrum en lánnum vegna atvinnurekstrar, og matsverði, sbr. 25. gr., þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir. Hafi sala ekki farið fram skal miða við áætlað söluverð.

15. gr.

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 754.000,00 miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1997, 218. Þó er heimilt að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði, fyrir fjárhæðir að lágmarki kr. 519.000,00 miðað við sömu vísitölu, enda verði lánstíminn ekki lengri en til 15 ára. Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár. Lágmarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.

16. gr.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir með heimild í 1. gr. laga nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs, og hefur sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 2. gr.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbrefa, sbr. 3. gr.

Fasteignaveðbréfið skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Gjalddagar fasteignaveðbrefa skulu vera 15. dag hvers mánaðar, þó er heimilt að óska eftir að gjalddagar verði ársfjórðungslega. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með mánaðarlegum afborgunum skal vera á þriðja gjalddaga frá útgáfudegi þess en fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með ársfjórðungslegum afborgunum er á öðrum reglulega gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Húsbréfadeild er heimilt að bjóða þeim sem þegar hafa gefið út fasteignaveðbréf með ársfjórðungslegum afborgunum að breyta veðbréfinu þannig, að það beri mánaðarlega gjalddaga. Einnig getur skuldari fasteignaveðbréfs, sem þegar hefur verið gefið út með mánaðarlegum gjalddögum, óskað eftir að því verði breytt þannig, að það beri ársfjórðungslega gjalddaga.

17. gr.

Heimilt er skuldara fasteignaveðbréfs að greiða aukaafborganir eða endurgreiða skuldina að fullu hvenær sem er á lánstímanum.

18. gr.

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbréfadeildarinnar, skal liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hefur húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

Að sérstökum skilyrðum uppfylltum er heimil tímabundin yfirtaka fasteignaveðbréfs án undangengis greiðslumats. Tímabundin yfirtaka getur varað allt að 24 mánuði.

Tímabundin yfirtaka verður einungis veitt í þeim tilfellum þegar kaupandi eignar er að verja hagsmuni sína með eftirgreindum hætti:

a) kröfuhafi kaupir fasteign á uppboði í þeim tilgangi að verja veðkröfu sína og ætlar að selja hana strax aftur.

b) íbúð með áhvílandi fasteignaveðbréfi er tekin sem greiðsla upp í aðra og verðmeiri íbúð.

c) riftun kaupsamnings hefur átt sér stað og eigandi þarf að fá frest til að selja eignina aftur.

Tímabundin yfirtaka er veitt fyrst til 12 mánaða og verður ekki framlengd í 12 mánuði til viðbótar, nema söluaðgerðir hafi verið viðhafðar allt tímabilið en ekki borið árangur.

19. gr.

Heimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbréfum vegna kaupa á hluta úr íbúð ef kaupandi verður einn eigandi á eftir. Fjárhæð fasteignaveðbréfsins má nema allt að 65% af matsverði íbúðarinnar, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur kaupverðinu.

20. gr.

Upphaflegum kröfuhafa er heimilt að yfirtaka fasteignaveðbréf við endurkaup á íbúð ef liðin eru þrjú ár eða meira frá því að afsali var þinglýst, enda hafi kaupandinn þá tekið við henni til eigin nota samkvæmt íbúðavottorði.

21. gr.

Kaup á fasteignaveðbréfum eða samþykki fyrir yfirtöku þeirra skal byggjast á sam-
eiginlegu greiðslumati fyrir alla þá, er kauptilboðið gera, enda verði þeir allir greiðendur
bréfanna.

V. KAFLI

Endurgreiðslur fasteignaveðbréfa og húsbréfa.

22. gr.

Húsbréfadeild innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum og
ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbréfa að undangengnum útdrætti eftir hlutkesti sem
lögbókandi („notarius publicus“) hefur umsjón með.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf í hlutaðeigandi húsbréfa-
flokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem ákveðnir eru í sérstakri reglugerð
fyrir hvern flokk fyrir sig. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem
svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda,
lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Niðurstöður skulu birtar a.m.k. tveimur mánuðum
fyrir gjalddaga ásamt númerum áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa. Húsbréf endurgreiðast
á reiknuðu verði á gjalddaga, sbr. 32. gr.

23. gr.

Húsbréfadeild skal gæta þess að inn- og útgreiðslur af fasteignaveðbréfum og hús-
bréfum standist á þannig að jafnvægi sé í hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin
gera áætlanir um fjárstreymi. Þó er deildinni heimilt að taka við greiðslum af fasteigna-
veðbréfum til varðveislu án þess að ráðstafa þeim til útdráttar húsbréfa ef tilsvarendi
húsbréfaflokkur er enn í sölu.

Verði innstreymi fjár vegna aukaafborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 16. gr., meira
en sem nemur vanskilum fasteignaveðbréfa er húsbréfadeildinni heimilt að innleysa útgefin
húsbréf sem þeim mun svarar, sbr. 22. gr.

24. gr.

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga,
fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa
bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

VI. KAFLI

Matsverð íbúða.

25. gr.

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar en þó aldrei hærra en brunabótamatið.
Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar, þó aldrei hærra en
kaupverð eða brunabótamat. Matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar,
endurbóta og endurnýjunar er brunabótamat hennar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðs-
verðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverðið á viðkomandi landssvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði. Áður en til þess kemur að slíkum heimildum sé beitt skal húsbréfadeild leita álits viðkomandi sveitarstjórnar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Húsbréfadeild skal árlega leggja mat á áhættu þá sem hlýst af skuldabréfaskiptum með hlíðsjón af þróun á fasteignamarkaði og nýbyggingum. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreint mat.

VII. KAFLI

Greiðslugeta íbúðakaupenda og húsbýggjenda og veðhæfi íbúða.

26. gr.

Áður en gengið er frá kautilboði, bygging eða viðbygging hafin eða endurnýjun og endurbætur eru hafnar skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbýggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá húsbréfadeildinni eða viðurkenndri fjármálastofnun sem hún vísar til. Til að unnt sé að meta hana skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbýggjandi eða íbúðareigandi leggja fram upplýsingar um fjölskyldustærð, eignir, heildarlaun og skuldir, ásamt öðrum gögnum er kunna að hafa áhrif á greiðslugetu.

27. gr.

Húsbréfadeild skal ekki samþykkja skipti á skuldabréfum eða yfirtöku fasteignaveðbréfa nema fyrir liggja greiðslumat samkvæmt 26. grein.

28. gr.

Byggingaraðilar sem fullnægja ákvæðum 7. tl. 1. gr. geta fengið frumbréfum skipt fyrir húsbréf gegn því að leggja fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun eða sveitarfélagi. Fyrirgreind ábyrgð verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem húsbréfadeildin samþykkir, yfirtekur frumbréfið. Falli ábyrgð niður, áður en íbúð er seld, er heimilt að gjaldfella lánið.

29. gr.

Áður en gengið er frá kaupsamningi og/eða fasteignaveðbréfi (frumbréfi), á eyðublöðum sem húsbréfadeildin samþykkir, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbýggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi leita eftir mati á veðhæfi þeirrar íbúðar sem hann hyggst festa kaup á, byggja, byggja við eða endurbæta og endurnýja, sbr. 25. gr.

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfi íbúðar skulu eftirtalin gögn liggja fyrir eftir því sem við á:

- Fokheldisvottorð.
- Veðbókarvottorð.
- Brunabótamat, staðfest af Fasteignamati ríkisins eða smíðatrygging ef um frumbréf vegna nýbyggingar er að ræða.
- Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar.
- Kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
- Kautilboð sem samþykkt er af væntanlegum seljanda með fyrirvara um skuldabréfaskipti við húsbréfadeild. Í kautilboði skulu koma fram upplýsingar um áhvílandi uppfærð lán ásamt lánskjörum þeirra. Kautilboðið skal vera á eyðublaði sem húsbréfadeildin samþykkir.

- Ljósrit af síðasta greiðsluseðli allra áhvílandi lána.
- Yfirlýsingu húsfélags (upplýsingar um hússjóð, væntanlegar viðgerðir, o.fl.).
- Staðfesting á ábyrgð viðurkenndrar fjármálastofnunar eða sveitarfélags þegar um viðurkenndan byggingaraðila er að ræða.

Óski húsbýggjandi eða íbúðarkaupandi sem telst vera að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eftir því að skipta fasteignaveðbréfi fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar skal hann leggja fram staðfestingu skattýfirvalda þess efnis að hann hafi ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár.

30. gr.

Uppfylli væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbýggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi ekki ákvæði 26., 28. og 29. gr., getur húsbrefadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

31. gr.

Ef greiðslubyrði íbúðarkaupanda, húsbýggjanda eða íbúðareiganda er innan þeirra marka, sem kveðið er á um í 25. gr., gengur húsbrefadeildin frá fasteignaveðbréfum skv. 9., 10., 11., 14. og 15. gr., að frádregnum yfirteknum og áhvílandi lánnum. Húsbrefadeild, eða þeir sem hún vísar til, veitir upplýsingar um andvirði húsbrefa, sem skipt verður fyrir fasteignaveðbréf, miðað við markaðsverð húsbrefa á þeim degi sem fasteignaveðbréfið er afhent.

VIII. KAFLI

Reiknað verð húsbrefa.

32. gr.

Reiknað verð húsbrefs, sbr. 1. tl. 1. gr. í reglugerð þessari, fylgir eftirfarandi reikni-jöfnu:

$$V = N L_2 / L_1 (1 + v / 100)^{da/360} (1 + P / 100)^{db/30}$$

þar sem

- V er reiknað verð húsbrefs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða gjalddagi húsbrefs, sbr. 22. gr.
- N er nafnverð húsbrefs.
- L₁ er grunnvísitala húsbrefs, þ.e. vísitala neysluverðs á útgáfudegi húsbrefs.
- L₂ er vísitala neysluverðs á reiknidegi. L₂ getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða vísitala neysluverðs á gjalddaga húsbrefs, sbr. 22. gr.
- v eru nafnvextir húsbrefs í prósentum á ári.
- da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbrefs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.
- p er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbrefum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfafings Íslands.

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbrefts og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að fráðregnum útgáfudegi húsbrefts. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbrefts á gjalddaga, sbr. 22. gr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

33. gr.

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbrefadeildarinnar, sbr. 26., 28. og 29. gr.

34. gr.

Húsbrefadeild hefur heimild til að hafna skiptum á húsbrefum fyrir fasteignabréf ef sýnt þykir að um málamyndagering sé að ræða.

35. gr.

Húsbrefadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

33. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. mars 1997.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur er taki gildi 1. apríl 1997:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3% frá og með 1. apríl 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. mars 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1997 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Í 1. gr. kemur ný mgr. sem verður 2. mgr. og orðist svo:

Sé gjaldstofn spilliefnagjalds ekki ákveðinn miðað við stykkjatölu miðast hann við tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm gjaldskyldrar vöru ásamt umbúðum. Ef um er að ræða margnota umbúðir, sem notaðar eru til flutnings umræddra vara og ekki eru smásöluumbúðir, skal þyngd þeirra ekki reiknuð með við ákvörðun gjaldstofns.

2. mgr. verður 3. mgr. og 3. mgr. verður 4. mgr.

2. gr.

Við reglugerðina bætist við nýr 3. kafli sem er svohljóðandi:

III. KAFLI.

Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði.

10. gr.

Gjaldskyldar kemískar vörur fyrir ljósmynda- og prentiðnað og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á kemískar vörur fyrir ljósmynda- og prentiðnað.

Spilliefnagjald á innfluttar kemískar vörur fyrir ljósmynda- og prentiðnað skal innheimt í tolli.

Nánar um gjaldtöku og sundurgreiningu kemískra vara fyrir ljósmynda- og prentiðnað eftir tollskrárnúmerum er að finna í viðauka II með reglugerð þessari.

3. gr.

III. KAFLI verður IV. KAFLI.

4. gr.

10. gr. verður 11. gr. og 11. gr. verður 12. gr.

5. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki II sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI II

Spilliefnagjald er reiknað fyrir hvert kílógramm kemískrar vöru í ljósmynda- og prentiðnaði og flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer (magngjald).

ÚR 37. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR

3707

Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:

– Annað:

– – Annars:

Kr/kg

	--- Upplausnir:	
3707.9020	---- Notaðar án þynningar með vatni	32,25
	---- Þynntar með vatni fyrir notkun:	
3707.9031	---- Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hlutikemískis efnis, minna en tveir hlutar vatns)	53,75
3707.9032	---- Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemískis efnis, minna en þrír hlutar vatns)	107,50
3707.9033	---- Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemískis efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	129,00
3707.9034	---- Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemískis efnis, minna en fimm hlutar vatns)	172,00
3707.9035	---- Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemískis efnis, fimm hlutar vatns eða meira).....	258,00
3707.9090	--- Annað.....	258,00

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. apríl 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 24. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1997

25. mars 1997

421

Nr. 204

AUGLÝSING

um gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi 1. apríl 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552 28. desember 1993, með áorðnum breytingum:

Liðirnir C.2 D Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun hækki um 3,2%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1997.

Halldór J. Kristjánsson.

Steinunn Bjarman.

25. mars 1997

Nr. 205

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. apríl 1997.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996 breytist þannig:

Gjaldskrá fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 3,2%. Tengigjöld breytast í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1996 til janúar 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1997.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingar á reglum nr. 529/1996 um innkaup og sölu tóbaks og skilmálum í viðskiptum birgja.

„Um sérpantanir“ orðist svo:

ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá fyrir einstaklinga til eigin neyslu gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fáanleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar.

Við kaflann „Skilmálar í viðskiptum við birgja“ bætist nýr töluliður er orðist svo:

10. Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 15 mgr. Frá og með 1. janúar 1998 má vindlingur ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 12 mgr. Gert er ráð fyrir að í náinni framtíð verði leyfilegt hámarks magn tjöru lækkað.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 20. mars 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Hildur Petersen Árni Tómasson Þórarinn Sveinsson.

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Fjármálaráðuneytinu, 25. mars 1997.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 207

25. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar.

1. gr.

1. og 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóra, að veiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til refa- og minkaveiða árlega. Svæði sem hér um ræðir eru tilgreind í 2. viðauka. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarfélög fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón veiðanna.

Telji sveitarstjórn og veiðistjóri ekki þörf á að stunda refa- og minkaveiðar á hluta þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. viðauka er þeim heimilt með samþykki umhverfisráðherra að gera með sér samkomulag um takmörkun veiða á svæðinu.

2. gr.

1. og 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Á grenjatíma, sem telst vera frá 1. maí til 31. júlí, eru refaveiðar eingöngu heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til refaveiða skv. 4. gr. Þó geta bændur og æðarræktendur eða

Endurprentað blað.

aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 4. gr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Skotmenn sem ráðnir eru samkvæmt 4. gr. skulu vera til reiðu á grenjatíma ef refir valda tjóni.

3. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Telji sveitarstjórn þörf á að vinna þekkt greni eða leita áður óþekktra grenja skal haft um það samráð við veiðistjóra og skal kostnaðaráætlun samþykkt af veiðistjóra áður en aðgerðir hefjast.

Refaskyttur skulu vera vel vopnum búnað og kappkosta að vinna hvert greni á sem stystum tíma.

4. gr.

4. mgr. 7. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni og er refaskyttum skylt að viðhalda henni með upplýsingum um ný greni sem þeir kunna að finna.

Afrit af grenjaskrá skal vera í vörslu veiðistjóra.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Skylt er veiðistjóra að leiðbeina veiðimönnum, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, um veiðiaðferðir, veiðitækni og búnað við veiðar. Veiðistjóri skal og veita allar upplýsingar og aðstoð sem tók eru á, halda námskeið fyrir veiðimenn eftir þörfum og gera tilraunir með ný tæki og veiðiaðferðir.

Veiðimenn, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, skulu í starfi stuðla að aukinni þekkingu á refum og minkum í samvinnu við veiðistjóra og láta í té sýni úr felldum dýrum sér að kostnaðarlausu, fari veiðistjóri fram á það eða aðrir sem hann samþykkir.

6. gr.

1. og 3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa minkaveiðimanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka. Verðlaun fyrir unnin dýr skulu aðeins greidd sé skott af hverju unnu dýri lagt fram til sönnunar. Gildir þetta jafnt um ráðna refa- og minkaveiðimenn sem aðra.

Við uppgjör skulu refaskyttur og menn sem ráðnir eru til minkaveiða leggja fram sundurliðaða reikninga og útdrátt úr dagbók þar sem skráð er hvar og hvenær grenjaleit og veiðar fóru fram ásamt upplýsingum um staðsetningu grenja. Skulu afrit af kvittunum og útdráttur úr dagbók fylgja árlegu reikningsyfirliti til veiðistjóra, sbr. 11. gr.

7. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár. Skylt er oddvitum, sveitarstjórum, bæjarstjórum og öðrum þeim, er sjá um framkvæmd refa- og minkaveiða, að senda veiðistjóra skýrslu um veiðina ásamt grenjaskrá, upplýsingum um ný greni og reikningsyfirliti innan 6 vikna frá lokum uppgjörstímabils.

Veiðistjóri endurskoðar reikninga vegna refa- og minkaveiða. Úrskurði veiðistjóri að reikningar séu réttir og hóflegir endurgreiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélagi hluta kostnaðar í samræmi við auglýstar reglur um þátttöku ríkisins í refa- og minkaveiðum.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 25. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1997

2. apríl 1997

425

Nr. 208

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur	02.04.-13.04.97	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, önnur	14.04.-20.04.97	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur	21.04.-27.04.97	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur	28.04.-30.06.97	ótilgr.	22,5	298

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1997

Nr. 209

426

3. apríl 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 719, 29. desember 1995,
um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

1. gr.

2. mgr. 38. gr. breytist og hljóði svo:

Með nánnum ættingjum í þessu sambandi er einungis átt við: Maka, börn, foreldra, systkin, föður- eða móðurforeldra, barnabörn, svo og föður- eða móðursystkin eða börn þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 48, 19. maí 1988, um fangelsi og fangavist, til þess að öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1997

4. apríl 1997

427

Nr. 210

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 8. apríl til og með 23. apríl 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1997

Nr. 211

428

24. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals.....	10.350 lestir
þ.a. Eldey.....	1.000 lestir
þ.a. Arnarfjörður.....	700 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp.....	2.300 lestir
þ.a. Húnaflói.....	2.100 lestir
þ.a. Skagafjörður.....	1.500 lestir
þ.a. Skjálfandi.....	1.000 lestir
þ.a. Óxarfjörður.....	1.750 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 704, 30. desember 1996, um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 212

21. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á viðaukum I og II með reglugerð nr. 579/1989
um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár,
sbr. reglugerð nr. 410/1992.


1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka I við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992:
Í stað litsins ljósbrúnn á varnarsvæði nr. 26 (Héraðshólf) kemur: Appelsínugulur.

2. gr.

Viðauki II með reglugerð nr. 410/1992 um breytingu á rg. nr. 579/1989 breytist til samræmis við þá breytingu sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar auglýsingar og verður viðauki II með reglugerðinni þannig:

Viðauki II:

Litamerking búfjár á Íslandi
Svæðaskipting

Varnarsvæði:

1. Landnámsból
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðahólf
12. Vestfjarðahólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Hunahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálíandahólf
23. Öxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Hérahólf
27. Austfjarðahólf
28. Suðurfjarðahólf
29. Suðursveitarhólf
30. Örnefahólf
31. Síðuhólf
32. Skaffartunguhólf
33. Álftavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Flangárvallahólf
36. Árnesshólf

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afreittar-málefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð lækna.

1. gr.

Nafn og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður lækna.
- 1.2. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar geta orðið allir íslenskir lækna og þeir lækna erlendir sem starfa eða starfað hafa hér á landi skv. kjarasamningum lækna.
- 3.2. Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast félagar.
- 3.3. Þeir sem, óska að gerast sjóðfélagar, skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi á eyðublaði, er sjóðurinn lætur í té.
- 3.4. Stjórn sjóðsins getur krafist upplýsinga, þ.á m. læknisvottorðs um heilsufar manna, er sækja um upptöku, ef heilsu þeirra er svo háttáð, að verulega aukin áhætta fyrir sjóðinn stafi af.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

- 4.1. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, er skulu vera sjóðfélagar.
- 4.2. Stjórn Læknafélags Íslands tilnefnir 2 menn í stjórnina og 2 til vara en aðalfundur sjóðsins kys 1 og 1 til vara.
- 4.3. Kjörtímabil er 3 ár og má eigi endurkjósa stjórnarmenn meira en 2 kjörtímabil í röð.
- 4.4. Stjórninni er skylt að halda gerðabók og færa í hana allar samþykktir sínar.
- 4.5. Stjórnin kys sér sjálf formann.
- 4.6. Stjórnin sér um rekstur sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari.
- 4.7. Stjórnarsamþykkt er ekki lögleg nema a.m.k. tveir stjórnarmenn greiði henni atkvæði.

5. gr.

Aðalfundur sjóðsins.

- 5.1. Aðalfundur sjóðsins skal halda í september eða október ár hvert.
- 5.2. Stjórnin boðar til aðalfundar bréflaga með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tekið fram um eftirtalin dagskráratriði:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Fjárreiður sjóðsins
 3. Tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins
 4. Kosning stjórnar
 5. Önnur mál
 Allar tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, sem bera á undir aðalfund, skal senda með fundarboðinu.
- 5.3. Aðalfundur er lögmætur, sé löglega til hans boðað.
- 5.4. Einfaldur meirihluti atkvæða nægir til allra samþykka á aðalfundi nema breytinga á reglugerð þessari.

6. gr.

Reikningar sjóðsins, endurskoðun og afgreiðsla.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
- 6.2. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, svo og af félagslegum endurskoðendum Læknafélags Íslands.
- 6.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við Læknafélag Íslands eða aðra aðila um, að þeir annist afgreiðslu fyrir sjóðinn.

7. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins.
 - 7.1.1. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.
 - 7.2. Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldspróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um hlutfallslega lækkun lífeyrisréttinda.
 - 7.2.1. Er stjórninni skylt að fara eftir þeim tillögum nema tryggingafræðingurinn telji aðrar ráðstafanir hennar fullnægjandi.
 - 7.2.2. Telji hann hins vegar aukningu lífeyrisréttinda á rökum reista, skal hann gera tillögur um hlutfallslega hækkun þeirra.
 - 7.3. Sjóðsstjórn má aldrei auka réttindi meira en tryggingafræðingur hefur gert tillögur um.

8. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:
 - 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
 - 8.1.2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
 - 8.1.3. Í skuldabréfum sveitarfélaga, með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
 - 8.1.4. Í bönkum og sparisjóðum.
 - 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða, sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af tveimur mönnum sem fjármálaráðherra tilnefni og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

- 8.1.6. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana eða annarra lána-
stofnana en getið er hér að framan enda starfi þeir samkvæmt sérstökum lögum eða
sému undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í hlutabréfum.
- 8.1.8. Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda
sému hlutabréf viðkomandi fyrirtækja skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verð-
bréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

9. gr.

Iðgjöld og aðrar greiðslur til sjóðsins.

- 9.1. Sjóðurinn tekur við iðgjöldum, sem greidd eru vegna sjóðfélaga samkvæmt kjara-
samningum Læknafélags Íslands eða svæðafélaga lækna.
- 9.1.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að taka við iðgjöldum, er einstakir sjóðfélagar skuldbinda
sig til að greiða sjálfir, að svo miklu leyti sem aðrar árlegar iðgjaldagreiðslur þeirra
veita ekki 1/3, 2/3 eða heilt stig, sbr. 10. gr.
- 9.1.2. Óski sjóðfélagi að taka upp eða hækka slíkar eigin greiðslur, gilda ákvæði 4. máls-
greinar 3. greinar, nema sjóðsstjórn telji breytinguna eðlilega afleiðingu þess, að
sjóðfélaginn skiptir um starf.
- 9.2. Iðgjöldum frá vinnuveitendum skal skilað til sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum
eftir að þau féllu í gjalddaga.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um greiðslu, sem sjóðfélagar sjálfir inna af höndum og að
jafnaði skulu eiga sér stað mánaðarlega.
- 9.4. Sjóðurinn veitir ekki viðtöku iðgjöldum, sem greidd eru vegna sjóðfélaga, eftir að
hann hefur hafið töku ellilífeyris úr sjóðnum.
- 9.5. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita viðtöku fé, sem sjóðfélagi óskar að yfirfæra úr
öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármála-
ráðuneytisins.
- 9.6. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 9.7. Stjórninni er heimilt að fella niður iðgjaldagreiðslur í mest 2 ár, þegar ungir sjóð-
félagar eiga í hlut og lenda í greiðsluvandræðum vegna framhaldsnáms erlendis eða
af öðrum ástæðum, sem stjórnin metur gildar.
- 9.7.1. Iðgjaldagreiðsla fyrir og eftir slíkt tímabil telst samfelld, sbr. 12.- 14. gr.

10. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda
grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun ársins.
Grundvallarlaun í október 1995, kr. 164.742 á mánuði, skulu taka sömu hlutfalls-
breytingu og vísitala neysluverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv.
lögum nr. 13 frá 6. mars 1995.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld sjóðfélagans með grundvallar-
launum skv. 10.2.
- 10.4. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.5. Fé sem yfirfært er úr öðrum lífeyrissjóði skv. 5. mgr. 9. gr. skal umreiknað í stig með
sama hætti og iðgjöld á því ári, er yfirfærslan á sér stað skv. 3. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í þrjú ár eða lengur, og öðlast hefur samanlagt a.m.k. eitt stig skv. 10. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á árlegum lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann látið af aðalstarfi sínu eða takmarkað svo störf sín, að það, að dómi sjóðsstjórnar, jafngildi því, að aðalstarfi sé hætt.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 10. gr., og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.3.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

- 12.1. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi þrjú ár, hefur öðlast samanlagt a.m.k. eitt stig skv. 10. gr. og ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til og eigi á kost á öðru læknisstarfi eða missir sökum slíkrar örorku einhvern hluta tekna þeirra, er hann hefur greitt iðgjöld af til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við trúnaðarlækni sjóðsins, metur örorkuna 40% eða þar yfir.
- 12.2. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförmu og greitt iðgjöld af í sjóðinn.
- 12.3. Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt skv. 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til meðaltals stiga undanfarandi þrjú ár margfaldað með árafjölda þeim, sem eftir er til 67 ára aldurs sjóðfélagans.
- 12.4. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkutapið er metið.
- 12.5. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.6. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.
- 12.7. Sömu leiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn haldið áfram iðgjaldagreiðslum til sjóðsins af tekjum, er hann kann að hafa haft af störfum, er hann áður greiddi iðgjöld af, eða öðrum störfum, er hann hefur tekið upp í þeirra stað.
- 12.8. Örorkulífeyrir fellur niður, er taka ellilífeyris hefst.
- 12.9. Ellilífeyrir öryrkja skal ákveðinn þannig, að bætt skal við áunnin stig þeim stigum, sem við úrskurðun örorkulífeyrisins voru reiknuð honum fram til 67 ára aldurs, ef um algera örorku er að ræða, en ella því broti þessara stiga, er svarar til örorkustigsins. Ekki skal þó slík viðbót hvert einstakt ár vera meiri en svo, að öryrkinn fái í hæsta lagi eitt stig fyrir árið.

13. gr.

Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi þrjú ár og samanlagt öðlast a.m.k. eitt stig skv. 10. gr. eða hefur á þeim tíma notið elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 10. gr., og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.8.
- 13.2.2. Hafi sjóðfélagi verið orðinn fullra 67 ára, er hann lést, skal miðað við áunnin stigafjölda skv. 10. gr., þó með viðbót skv. síðustu mgr. 12. gr.

- 13.3. Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum, eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 13.4. Réttur til lífeyris skv. þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til hærri lífeyris úr sjóðnum. Veiti hið síðara hjónaband rétt til lægri lífeyris úr sjóðnum, skal einungis greiða mismuninn.

14. gr.

Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi þrjú ár og samanlagt öðlast a.m.k. eitt stig skv. 10. gr. eða hefur á þeim tíma notið elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 20 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 20 ára aldurs.
- 14.2.1. Upphæð barnalífeyris hvers barns er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru á hverjum tíma, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi er reiknaður skv. 13. gr. margfölduðum með 0.1.
- 14.2.2. Eigi barnið hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, skal þó margfalda stigafjöldann með 0.2.
- 14.3.1. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skuli vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri skv. 2. mgr. þessarar greinar og örorkustig sjóðfélagans segir til um.
- 14.3.2. Miða skal lífeyri skv. þessari málsgrein við sama stigafjölda og elli- eða örorkulífeyririnn miðast við.
- 14.4. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

15. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

- 15.1.1. Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, án þess að lífeyrisréttur stofnist skv. 13. gr., og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagans.
- 15.1.2. Sama rétt eiga börn innan 20 ára aldurs, ef lífeyrisréttur stofnast ekki skv. 14. gr. og sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka.
- 15.1.3. Vextir skv. þessari málsg. skulu vera jafnháir vöxtum af innstæðu á 6 mánaða sparisjóðsbók hjá Landsbanka Íslands. Hverfi bankinn frá slíkum innlánskilmálum, ákveður stjórn sjóðsins vextina með hliðsjón af sparisjóðsvöxtum að öðru leyti.
- 15.2.1. Nú verður sjóðfélagi öryrki eða nær 67 ára aldri án þess að eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum iðgjöld þau, sem greidd hafa verið hans vegna.
- 15.2.2. Ennfremur er stjórn sjóðsins í öðrum tilvikum heimilt að endurgreiða sjóðfélagi iðgjöld, ef sérstaklega stendur á og áunnin réttindi ná ekki einu stigi.

16. gr.

Flutningur í aðra sjóði.

- 16.1.1. Hætti sjóðfélagi iðgjaldgreiðslu til sjóðsins og gerist jafnframt sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármála-

ráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hans.

- 16.1.2. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir.
- 16.1.3. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að framan greinir.
- 16.2. Aldrei má endurgreiða hærri fjárhæð en þarf til þess að kaupa réttindi í sjóði, sem flust er til, er svari til iðgjaldagreiðslutíma í Lífeyrissjóði lækna.
- 16.3. Það skal ennfremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. þessari grein, að tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslu eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð.
- 16.4. Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki frekari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það er yfirfært úr.

17. gr.

Greiðslur lífeyris.

- 17.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir að lífeyrisréttur stofnast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi.
- 17.2. Sé lífeyris ekki vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að rétturinn til greiðslu falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

18. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

- 18.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur skv. reglugerð þessari.

19. gr.

Gerðardómur.

- 19.1. Rísi ágreiningur út af reglugerð þessari milli sjóðsstjórnar annars vegar og sjóðfélaga, eftirlifandi maka hans eða fjárhaldsmanns ólögráða barns, kjörbarns eða fósturbarns hans hins vegar, getur hinn síðar nefndi lagt málið fyrir gerðardóm.
- 19.2. Skal hvor aðili skipa einn gerðardómsmann af sinni hálfu, en síðan koma gerðardómsmenn þessir sér saman um oddamann.
- 19.3. Verði ekki samkomulag um oddamann, skal hann tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík.
- 19.4. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki lagður fyrir dómsstóla.
- 19.5. Kostnaður við gerðardóminn skiptist milli aðila eftir mati dómsins.

20. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

- 20.1. Til breytinga á reglugerð þessari þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi sjóðsins.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 20. mars 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

Stjórn og rekstur.

1. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélögin Reykjanesbær, Gerðahreppur, Sandgerðisbær, Grindavíkurkaupstaður og Vatnleysustrandarhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Suðurnesja. Hitaveitan er stofnuð samkvæmt lögum nr. 100 frá 31. desember 1974 og starfar samkvæmt þeim breytingum, sem gerðar hafa verið með lögum nr. 26/1980, nr. 91/1984, nr.101/1985, nr.108/1988 og nr.16/1995.

2. gr.

Hitaveita Suðurnesja er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjanesbæ.

3. gr.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skal vera:

- a) Að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir.
 - b) Að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði sínu og annast sölu á orku til notenda.
 - c) Önnur nýting á jarðgufu og grunnvatni.
- Heimilt er fyrirtækinu að reisa kyndistöðvar, ef rekstaröryggi krefst. Starfsemi fyrirtækisins skal beinast að öflun orku og dreifingu hennar í sveitarfélög þau, sem aðild eiga að því.

4. gr.

Eignarhlutur eigenda Hitaveitu Suðurnesja skiptist þannig, samanber lög:

Ríkissjóður	20,00%
Reykjanesbær	52,20%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Sandgerðisbær	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnleysustrandarhreppur	3,57%

5. gr.

Sameigendur bera einfalda og óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í henni.

6. gr.

Eignarhlutföllum í Hitaveitu Suðurnesja verður ekki breytt, og engum sameigenda er heimilt að ganga úr henni, án samþykkis allra hinna.

Verði ákvörðun tekin um að krefjast viðbótarframlags í fyrirtækið frá eigendum þess, skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll.

7. gr.

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum, er um getur í 4. gr.

8. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu og rafveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að henni.

9. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð nú mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor í stjórnina og einn til vara.

Reykjanesbær skipar þrjá fulltrúa í stjórnina og þrjá til vara. Önnur sveitarfélög, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst, næstan eftir almennar sveitarstjórnkosningar, en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar.

Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn, frá aðalfundi til aðalfundar.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 4. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Skylt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, og skal þá fundur haldinn innan viku frá því ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur, enda séu þeir fulltrúar aðila með a.m.k. 50% eignaraðild. Nú verður fundur ólögmætur, vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá, með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, er áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sæki eigi.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundar- maður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt, eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

1. Hún markar heildarstefnu fyrirtækisins og skal gæta hagsmuna þess í hvívetna.
2. Hún ákveður framkvæmdir á orkuveitusvæðinu.
3. Hún setur gjaldskrá fyrir fyrirtækið.
4. Hún staðfestir samninga um orkukaup og orkusölu.
5. Hún undirbýr reglugerð um hita- og raflagnir o.fl. á veitusvæði fyrirtækisins og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

6. Hún tekur lán til þarfa fyrirtækisins og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir hönd þess.

7. Hún ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum, svo og mönnum utan stjórnar, umboð til að skuldbinda hana í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúrumboð fyrir fyrirtækið. Forstjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a.m.k. fjögurra þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

11. gr.

Forstjóri veitir fyrirtækinu forstöðu. Hann annast daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn gefur. Hann skal helga fyrirtækinu starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu, án samþykkis stjórnar þess. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Forstjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar, hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundar-efni varði hann sjálfan og störf hans hjá fyrirtækinu. Hann annast undirbúning stjórnarfundu í samráði við stjórnarformann.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn fyrirtækisins.

12. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða. Skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægjanlegum greiðsluafgangi svo það geti jafnan, með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum, tryggt viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

13. gr.

Tekjum fyrirtækisins skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingu, þannig að öruggur rekstur þess sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar.

14. gr.

Semja skal fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og leggja hana fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en í desember ár hvert.

15. gr.

Reikningsár fyrirtækisins skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn fyrirtækisins, eigi síðar en 1. mars ár hvert, ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar fyrirtækisins, ásamt umsögn endurskoðanda og ársskýrslu, skulu sendir eignaraðilum til athugunar viku fyrir aðalfund.

16. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila, nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en

fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor. Allir sveitarstjórnarmenn á orkuveitusvæðinu skulu eiga rétt til setu á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og forstjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar fyrirtækisins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra fulltrúa í stjórn fyrirtækisins, sbr. 9. grein.
5. Önnur mál.

II. KAFLI

Hitaveita.

17. gr.

Hitaveita Suðurnesja lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsi leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá, er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við hitaveituna. Þessi staður skal ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar, og þar skal vera niðurfall í gólfi.

Ef inntak hitaveitu og mælir eða hemill eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum, undir yfirstjórn hitaveitunnar.

18. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafíð húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum, eftir almennum skaðabótareglum.

19. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitan þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

20. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við grein þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa, en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar.

21. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri hitaveitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur, svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar sjálfrar.

Hitaveitan ábyrgist ekki tjón, sem verða kann á ofnakerfum og tilheyrandi búnaði vegna tæringar og áskilur sér rétt til að krefjast þess að forhitarar verði settir á öll húskerfi, sem tengjast hitaveitunni.

23. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins, og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 35°C.

24. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt skal húseigandi, með minnst 7 daga fyrirvara, senda umsókn um það til hitaveitunnar.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt þeim sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

25. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum aðilum með tilskilin réttindi. Bera þeir ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

26. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir, gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera samkvæmt íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn samkvæmt íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

27. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

28. gr.

Þegar hitaveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal hún árita 3 eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun sinni tekur hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða að kerfi sé rétt útreiknað.

29. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir iðnaðarlögum. Þeir sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa og samþykktu uppdrátti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitan getur áskilið, að þeir einir megi stunda suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafi sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bág við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða annarra reglna, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á. Getur þá hitaveitan veitt honum áminningu og ennfremur getur stjórn hitaveitunnar samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

30. gr.

Hitaveitan fylgist með því, að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa og samþykktu uppdrátti.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal tryggja, að stjórn tæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

31. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálstan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun á heita vatninu.

32. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg samanber 23. gr.

33. gr.

Hitaveitan getur, þegar selt er um hemil, ákveðið visst lágmark selds magns um hvern hemil. Jafnframt getur hún ákveðið, að notendur geti aðeins á vissum ákveðnum árstíma breytt keyptu magni til lækunar.

34. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu, skulu vera þrýstimælar og öryggisloki, samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda eiga hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu, samkvæmt nánari fyrirmælum hitaveitunnar.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslis-pípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitunnar. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zínkhúðuðu efni, eða öðru jafngöðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukeri skal vera loftpípa, lögð út úr húsi.

Ofangreindar heimildir eiga þó eingöngu við eldri hús og skal í öll ný hús setja þrýsti-mæli og öryggisloka.

III. KAFLI

Rafmagn.

Húsveitur og tenging þeirra.

35. gr.

Umsókn um heimitaug eða breytingu á heimitaug skal undirrituð af húseiganda, er skuld-bindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimitaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá hitaveitunnar og að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá hitaveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

Hitaveitan getur krafist þess, að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi afl- og orkunotkun.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og hitaveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar, eða gera meiriháttar viðbætur í lágspennukerfi, er hitaveitunni heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimitaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni, þar sem hliðsjón er höfð af stofn-kostnaði við framkvæmdir.

Hitaveitunni er heimilt að krefjast lágmarksgjalds, vegna notkunar um heimitaug.

Heimitaugar með stofnvara eru eign hitaveitunnar, enda þótt heimitaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Hitaveitan annast viðhald og endurnýjun heimitauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimitaug þurfi að breyta, vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu.

36. gr.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að láta hitaveitunni í té upplýsingar um húsveitur og raftæki, sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

37. gr.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka, er um verkið sá.

Hitaveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

38. gr.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að truflunum valdi á annarri notkun.

Misbrest á þessu, eða aðra galla á veitu eða tækjum, skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað láta lagfæra.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum til athugunar á mælitækjum og því, hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Setja má í sérstakri reglugerð, staðfestri af ráðherra, sér ákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

IV. KAFLI

Skilmálar fyrir raforkusölu.

39. gr.

Skilyrði raforkusölu er, að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

40. gr.

Hitaveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru með reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði hennar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Hitaveitan getur krafist þess, að sérhver, sem óskar að gerast notandi raforku, sækji um það skriflega og geri nánari grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, samanber einnig 11. gr.

Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður hitaveitan nánari skilmála.

Hitaveitan getur takmakað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar og annarra sérstakra nota.

Ef hitaveitan telur nauðsynlegt, að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð, í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal hitaveitunni látin í té nauðsynleg lóð eða húsnaði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi, og nauðsynleg lóð eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Hitaveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja má þinglýsa á viðkomandi húseign.

Orkuafhendingu má binda því skilyrði, að kostnaður vegna sérstakrar fjarlægðar sé greiddur af umsækjanda.

Óski hitaveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað hitaveitunnar. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu á húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og hitaveitan hefur samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af hitaveitunni, er óheimilt, án leyfis hennar.

41. gr.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu hitaveitunnar, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Notendur, sem greiða aflagjald, eiga þó rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflagjaldsins endurgreiðdan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflunar á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim, né heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

Hitaveitan áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimaugar, er hitaveitunni heimilt að taka rafmagn af því svæði, sem nauðsynlegt er, til að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagnni um langan eða skamman tíma, ákveður hitaveitan, hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur hitaveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

42. gr.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta (gjaldskrárlið) hitaveitunnar, er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti eitt ár. Þó getur hitaveitan leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan taxta, skal umsókn um það send hitaveitunni með eins mánaðar fyrirvara.

Hitaveitan áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara, ef í ljós kemur, að notkun á að falla undir annan taxta.

Notandi ber ábyrgð á notkun um þá veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með tilkynningu til hitaveitunnar með eðlilegum fyrirvara.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til hitaveitunnar um notendaskipti. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

43. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja, nema annað sé tekið fram.

44. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar, nefnist húseigandi (veitueigandi).

45. gr.

Upphaf og lok sammings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá hitaveitunni.

46. gr.

Nú er tengingu heimæðar/heimaugar í nýbyggingu lokið og er þá tengigjald gjaldkræft, en fyrir eldri hús er tengigjaldið gjaldkræft áður en framkvæmdir við tengingu hefjast. Hitaveitunni er þó heimilt að fresta innheimtu tengigjalds vegna hluta bygginga vegna sérstakra aðstæðna, svo sem ef ljóst má telja að sá hluti byggingar verði ekki upphitaður. Neyslugjöld verða krafín samkvæmt ákvæðum gjaldskrár.

Notandi skal greiða hitaveitunni orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á orku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á um það bil 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynð, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlaðri orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjaldddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 15 dögum síðar, og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Sé reikningur ekki greiddur á eindaga, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, hefur hitaveitan rétt til að innheimta vanskilavexti, sem reiknast frá gjald-daga reiknings hverju sinni.

47. gr.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari, eða skriflegum samningi um orkukaup, má hitaveitan stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist honum með minnst þriggja daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila hitaveitunni sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli), má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflagjaldi og tækjaleigu á lokunartímanum.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning og stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Hitaveitan má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi eða lokun fyrir aðrennsli heita vatnsins í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss.

Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opna aftur, nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

Enginn má rjúfa straum, loka fyrir aðrennsli heita vatnsins, endurtengja veitu né opna fyrir aðrennsli heita vatnsins, nema þeir, sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má hitaveitan rjúfa fyrirvaralaust.

48. gr.

Hitaveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til, án samþykkis hitaveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra, að dómi hitaveitunnar.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir hitaveitunni um það.

Hitaveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess. Sama gildir, ef mælitæki eyðileggst af völdum frosta.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja samkvæmt gjaldskrá hitaveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber notandi, sem skráður er fyrir mælitækinu, ábyrgð á greiðslum, vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera hver um sig ábyrgð „in solidum“ á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu orkunotkunar fari fram á það skriflega.

Óski notandi eftir að mælitæki verði prófað, skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/-5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

Ef fram kemur við prófun, sem hitaveitan framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna, skal notandinn greiða það sem vanmælt var.

Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi, eða í reiðufé.

Hitaveitan getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Löggildingarstofu eða annars sambærilegs aðila. Er hann bindandi fyrir báða aðila.

Hætti skráður notandi orkukaupum, skal hann í tæka tíð tilkynna það til hitaveitunnar, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því. Eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og kennitölu nýs notanda.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum, er hitaveitunni ekki skylt að áætla frádrátt í reikningum notanda af þeim sökum.

Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur, áskilur hitaveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

Verði uppvíst, að seld orka sé notuð á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að notkun komi ekki öll fram, skal hitaveitan áætla þá notkun. Skal notandi gjalda fyrir hana eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má við matið hafa hliðsjón af stærð á t.d. vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

49. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWst - mæla, straumspenna, hemla, vatnsmæla og þess háttar. Einnig mega starfsmenn hitaveitunnar innsigla hluta veitu, sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa, en starfsmenn hitaveitunnar. Önnur innsigli hitaveitunnar mega rafverktakar og pípuþvingameistarar rjúfa, að fengnu leyfi hitaveitunnar hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli, en þá skal viðkomandi, eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna hitaveitunni skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli, að innsigli sé rofið eða vanti, er hann skyldur að tilkynna hitaveitunni slíkt án tafar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða annars mælitækis án gildrar ástæðu, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

50. gr.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar, vegna lagningar heimtaugar/heimæðar, sem að hans ósk er lögð í frosna jörð.

51. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, svo og gjaldskrá settri samkvæmt henni, má innheimta með fjárnámi.

52. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

53. gr.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt. Er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það, ef þörf krefur, á kostnað þess aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá viðkomandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur, samanber 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

54. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

55. gr.

Með þessari reglugerð fellur úr gildi eldri reglugerð nr. 89/1990 um Hitaveitu Suðurnesja.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Suðurnesja nr. 100 frá 31. desember 1974 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ingimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Neskaupstað.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Neskaupstað skal vera kr. 6.700 á ári.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3.000 í fyrsta sinn og kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjusand í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur umhverfissráðherra þann 17. október 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Kirkjusand frá 30. nóvember 1990.

Breytingin felst í því að lóð nr. 89 við Laugarnesveg er breytt á þann veg að hún skiptist í tvennt eða Kirkjusand 1 - 5 og Laugarnesveg 89. Skipulag lóðarinnar nr. 89 við Laugarnesveg verður óbreytt eftir breytinguna, en á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand rísa þrjú 5 - 6 hæða íbúðarhús í stað 2 - 4 hæða iðnaðarhúsa.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa og mælir með staðfestingu hennar.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 550 frá 17. október 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð verkalýðsfélaga á Suðurlandi.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarféлага:
Verkalýðsfélagið Þór, Selfossi,
Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði,
Verkalýðsfélagið Bárán, Eyrarbakka,
Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi, Stokkseyri,
Verkalýðsfélagið Víkingur, Vík í Mýrdal og
Verkalýðsfélagið Samherjar, Kirkjubæjarklaustri.
- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðféлага sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðféлага hinna sjóðanna.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjörmir af launþegum og tveir af vinnuveitendum. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmaet þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reiknings-skilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein, og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim sem á í hlut að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmunum einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.
- 5. Ársfundur.**
- 5.1. Fyrir júnilok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari.

Allir greiðandi sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skyrt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarfélaga, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaga þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélagin koma sér saman um. Verði ekki samkomulag um annað milli stéttarfélaganna, skal fjöldi fulltrúa frá hverju félagi ákveðinn þannig að hvert stéttarfélag kys 3 fulltrúa á fundinn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
- 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
- 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
- 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
- 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi, sbr. 5.5.6.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.

- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækkingu lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
2. Selji einstaklingur sem hefur skotvopnaleyfi skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem seljandi á lögheimili þegar sala fer fram, án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega útgefið. Með kaupahemild skal seljandi senda skotvopnaleyfi sitt og skal lögreglustjóri eyðileggja það og gefa út nýtt, án sérstaks gjalds, ef seljandi á fleiri vopn en hann selur. Ef leyfið er útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóra í því umdæmi tilkynnt um niðurfellingu eða endurnýjun leyfisins og skal hann þá rita á viðkomandi spjaldskrá að tiltekið eða tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.
3. Selji stofnun eða félag sem fengið hefur leyfi samkvæmt 6. gr. skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi þar sem félagið er skráð eða þar sem stofnunin hefur starfsstöð. Að öðru leyti skal fara að sem segir í 2. tl.

Annað eintak kaupahemildar afhendir seljandi kaupanda og gildir það eintak sem leyfi fyrir tilgreindu skotvopni til bráðabirgða í allt að einn mánuð frá útgáfu heimildar. Þriðja eintaki heldur seljandi.

Lögreglustjóri sem gefið hefur út kaupahemild skal gefa út tilsvarendi skotvopnaleyfi jafnskjótt og hann hefur móttekið kaupahemildina áritaða af seljanda. Hafi annar lögreglustjóri móttekið kaupahemildina úr hendi seljanda skal hann framsenda hana þeim lögreglustjóra er gaf hana út að fullnægðum ákvæðum 3. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er eiganda skotvopns heimilt að selja það verslun sem hefur heimild til að versla með skotvopn, enda tilkynni hann það lögreglustjóra í því umdæmi þar sem hann hefur lögheimili. Tilkynningu ber eigi að taka gilda nema fyrir liggi viðurkenning frá viðkomandi verslun um að hún hafi keypt umrætt skotvopn, og að lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð, hafi verið tilkynnt um söluna. Seljanda ber að senda skotvopnaleyfi sitt til lögreglustjóra til ógildingar, sbr. ákvæði 3. mgr.

Ákvæði þessarar greinar eiga við þótt eignaryfirfærsla skotvopns eigi sér stað með öðrum hætti en með sölu.

Gjald fyrir skotvopnaleyfi skal greiða við móttöku kaupahemildar.

14. gr.

Í skotvopnaleyfi skal tilgreina:

1. Nafn, kennitölu, fæðingardag og heimili leyfishafa.
2. Tegund, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvídd og aðrar upplýsingar um þau skotvopn, sem leyfið tekur til, sbr. 2. tl. 1. mgr. 16. gr.
3. Útgáfustað, útgáfudag og gildistíma.
4. Hvort leyfishafi hafi áður fengið útgefið skotvopnaleyfi.
5. Númer leyfis.

Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

15. gr.

Sá, sem óskar endurnýjunar skotvopnaleyfis skal senda umsókn um endurnýjun til lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Þegar leyfi er endurnýjað

skal leyfishafi gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi skal einnig endurnýja í hvert skipti, sem leyfishafi fær heimild til þess að eignast til viðbótar skotvopn, eða þegar hann á fleiri en eitt skotvopn og selur hluta af skotvopnaeign sinni, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Hafi skotvopnaleyfi verið útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóri, sem endurnýjar leyfi, tilkynna það lögreglustjóra þeim, sem áður gaf það út og skal sá rita í viðkomandi spjaldskrá, að tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.

Hafi skotvopnaleyfi glatast, skemmt eða eyðilagst, má gefa út samrit þess, til jafnlangs tíma. Finnist glatað skotvopnaleyfi skal tafarlaust skila því til lögreglustjóra. Skemmt skotvopnaleyfi, sem samrits er beiðst af skal afhenda lögreglustjóra.

Gildistími skotvopnaleyfis skal vera 10 ár frá útgáfudegi eða endurútgáfu skotvopnaleyfis. Lögreglustjóra er þó heimilt í sérstökum tilvikum að gefa út leyfi til skemmri tíma.

16. gr.

Lögreglustjórar skulu halda eftirtaldar skrár:

1. Spjaldskrá yfir leyfishafa þar sem skráð er nafn, kennitala, heimilisfang og staða leyfishafa. Þar skal einnig skrá upplýsingar um þau vopn er leyfishafi á. Einnig skal skrá hvenær leyfi er útgefið eða endurútfgefið svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar svo og ákvarðanir er lögreglustjóri tekur, svo sem afturköllun.
 2. Spjaldskrá yfir leyfð skotvopn, þar sem komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um skotvopnið, þ. á m. tegund þess, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvídd, hvað mörg skot vopnið taki og hvort það er sjálfvirkt, hálf sjálfvirkt eða ekki.
- Lögreglustjórar skulu skrá öll útgefin leyfi í tímaröð í sérstaka bók.

III. KAFLI

Um vörslu, notkun og afnotarétt skotvopna.

17. gr.

Skráður eigandi skotvopns hefur einn heimild til þess að nota það með þeim undantekningum, sem segir í þessum kafla.

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslur þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum.

18. gr.

Skráður eigandi riffils eða haglabyssu skv. 2. gr. hefur heimild til þess að lána þau skotvopn hverjum sem hefur skotvopnaleyfi, þó eigi ef um er að ræða leyfi skv. 3. tl. 2. gr. (fyrir loftskotvopnum).

Eigandi loftskotvopns hefur heimild til þess að lána það hverjum sem hefur skotvopnaleyfi.

Skráður eigandi skotvopns skv. 3. eða 5. gr. hefur heimild til þess að lána það öðrum, sem hefur leyfi fyrir samskonar vopni og af sömu stærð.

Lánsheimild skv. 1. til 3. mgr. skal vera skrifleg og gildir í allt að 4 vikur.

Eiganda skotvopns er heimilt að láta það af hendi til viðgerðarmanns.

Sá, sem fær skotvopn að láni, ábyrgist vörslur þess meðan skotvopnið er í umsjá hans.

19. gr.

Lögreglustjóri getur, ef þörf krefur, að beiðni eiganda skotvopns, veitt maka hans eða nánú skyldmenni eða öðrum með sama heimilisfangi afnotaheimild að því.

Afnotahafi skal almennt fullnægja skilyrðum um að mega eiga það skotvopn er hann fær heimild til að nota.

Afnotaheimild skv. 1. mgr. skal rita í skotvopnaleyfi eiganda. Tilgreina skal í leyfið nafn afnotahafa, heimilisfang og hvaða skotvopn hann hafi heimild til þess að nota.

Lögreglustjóra er heimilt að veita afnotaheimild ótímabundið. Afnotaheimild fellur niður, þegar gildistími leyfis rennur út.

Lögreglustjóri getur, sé þess óskað, gefið út samrit skotvopnaleyfis fyrir afnotahafa.

Skráður afnotahafi skotvopns hefur aðeins heimild til þess að nota skotvopn með samþykki eiganda hverju sinni.

20. gr.

Heimilt er félagssamtökum, er hafa iðkun skotfimi að markmiði og hafa fengið leyfi fyrir skotvopni skv. 6. gr., að lána félagsmönnum skotvopn til afnota eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

Þótt félagsmaður hafi ekki skotvopnaleyfi er heimilt að lána honum skotvopn, enda noti hann það undir eftirliti skotvarðar eða kennara, allt samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur gert það að skilyrði að útlán séu skráð í sérstaka bók.

IV. KAFLI

Um inn- og útflutning skotvopna og skotfæra.

21. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins til almennrar sölu skotvopn, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og sjálfvirk skotvopn og ennfremur hálf sjálfvirka riffla. Dómsmálaráðuneytið getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

22. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins skotvopn, sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri.

23. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eftirtalдар vörur nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings:

1. Skotvopn og hluta til þeirra, sbr. 93. kafla tollskrár.
2. Vopn er falla undir tollskrárnúmer 93.01.00.
3. Örvaboga og örvar, sbr. tollskrárnúmer 97.06.09.

Lögreglustjóri í umdæmi því sem innflytjandinn hefur starfsstöð veitir framangreind leyfi með áritun á vörureikning.

Lögreglustjórar skulu senda dómsmálaráðuneytinu afrit af öllum vörureikningum, er þeir hafa áritað til innflutnings.

Ef um er að ræða innflutning á öðrum skotvopnum en þeim sem tilgreind eru í 2., 3. og 4. gr., svo sem skammbýssum, skal sækja um innflutningsleyfi til dómsmálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð.

24. gr.

Heimilt er að veita erlendum ríkisborgurum, sem dveljast um skamman tíma hér á landi, leyfi til þess að flytja til landsins skotvopn til eigin nota með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fullnægi skilyrðum íslenskra laga um að mega eiga skotvopn.
2. Að viðkomandi hafi skotvopnaleyfi útgefið í heimalandi sínu.
3. Að viðkomandi leggi fram meðmæli eins eða tveggja manna, búsettra hér á landi, sem þekki hann persónulega, og heimild eiganda landareignarinnar þar sem hann hyggst nota skotvopnið.

Í umsókn skal umsækjandi tilgreina:

1. Fullt nafn, ríkisfang, fæðingardag og ár og heimilisfang.
2. Til hvers hann hyggst nota skotvopnið og hvar hann hyggst nota það.
3. Tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti og verksmiðjunúmer þeirra skotvopna er hann hyggst flytja með sér til landsins.
4. Tegund og magn skotfæra, ef óskað er innflutnings þeirra.

Með umsókn skal umsækjandi senda staðfest endurrit eða ljósrit af skotvopnaleyfi því er hann hefur fengið útgefið í heimalandi sínu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur út umrædd leyfi svo og leyfi til handa viðkomandi að mega nota þau vopn sem hann flytur inn.

Skylt er þeim, er fær umrædd leyfi, við brottför frá landinu, að flytja úr landi þau skotvopn er hann hefur flutt með sér til landsins.

Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi tollyfirvöldum um leyfi til erlendra manna.

25. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins skotfæri, nema með leyfi dómsmálaráðuneytis. Hið sama gildir um einstaka hluta skotfæra og efni til skotfæragerðar, svo sem tóm skothylki, byssukúlur eða púður til skotfæragerðar. Leyfis skal aflað hvernig sem staðið er að innflutningi, þ.m.t. ef innflutningur á sér stað í gegnum póstverslun. Þegar leyfi hefur verið veitt gildir það í sex mánuði.

Í umsókn um leyfi skv. 1. mgr. skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda (innflytjanda).
2. Gerð, tegund og stærðir þeirra skotfæra eða skotfærahluta sem fyrirhugað er að flytja inn.
3. Magn þess sem fyrirhugað er að flytja inn.
4. Nafn og heimili seljanda.
5. Áætlaða flutningsleið, brottfarar- og komudag.

26. gr.

Afrit leyfis skv. 1. mgr. 25. gr. skal þegar sent lögreglustjóra í því umdæmi þar sem ætlað er að tollafgreiðsla skotfæra muni fara fram.

Þegar skotfærasending er komin til landsins skal innflytjandi sækja sérstaklega um áritun vörureiknings til embættis lögreglustjóra í því umdæmi þar sem skotfærin verða tollafgreidd. Skal í umsókn um áritun, tilgreina tegund og magn þeirra skotfæra sem óskað er eftir að tollafgreidd verði í það skiptið.

Lögreglustjóri yfirfer vörureikninga með hliðsjón af leyfisbréfi, og áritar þá ef ótvírætt er að innflytjandi hafi heimild til innflutnings. Annars synjar lögreglustjóri um áritun.

Óheimilt er að tollafgreiða skotfæri (sbr. 93. kafla tollskrár), hluta þeirra (t.d. tóm skothylki) eða efni til skotfæragerðar (sbr. tollskrárnúmer 3601.0000) nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning áritaðan af lögreglustjóra, innflutningsleyfi skv. 1. mgr. 25. gr. og eftir atvikum tilflutningsleyfi skv. 10. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/15/EBE frá 15. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota.

27. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi skotfæri, nema með leyfi dómsmálaráðuneytis. Í umsókn um útflutningsleyfi skv. 1. mgr. skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda (útflytjanda).
2. Gerð, tegund, stærðir og magn þess sem fyrirhugað er að flytja út.
3. Nafn og heimili kaupanda eða viðtakanda.

Ef fyrirhugað er að flytja út skotfæri í gegnum eða til ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu skal í umsókn skv. 1. mgr. ennfremur koma fram áætlun um fyrirhugaðan flutning. Í áætluninni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, sbr. 10. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/15/EBE frá 15. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum:

1. Ákvörðunarstaður þeirrar sendingar sem fyrirhugað er að flytja.
2. Nauðsynlegar upplýsingar til þess að eftirlitsmenn geti staðreynt atriði sem varða skotfærin, þ. á m. upplýsingar svo staðfesta megi alþjóðlegar merkingar.
3. Hvernig skotfærin verða flutt.
4. Upphafsdagur flutnings og áætlaður komudagur til viðkomandi ríkis.

Ef um er að ræða sendingu frá vopnaframleiðanda til vopnasala, þurfa þær upplýsingar sem getið er í 3. og 4. tölul. 2. mgr. ekki að koma fram í umsókn um leyfi skv. 1. mgr.

28. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt vopnasölum almenn réttindi til útflutnings skotfæra til vopnaframleiðenda eða vopnasala í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við 10. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/15/EBE frá 15. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota. Útflytjendur sem réttindin hafa þurfa þá ekki að afla tilflutningsleyfis í hvert sinn sem skotfæri eru flutt til milli EES-ríkja. Ráðuneytið gefur út bréf réttindunum til staðfestu. Í bréfinu skal koma fram til hvaða skotfæragerða réttindin taki.

V. KAFLI

Um verslun.

29. gr.

Þeir sem fá leyfi til þess að versla með skotfæri, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1977, skulu geyma þau í húsrými, sem samþykkt er af viðkomandi slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

Húsrýmið skal þannig gert:

1. Veggir skulu a.m.k. 120 mm þykkir gerðir úr steinsteypu, gjallsteini eða vikursteini.
2. Gólf skal vera steinsteyp, a.m.k. 120 mm þykkt.
3. Loftplata skal gerð úr jámbentri steinsteypu, a.m.k. 120 mm þykk.
4. Hurð sé A 60 eldvarnarhurð með traustri læsingu.
5. Ljósabúnaður í geymslu skal vera sprengipéttur (gaspéttur).
6. Ljósrofi skal vera utan geymslunnar og með aðvörunarljósi.

Sé um óverulegt magn skotfæra að ræða má víkja frá ákvæðum 2. mgr. svo og ef skotfæri eru geymd í húsnæði, þar sem stöðug vakt er.

Skotvopn skal geyma í læstum geymslum, tryggilega útbúnum að mati lögreglustjóra.

Heimilt er að geyma í verslunum á afgreiðslutíma hæfilegt magn skotfæra og skotvopna til daglegrar sölu. Óheimilt er þó að stilla skotvopnum og skotfærum í sýningarglugga verslana.

Heildsalar skulu senda dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um öll skotvopn er þeir selja smásöluverslunum, þ. á m. fjölda skotvopna, tegund, hlaupvídd, eintaksnúmer hvers skotvopns og hvort um margskota vopn er að ræða eða sjálfvirkt (hálf sjálfvirkt). Heildsalar skulu einnig senda sömu upplýsingar til lögreglustjóra þess umdæmis, þar sem viðkomandi smásöluverslun hefur starfsstöð.

Heildsalar skulu gefa lögreglustjórum á sama hátt upplýsingar um sölu skotfæra, ef þess er óskað.

30. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir skotvopn, sem þær hafa til sölu. Þeim ber að gefa lögreglustjóra upplýsingar um seld skotvopn jafnskjótt og sala hefur farið fram, sbr. 13. gr.

Smásöluverslanir skulu tilkynna lögreglustjóra taki þær skotvopn í umboðssölu eða kaupum til endursölu af öðrum.

31. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir seld skotfæri og senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslun hefur starfsstöð afrit af henni. Tilgreina skal magn skotfæra, tegund og hlaupvídd. Kaupandi skotfæra skal kvitta fyrir móttöku þeirra.

32. gr.

Aðeins má selja þeim skotfæri sem hafa skotvopnaleyfi og framvísa því.

Enginn má kaupa riffilskot í riffla sem eru stærri en cal. 243, nema með leyfi lögreglustjóra. Í leyfi skal m.a. tilgreina tegund og magn skotfæra.

VI. KAFLI

Um skotfæragerð o.fl.

33. gr.

Skotvopnaleyfishafa er heimilt með leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki í þau skotvopn, sem hann hefur leyfi fyrir. Aðeins má veita þeim leyfi, sem hefur nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslutæki. Leyfi lögreglustjóra þarf til þess að kaupa púður, hvellhettur til skotfæragerðar og hleðslutæki.

34. gr.

Óheimilt er að stytta hlaup á skotvopni eða breyta því verulega nema með leyfi lögreglustjóra.

VII. KAFLI

Um skotvopn skv. 2. gr. laga nr. 46/1977.

35. gr.

Ákvæði laga nr. 46/1977 taka eigi til eftirgreindra skotvopna nema að því leyti sem segir í þessum kafla:

1. Naglabyssa og skothamra, sem ætlaðir er til nota í byggingariðnaði.
2. Línubysa og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssa eða annarra slíkra skotvopna og skotfæra, sem eingöngu eru notuð við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Skotvopna, sem eingöngu eru notuð við slátrun dýra og eru þannig gerð að ekki hleypur af skot en þrýstist úr pinni.

36. gr.

Þeir sem flytja inn skotvopn sem tilgreind eru í 3. tölul. 35. gr. þurfa til þess leyfi skv. 9. gr. laga nr. 46/1977, svo og innflutningsleyfi skv. 7. gr. nefndra laga, sbr. 23. gr. þessarar reglugerðar.

Þeir sem hafa leyfi til þess að versla með skotvopn þau sem tilgreind eru í 3. tl. 35. gr. skulu halda skrá yfir seld skotvopn og senda viðkomandi lögreglustjóra afrit af henni.

VIII. KAFLI

Um tæki og vopn skv. 3. gr. laga nr. 46/1977.

37. gr.

Hnífaburður er bannaður á almannafæri nema vegna sérstakra tilfella svo sem við vinnu, á veiðum eða önnur slík tilvik sem hnífaburður telst eðlilegur og sjálfsagður við. Bann þetta nær þó ekki til venjulegra vasahnífa sem eru með mest 7 cm löngu blaði.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða eða eiga:

1. Bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, fjaðrahnífa, fjaðrarýtinga, fallhnífa, fallrýtinga eða önnur slík vopn.
2. Högg eða stuðvopn svo sem hnúajárn, gaddakylfur, felukylfur eða önnur slík vopn.
3. Kaststjörnur, kasthnífa eða önnur slík vopn.

4. Lásboga eða slöngubyssur svo og sérstaklega hættulegar tegundir örvaodda fyrir langboga sem ætlaðir eru til veiða.
5. Eftirlíkingar skotvopna hvort heldur ætlaðar eru til að skjóta úr gasi, merkjablysum eða púðurskotum enda sé hér um að ræða eftirlíkingar sem erfitt er að greina frá fyrirmyndinni og jafnvel hægt að gera virk sem skotvopn.
Öðrum en lögregluþyrftum er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eiga handjárn, fótjárn úr málmum eða öðru efni svo og kylfur, sem ekki eru ætlaðar til íþróttaiðkunar.

38. gr.

Óheimilt er að selja eða afhenda yngra barni en 16 ára örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

IX. KAFLI

Um gjöld.

39. gr.

Greiða skal gjöld fyrir skotvopnaleyfi sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Fyrir hvert skotvopn sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað | kr. 2.000 |
| 2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna | kr. 1.000 |
| 3. Fyrir afnotaleyfi skv. 19. gr. | kr. 1.000 |

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi skv. 3. mgr. 8. gr.

Gjöld sem innheimt eru skv. grein þessari renna í ríkissjóð.

X. KAFLI

Gildistaka.

40. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, svo og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins varðandi tilskipun 93/15/EBE (sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstaka útgáfu, bók 3, bls. 663-679), öðlast gildi 1. maí 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 16 20. janúar 1978 um skotvopn og skotfæri, sem og reglugerðir um breytingar á henni, nr. 174 27. apríl 1979 og nr. 474 13. október 1988 svo og reglugerð nr. 636 30. desember 1991 um gjöld fyrir skotvopnaleyfi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.
Raforkugjöld.

2.1 Almenn notkun**A.1 Almenn notkun:**

Orkugjald	6,60 kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.735,00 kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.418,00 kr/ár

A.2 Skammtímanotkun (mannvirkjagerð):

Orkugjald	8,45 kr/kWh
Fast gjald	5.418,00 kr/ár

A.3 Heimilisnotkun:

Orkugjald	6,60 kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.735,00 kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.418,00 kr/ár

2.2 Afl- og orkunotkun**B.1 Afl- og orkumæling:**

Orkugjald	2,43 kr/kWh
Aflgjald	8.669,00 kr/kW/ár
Fast gjald	46.440,00 kr/ár

B.2 Götulýsing:

Aflgjald	11.325,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	15.170,00 kr/kW/ár
Samtals	26.495,00 kr/kW/ár

2.3 Notkun til hitunar**C.1 Órofin hitun:**

Orkugjald	4,75 kr/kWh
Fast gjald	12.797,00 kr/ár

C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	2,89 kr/kWh
Fast gjald	3.096,00 kr/ár

C.3 Næturotkunotkun:

Orkugjald	2,58 kr/kWh
Fast gjald	3.096,00 kr/ár

2.4 Aðrir raforkutaxtar**D.1 Sumarnotkun apríl-október lágmark 75 kW:**

Orkugjald	2,06 kr/kWh
Fast gjald	413,00 kr/ár

D.2 Garðyrkjulýsing:

Vetrarorkugjald, (okt.-apríl)	3,08 kr/kWh
Sumarorkugjald, (maí-sept.)	1,54 kr/kWh
Fast gjald	36.120,00 kr/ár
Aflgjald	0,00 kr/kW/ár
Aflgjald lágmark	0,00 kr/kW/ár

2.5 Heimtaugagjöld**E.1 Aðalheimtaugar:**

1X63A	45.000 kr.
3X63A	50.000 kr.
3X100A	82.000 kr.
3X200A	171.000 kr.
3X315A	276.000 kr.
3X400A	349.000 kr.
3X630A	549.000 kr.
3X710A	620.000 kr.
3X1200A	1.040.000 kr.

E.2 Bráðabirgðaheimtaugar:

1X63A Stofngjald	11.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	17.000 kr/stólpi
3X63A Stofngjald	15.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	21.000 kr/stólpi
3X100A Stofngjald	17.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.750 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	26.000 kr/stólpi

2.6 Mælaleiga

Leigugjöld fyrir önnur mælitæki en sölumæla:

Orkumælir einfasa	656 kr/ár
Orkumælir þrífasa	2.625 kr/ár
Orkumælir þrífasa m. straumsp.	5.250 kr/ár
Orkumælir þrífasa m. klukkur.	5.250 kr/ár
Aflmælir	5.250 kr/ár
Aflmælir m. straumspennum	7.875 kr/ár

2.7 Álestrargjald

Fyrir aukaálestur á orkusölumæli	500 kr/skipti
--	---------------

2.8 Innheimtugjald

Innheimtugjald rafveitu	450 kr.
-------------------------------	---------

2.9 Lokunargjald

Lokunargjald rafveitu	1.500 kr.
-----------------------------	-----------

3. gr.

*Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.***3.1 Notkun á heitu vatni og jarðgufu****H.1 Almenn notkun:**

Vatnsgjald	225 kr/m ³ húss/ár
Fast gjald	5.340 kr/ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	225 kr/m ³ húss/ár
Fast gjald	13.356 kr/ár

Vatnsgjald er reiknað af nýtanlegu flatarmáli húss sbr. reiknireglur FMR.

3.2 Heimæðagjöld**I.1 Hús minni en 2.000 m³:**

Fast gjald	90.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	60 kr/m ³
Rúmmetrar umfram 600 m ³ reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.	

I.2 Hús stærri en 2.000 m³:

Fast gjald	174.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	40 kr/m ³

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu 450 kr.

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu 1.500 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kilóvatt	afl
kWh	kilóvattstund	orka
ML	mínútlítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. maí 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti nr. 279, 22. maí 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1997.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 267

14. apríl 1997

SAMÞYKKT

**um þjónustu Hornafjarðarbæjar við fatlaða
á Suðausturlandi.**

1. gr.

Í samræmi við samning Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar með stjórn málefna fatlaðra á Suðausturlandi sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtaldrá sveitarfélaga: Hornafjarðarbæjar, Djúpavogshrepps, Hofshrepps, Borgarhafnarhrepps og Bæjarhrepps.

2. gr.

Félagsmálaráð sér um, í umboði bæjarstjórnar Hornafjarðarbæjar, að íbúum á Suðausturlandi sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Austurlandi hefur sama hlutverk gagnvart Hornafjarðarbæ og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Hornafjarðarbæ og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Hornafjarðarbær undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar, að undangengnum samningi milli Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.

14. apríl 1997

Nr. 268

SAMÞYKKT

um þjónustu Vestmannaeyjabæjar við fatlaða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Í samræmi við samning Vestmannaeyjabæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer Vestmannaeyjabær með stjórn málefna fatlaðra í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Félagsmálaráð ber fyrir hönd bæjarráðs ábyrgð á að íbúum Vestmannaeyja sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Suðurlandi hefur sama hlutverk gagnvart Vestmannaeyjabæ og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Vestmannaeyjabæ og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Vestmannaeyjabæjar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Vestmannaeyjabær undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyja skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 11. gr. laga um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.

SAMÞYKKT

um þjónustu Húsavíkurkaupstaðar við fatlaða á Húsavíkursvæðinu.

1. gr.

Í samræmi við samning Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer bæjarstjórn Húsavíkur með stjórn málefna fatlaðra á Húsavíkursvæðinu sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtalinna sveitarfélaga: Húsavíkurkaupstaðar, Ljósa-
vatnshrepps, Bárðdælahrepps, Skútustaðahrepps, Reykdælahrepps, Aðaldælahrepps, Reykja-
hrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðs-
hrepps og Þórshafnarhrepps.

2. gr.

Félagsmálastofnun sér um að íbúum á Húsavíkursvæðinu sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur sama hlutverk gagnvart Húsavíkurkaupstað og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Húsavíkurkaupstað og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Húsavíkurkaupstaður undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-
áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, að undangengnum samningi milli Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytis, dags. 3. janúar 1997, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.



GJALDSKRÁ

fyrir pósthjónustu í einkarétti.

Gildir frá 1. maí 1997.

Bréfaþóstur

INNANLANDS

Þyngd gr.	Burðargjald kr.	Blindra- prent	Form sendingar	Lágmarks- stærð*	Hámarks- stærð og þyngd*
20	35	Burðargjald ókeypis. Hámark 7 kg.	Umslag 	90x140 mm.	Lengd + breidd + þykkt, 900 mm. Mesta lengd, 600 mm. Hámarksþyngd, 2 kg.
50	45				
100	55				
250	105				
500	145				
750	185				
1000	200				
1250	215				
1500	235				
1750	250				
2000	265	Strangar 	Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm. Minnsta lengd 100 mm.	Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm. Mesta lengd 900 mm. Hámarksþyngd 2 kg.	

Fullbargaður bréfaþóstur er borinn út á 1. 2. eða 3. virkum degi eftir póstlagningu í samræmi við gildandi gæðastaðla, ef póstlagt er fyrir kl. 16:30.

* Mörk stærðar og þyngdar gilda einnig til útlanda.

LÖND Í EVRÓPU

Þyngd gr.	A-póstur Burðargjald kr.	B-póstur Burðargjald kr.	Blindra- prent
20	45	35	Burðargjald ókeypis sem B-póstur. Hámark 7 kg.
50	85	60	
100	110	70	
250	215	145	
500	410	215	
750	575	315	
1000	700	410	
1250	820	480	
1500	950	550	
1750	1060	625	
2000	1150	685	

A-póstur til Norðurlanda: Fluttur með flugi daglega. Borinn út á 2.–3. virkum degi eftir póstlagningu.

B-póstur til Norðurlanda: Borinn út á 5.–10. virkum degi eftir póstlagningu.

A-póstur til annarra Evrópulanda: Fluttur með flugi daglega. Borinn út á 3.- 6. virkum degi eftir póstlagningu.

B-póstur til annarra Evrópulanda: Borinn út á 6.-20. virkum degi eftir póstlagningu.

LÖND UTAN EVRÓPU

Þyngd gr.	A-póstur Burðargjald kr.	B-póstur Burðargjald kr.	Blindraprent
20	65	40	Burðargjald ókeypis sem B-póstur. Hámark 7 kg.
50	125	70	
100	210	90	
250	440	210	
500	815	390	
750	1200	590	
1000	1435	770	
1250	1750	910	
1500	2070	1050	
1750	2350	1200	
2000	2640	1320	

A-póstur: – Borinn út á 4.-16. virkum degi eftir póstlagningu.

B-póstur: – Borinn út á 15.-30. virkum degi eftir póstlagningu.

Ábyrgðargjald: Kr. 210. Ábyrgð er takmörkuð við ákveðna hámarksupphæð, allt að kr. 3.500.

Móttökukvittun: Kr. 50.

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Innanlands og til útlanda, kr. 50.

Verðbréf

Burðargjald sendingar eftir þyngd. **Skrásetningargjald** kr. 210.

Tryggingargjald: Fyrir hverjar 5.000 kr. eða minna: kr. 125.

Upphæð verðbréfa er ótakmörkuð innanlands. Verðbréf skulu útbúin samkvæmt sérstökum reglum. Póststöðvarnar veita upplýsingar um verðbréf til útlanda.

Fjöldasendingar með utanáskrift

Fjöldasendingar eru fyrir þá sem þurfa að senda a.m.k. 1000 samskonar bréfaþóst- sendingar í einu innanlands, annað hvort í eitt skipti eða með reglulegu millibili.

Afsláttur fyrir fjöldasendingar með utanáskrift er:

Fjöldi sendinga	Afsláttur	
	Póstlagt í einu	Póstlagt í einum almanaksmánuði
1.001 - 5.000	10%	5%
5.001 - 10.000	20%	15%
10.001 - 20.000	25%	20%
20.001 - 30.000	30%	25%
30.001 og fleiri	35%	30%

Skilyrði fyrir afslættinum eru þessi:

- a) Sendingarnar séu allar eins í lögun, allar jafn þungar og ekki stærri en 229 x 324 x 10 mm.
- b) Sendingarnar þurfi ekki að bera út þegar í stað heldur megi gera það á allt að 10 næstu dögum eftir póstagningu.
- c) Sendingarnar séu póstagðar allar í einu við afgreiðsluborð póststöðvar (eftir nánari tilvísun á hverjum stað), flokkaðar og bútaðar eftir póstnúmerum og götum, hvert búnt merkt þeirri póststöð er sendingarnar eiga að dreifast frá.

Fjöldasendingar þarf ekki að frímerkja og þær eru ekki dagstimplaðar, en sendendur þurfa að láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin á sendinguna um að burðargjald sé greitt ásamt sérstöku leyfisnúmeri og nafni viðtökupóststöðvar. Áletrunin skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



(Heiti viðtökupóststöðvar)

Leyfi nr....

Auk þess skal sendandi láta prenta nafn sitt og póstoffang í efra vinstra horn á sendingunni, utanáskriftarmegin (eða á bakhlið).

Burðargjaldið greiðist í reiðufé við viðtöku gegn kvittun, þar sem tilgreindur er fjöldi sendinga, burðargjald og afsláttur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 142/1996, um pósthjónustu, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og öðlast gildi þann 1. maí 1997. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá nr. 260 frá 7. maí 1996.

Samgönguráðuneytinu, 21. apríl 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUR

um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands, sem gegnir hlutverki viðskiptavaka samkvæmt sérstökum samningi við Seðlabanka eða með eftirgreindum hætti í tilteknum flokki eða flokkum ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa, sem skráð eru á þinginu, og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf fyrir eigin reikning, á þess kost að fá fyrirgreiðslu hjá bankanum í því formi að selja honum bréf úr þeim flokki eða flokkum með skilmálum sem lýst er nánar hér á eftir. Með hlutverki viðskiptavaka er hér átt við að þingaðili setji daglega fram kaup- og sölutilboð í viðkomandi flokk eða flokka að lágmarki að fjárhæð 5 m.kr. og að munur kaup- og söluávöxtunar sé ekki meiri en 0,25%.
2. Þingaðili og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um fyrirgreiðsluna í hvert sinn þar sem fram koma m.a. eftirtalin atriði:
 - a. Lýsing á bréfunum sem Seðlabankinn kaupir af þingaðilanum og þingaðilinn endurkaupir innan tiltekinnna tímamarka. Í lýsingunni komi m.a. fram heiti bréfanna og samanlagt nafnverð.
 - b. Kaupdagur Seðlabankans og endurkaupdagur þingaðilans. Tíminn þar á milli sé mest 45 dagar en minnst 10 dagar. Ekki skal kaupa verðbréf sem eru með gjalddaga á því tímabili sem samningurinn gildir.
 - c. Kaupverð Seðlabankans og endurkaupaverð þingaðilans. Kaupverðið skal vera 5% lægra en lægsta kaupverð bréfanna á samningsdegi skv. tilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Endurkaupaverðið ræðst af kaupverðinu og föstum vöxtum sem skulu vera þeir sömu og gilda við endurhverf ríkisvixlakaup Seðlabankans til 10 daga að viðbættu 0,25% álagi.
 - d. Ákvæði um að Seðlabanki eigi rétt á að selja verðbréfin fyrir eigin reikning, verði ekki staðið við endurkaup þeirra á tilgreindum endurkaupadegi.
 - e. Yfirlýsing þingaðila um að hann muni að jafnaði kaupa og selja umrædd bréf og að hann muni opinbera það með eins mánaðar fyrirvara ef hann hyggst hætta því.
3. Fyrirgreiðslan við hvern og einn þingaðila er háð eftirgreindu hámarki:
 - a. Í hverjum mánuði skal samanlagt kaupverð Seðlabankans ekki vera meira en 300 m.kr. og þó ekki meira en sem svarar helmingi þess sem þingaðilinn hefur keypt af verðbréfum, skv. 1. gr. undangengna sex mánuði, enda komi þau kaup fram í viðskiptum tilkynntum Verðbréfaþingi Íslands.
 - b. Á einu ári skal fyrirgreiðslan ekki vera meiri en svo að margfeldi fjárhæðar og tíma verði í mesta lagi 1500 þar sem með fjárhæð er átt við kaupverð skv. 2.c. í m.kr. og með tíma er átt við tímamann milli kaupdags og endurkaupdags skv. 2.b. í mánuðum talið.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. apríl 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við viðskiptavaka frá 22. febrúar 1996. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

Reykjavík, 19. mars 1997.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. Ingimundur Friðriksson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041	Skógartré	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.05.-30.09.97	2.200	30	0
0602.9099	Annars (Pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Úr</i>				
	<i>tollnúmeri:</i>				
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
	<i>Tollnúmer:</i>				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.97	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasia o.fl.	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.05.-30.09.97	3.300	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.05.-31.12.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á mengunarvarnareglugerð
nr. 48/1994, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Ákvæði 50. gr. hljóði svo:

Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka 5 með mengunarvarnareglugerð, sbr. þó 53. gr. Ennfremur skal leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðauka 5. Ef um er að ræða nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má þó heimila frávik sem lýst er í viðauka 5.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. í viðauka 5 bætist nýr málslíður er orðist svo: Viðmiðunargildi fyrir hávaða „innan húss“ er að finna í töflu í 5. mgr. 5. gr.

3. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. viðauka 5 hljóði svo:

Ef um er að ræða nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má heimila frávik varðandi umferðarhávaða, sem nánar er fjallað um í grein 5 í þessum viðauka. Um hávaða á iðnaðarsvæðum er fjallað í grein 4 í þessum viðauka.

4. gr.

Tafla 1 í 3. gr. viðauka 5 breytist þannig:

- a) Í stað „utan við glugga“ í 1. mgr. komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.
- b) Í stað fyrirsagnar „Mesta hljóðstig utan við glugga“ komi: Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

5. gr.

Í stað „utan við glugga“ í 4. mgr. 5. gr. í viðauka 5 komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

6. gr.

6. mgr. 5. gr. í viðauka 5 orðist svo:

70/55 merkir að viðmiðunarkrafa um 55 dB (A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlega glugga allt að 70 dB (A).

7. gr.

Lokaákvæði 5. gr. viðauka 5 hljóði svo:

- 1) Frávik:

I	Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.
II	Nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. apríl 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

**um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum
og til fullorðinsfræðslu.**

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu. Menntamálaráðherra veitir tvisvar á ári styrki af fjárveitingu þessari til einstakra þróunarverkefna á sviði náms á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu.

Með þróunarverkefnum er átt við tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennslu-háttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólustarfi. M.a. verði lögð áhersla á að nýta kosti upplýsingatækni við nám og kennslu.

2. gr.

Tekjur til styrkveitinga eru árlegt framlag á fjárlögum.

Ráðstöfunarfénu skal varið til:

- a) þróunarverkefna sem skilgreind eru af menntamálaráðherra að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 3. gr. reglna þessara.
- b) einstakra þróunarverkefna sem sótt er sérstaklega um og ekki falla undir skilgreind verkefni skv. a-lið.
- c) verkefna á sviði fullorðinsfræðslu.

Menntamálaráðherra ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjárins milli ofangreindra flokka að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna ráðgjafarnefnd til tveggja ára í senn án tilnefninga. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að skilgreina og lýsa nýjungum og umbóta-verkefnum skv. a-lið 2. gr. sem hún mælir með, áætla umfang þeirra, tímamörk og kostnað við að hrinda þeim í framkvæmd.

Ráðgjafarnefndin fjallar um umsóknir sem berast og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja. Nefndin setur sér nánari starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki. Umsóknum skal skila á sérstökum eyðublöðum. Í umsóknum, sbr. a- og b-lið 2. gr., skal lýsa eðli, markmiðum, umfangi og framkvæmd þróunarverkefna sem sótt er um styrki til og áætla tímamörk og kostnað við framkvæmd þeirra. Jafnframt skal koma fram hvaða aðilar vinni að verkefninu sem og hvaða skóli/skólar standi að því.

Í umsóknum, sbr. c-lið 2 gr., skal gera grein fyrir eðli og umfangi þeirrar fullorðinsfræðslu sem ætlunin er að starfrækja og hverjir beri ábyrgð á henni.

5. gr.

Skólameistarar framhaldsskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara, samtök skóla og fagfólks í framhaldsskólum, svo og aðilar sem reka nám fyrir fullorðna sem að mati menntamálaráðherra telst hliðstætt námi á framhaldsskólastigi, geta sótt um styrki, sbr. 2. grein.

Umsóknir skulu berast fyrir 1. mars og 1. október ár hvert. Ákvörðun um úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið og viðkomandi skólameistari gera skriflegan samning um verkefni skv. a- og b-lið 2. gr. þar sem fram kemur m.a. í hverju verkefnið er fólgið, markmið þess og lýsing á framkvæmd, skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn, sérfræðiaðstoð og skil í lok verks. Einnig skal þar tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 45. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1997

28. apríl 1997

533

Nr. 275

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá kl. 21.00 þann 30. apríl 1997 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------------------|--------------------------|
| 1. 63°26,0'N - 22°05,0'V | 3. 63°17,0'N - 21°46,0'V |
| 2. 63°23,5'N - 21°46,0'V | 4. 63°17,0'N - 22°05,0'V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1997

Nr. 276

534

30. apríl 1997

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.350 frá 2. maí 1997 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 30. apríl 1997.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1997

5. maí 1997

535

Nr. 277

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

1. gr.

2. gr. orðist svo: Heimilt er að hefja síldveiðar 3. maí 1997.

2. gr.

2. málslíður 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar eru úr gildi felld.

3. gr.

Í stað 1. málslíðar 6. gr. komi þrjár nýir málslíðir er orðist svo: Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að síld til manneldisvinnslu sé landað í erlendri höfn, enda sé aflinn seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunar- aðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. maí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um sveinspróf.

1. gr.

Menntamálaráðherra sér til þess að haldin séu sveinspróf fyrir iðnnema í löggiltum iðngreinum, hefur eftirlit með framkvæmd prófanna og veitir upplýsingar um þau.

2. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófs í hverri löggilttri iðngrein um sig að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs.

3. gr.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnmenntaskóla og tilskilinni starfsþjálfun í atvinnulífi samkvæmt námskrá viðkomandi iðngreinar.

Heimilt er að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistaraskóla:

- a. Iðnnema sem á við sértæka námsörðugleika að stríða þannig að hann telst ekki fær um að ljúka burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðherra hefur heimilað próftöku.
- b. Þá sem menntamálaráðherra hefur veitt heimild til próftöku skv. III-lið bráðabirgða-ákvæða í lögum nr. 80/1996.

4. gr.

Meistari staðfestir umsókn um sveinspróf fyrir iðnnema á námssamningi en iðnmenntaskóli fyrir þá nema er ljúka námi af verknámsbraut viðkomandi skóla. Umsóknin skal vera á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal fylgja:

1. Burtfararprófsskírteini frá skóla.
2. Afrit af náms- eða starfsþjálfunarsamningi iðnnema.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðherra, sbr. a- og b-lið 3. gr., til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi.

Próftaki greiðir þann kostnað við próftöku sem greiðist ekki af opinberu fé, svo sem efnisgjald, nema hefð sé um annað eða um annað samið.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum fyrir allt landið til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa, þar með talið mati á úrlausnum. Hann setur sveinsprófsnefndum starfsreglur að fengnum tillögum starfsgreinaráða. Í starfsreglum skal kveðið á um samningu og framkvæmd prófa, aðstöðu á prófstað, einkunnagjöf og birtingu niðurstaðna.

Þóknun sveinsprófsnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

6. gr.

Í sveinsprófsnefnd skulu að jafnaði vera fjórir menn og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs og skulu að jafnaði vera bæði meistari og sveinn. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar að öðru jöfnu hafa kennslureynslu í viðkomandi iðngrein. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kys sér formann.

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sitja í sveinsprófsnefnd. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta í heild úrlausnir einstakra nemenda.

7. gr.

Sveinsprófsnefndarmaður vikur sæti úr nefnd ef hann er eða hefur verið meistari iðnnema eða kennari hans í verknámi, náskyldur honum eða tengdur. Nefndarmönnum ber sjálfum skylda til þess að upplýsa um aðstæður er geta valdið vanhæfi þeirra sbr. 3. - 6. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Þegar prófi er lokið skal sveinsprófsnefnd gefa menntamálaráðherra skýrslu um prófið.

Þegar próftaki hefur lokið sveinsprófi og niðurstöður þess liggja fyrir skal prófnefnd gefa honum kost á að sjá þær. Sé próftaki ósáttur við niðurstöður nefndarinnar getur hann óskað eftir skýringum á þeim. Telji hann enn ástæðu til að véfengja niðurstöður sveinsprófsnefndar getur hann vísað málinu til úrskurðar menntamálaráðherra innan þriggja mánaða frá þeim tíma er honum voru niðurstöður kunnar.

Leitað skal álits viðkomandi starfsgreinaráðs um ágreiningsatriðin áður en menntamálaráðherra úrskurðar í málinu. Menntamálaráðherra getur tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til þess að fjalla um ágreininginn. Úrskurður menntamálaráðherra er lokaúrskurður.

9. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir sveinspróf skal prófnefndin senda próftaka niðurstöður þeirra í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan hátt. Auk einnar einkunnar fyrir hvert próf skal hver nemandi fá yfirlit yfir árangur sinn í einstökum þáttum þess.

Í síðasta lagi mánuði eftir að sveinspróf eru haldin sendir prófnefnd niðurstöður til menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Óheimilt er að veita öðrum en próftaka upplýsingar um einkunnir hans á sveinsprófi nema nauðsyn beri til vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu að fenginni heimild tölvunefndar.

Innan árs frá því að niðurstöður sveinsprófa eru birtar sbr. 9. gr. getur próftaki krafist þess að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd.

Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum á sveinsprófi fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn.

11. gr.

Standist iðnnemi sveinspróf gefur menntamálaráðherra út honum til handa sveinsbréf undirritað af formanni prófnefndar og menntamálaráðherra. Próftaki greiðir sveinsbréfgjald við móttöku sveinsbréfs.

Menntamálaráðuneytið heldur skrá yfir alla er öðlast hafa iðnréttindi í löggiltum iðngreinum.

12. gr.

Sveinsprófsnefnd getur samið við tiltekna aðila um að annast framkvæmd sveinsprófanna. Í samningi skal m.a. koma fram að umsýsluaðili prófanna sjái um framkvæmd þeirra, auglýsi þau og skrái próftaka til prófs og útvegi sveinsprófsnefnd vinnuáðstöðu. Leita skal samþykkis menntamálaráðherra fyrir samningnum.

13. gr.

Sveinspróf skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári í framhaldi af brautskráningu úr iðnmenntaskólum enda sé nægjanleg þátttaka próftaka fyrir hendi að mati menntamálaráðuneytisins. Sveinspróf skulu fara fram á viðurkenndum prófstað. Fari sveinspróf í iðngrein fram á fleiri en einum stað á landinu samtímis skal prófið vera samræmt eftir því sem við verður komið.

Umsóknir um sveinspróf skulu sendast menntamálaráðuneytinu sé annað ekki tiltekið í auglýsingu.

Umsóknarfrestur um sveinspróf skal vera einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ**um fullorðinsfræðslu og endurmenntun.**

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um nám í öldungaeildum framhaldsskóla, um endurmenntunarnámskeið á vegum framhaldsskóla og starfsemi fullorðinsfræðslumiðstöðva.

2. gr.

Framhaldsskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að bjóða upp á nám í öldungaeildum, þ.e. almenna og sérhæfða fræðslu fyrir fullorðna sem hentar ekki að sækja reglulega kennslu í dagskóla. Nám í öldungaeildum er jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans.

Framhaldsskóli skal sækja um heimild til menntamálaráðherra sbr. 1. mgr. 2. greinar. Í umsókn skal gera grein fyrir væntanlegri starfsemi, námsframboði og umfangi. Þegar heimild hefur verið veitt fyrir öldungaeildarnámi skulu frekari upplýsingar um starfsemina koma fram árlega í starfs- og fjárhagsáætlun skólans.

3. gr.

Nám í öldungaeildum skal vera jafngilt námi á námsleiðum dagskóla, en skipulag og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða. Í náminu skal gera sömu kunnáttu- og færnikröfur og til nemenda í dagskóla. Námi skal ljúka með sambærilegum prófum og í dagskóla.

4. gr.

Framhaldsskóli getur boðið fram allar námsbrautir í öldungadeild sem eru skilgreindar í aðalnámskrá eftir því sem nemendafjöldi, fjármagn og aðstæður leyfa. Skipulag náms og kennslu fer eftir ákvæðum í aðalnámskrá.

5. gr.

Nemendur sem stunda nám í öldungadeild skulu að jafnaði vera orðnir 18 ára þegar þeir hefja námið.

Það er á valdi viðkomandi skólameistara að meta hvort yngri nemendur, sem eru innritaðir í dagskóla, geti fengið að stunda nám í öldungadeild ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi svo sem

- a) að námsáfangi sé ekki kenndur í dagskóla,
- b) að nemandi eigi aðeins eftir að taka fáa námsáfanga til að ljúka námi og geti vegna stundaskrár ekki sótt námið í dagskóla,
- c) að persónulegar aðstæður, svo sem sjúkleiki eða félagslegar aðstæður, geri nemanda erfitt um vik að sækja dagskóla.

6. gr.

Skóla er heimilt að meta fyrra nám til styttingar á öldungadeildarnámi skv. viðurkenndum skírteinum og ákvæðum í aðalnámskrá. Eins skulu nemendur geta fengið kunnáttu sína metna með stöðuprófi eftir því sem aðstæður leyfa enda greiði þeir kostnað sem prófinu fylgir.

7. gr.

Um námsmat í öldungadeildarnámi gilda sömu reglur og um námsmat í dagskóla.

8. gr.

Fyrir kennslu í öldungadeildum greiða nemendur gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna vegna þeirrar kennslu.

9. gr.

Heimilt er framhaldsskóla að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar námskeið. Starfræksla slíks námskeiðahalds getur verið á vegum skólans einvörðungu eða byggst á formlegu samkomulagi við faggreina- eða stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Þátttökugjöld nemenda og/eða framlög samstarfsaðila skólans samkvæmt samkomulagi skulu standa að fullu undir kostnaði. Halda skal sérgreindum kostnaði vegna námskeiðahaldsins aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal skólinn ekki veita nein framlög til þess af rekstrarfé sínu.

Framhaldsskóla ber fyrirfram að leita eftir samþykki menntamálaráðherra fyrir námskeiðahaldi skv. 1. mgr. og kynna um leið samkomulagið við samstarfsaðila skólans, ef um slíkt er að ræða, þar sem greiðsla kostnaðar vegna námskeiðahaldsins er tryggð.

Um endurskoðun reikninga vegna þessarar starfsemi fer með sama hætti og um endurskoðun reikninga skólans.

10. gr.

Framhaldsskóla er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa um rekstur sjálfstæðrar miðstöðvar, fullorðinsfræðslumiðstöðvar, sem ætlað er að skipuleggja og reka fræðslu- og kynningarstarf fyrir fullorðna.

Um starfsemina skal gera samstarfssamning þar sem gerð er grein fyrir hlut skólans, helstu stefnumálum og rekstrargrundvöllur tryggður en starfsemi þessi skal hafa sjálfstæðan fjárhag og bókhald. Í samstarfssamningi skal kveðið á um hvernig endurskoðun reikninga skuli hagað.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 33. og 35. gr. sbr. 34. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 280

17. apríl 1997

REGLUGERÐ

um námssamninga og starfsþjálfun.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um gerð námssamninga og starfsþjálfun á vinnustað á vegum skóla eða annarra aðila í löggiltum iðngreinum.

2. gr.

Um starfsnám í atvinnulífinu skal gera námssamning milli iðnfyrirtækis eða meistara og iðnnema í samræmi við 32. gr. laga um framhaldsskóla og ákvæði reglugerðar þessarar.

Iðnmenntaskólar fylgjast með að samningar um starfsþjálfun í atvinnulífinu séu gerðir fyrir hönd iðnnema á verknámsbrautum.

3. gr.

Ekki má taka yngri einstakling en 16 ára á samning sbr. 54. gr. laga nr. 58/1992 sbr. 10. kafla l. nr. 46/1980. Í iðngreinum þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atriði gera slíkt nauðsynlegt getur menntamálaráðherra áskilið hærra aldursmark eða ef önnur lög kveða svo á um. Dagvinnutími iðnnema skal vera hinn sami og sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera próf af verknámsbraut að skilyrði fyrir því að iðnnámssamningur sé gerður.

4. gr.

Fulltrúi menntamálaráðherra staðfestir námssamning. Leita skal staðfestingar fulltrúa menntamálaráðherra á námssamningi innan mánaðar frá undirskrift. Afrit af námssamningi skal sent menntamálaráðuneytinu til skráningar.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur til eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans. Í námssamning skal skrá upphaf náms, áætluð námslok svo og skóla þar sem nám er stundað. Samningurinn er gerður í fjórriti og skal hvor samningsaðili halda sínu eintaki, fulltrúi menntamálaráðherra einu eintaki og skólinn einu. Honum skal fylgja námsáætlun nemandans staðfest af skóla þar sem nám er stundað.

6. gr.

Fyrstu 3 mánuðir námstíma samkvæmt námssamningi skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðili um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.

7. gr.

Við gerð námssamnings er heimilt að meta til styttingar á námstíma iðnnema það nám sem hann hefur lokið áður en samningurinn var gerður og fellur inn í iðnnámið. Einnig er heimilt að meta vinnu nema í iðngrein áður en námssamningur var gerður. Komi til styttingar skal liggja fyrir yfirlýsing meistara um vinnutíma og staðfesting lífeyrissjóðs eða skattstjóra um að tilskilin gjöld hafi verið innt af hendi.

Reglur um styttingu námssamninga skulu tilgreindar í námskrá viðkomandi iðngreinar.

8. gr.

Hafi iðnnemi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðngrein, en slitið námsamningi við hann sbr. c- og d-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar, skal sá tími er hann vann hjá honum dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

9. gr.

Menntamálaráðherra veitir einstökum vinnustöðum viðurkenningu til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning samkvæmt reglum sem settar eru að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.

Starfsgreinaráð getur óskað eftir því að menntamálaráðherra skipi sérstaka nefnd er fjalli í umboði hans um umsóknir einstakra vinnustaða eða meistara um heimild til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og afgreiða þær. Menntamálaráðherra setur nefndunum erindisbréf.

10. gr.

Óski meistari eða iðnfyrirtæki eftir því að gera námssamning í sérgrein innan löggiltrar iðngreinar getur menntamálaráðherra heimilað staðfestingu slíks samnings ef fyrir liggur álit starfsgreinaráðs iðngreinarinnar um að eðli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftöku og ráðið mælir með að slíkt sérnám eigi sér stað.

Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs, lengd námstíma.

11. gr.

Til að meisturum eða iðnfyrirtækjum sé heimilt að taka iðnnema á námssamning skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

- a. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara í þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.
- b. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölþætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum iðngreinarinnar eða að mati starfsgreinaráðs, séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.
- c. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.

12. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skuldbindur sig með gerð námssamnings til að veita iðnnema kennslu í iðngreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega þjálfun í öllum störfum er iðngreinin tekur til og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhaldna og tækja sem notuð eru í iðngreininni.

13. gr.

Uppfylli meistari eða iðnfyrirtæki, að mati starfsgreinaráðs iðngreinarinnar, ekki lengur ákvæði 11. greinar reglugerðar þessarar þá ber meistara/iðnfyrirtæki að sjá nema fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Ef iðnfyrirtæki eða meistari hefur, að mati starfsgreinaráðs, ekki nægilega fjölpætt verkefni svo að unnt sé að kenna iðnina fullkomlega getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu starfsgreinaráðs, heimilað frávik þannig að iðnnemi hljóti þjálfun að hluta hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks fráviks í samningi og leggja fram með náms-samningi samþykki allra aðila um hvernig þjálfun iðnnema skuli háttað. Hið sama gildir ef í ljós kemur á samningstíma að iðnnemi fær ekki að kynnast öllum verkþáttum iðngreinarinnar.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal þegar tilkynna menntamálaráðherra eða fulltrúa hans meistaraskipti sem skráir þau á samninginn.

14. gr.

Aðilar námssamnings geta slitið honum:

- a. ef iðnnemi vanrækir nám sitt;
- b. ef iðnnemi hefur, að áliti læknis, ekki heilsu til að stunda iðnina;
- c. ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar;
- d. ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.

Ef svo er ástatt sem greinir í staflíðum a og c en meistari eða iðnnemi slíta ekki náms-samningi getur fulltrúi menntamálaráðherra slitið samningi að undangenginni rannsókn.

Aðilum er heimilt að slíta námssamningi ef þeir koma sér saman um það. Þegar námssamningi er slitið skal það jafnan tilkynnt fulltrúa menntamálaráðherra.

15. gr.

Sé námssamningi slitið eftir að þriggja mánaða reynslutími er liðinn skal fulltrúi menntamálaráðherra, sbr. 4. gr., skrá ástæðu samningsslitanna.

Ágreiningi nema og meistara er kann að rísa vegna samningsslita skal vísað til fulltrúa menntamálaráðherra sem kannar málið gaumgæfilega og gerir tillögu til menntamálaráðherra um afgreiðslu þess að fenginni umsögn starfsgreinaráðs iðngreinarinnar.

Verði endurtekin slit á námssamningum af hálfu meistara eða iðnfyrirtækis eða meistari verði sannanlega uppvís að því að vanrækja kennslu eða brjóta á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í veigamiklum atriðum, er menntamálaráðherra heimilt að svipta hlutaðeigandi, tímabundið eða að fullu, rétti til að taka iðnnema á námssamning.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með náms- og starfsþjálfunarsamningum en getur falið öðrum aðila að sjá um gerð þeirra og annast eftirlit vegna gerðra námssamninga. Samningur skal gerður um slíka umsýslu með námssamningum.

Menntamálaráðherra heldur skrá um gerða námssamninga.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 32. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um löggiltar iðngreinar, náms-samninga, sveinspróf og meistararéttindi nr. 560/1995 með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 111/1996.

Menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Nafn og heimili.

- 1.1 Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Aðild að sjóðnum.

- 3.1 Sjóðfélagar geta orðið allir verkfræðingar og aðrir sem stjórnin hefur samþykkt í sjóðinn.
- 3.2 Stjórninni er ennfremur heimilt að veita þeim sem hafa lokið námi úr Háskóla Íslands með 90 eininga B.S. gráðu eða sambærilegu námi inngöngu í sjóðinn, enda séu allir stjórnarmenn sammála slíkri ákvörðun.
- 3.3 Elli- og örorkulífeyrisþegar teljast einnig sjóðfélagar.

4. gr.

Iðgjöld.

- 4.1 Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 10% af heildarlaunum, nema stéttarfélag viðkomandi sjóðfélaga hafi samið um annað. Þau skulu þó aldrei vera lægri en skv. iðgjaldatöflu sjóðsins sbr. grein 4.3. Í undantekningartilfellum er stjórn sjóðsins heimilt að samþykkja lægri iðgjöld, enda mæli sérstakar ástæður með því.
- 4.2 Iðgjöld sjóðfélaga, sem er launþegi, skulu greidd til sjóðsins um leið og sjóðfélagi fær greidd laun. Launagreiðandinn er ábyrgur fyrir skilvísium greiðslum iðgjalda.
- 4.3 Vegna þeirra sjóðfélaga, sem ekki eru launþegar, gefur sjóðurinn út iðgjaldatöflu með hæfilega mörgum iðgjaldaflokkum. Sjóðfélagi skal greiða iðgjöld mánaðarlega fyrir lok hvers mánaðar samkvæmt ákveðnum iðgjaldaflokki. Ekki er sjóðfélagi heimilt að skipta um iðgjaldaflokk án samþykkis sjóðstjórnarinnar.
- 4.4 Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 75 ára aldurs eða eftir að taka ellilífeyris er hafin.
- 4.5 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 4.6 Sjóðfélagi skal tilkynna lífeyrissjóðnum um hver skuli greiða iðgjöld vegna hans til sjóðsins. Sjóðfélagi skal tilkynna lífeyrissjóðnum strax um allar breytingar sem máli skipta vegna greiðslna iðgjalda til sjóðsins, t.d. ef hann skiptir um vinnuveitanda, breyting verður á starfshlutfalli, hann tekur leyfi frá störfum vegna náms, barnsburðar eða ef hann verður atvinnulaus.

5. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

- 5.1 Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fjármagni hans. Því má ráðstafa eins og gerð er grein fyrir í greinum 5.2 til 5.7.

- 5.2 Til kaupa á skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum. Upphæð skuldabréfs ásamt réttþærri veðböndum má ekki vera meiri en 75% af brunabótamati viðkomandi fasteignar.
- 5.3 Til innlána í bönkum og sparisjóðum.
- 5.4 Til kaupa á ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga.
- 5.5 Til kaupa á skuldabréfum veðdeilda banka og viðurkenndra fjárfestingalánasjóða.
- 5.6 Til kaupa á hlutabréfum í og skuldabréfum útgefnum af skráðum almenningshlutafélögum á Verðbréfaþingi Íslands svo og hlutabréfum í og skuldabréfum útgefnum af hlutafélögum skráðum á Opna tilboðsmarkaðnum. Eign í slíkum verðbréfum fari þó ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- 5.7 Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfa-mörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 25% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þar af verði hlutabréf ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

6. gr.

Ellilífeyrir.

- 6.1 Hver sjóðfélagi, sem er orðinn 65 ára, á rétt á ellilífeyri.
- 6.2 Upphæð ellilífeyris fer eftir töflu I í grein 6.6 þegar sjóðfélaginn greiðir árleg iðgjöld. Iðgjöld skulu við útreikning ellilífeyris verðtryggð með lánskjaravísitölu.
- 6.3 Heimilt er sjóðfélagi að fresta um eitt ár í senn allt til 75 ára aldurs að taka ellilífeyri, og hækkar lífeyririnn þá samkvæmt töflum II og III í grein 6.6.
- 6.4 Þegar sjóðfélagi greiðir til sjóðsins ákveðna fjárhæð umfram venjulegt ársiðgjald, til dæmis fé, sem hann fær yfirfært úr öðrum lífeyrissjóði, skulu réttindi hans fyrir það ákveðin eftir töflu IV í grein 6.6.
- 6.5 Við notkun taflnanna ber að miða við lífaldur sjóðfélaga. Hækkun vegna frestunar samkvæmt töflu II reiknast í heilum árum miðað við lífaldur. Þannig reiknast fyrsta frestun þegar sjóðfélagi nær 66 ára aldri.
- 6.6 *Töflur.*

Tafla I

Upphæð ellilífeyris í krónum frá 65 ára aldri fyrir 1000 króna árlegt iðgjald frá x ára aldri til aldursmarka.

x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir
20	6215,45	31	3818,71	42	2133,28	53	924,70
21	5957,43	32	3641,16	43	2005,81	54	834,15
22	5708,68	33	3469,06	44	1882,11	55	746,44
23	5468,72	34	3302,19	45	1762,10	56	661,48
24	5237,13	35	3140,38	46	1645,68	57	579,14
25	5013,50	36	2983,27	47	1532,78	58	499,33
26	4797,45	37	2830,54	48	1423,31	59	421,91
27	4588,60	38	2682,92	49	1317,19	60	346,75
28	4386,61	39	2539,32	50	1214,36	61	273,71
29	4191,17	40	2399,92	51	1114,72	62	202,66
30	4001,96	41	2264,61	52	1018,19	63	133,45
						64	65,95

Viðauki við töflu I í grein 6.6.

Bótastuðull (Bx) fyrir árlega iðgjaldgreiðslu (Ix) við aldur x með samfelldum mánaðargreiðslum.

x	Bx	x	Bx	x	Bx		
20	0.25802	32	0.17210	43	0.12370	54	0.08771
21	0.24875	33	0.16687	44	0.12001	55	0.08496
22	0.23996	34	0.16181	45	0.11642	56	0.08234
23	0.23159	35	0.15711	46	0.11290	57	0.07981
24	0.22363	36	0.15273	47	0.10947	58	0.07742
25	0.21605	37	0.14762	48	0.10612	59	0.07516
26	0.20885	38	0.14360	49	0.10283	60	0.07304
27	0.20199	39	0.13940	50	0.09964	61	0.07105
28	0.19544	40	0.13531	51	0.09653	62	0.06921
29	0.18921	41	0.13133	52	0.09349	63	0.06750
30	0.18325	42	0.12747	53	0.09055	64	0.06595
31	0.17755						

Tafla II

Hækkun ellilífeyris, þegar frestað er um 1 ár í senn að taka hann eftir að sjóðfélaginn hefur öðlast rétt til þess.

Frestun um	1	ár frá	65	ára aldri, hækkun	7,46%
"	1	"	66	"	7,69%
"	1	"	67	"	7,93%
"	1	"	68	"	8,19%
"	1	"	69	"	8,48%
"	1	"	70	"	8,80%
"	1	"	71	"	9,14%
"	1	"	72	"	9,52%
"	1	"	73	"	9,93%
"	1	"	74	"	10,39%

Tafla III

Ellilífeyrir í krónum, sem fæst fyrir 1000 króna ársiðgjald, ef sjóðfélagi, sem öðlast hefur rétt til að taka ellilífeyri, greiðir iðgjald jafnframt því að fresta töku ellilífeyris.

Aldur	Ellilífeyrir	Aldur	Ellilífeyrir
65	68,20	70	79,73
66	70,14	71	82,69
67	72,25	72	85,93
68	74,53	73	89,47
69	77,02	74	93,35

Tafla IV

Árlegur ellilífeyrir í krónum frá 65 ára aldri fyrir 1000 króna eingreiðslu við x ára aldur.

x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir	x	Ellilífeyrir
20	280,85	31	199,24	42	142,30	53	100,49
21	272,00	32	193,24	43	137,97	54	97,25
22	263,47	33	187,44	44	133,75	55	94,09
23	255,27	34	181,81	45	129,64	56	91,00
24	247,36	35	176,35	46	125,65	57	87,98
25	239,74	36	171,05	47	121,76	58	85,01
26	232,39	37	165,91	48	117,98	59	82,10
27	225,30	38	160,92	49	114,29	60	79,23
28	218,45	39	156,06	50	110,70	61	76,40
29	211,83	40	151,35	51	107,21	62	73,59
30	205,43	41	146,76	52	103,80	63	70,79
						64	67,98

7. gr.

Örorkulífeyrir.

- 7.1 Sjóðfélagi, sem vegna örorku verður vanhæfur til að gegna starfi sínu, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins ákveður upphæð örorkulífeyris í samræmi við greinar 7.2 til 7.9.

- 7.2 Trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorku sjóðfélaga við upphaf örorku og síðan reglulega í samræmi við óskir sjóðstjórnar. Örorkumatið skal aðallega miða við getu sjóðfélaga til að gegna starfi því, sem veitti aðild að sjóðnum.
- 7.3 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 7.4 Örorkulífeyrir er greiddur ef örorka sjóðfélaga er meiri en 20%. Sé örorkan 20% til 50% greiðast jafn mörg prósent af fullum örorkulífeyri og örorkan er metin. Sé örorkan yfir 50% bætast við 2% af fullum örorkulífeyri fyrir hvern hundraðshluta sem örorkan er yfir 50%. Óskertur örorkulífeyrir greiðist þannig ef örorkan er 75% eða meiri.
- 7.5 Fullur örorkulífeyrir er jafnhár þeim ellilífeyri sem sjóðfélaginn hefði öðlast við 65 ára aldur, ef hann hefði greitt viðmiðunariðgjald frá upphafi örorku og til 65 ára aldurs. Viðmiðunariðgjald þetta er meðaltal iðgjalda sjóðfélagans síðustu 36 greiðslumánuðina, verðbætt með lánskjaravísitölu. Reynist þetta meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóms eða atvinnumissis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal fleiri mánaða aftur í tímann og sleppa þeim mánuðum sem lakastir eru. Viðmiðunariðgjald þeirra sem greitt hafa 13-36 mánuði skal vera meðaltal þeirra mánaða verðbætt með lánskjaravísitölu. Viðmiðunariðgjald þeirra, sem greitt hafa 1-12 mánuði, skal vera heildargreiðsla sjóðfélaga verðbætt með lánskjaravísitölu deilt með 12.
- 7.6 Sjóðfélaga, sem hætt hefur reglubundnum iðgjaldagreiðslum í sjóðinn, af öðrum orsökum en veikindum, skal ekki reikna örorkulífeyri af lífeyrisrétti vegna iðgjalda fyrir ókominn tíma. Örorkulífeyrir hans reiknast aðeins af þeim lífeyrisrétti, sem hann hefur þegar áunnið sér sbr. grein 11.3. Nú hætta iðgjöld að berast vegna sjóðfélaga án þess að sjóðstjórnin fái á því skýringu þrátt fyrir tilraunir til innheimtu iðgjalda og skal þá stjórn sjóðsins ákvarða örorkulífeyrisréttindi hans á sama hátt og segir í fyrri málslíð þessarar greinar.
- 7.7 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.
- 7.8 Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 7.9 Örorkulífeyrir fellur niður, er taka ellilífeyris hefst.

8. gr.

Makalífeyrir.

- 8.1 Við lát sjóðfélaga öðlast maki hans rétt til makalífeyris úr sjóðnum. Lífeyririnn er ákveðinn í samræmi við greinar 8.2 til 8.6.
- 8.2 Hafi sjóðfélaginn gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut örorkulífeyris úr sjóðnum eða hann tók sjúkdóm er leiddi til andláts, úrskurðar stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða ekki.
- 8.3 Rétturinn til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið. Veiti hið síðara hjónaband einnig rétt til lífeyris úr sjóðnum getur makinn valið þann lífeyririnn sem hærri er.

- 8.4 Upphæð makalífeyris er 60% af þeim örorkulífeyri sem hinn látni sjóðfélagi hefði hlotið, ef hann hefði orðið 75% öryrki á dánardægri. Sé hinn látni ellilífeyrisþegi er lífeyrir makans 60% af ellilífeyri hans.
- 8.5 Lífeyrissjóðurinn skal greiða makalífeyri til maka látins sjóðfélaga, sem greitt hafði iðgjöld til sjóðsins, eða sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum. Greiða skal makalífeyri í að minnsta kosti 24 mánuði eftir andlát sjóðfélaga samkvæmt gr. 8.4. Síðan skal greiða makalífeyri sé eitthvert skilyrða a) - c) uppfyllt:
- Maki sjóðfélaga sé fæddur fyrir 1940. Þó skal makalífeyrir skerðast um 10% fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1930.
 - Makinn hafi á framfæri sínu barn yngra en 19 ára. (sbr. gr. 9.1.)
 - Maki sjóðfélagans sé að minnsta kosti 40% öryrki og tekjuöflunarhæfni hans verulega skert. Makalífeyrir hans skal þá vera sami hundraðshluti af fullum makalífeyri og orkutap hans er metið.
- Réttur skv. c) lið skapast ef maki er öryrki við lát sjóðfélaga, og ef maki látins sjóðfélaga verður öryrki á meðan hann er á bótum.
- Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það ofangreindra skilyrða sem maka er hagstæðast.
- Við 67 ára aldur maka látins sjóðfélaga öðlast hann á ný rétt til makalífeyris, enda hafi makalífeyrir fallið niður áður og makinn ekki gengið í hjónaband á ný. Makalífeyrir skal þá vera 60% af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna. Með sama hætti ákvarðast lífeyrir þeirra sem fæddir eru fyrir 1940 og eru 67 ára eða eldri sé það maka hagstæðara. Heimilt skal maka að fresta töku makalífeyris skv. þeim reglum, sem kveðið er á um í grein 6.3.
- 8.6 Sama rétt til makalífeyris og hjón hafa samkvæmt reglugerð þessari, hafa einnig karl og kona í sambúð, sem jafna má til hjúskapar og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Á tilsvarendi hátt veldur sambúð því einnig, að réttur til makalífeyris eftir látinn maka fellur niður meðan sambúðin varir.

9. gr.

Barnalífeyrir.

- 9.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 19 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 19 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Sama rétt eiga fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti.
- 9.2 Ef barnið á foreldri, kjörforeldri eða fósturforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 15% af þeim örorkulífeyri, sem hinn látni sjóðfélagi hefði hlotið, ef hann hefði orðið 75% öryrki á dánardægri. Sé hinn látni ellilífeyrisþegi er lífeyrir barnsins 15% af ellilífeyri hans.
- 9.3 Eigi barnið ekki framfæranda á lífi svo sem að framan greinir er lífeyrir þess tvöfalt hærri.
- 9.4 Sama rétt öðlast börn, kjörbörn og fósturbörn sjóðfélaga, ef hann verður öryrki og fær örorkulífeyri úr sjóðnum. Lífeyrir þeirra skal nema jafn stórum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirra, sem greinir í grein 9.2, sem örorka sjóðfélagans er metin.

10. gr.

Greiðslur lífeyris.

- 10.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega fyrirfram með 1/12 árlífeyrisins. Lífeyrisgreiðslur skulu verðtryggðar með lánskjaravísitölu.

- 10.2 Stjórn sjóðsins getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu lífeyris að lögð séu fram öll nauðsynleg gögn til að sanna greiðsluskyldu sjóðsins (fæðingarvottorð, dánarvottorð, giftingarvottorð, lífsvottorð o.s.frv.)

11. gr.

Flutningur úr sjóðnum.

- 11.1 Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr Lífeyrissjóði VFÍ, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með vöxtum sem miðast við ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma, en að frádræginni hæfilegri upphæð fyrir reksturskostnaði sjóðsins og þeirri áhættu, sem hann hefur borið, enda gangi endurgreiðslan til að kaupa honum lífeyrisréttindi í þeim sjóði, er hann flyst til.
- 11.2 Heimilt er stjórn sjóðsins að endurgreiða erlendum ríkisborgurum við brottflutning af landinu iðgjöld sem greidd hafa verið þeirra vegna í tímabundnum störfum þeirra hér á landi. Heimild þessi gildir um greiðslur í 3 ár og styttri tíma. Upphæð endurgreiðslu sé reiknuð út á sama hátt og segir í grein 11.1.
- 11.3 Þegar sjóðfélagi, sem hefur hætt iðgjaldagreiðslum áður en hann varð 65 ára og á ekki rétt á örorkulífeyri, flytur ekki iðgjöld sín í annan lífeyrissjóð, ákvarðast lífeyrisréttindi hans þannig:
Ellilífeyrisréttur hans er sá, sem hann hefur þegar öðlast skv. 6. grein. Hámark örorkulífeyrisréttar er jafnt ellilífeyrisréttinum. Maka- og barnalífeyrir reiknast af ellilífeyrisréttinum.

12. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

- 12.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur skv. reglugerð þessari.

13. gr.

Gerðardómur.

- 13.1 Vilji sjóðfélagi, eða lífeyrisrétthafi, sem ekki er sjóðfélagi, ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Hann skal þá tilkynna sjóðstjórninni það innan fjögurra vikna frá því hann fær tilkynningu um úrskurð hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu. Sjóðstjórninni ber þá að tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir velja síðan oddamann, en geti þeir ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hann tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki lagður fyrir aðra dómstóla. Kostnaður við gerðardóminn skiptist milli aðila eftir mati dómsins.

14. gr.

Stjórn sjóðsins.

- 14.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, og skulu þeir vera félagar í LVFÍ. Stjórnarmenn skulu kjörnir til þriggja ára í senn. Tvö árin skulu tveir stjórnarmenn kjörnir og einn varamaður í hvort sinn og þriðja árið skal einn stjórnarmaður kjörinn og einn varamaður. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
- 14.2 Formaður boðar varamenn á stjórnarfundum, þegar þurfa þykir.

15. gr.

Hlutverk stjórnarinnar.

- 15.1 Stjórn sjóðsins sér um rekstur hans samkvæmt reglugerð þessari. Hún skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir. Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarinnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur. Til þess að samþykkt sé lögleg, þarf meirihluti stjórnarinnar að greiða henni atkvæði. Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.
- 15.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri ráðinn annast hann daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrir-mælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

16. gr.

Reikningar og endurskoðun.

- 16.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
- 16.2 Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af þremur endurskoðendum, og skal einn þeirra vera löggitur. Endurskoðendurnir skulu kosnir á aðalfundi sjóðsins til eins árs í senn.
- 16.3 Hvert sinn, er endurskoðendur hafa lokið endurskoðun ársreikninga, skulu þeir færa skýrslu um endurskoðunina í sérstaka bók. Hún skal síðan lögð fyrir stjórn sjóðsins og hver stjórnarmaður undirrita hana til merkis um, að hann hafi kynnt sér efni hennar.
- 16.4 Stjórnin leggur endurskoðaða og undirritaða reikninga sjóðsins fyrir aðalfund hans til samþykktar. Þeir skulu liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á þeim stað, sem sjóðurinn hefur afgreiðslu, í minnst eina viku fyrir aðalfundinn.
- 16.5 Sjóðstjórnin skal fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Hann skal semja skýrslu um athugunina og gera upp efnahagsreikning sjóðsins á grundvelli útreikninga sinna. Sýni uppgjorið hagnað, skal honum varið til hlutfallslegrar hækkunar á lífeyrisréttindum sjóðfélaganna eftir tillögum tryggingafræðingsins. Þó getur aðalfundur ákveðið að leggja hann eða hluta hans í varasjóð. Sýni uppgjorið halla, sem ekki verður greiddur úr varasjóði, ber að lækka lífeyrisréttindin hlutfallslega.
- 16.6 Skýrsla tryggingafræðings skal lögð fyrir sjóðstjórnina. Einnig skal hún liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á sama hátt og reikningarnir og sjóðfélögum gefinn kostur á að ræða hana á aðalfundi.

17. gr.

Aðalfundur.

- 17.1 Aðalfundur skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert.
- 17.2 Stjórnin skal boða fundinn með auglýsingu í dagblaði með minnst tveggja vikna fyrirvara og með bréfi til sjóðfélaga með viku fyrirvara. Í fundarboði skal geta dagskrár. Allar tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, sem bera á undir aðalfund, skal senda sjóðfélögum með fundarboðinu.
- 17.3 Aðalfundur er lögmaður, sé löglega til hans boðað, án tillits til fundarsóknar.
- 17.4 Einfaldur meirihluti atkvæða nægir til allra samþykktá á aðalfundi nema breytinga á reglugerð þessari.
- 17.5 Hverjir þrír sjóðfélagar geta krafist þess, að tiltekið mál sé tekið til umræðu á aðalfundi, enda sendi þeir skrifleg tilmæli um það til sjóðstjórnar eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

- 17.6 Aukaaðalfund skal halda, þegar meirihluti sjóðstjórnar telur ástæðu til eða minnst 25 sjóðfélagar senda stjórninni skrifleg tilmæli um það og greina tilefni. Fundinn skal halda innan tveggja mánaða eftir að tilmælin berast.

18. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

- 18.1 Til breytinga á reglugerð þessari þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi eða samþykki með einföldum meirihluta á tveimur aðalfundum í röð.

19. gr.

Ráðstöfun á eignum, ef sjóðurinn verður lagður niður.

- 19.1 Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður er ekki gild, nema hún sé samþykkt við skriflega atkvæðagreiðslu af minnst helmingi félagsmanna, auk þess sem hún þarf að fullnægja ákvæðum 18. greinar um reglugerðarbreytingar.
- 19.2 Verði sjóðurinn lagður niður, ber stjórn hans að ráðstafa eignum hans sem segir í greinum 19.3 og 19.4.
- 19.3 Með tilvísan í grein 19.2 skal ef unnt er að sameina sjóðinn öðrum lífeyrissjóði og skal sá sjóður vera stofnaður með lögum eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins. Við sameiningu skal þess gætt að lífeyrisréttur sjóðfélaganna rými ekki frá því sem eignastaða sjóðsins gefur tilefni til.
- 19.4 Með tilvísan í grein 19.2 og ef ekki tekst sameining við annan lífeyrissjóð skv. grein 19.3, skal verja eignum sjóðsins til að greiða sjóðfélögum lífeyri eftir ákvæðum reglugerðar þessarar. Heimilt er sjóðstjórninni að semja við váttryggingafélag, sem hefur starfsleyfi hér á landi, eða banka, um að annast greiðslurnar.

20. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

- 20.1 Réttindi sjóðfélaga eins og þau verða þann 31. desember 1990 skv. þágildandi ákvæðum reglugerðar, skulu umreiknuð til réttinda í samræmi við réttindaákvæði þau, sem gildi taka þann 1. janúar 1991, og skulu verðtryggt upp frá því á sama hátt og þau réttindi sem myndast frá og með 1. janúar 1991.
- 20.2 Varasjóði, sem eftir stendur, þegar úthlutað hefur verið þeim hluta hagnaðar af starfsemi sjóðsins, sem til hefur orðið vegna ávöxtunar umfram reiknigrundvöll til og með 31. desember 1990, skal verja til að hækka lífeyrisréttindi þeirra sjóðfélaga, sem lægst réttindi hafa miðað við fulla verðtryggingu iðgjalda þeirra frá upphafi, og greiða í sjóðinn skv. reglugerð þessari. Með varasjóði þessum skal haldið tilteknu hlutfalli af fullri verðtryggingu lífeyrisréttar. Hlutfall þetta verður 80% frá og með 1. janúar 1991 og endurskoðast til hækkunar eða lækkunar skv. úttekt tryggingafræðings.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um lögregluskilríki og notkun þeirra.

I. KAFLI

Handhafar lögregluskilríkja, útgáfa þeirra og efni.

1. gr.

Lögregluskilríki eru skilríki sem gefin eru út af ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra, varalögreglustjóra og lögreglumanna.

Skilríkin eru eign ríkislögreglustjóra.

2. gr.

Lögregluskilríkin skulu vera samsett úr tveimur einingum, skilríkjakorti og öryggiskorti, og er stærð hvors korts um sig 70 x 100 mm. Skulu þau prentuð á sérstakan öryggispappír.

Á skilríkjakortinu skal vera gyllt lögreglumerki í efra vinstra horni (10 mm breitt) og í efra hægra horni skal vera skjaldarmerki lýðveldisins í lit (10 mm breitt). Milli þessara merkja skal vera áletrunin *Lögreglan* með svörtu lettri. Grunnlitur skal vera hvítur með gylltu lögreglumerki sem vatnsmerki (65 mm milli horna). Steingrá yrjuð rönd skal umlykja skilríkjakortið, 15 mm breið að ofan, 10 mm að neðan og 4 mm breið á hliðum.

Á öryggiskortinu skal vera gyllt lögreglumerki (57 mm milli horna) fyrir miðju. Efst skal vera áletrunin *Lögreglan* og síðan með smækkuðu lettri *Police, Polizei, Poliza* og *Polis*. Neðst skal vera áletrunin *Ísland*. Grunnlitur skal vera hvítur með stóru gylltu lögreglumerki sem vatnsmerki, sem „flæðir út fyrir“ kortið. (Innanmál ytri hrings er 52 mm). Steingrá yrjuð rönd skal umlykja öryggiskortið, 15 mm breið að ofan, 10 mm að neðan og 4 mm breið á hliðum.

Á bakhlið beggja kortanna skulu vera upplýsingar á íslensku og ensku um hvers konar skilríki er að ræða ásamt reglum um hvað gera skuli ef skilríki finnst. Litir og vatnsmerki skulu vera þeir sömu á bakhlið en gráa röndin að neðan er 3 mm breið.

3. gr.

Hjá ríkislögreglustjóra skulu þessar upplýsingar skráðar á skilríkjakortið:

- Raðnúmer skilríkis.
- Brjóstmynd (35 x 45 mm) af skírteinishafa í litum á ljósum bakgrunni. Hann skal vera í hvítri skyrtu með hálsbindi án einkennishúfu.
- Eiginnafn og kenninafn skírteinishafa.
- Starfsheiti.
- Útgáfudagur.
- Lögreglunúmer lögreglumanns og kennitala. Ef um er að ræða starfsmann, sem ekki hefur lögreglunúmer, þá einungis kennitala.
- Undirskrift og útgáfustimpill ríkislögreglustjóra.

Hjá ríkislögreglustjóra skulu þessar upplýsingar skráðar á öryggiskortið:

- Raðnúmer skilríkis.
- Lögreglunúmer lögreglumanns. Ef um er að ræða starfsmann, sem ekki hefur lögreglunúmer, þá einungis kennitala.

4. gr.

Öryggi skilríkjanna skal felast í gæðum pappírsins og vatnsmerkjunum. Skilríkin skulu jafnframt brædd í plast. Skjaldarmerkið skal greipt í plastið (öryggismerki) á bakhlið kortanna.

Skilríkjakortið og öryggiskortið skal varðveita í svörtu skinnveski. Veskið skal vera ein opna með tveimur plastvösum sem kortunum er smeygt í þannig að framhlið þeirra sjáist þegar veskið er opnað, öryggiskortið að ofan og skilríkjakortið að neðan.

II. KAFLI**Notkun lögregluskilríkja.****5. gr.**

Handhafi lögregluskilríkja skal jafnan bera skilríkin á sér við skyldustörf. Honum er óheimilt að nota skilríkin í öðrum tilgangi en fellur undir skyldustörf hans. Þegar skilríkin eru sýnd, skal að jafnaði sýna bæði skilríkjakortið og öryggiskortið.

6. gr.

Óeinkennisklæddur lögreglumaður við störf skal að jafnaði gera viðkomandi borgara það ljóst, að hann sé lögreglumaður, áður en hann ber upp erindi sitt. Þetta getur hann gert með því að framvísa lögregluskilríkjunum.

Handhafar lögregluskilríkja skulu verða við ósk um að sýna lögregluskilríki þegar þeir eru við störf. Þó er heimilt að víkja frá þessu við handtöku á manni, ef ólæti standa yfir, eða hann beðinn um það af manni sem bersýnilega er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna, ögrandi eða í miklu uppnámi.

